

FRJÁLS VERSIUN



BJÖRGÓLFUR OG JÓN

Í HEIMSRÁÐI
UNGRA
LEIÐTOGA



Croissant & kaffi 249 kr.



**Þú gleymir aldrei
fingrafarinu**



ThinkPad fartölvur

Hámarks öryggi og þægindi með fingrafaralesara



[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]



[Redacted text block]





[Redacted]

[Redacted]

[Redacted]

[Redacted]

[Redacted]



48 - Skipafélögin:
Barátta skipaforstjóranna



62 - Þorsteinn Pálsson sendiherra:
Ekki mitt að hvítþvo fyrirtæki



52 - Katrín í Lýsi:
„Þú átt að keyra!“



32 - Könnun Frjálsrar verslunar:
Vinsælasta fyrirtækið

- 1 Forsíða:** Magnús Valur Pálsson útlitshönnuður hannaði forsíðuna. Myndirnar tók Geir Ólafsson.
- 8 Leiðari:** Þeir halda stöðugt áfram.
- 8 Kynning:** Íslenska verzlunarfélagið.
- 10 Fréttir.**
- 16 Forsíðugrein:** Leiðtogar á heimsvísu; Björgólfur Thor og Jón S. von Tetzchner.

- 24 Dagbókin:** Fréttir liðinna vikna.
- 32 Könnun Frjálsrar verslunar:** Vinsælastu fyrirtækin.
- 33 Vinsældarkönnun:** Hvað segja þeir um úrslitin?
- 36 Stjórnun:** Þeir stýra Eskju.
- 40 Kynning:** Microsoft.

- 42 Maður ársins:** Glæsileg veisla Frjálsrar verslunar.
- 44 Fyrirtæki:** Traust skref Össurar með Rheo hnénu.
- 48 Samkeppni:** Skipaforstjórar berjast um bitann.
- 52 FKA-verðlaunin:** Katrín fór á kostum.
- 56 Stjórnun:** Hlutverk leiðtogs.



29 – Dagbókin:
Nýju flugstjórnir



81 – Stórglæsilegt aukablað:
Fundir og ráðstefnur

FRJÁLS VERSLUN

Stofnuð 1939

Sérrit um viðskipta-, efnahags- og atvinnumál – 67. ár

ÚTGEFANDI:

Heimur hf.

RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG AFGREIÐSLA:

Borgartúni 23, 105 Reykjavík, sími: 512 7575, fax: 561 8646,
netfang: fv@heimur.is

ÁSKRIFTARVERÐ:

kr 7.700 á ári, 10% afsláttur ef greitt er með kreditkorti.

LAUSASÖLUVERÐ:

899 kr.

DREIFING:

Heimur hf., sími 512 7575

PRENTVINNSLA:

Gutenberg hf.

LJÓSMYNDIR:

© Heimur hf. – Öll réttindi áskilin varðandi efni og myndir

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR: Jón G. Hauksson



AUGLÝSINGASTJÓRI:

Sjófn Sigurgeirsdóttir



LJÓSMYNDARI:

Geir Ólafsson



UMBROT:

Magnús Valur Pálsson

ISSN 1017-3544

60 Kynning: Hagvangur.

62 Viðtal: Þorsteinn Pálsson um viðhorf Dana til Íslendinga.

66 Vinnumarkaður: Atvinnuhorfur vel menntaðra útlendinga.

68 Fyrirtæki: Alþingi er stórt fyrirtæki.

72 Kynning: Sparisjóður vélstjóra.

74 Athafnamaður: Kvikmynda- og fataframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson.

78 Fjölmíðlar: Páll er mættur til leiks í þriðju lotu.

81 Aukablað: Stórglæsilegt aukablað Frjálsrar verslunar um fundi og ráðstefnur.

128 Bretland: Sigrún Davíðsdóttir skrifar um stjórnsmál.

131 Fólki: Bjarni Geir Alfreðsson veitingamaður á BSÍ.

132 Kvikmyndir: Hilmar Karlsson skrifar um myndina Ray.

134 Nýr dálkur: Úr einu í annað.

138 Fólki: Ása Karín Hólm hjá IMG Ráðgjöf.



RITSTJÓRNARGREIN

HVERNIG MISSTUÐ ÞIÐ BANKANN?

„Þeir halda stöðugt áfram“

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, forseti Íslands, sagði þegar hann afhenti KB-banka Íslensku þekkingarverðlaunin að þekking þjóðarinnar væri helsta auðlind hennar. Það hefði sjaldan verið jafn ljóst og í þeirri miklu sókn sem íslensk fyrirtæki og athafnamenn stæðu fyrir á erlendum vettvangi. Þeir væru að flytja út þekkingu.

FORSETINN RIFJAFDI UPP að ekki væru nema nokkur ár síðan að hann hefði farið til Lúxemborgar til að opna þar útibú fyrir Kaupþing sem þá hefði verið lítið fjármálafyrirtæki heima á Íslandi. Ýmsir hefðu haft horn í síðu hans fyrir að sinna þessu verki og sagt að verið væri að misnota forsetaembættið. Hann hefði látið það sem vind um eyru þjóta en hugsað með sér að það væri býsna sérstakt að lítið fjármálafyrirtæki á Íslandi hæfi starfsemi í einu mesta bankalandi Evrópu og flytti þangað út bankaþjónustu. Á daginn hefði komið að þekkingin hefði verið til staðar sem og vinnusemin og kjarkurinn. Nú væri Kaupþing undir merkjum KB-banka á meðal tíu stærstu banka Norðurlanda, með bankaþjónustu í mörgum löndum. Minntist hann þess að fyrir um fimmtán árum hefði umræðan á Íslandi öll gengið út á að fá hingað erlenda banka – og að þeir myndu öllu bjarga. Engan hefði óráð fyrir því að þessu yrði öfugt farið; að íslenskir bankar hæfu stórfelldan útflutning á þekkingu sinni og þjónustu. Forsetinn sagði síðan að svo mikill kraftur væri víða í viðskiptalífnum að þrátt fyrir glæsilegan árangur KB-banka hefði engan veginn verið sjálfgefið að bankinn hlyti Íslensku þekkingarverðlaunin þar sem mörg önnur fyrirtæki á Íslandi væru þess verðug að fá verðlaunin.

FORSETINN SAGÐI AÐ hann væri nýkominn frá Indlandi þar sem hann hefði m.a. verið viðstaddur opnun nýrrar lyfjaverksmiðju Actavis. En Actavis væri enn eitt íslenska ævintýrið sem væri orðið alþjóðlegt og byggði á þekkingu. Hins vegar hefði svo verið á Indlandi að þeir útlendingar, sem hann hefði rætt við, hefðu varla haft áhuga á öðru en þessu fyrirtæki „Baugur“ sem léti til sín taka með svo eftirminnilegum hætti í Bretlandi. Forsetanum varð síðan tíðrætt um eljusemi Íslendinga og sagði sögu af því að þegar KB-banki hefði keypt FIH bankann í Danmörku í fyrravor hefði bankinn haft betur við breska fjárfesta. Bretarnir hefðu orðið undrandi og spurt sína menn að því hvernig það hefði getað gerst að þeir hefðu ekki náð bankanum heldur Íslendingar. Svárið sem þeir fengu var að vinnusemi Íslendinga væri með

ólíkindum; þeir hættu ekki að vinna klukkan fjögur á föstudögum þegar aðrir færu í helgarfrí. Þeir væru alltaf til taks um helgar, en ekki mætti einu sinni hringja í aðra fyrir en á mánudagsmorgni þegar þeir kæmu aftur til vinnu.

ÞAÐ ER VEL til fundið hjá Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga að veita Íslensku þekkingarverðlaunin og standa fyrir þekkingardeginum. Útrás íslenskra athafnamanna er útflutningur á þekkingu. Það verður aldrei nægilega brýnt fyrir þjóðinni að fjárfesting í menntun er eign hvers og eins – eign sem aldrei verður frá neinum tekin. Mennt er máttur. Menntun og þekking eru eina leið fátækra þjóða út úr fátæktinni.

EKKI SKAL SAMT gert lítið úr mikilvægi hugrekksis og vinnusemi sem breski bankamaðurinn sagði í sögu forsetans að einkenndi íslensku fjárfestana. Íslendingar eru vanir að vinna í törmum og landa stórum fjárfestingum og samningum erlendis eftir langar lotur og margar vöknætur. Kannski er sú tarnavinna arfur frá fyrri tíð þegar bjarga þurfti landburði af afla frá skemmdum og koma þurfti heyi í hús á rýsjóttum íslenskum sumardögum.

FYRIR TÍU TIL fimmtán árum voru margar sögur sagðar af því að athafnamenn væru oftast ekki með háskólamenntun heldur væru þeir drifnir áfram af brjóstsviti, vinnusemi og viljanum til að ná árangri. Þeir væru leiðtogar og hugsuðu stórt. Og oftast en ekki var hún sögð sagan af því að dúxarnir ættu að koma vel fram við tossana í skólum því þeir þyrftu síðar á ævinni að leita til þeirra eftir vinnu.

ÞAÐ ER ATHYGLISVERT að þeir kaupsýslumenn, sem leiða hina mögnuðu útrás íslenskra fyrirtækja, eru flestir háskólamenntaðir. Einn þeirra lét að vísu stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands duga, hann hafði stofnað litla verslun ásamt föður sínum þegar hann útskrifaðist og gat ekki beðið lengur eftir að fá athafnaþrá sinni fullnægt. Hann er núna með tugþúsundir manna í vinnu í Bretlandi, Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi. Hans útflutningur er sú víðtæka menntun og þekking í verslun og viðskiptum sem hann öðlaðist á árum áður í „litlu“ versluninni sinni.

MENNT ER MÁTTUR. Í keppni samtímans hefur hún snúist við sagan um dúxana og tossana. Gleymum því samt aldrei að vinnusemi og vilji til að ná árangri er eitthvað sem kemur innan frá og verður ekki kennt í háskólum. [\[1\]](#)

Jón G. Hauksson



LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2004

[Redacted Table]



[Redacted Table]

[Redacted Table]

DYNNAÐSREKNINGUR Í ÁRSLOK		
Í milljónum íslra	2004	2003
Íslenski skattgjafi	91.000	89.800
Spáborgun	19.000	18.800
Íslenski húsnæðisgjafi	84.000	71.000
Stærð verðs	20.000	27.000
Verðfallsmæling	168.000	170.000
Rekstrargæðing	4.000	2.000
Skattgjafi / Hósti verðmæling	800	700
Rekstrargæðing og önnur gjöld	20	20
Skattverðmæling	1.000	1.000
Stærðverðmæling	000	000
Stærð eigna smáspæðing	100.000	100.000
Stærð eigna smáspæðing	2.000	1.000
Stærð stærð eigna	100.000	100.000

YFIRLIT YFIR Breytingar á Rekkningi		
Í milljónum íslra	2004	2003
Rekkningur	0.000	0.000
Lýsing	2.000	2.000
Fyrirspurnir	10.000	10.000
Fjárfesting	-100	-100
Rekstrargæðing	-100	-100
Aðrir gjöld	0	0
Rekkningur og hestærð eigna á ári	10.000	10.000
Stærð eigna smáspæðing	100.000	100.000

KONNITÖLUR		
	2004	2003
Rekkningur	12,1%	12,1%
Stærðverðmæling	10,0%	10,0%
Stærðverðmæling af stærðverðmæling	4,2%	4,2%
Stærðverðmæling / Stærðverðmæling	0,4%	0,4%
Rekstrargæðing / % af Rekkningi	1,0%	1,0%
Rekstrargæðing / % af stærðverðmæling	0,0%	0,0%
Lýsing / % af Rekkningi	21,7%	21,7%
Stærðverðmæling	66,0%	66,0%
Lýsing	8,7%	8,7%
Stærðverðmæling	0,0%	0,0%
Stærðverðmæling	20,0%	20,0%



[Redacted Text]


LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA
 Stærðverðmæling, 4. og 6. hæð
 Sími 550 0000 Faxsími 550 0000
 Skrifstofa sími 550 0000 - 0000
 Heimasíða: www.live.is
 Netfang live@live.is

ÁRSFUNDUR

[Redacted Text]

STJÓRN

[Redacted Text]

Auknar kröfur eru okkur í hag

Íslenska verzlunarfélagið er gamalgróið fyrirtæki, stofnað 1942. Fyrsti innflutningur á vegum fyrirtækisins voru byggingarvörur frá Bandaríkjunum. Þegar komið var á sjötta og sjöunda áratuginn flutti fyrirtækið einnig inn matvörur og í framhaldi af því sælgæti. Um miðjan níunda áratuginn er aftur farið að flytja inn byggingarvörur og hefur sá innflutningur síðan verið langstærstur hjá fyrirtækinu. Hjá Íslenska verzlunarfélaginu starfa fimm manns. Framkvæmdastjóri og eigandi er Ólafur Jóhannsson.

„Ég hóf störf sem sölumaður hjá Íslenska verzlunarfélaginu árið 1995. Þá voru eigendur Kristmann Hjálmarsson og Magnús Brimar Jóhannsson. Ég vann hjá þeim þar til ég keypti fyrirtækið um áramótin 2002/2003. Skódeild var innan fyrirtækisins en hafði þegar verið seld. Í kerfisloftum og kerfisveggjum erum við langstærstir og erum ráðandi á þeim markaði og er mikið leitað til okkar þegar hugað er að slíku í húsnæði. Við erum samt með hugann við margt annað og ætlunin er að setja fleiri stoðir undir fyrirtækið í framtíðinni,“ sagði Ólafur.

Kerfisloft og kerfisveggir „Kerfisloft og kerfisveggir eru að mestu leyti notaðir í atvinnuhúsnæði og í opinberum byggingum. Við flytjum inn vörur frá leiðandi fyrirtækjum í gerð slíkra lofta, meðal annars Ecophon í Svíþjóð, sem er ekki aðeins leiðandi á þessum markaði heldur einnig framsæknasta fyrirtækið í þessum geira og frá Owa, þýsku fyrirtæki sem einnig er mjög framfarlega á þessu sviði.“

Ólafur segir að aukning í notkun á kerfisloftum sé jöfn og stöðug: „Menn eru alltaf að gera sér betur og betur grein fyrir því hvað hljóðvandamál innan dyra getur verið truflandi. Ef ekki eru gerðar viðeigandi ráðstafanir við byggingar þá er bergmál vandamál. Nefna má að í rannsóknnum hefur komið í ljós að í kennslustofum eru ýmis sérhljóð að tynast út í talmáli þar sem hljóðdeyfin er ekki nógu góð. Góð kerfisloft koma í veg fyrir slíkt. Gipsloft eru mikið notuð en hafa ekki leyst vandann að öllu leyti.

Hvað varðar kerfisveggi þá hefur notkun á þeim aukist verulega, til dæmis eru kerfisloft sett á skrifstofum og kerfisveggir upp undir loft, veggirnir færanlegir og auka sveigjanleika húsnæðisins. Arki-tekta nota æ meira þessa lausn á skrifstofum. Enda geta þessir veggir verið fallegir og til mikillar þrýði fyrir skrifstofuna.

Annars konar loft frá okkur eru málmloft. Ég get nefnt að nú nýverið seldum við málmloft með kælingu í nýtt skrifstofuhúsnæði Straums við Borgartún. Þessi loft eru með kælingu og virka þannig að heitt loft stígur upp, kólnar og sígur þá niður. Þessi loft hæfa vel í tölvurýmum og þar sem sólarhitna gætir.“

Reyklosun og eldvarnartjöld Íslenska verzlunarfélagið selur mikið af búnaði til reyklosunar og eldvarna. „Nú er skylda í öllum stærri byggingum að vera með reyklosunarbúnað og eldvarnir. Þá er húsnæðinu skipt niður í svokölluð reykholf þar sem þurfa að vera reykklúgur sem opnast þegar brunaboði fer í gang eða opnast eftir að reykurinn



Gísli Björnsson, Stefán Magnússon og Jón Jóhannsson, sölumenn hjá Íslenska verzlunarfélaginu.




Ecophon kerfisloft.

myndast. Kröfur um eldvarnir hafa sem betur fer stórukaust í seinni tíð. Sá búnaður sem við seljum stenst ítrustu gæða- og öryggiskröfur enda allur samþykktur af brunamálayfirvöldum.

Við seljum einnig eldvarnatjöld og reyk tjöld. Til dæmis í Debenhams í Smáralind er eldvarið með tjöldum frá okkur. Annars konar tjöld, reyk tjöld, voru sett á milli Vetrargarðsins og verslunarhúsnæðisins sem fyrirbyggir að reykur berist á milli þessara hluta bygginganna. Sams konar tjöld höfum við selt víðar. Það nýjasta hjá okkur í eldvörnum eru sérhannaður slökkvibúnaður fyrir feitis-potta á veitingastöðum.

Færa út kvíarnar Ólafur lítur björtum augum til framtíðarinnar og segir ýmislegt spennandi framundan hjá Íslenska verzlunarfélaginu: „Við erum að færa út kvíarnar á nokkrum sviðum, þar á meðal í eldvarnarefnum, ætlum að auka þann þátt í rekstri fyrirtækisins og þjóna fleiri sviðum hvað varðar eldvarnaröryggi, meðal annars með því að flytja inn eldvarnarmálningu og eldvarnarhurðir.

Nýlega höfum við sölu á innihurðum frá Huga í Þýskalandi. Þarna er um að ræða gæðahurðir sem mæta kröfum viðskiptavina um útlit og gæði. Þá keypti ég síðastliðið haust fyrirtækið Flotefni sem flutti inn múrklæðningarefni frá Caparol. Þar sjáum góða möguleika enda er þetta kerfi mjög hentugt fyrir íslenskan markað. Hægt er að fá litarefni í kerfið sem sparar málningu og eykur endingu til mikilla muna,“ sagði Ólafur Jóhannsson. 



Huga innihurð.

„Nýlega höfum við sölu á innihurðum frá Huga í Þýskalandi. Þarna er um að ræða gæðahurðir sem mæta kröfum viðskiptavina um útlit og gæði. Þá keypti ég síðastliðið haust fyrirtækið Flotefni sem flutti inn múrklæðningarefni frá Caparol.“



Íslenska verzlunarfélagið ehf.

Askalind 5

201 Kópavogur

Sími: 5645500

Netfang: isv@isv.is



Ólafur Jóhannsson, framkvæmdastjóri og eigandi.



Jón Karl Ólafsson, formaður Verslunarráðs Íslands. „Samræma þarf helstu skatta í sömu tölu; 15%, þ.e. tekjuskatt einstaklinga og fyrirtækja og virðisaukaskatt.“

Viðskiptaþing Verslunarráðs:

15% landið Ísland

Viðskiptaþing Verslunarráðs Íslands þótti takast með ágætum. Yfirskriftin var „15% landið Ísland“. Ráðið hefur lagt fram róttækar tillögur sem felast í því að samræma ýmsa helstu skatta í sömu tölu; 15%. Þetta eru tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja og virðisaukaskattur. Verslunarráð hefur hins vegar ekki tekið afstöðu til þess hvort hækka eigi skatta sem eru lægri en 15%, eins og fjármagnstekjuskatt og erfðafjárskatt. Líklega yrði hækkun fjármagnstekjuskattsins úr 10 í 15% býsna eldfimt mál innan ráðsins.

Haldór Ásgrímsson forsætisráðherra hélt ræðu á þinginu og sagðist eiga sér þann draum að Ísland yrði alþjóðleg fjármálamiðstöð. Hann tók undir hugmyndir

Verslunarráðs um að endurskoða þyrfti þessa skattalagningu og bætti síðan við að eignarhald á venjulegu meðalstóru fyrirtæki væri farið að minna á ofvaxið ættartré í Íslendingabókinni hans Kára. Þá flutti Björgólfur Thor Björgólfsson ræðu á þinginu og ræddi þar um mikilvægi kjölfestufjófesta og að kostir dreifðs eignarhalds í fyrirtækjum væru stórlega ófmetnir. [f](#)



Málin rædd á Viðskiptaþingi. Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, Ásgeir Bolli Kristinsson, kaupmaður í Sautján, Páll Kr. Pálsson framkvæmdastjóri og Óskar Magnússon, verðandi forstjóri TM.

Kátir í Búdapest



Kátir í Búdapest með Epica-verðlaunin. Hallgrímur Egilsson, Hilmar Hilmarsson, Ari Magg, Viggó Örn Jónsson og Agnar Tr. Le'macks.

Það var mikið um dýrðir þegar auglýsingastofan Jónsson & Le'macks fór til Búdapest að taka á móti Epica verðlauninum á dögnum. Verðlaunin voru veitt fyrir auglýsingar 66°Norður sem voru valdar bestu tískuauglýsingar í blöðum og tímaritum í Evrópu á síðasta ári. Margt var um manninn í óperuhúsinu þar sem hátíðin fór fram og nokkrir af helstu forsprökkum evrópskrar auglýsingagerðar voru þar saman komnir til að taka á móti verðlaunum og gera sér glaðan dag með kollegum sínum. Epica-verðlaunin eru veitt af fagtímaritum frá allri Evrópu og skiptast þau á að halda athófnina þar sem verðlaun eru afhent. Verðlaunahafar síðustu þriggja ára eru auglýsingar fyrir gallabuxnaframleiðendurna Levi's, Lee og Diesel. [f](#)

„Elegant“ hádegisverður

Fundur, móttökur
og veisluþjónusta.

Sími: 551 0100

Fax: 551 0035




Jómfrúin
smurbrauðsveitingahús • Lækjargata 4
Jakob Jakobsson smørrebrødsjomfru

Sumaropnun:
11:00-22:00
alla daga





Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, tók lagið við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra klingir hér skipsklukku við góðar undirtektir gesta.

Halldór klingdi skipsklukku

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra tók nýlega með táknrænum hætti í notkun nýjar höfuðstöðvar Samskipa að viðstöddu fjölmenni. Klingdi hann skipsklukku við góðar undirtektir til marks um að starfsemi væri formlega hafin í 28 þúsund fermetra nýbyggingu félagsins við Kjarlög. Þar er nú undir einu þaki öll starfsemi Samskipa á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal Landflutningar og dótturfélagið Jónar Transport. Svo glæsileg var þessi opunarveisla Samskipa að rætt er um hana sem „veislu aldarinnar“ manna á meðal. [f](#)



Haukur Guðjónsson, fjármálastjóri Ingvars Helgasonar, Kristinn Geirsson, forstjóri Ingvars Helgasonar, og Sigurjón P. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands.



Ekkert var til sparað við matseldina. Matvæli komu frá öllum heimshornum. Hér er verið að gera að skelfiski frá Frakklandi.




Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, mundar hér kampavínsflöskuna...



...og lætur síðan gossa með tilþrifum. Búúú! Og Arnarfell var nafnið.

Það var lagið þetta...

Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, tók sig vel út þegar hún gaf nýja Arnarfellinu nafn við hátíðlega athöfn í Hamborgarhöfn á dögnum. Hún mundaði kampavínsflöskuna og lét síðan gossa. Búúú! Æðstu stjórnendur félagsins, ásamt Sturlu Böðvarssyni samgöngu-ráðherra og fleiri góðum gestum, voru

mættir til Hamborgar til að taka á móti skipinu. Nærri áratugur er nú liðinn frá því Íslendingar veittu síðast viðtöku kaupfari, sem er sérhannað og smíðað eftir þeirra þörfum, og mun nýja Arnarfellið vera fjórða skipið á aldarfjórðungi sem er sérstaklega smíðað fyrir íslenskt skipafélag. Kostnaður við smíði skipsins er um 1,7 milljarður íslenskra króna. 



Anna G. Sverrisdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Bláa lónsins, fyrir miðju, tekur við verðlaununum. Henni á hægri hönd er Sara Miller, ritstjóri Condé Nast Traveller.

Bláa lónið verðlaunað

Lesendur eins virtasta ferðatímarrits í heimi, Condé Nast Traveller, gáfu Bláa lóninu – Heilsulind hæstu einkunn í flokknum „Besta náttúrulega heilsulind í heimi“. Var Bláa lónið þar tekið fram yfir heimsþekktar heilsulindir, eins og Terme di Saturnia spa í Toscana héraði á Ítalíu og Clinique La Prairie í Sviss.


Það var Anna G. Sverrisdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Bláa lónsins, sem veitti verðlaununum



Upplifun í einstöku náttúrulegu umhverfi. Nuddmeðferðir í Bláa lóninu, undir berum himni, njóta sívaxandi vinsælda.

viðtöku á sérstakri verðlaunahátíð í London á dögnum. Lesendur gáfu Bláa lóninu hæstu einkunn fyrir upplifun í einstöku náttúrulegu umhverfi.

Þetta er í annað skipti sem verðlaunin eru veitt. Í fyrra varð Bláa lónið í áttunda sæti.


Tímaritið Condé Nast Traveller er eitt virtasta ferðatímarit í heimi og tilheyrir hinni þekktu tímaritaút-gáfu Condé Nast Magaine, sem gefur meðal annars út tímaritin Vogue, Glamour og Vanity Fair. 



Katrín S. Óladóttir, formaður FKA, Vigdís Finnbogadóttir, Edda Jónsdóttir í ið gallerí, Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, sem hlaut FKA-viðurkenninguna, Guðrún Steingrímsdóttir, eigandi Lífstykkiabúðarinnar, Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

FKA-hátíðin

Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, hlaut nýlega FKA-viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri. Katrín er aðaleigandi og forstjóri Lýsis og keypti fyrirtækið árið 1999. „Katrín hefur tekist á við krefjandi rekstrarumhverfi, sem kallar á hugvitssemi, framkvæmdaelju og hæfileika til þess að sjá möguleika þar sem áður virtist aðeins uppgjöf blasa við. Þess vegna lítum við í Félagi kvenna í atvinnurekstri á hana sem verðuga fyrirmynd og árangur hennar sem hvatningu öðrum konum,“ segir í rökstuðningi FKA.

Félagið veitti jafnframt tvær aðrar viðurkenningar. Hvatningarverðlaunin fékk Edda Jónsdóttir í ið gallerí fyrir að fara nýjar leiðir og skapa gallerí sínu nafn á alþjóðlegum vettvangi. Pakkarviðurkenninguna fékk Guðrún Steingrímsdóttir, eigandi Lífstykkiabúðarinnar, sem stundað hefur kaupmennsku í næstum þrjátíu ár. 



Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, afhendir hér Eddu Jónsdóttur í ið gallerí hvatningarverðlaun FKA.

Guðrún Steingrímsdóttir, eigandi Lífstykkiabúðarinnar við Laugaveg, tekur hér við þakkarviðurkenningu FKA úr hendi Vigdísar Finnbogadóttur. Guðrún hefur stundað kaupmennsku í næstum þrjátíu ár.



Fjölmenni var í Súlnasal Hótelis Sögu þar sem Félag kvenna í atvinnurekstri hélt veislu sína.



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Íslensku þekkingarverðlaunin sem féllu í hlut KB-banka að þessu sinni. Össur og Baugur voru jafnframt tilnefnd til verðlaunanna. Með forsetanum á myndinni eru Skarphéðinn Berg Steinarsson frá Baugi, Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB-banka, og Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar. FV-myndir: Geir Ólafsson.

KB-banki hlaut þekkingarverðlaunin



Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB-banka, veitti Íslensku þekkingarverðlauninum viðtöku fyrir hönd bankans.

KB-banki hlaut Íslensku þekkingarverðlaunin sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, FVH, veitti í fimmta sinn á dögnum. Jafnframt var Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður bankans, útnefndur Hagfræðingur ársins 2004. Þrjú fyrirtæki voru tilnefnd til Íslensku þekkingarverðlaunanna; Baugur, KB-banki

og Össur. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB-banka tók við þeim fyrir hönd bankans sem og viðurkenningunni til Sigurðar Einarssonar. Samhliða afhendingu verðlaunanna hélt Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga yfirgripsmikla ráðstefnu undir yfirskriftinni Leiðtögin. [T](#)



Ragnar Þórir Guðgeirsson, formaður Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.



Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri útibúasviðs Íslandsbanka, og Ragnar Ónundarson, framkvæmdastjóri Kreditkorta.



Gunnar Magnússon arkitekt ræðir hér við Agnesi Bragadóttur, blaðamann á Morgunblaðinu.

Útibúið í Lækjargötu

Hann er gamalgróinn sá siður hjá útibúi Íslandsbanka í Lækjargötu að halda þar hóf fyrir starfsmenn og viðskiptavini í upphafi hvers árs. Þetta er fimmtánda árið í röð sem boðið er haldið. Að sjálfsögðu var ekki brugðið út af

vananum í þetta skiptið og var ágætlega mætt. Þess má geta að Hannes Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Securitas, var nýlega ráðinn útibússtjóri Íslandsbanka við Lækjargötu. [f](#)



Magnús Valur Pálsson. Hann er nýr útlitshönnuður Frjálsrar verslunar.



Hallgrímur Egilsson. Honum fylgja bestu óskir um velfarnað í nýju starfi.

Nýr útlitshönnuður Frjálsrar verslunar

Magnús Valur Pálsson hefur hafið störf sem útlitshönnuður Frjálsrar verslunar. Hann tekur við af Hallgrími Egilssyni sem hannað hefur og teiknað blaðið síðustu fimm árin. Hallgrímur hefur hafið störf á auglýsingastofunni Jónsson & Le´macks og eru honum þökkúð frábær störf fyrir Frjálsa verslun og fylgja honum bestu óskir um velfarnað í nýju starfi. Magnús Valur Pálsson er 42 ára. Hann hefur unnið sem útlitshönnuður hjá Morgunblaðinu, Góðu fólki McCann Ericson, Íslensku auglýsingastofunni og Iceland Review. Hann er boðinn velkominn til starfa. -Ritstjóri

Nýr verslunarbæklingur:

SHOP IN ICELAND

Útgáfufélagið Heimur, sem m.a. gefur út Frjálsa verslun, hrindir af stokkunum nýjum og glæsilegum verslunarbæklingi í byrjun apríl. Hann hefur hlotið nafnið SHOP in Iceland og kemur út einu sinni á ári.

„Þetta er stórkostlegt tækifæri fyrir verslunareigendur. Núna gefst þeim færi á að raðtengja auglýsingar sínar í þremur af útbreiddustu miðlum Heims; SHOP in Iceland, Atlantico og Whats On in Reykjavík. Ef þeir auglýsa í þessum nýja bæklingi þá er innfalið í verðinu smærri birtingar í Atlantico og Whats On. Þar með ná verslunareigendur alls staðar til ferðamannsins,“ segir Ingvar Kristjánsson, auglýsingastjóri hins nýja verslunarbæklingis SHOP in Iceland. [f](#)

Ingvar Kristjánsson, auglýsingastjóri hins nýja verslunarbæklingis SHOP in Iceland sem kemur út í byrjun apríl ár hvert.



Áskrifendur Frjálsrar verslunar fá góða búbót á þessu ári. Þeir fá tímaritið Ský sent ókeypis heim til sín, en það kemur út sex sinnum á ári.

Áskrifendur Frjálsrar verslunar:

Fá Skýin ókeypis heim til sín

Áskrifendur Frjálsrar verslunar fá góða búbót á þessu ári. Ákveðið hefur verið að þeir fái tímaritið Ský, sem Heimur gefur út, sent ókeypis heim til sín. Ský koma út sex sinnum á ári og er dreift frítt í innanlandsflugi Flugfélags Íslands. Markmið Skýja eru að vera létt, jákvætt, fróðlegt, auðlesíð og skemmtilegt blað um þekkt fólk – og fyrir fólk á öllum aldri. [f](#)

FORSÍÐUGREIN

A portrait of Björgólfur Thor, a man with short brown hair and a light beard, wearing a dark suit, white shirt, and dark tie. He is smiling slightly and looking towards the camera. The background is dark and out of focus. A vertical white line is on the right side of the image.

BJÖRGÓLFUR THOR



Íslendingar eiga tvo leiðtoga í 237 manna hópi „Ungra leiðtoga“ sem taka þátt í verkefninu *Forum of Young Global Leaders*. Þetta eru þeir **Björgólfur Thor Björgólfsson** og **Jón S. von Tetzchner**.

OG JÓN TETZCHNER

Tveir Íslendingar, jafnaðrar sem ólust upp í Vesturbæ Reykjavíkur, hafa fengið viðurkenningu á heimsvísu. Þeir hafa verið valdir í 237 manna hóp „Ungra leiðtoga“ sem taka þátt í verkefninu *Forum of Young Global Leaders*. Þetta eru þeir Björgólfur Thor Björgólfsson og Jón S. von Tetzchner. Þeir eru fæddir árið 1967 og verða 38 ára á þessu ári. Þetta er mikill heiður fyrir þá. Þeir eru þarna innan um krónprinsa og prinsessur – sem og auðvitað marga þekktu athafnamenn.

Jón S. von Tetzchner er sonur Elsu Jónsdóttur og Norðmannsins Stephens von Tetzchners, prófessors í sálfræði. Hann ólst upp við Skólabrautina á Seltjarnarnesi hjá afa sínum og ömmu, Jóni Gunnlaugssyni lækni og Selmu Kaldalóns, dóttur Sigvalda Kaldalóns, lækni og tónskálds. Jón gekk í Menntaskólann í Reykjavík, MR, og hélt eftir stúdentspróf til Noregs. Jón býr núna í Noregi og er framkvæmdastjóri Opera Software ASA sem hann stofnaði ásamt Norðmanninum Geir Ivarsoy.

TEXTI: **JÓN G. HAUKESSON**
OG **GÍSLI KRISTJÁNSSON** Í ÓSLÓ.
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**



JON S. VON TETZCHNER
CEO, Opera Software, Norway

IT'S A RARE entrepreneur who spins himself into a star. That's Jon S. von Tetzchner, CEO of Opera Software, Norway. He founded the browser company in 1995, and it's now one of the most successful software companies in the world. He's also a philanthropist, and he's been named one of the most powerful people in the world by Time magazine.

When he was 17, he started a company to sell software. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet.

PELLE TORNERG
President and CEO, Lantana, Norway

When he was 17, he started a company to sell software. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet.



When he was 17, he started a company to sell software. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet.

HENNING KAGERMAN
CEO, Lantana, Norway

When he was 17, he started a company to sell software. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet.

When he was 17, he started a company to sell software. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet. He was the first to sell software on the Internet.



Photo: Lantana, Norway

Það var stór rós í hnappagat Jóns þegar tímaritið Business Week valdi hann sl. haust sem einn af 25 framsæknustu leiðtogum í Evrópu og var hann þar í ekki ómerkari félagsskap en Helmut Panke, forstjóra BMW í Þýskalandi

Í Evrópu og var hann þar í ekki ómerkari félagsskap en Helmut Panke, forstjóra BMW í Þýskalandi, og Fred Goodwins, forstjóra Royal Bank of Scotland svo einhverjir séu nefndir. Umfjöllun Business Week var undir yfirskriftinni „Stjórnur Evrópu – 25 leiðtogar í forystu breytinga“. Jón tók við viðurkenningu Business Week við hátíðlega athöfn á blaðamannafundi í París í desember sl.

Business Week fjallaði um Stjórnur Evrópu og valdi Jón S. von Tetzchner sem einn af framsæknustu leiðtogum í Evrópu, leiðtoga sem væru í forystu breytinga. Jón tók við viðurkenningunni á miklum blaðamannafundi í París í desember sl.

Nafn fyrirtækis Jóns og hins þekkta netvafra sem það framleiðir, Opera, er dregið af tónlistinni sem Jón ólst upp við á tónelsku heimili afa síns og ömmu úti á Seltjarnarnesi. Opera keppir við sjálfan Bill Gates og Microsoft í gerð netlesara – eða vafra fyrir Internetið – og Opera er nú talin fremst meðal fyrirtækja í heiminum í gerð netlesara fyrir farsíma og sjónvörp.

Björgólfur Thor er auðvitað miklu þekktari á Íslandi en Jón. Hann ólst upp í Vesturbænum og er sonur Björgólfs Guðmundssonar og Þóru Hallgrímssonar. Hann er stúdent frá Verslunarskóla Íslands. Thor Jensen athafnamaður var langafi hans og þaðan er Thors nafnið hjá Björgólfi komið. Þeir Björgólfur og Jón Tetzchner ólust upp ekki langt frá hvor öðrum og eru báðir komnir af þjóðkunnnum Íslendingum; athafnaskáldum og tónskáldum.

Kunnir athafnamenn Það er ánægjulegt fyrir Íslendinga að eiga þessa tvo verðugu fulltrúa í heimsráði ára leiðtoga, Forum of Young Global Leaders. Þeir eru báðir kunnir athafnamenn, hvor á sínu sviði. Björgólfur Thor er fjárfestir sem kemur við sögu í nokkrum alþjóðlegum stórfyrirtækjum, m.a. á Íslandi, Tékkóslóvakíu og Búlgaríu. Lyf, fjármál og fjarskipti eru hans svið.

Jón heldur sig hins vegar við eitt fyrirtæki – Opera Software ASA í Noregi. Hann stofnaði Opera og hefur fyrirtækið öðlast frægð um allan heim vegna keppni þess við Bill Gates og Microsoft. Það framleiðir vafrann Opera, sem allir tölvumenn þekkja og keppir við Internet Explorer vafrann.

Þekktustu viðskiptatímarit Bandaríkjanna hafa margoft skrifað um Jón og Opera. Þá hafa stórbliðin New York Times og Washington Post skrifað um vafrann og hælt honum í hástert. Þau hafa lofað hann fyrir smæð, einfaldleika og hraða. Hann hefur verið nefndur „litli vafrinn með stóra hjartað“.

Það var stór rós í hnappagat Jóns þegar tímaritið Business Week valdi hann sl. haust sem einn af 25 framsæknustu leiðtogum

Á meðal krónprinsa Þeir Björgólfur og Jón S. von Tetzchner eru á meðal krónprinsa og stjórnmálamanna í hópi hinna „Ungu leiðtoga“. Þarna er t.d. Hákon krónprins Noregs, Viktoría prinsessa Svía og Rania drottning Jórdaníu sem er formaður hópsins.

Í hópnum er einnig að finna stofnendur Google, þá Sergel Brin og Larry Page, og sömuleiðis Björn Lomborg, danskan tölfræðing og forstöðumann dönsku umhverfismatsstofnunarinnar sem m.a. flutti erindi á fundi Frjálsrar verslunar og Fiskifélags Íslands í endaðan september árið 2000. Yfirskrift fundarins var „heimsendir“, hvorki meira né minna. Tílefni fundarins var að Fiskifélagið gaf út bók Lomborgs sem ber hið stóra nafn: „Hið sanna ástand heimsins.“

Í bókinni fjallar Björn Lomborg um ástand fiskistofna í heiminum, þværandi auðlindir, eyðingu ósonslagsins, hækkandi hitastig jarðar, mengun, fólksfjölgun, sjúkdóma, hungursneyð og hvað eina er mun setja hagvexti og lífi manna hugsanlegar skorður í náinni framtíð. Bók Lomborgs vakti heimsathygli þegar hún kom út.

Jón S. von Tetzchner er skráður á lista Young Global Leaders sem Norðmaður og titlaður framkvæmdastjóri og annar tveggja stofnenda Opera Software ASA. Hákon krónprins Noregs er hinn fulltrúi Norðmanna. Björgólfur Thor er sagður eini Íslendingurinn á listanum. Hann er titlaður stjórnarformaður Actavis Ltd.

„Erft vandamál örra breytinga síðustu 150 ára“ Þeir Jón og Björgólfur segja báðir að það sé þeim mikill heiður að vera valdir úr röðum 8 þúsund manna í þennan 237 manna hóp. Þegar listinn var tilkynntur var þetta haft eftir Björgólfi Thor:

„Ég lít á það sem mikinn heiður að fá að taka þátt í þessu starfi. Ég hef unnið í alþjóðlegum viðskiptum eftir að ég lauk námi og



Björgólfur Thor Björgólfsson.



Jón S. von Tetzchner.



Hákon krónprins Norðmanna er í hópnum með þeim Björgólfi Thor og Jóni.

Þeir Björgólfur Thor og Jón S. von Tetzchner eru á meðal krónprinsa og stjórnámamanna í hópi „Ungra leiðtoga“. Þarna er t.d. Hákon krónprins Norðmanna, Viktoría prinsessa Svía og Rania drottning Jórdaníu sem er formaður hópsins.



Viktoría prinsessa Svía er einnig í hópnum.

tel það mikilvægt fyrir yngri kynslóðir að takast á við alþjóðlegar áskoranir þar sem við erum kynslóðin sem höfum erfð frá 20. öldinni vandmál sem tengjast hröðum breytingum síðustu 150 ára.“

„Þetta er enn svolítið loftkennt“ Jón S. von Tetzchner segist í samtali við Gísla Kristjánsson, blaðamann í Ósló, ekki vita með vissu í hverju starfið í hópi ungra leiðtoga verður fólgið. Þetta sé verkefni sem taki fimm ár og á þeim tíma verði fundir og umræður um vandamál heimsins.

„Þetta er enn svolítið loftkennt,“ segir Jón, en segist einnig líta á það sem heiður að vera valinn í þennan hóp. Í því felist viðurkenning.

„Hitt er svo annað mál hvort við getum látið eitthvað gott af okkur leiða,“ heldur Jón áfram. „Það er þó hægt að segja sem svo að ef enginn reynir einu sinni að hugsa um vandamálin þá leysast þau ekki. Mér finnst spennandi að fá að vera með í þessari tilraun.“

Björgólfur Thor sat heimsviðskiptaráðstefnuna World Economic Forum í Sviss í endaðan janúar. Þar hafði hann þátttökurétt vegna þátttöku sinnar í verkefninu Forum of Young Global Leaders.

„Líður eins og á skólabekk“ Hann sagði í viðtali við Morgunblaðið að hann hefði reiknað með að þurfa að hlusta á marga fyrirlestra en verkefni vinnuhópsins hefðu verið meiri en hann átti von á. „Mér

líður eins og að vera kominn aftur á fjórða ár í háskóla,“ var haft eftir Björgólfi.

Í fréttatilkynningunni frá Young Global Leaders segir að í hópnum séu samankomnir framúrskarandi ungir leiðtogar, allir undir 40 ára, sem hafi skuldbundið sig til að gefa af þekkingu sinni og krafti næstu fimm árin til að skapa bætta framtíð og hafa áhrif á framtíðina. Þetta er vissulega háleitt markmið.

Þeir Jón og Björgólfur voru valdir í þennan hóp 237 ungra leiðtoga úr hópi 8 þúsund karla og kvenna víðs vegar úr heiminum. Þar sannaðist hið fornkvæða að margir voru kallaðir en fáir útvaldir. Verkefnið nær til næstu fimm ára og mun hópurinn halda fyrsta fund sinn í Sviss í sumar og a.m.k. á hverju sumri næstu árin.

Þetta er í fyrsta sinn sem hópur „Ungra leiðtoga“ er settur á laggirnar. Þátttaka í hópnum gefur þátttökurétt á heimsviðskiptaráðstefnunni, World Economic Forum. Hún var síðast haldin í Davos í Sviss í janúar. Það var einmitt sú ráðstefna sem Björgólfur Thor sótti og lýsti því svo skemmtilega að sér fyndist hann vera kominn á skólabekk aftur. Jón Tetzchner átti ekki heimangengt á þá ráðstefnu.

Lagt er upp úr að hópur hinna „Ungu leiðtoga“ sé óháður og frjáls. Að aðeins þannig nái hann bestu lausnunum.

Úr heimi stjórnmála, viðskipta, lista og menningar Innan hópsins er fólk frá öllum heimsálfum. Það kemur úr heimi stjórnmála, við-



Þessi skemmtilega mynd var tekin haustið 2002 þegar biskup rétttrúnaðarkirkjunnar í Búlgaríu blessaði nýja verksmiðju Pharmaco þar í landi. Nafni Pharmaco hefur verið breytt í Actavis. Björgólfur Thor er langstærsti eigandinn og hefur byggt upp alþjóðlegan lyfjarisa.

skipta og mennta, lista og menningar. Hópurinn var stofnaður af svissneska prófessornum Klaus Schwab á síðasta ári.

Jón S. von Tetzchner kemur úr tölvugeiranum og hefur fyrirtæki hans látið til sín taka við að auðvelda fólki aðgang og umferð á Netinu með Opera-vafranum. Internetið og tilkoma þess í alþjóðasamfélaginu mun örugglega verða rætt á fundi ungu leiðtoganna í Sviss á komandi sumri. Mörg vandamál tengjast Internetinu – það á sínar skuggalegu hliðar – en langflestir eru þó sammála um að kostir þess séu fleiri og að Netið og upplýsingatæknin muni stuðla að auknum hagvexti og meiri viðskiptum í framtíðinni.

Ríkir að tala um fátækt Í hópi ungu leiðtoganna eru margir verðandi þjóðhöfðingjar. Erfðaprinsar og prinsessur Norðurlanda eru í þessum hópi. Þeir eru ekki í meirihluta á listanum sem hafa haslað hafa sér völl af eigin rammeik, eins og þeir Jón og Björgólfur Thor. Það mun því mæða á þeim – þeir hafa reynt, eldmód og krafta sem hægt verður að nýta.

En hvað geta allir hinir ríku, sem mynda hópinn, sagt af viti um fátækt? „Aukin viðskipti eru ein leið út úr fátækt,“ segir Jón S. von Tetzchner – sér og öðrum í hópnum til varnar. „Íslendingar voru meðal fátækustu þjóða Evrópu, en eru komnir í hóp hinna ríkustu. Einmitt vegna viðskipta við önnur lönd. Núna er þróunin ör í löndum sem nýta sér aukið frjálsræði í heimsviðskiptum.

Það er enn mikil misskipting í Kína en þar eru líka miklar framfarir vegna viðskipta við önnur lönd. Sömu sögu er að segja um

Indland. Afríka hefur ekki notið þessa í sama mæli. Við getum spurt okkur hvers vegna.“

Jón hefur ekki trú á að heimsvæðing síðustu ára fái skjótan endi. Það gerist ekki nema yfir heiminn gangi miklar hörmungar og stríð.

Hittir nýtt fólk Jón viðurkennir að World Economic Forum séu umdeild samtök ríkra manna og séu oft skotspónn mótmælenda. „Ég er ekkert sérlega róttækur maður,“ segir Jón. „En ég hef samt áhuga á að reyna að breyta einhverju. Saga Evrópu eftir stríð sýnir að það er hægt að leysa vanda með samræðum. Því þá ekki að reyna?“

Jón bendir einnig á að fyrir hann og Óperu geti verið gagnlegt að ræða við fólk sem hann myndi annars ekki hitta. „Við eigum aldrei í vandræðum með að fá fundi með þeim sem við óskum eftir. En á slíkum fundum er rætt um það sem fyrir fram er ákveðið. Það gerist ekkert óvænt. En á fundi hinna ungu leiðtoga kemur fólk úr öllum áttum og með ólík viðhorf. Það verður spennandi.“

Lyf, fjármál og fjarskipti Björgólfur Thor kemur úr heimi lyfjaframleiðslu, fjármála og fjarskipta. Hann er auðvitað þekktastur fyrir að hafa byggt upp alþjóðlega lyfjarisann Actavis. Á lista yfir „Unga leiðtoga“ er hann titlaður stjórnarformaður Actavis. Ekki fer á milli mála að skæðir sjúkdómar eru á meðal vandamála heimsbyggðarinnar og lausnir til að skapa bættu heilsu í framtíðinni felast í nýjum lífsstíl sem og framleiðslu og uppgötvun nýrra lyfja.

Björgólfur er sömuleiðis á heimavelli sem kunnur fjárfestir og fjármálamaður. Fjármálafyrirtækin koma mjög við sögu í heimsviðskiptum og fjárfestingum hvarvetna í heiminum. Nýjar fjárfestingar skapa nýja framleiðslu og hagvöxt sem útrýmir fátækt í heiminum.

Hagfræðingar hafa síðustu 150 árin rætt um skiptingu auðsins. Þeir hafa sagt sem svo að vissulega útrými hagvöxtur og stækkun kökunnar fátæktinni en réttlát skipting hennar skipti líka máli við að útrýma fátækt. Aukin heimsviðskipti, sem til verða vegna þess að múrar í viðskiptum eru brotnir niður, auka á hagsæld. Íslendingar þekkja það manna best. Jón Sigurðsson, frelsishetja okkar Íslendinga, mælti fyrir frjálsri verslun og frelsi í utanríkisviðskiptum Íslendinga og sagði að það væri leiðin til aukinnar hagsældar þjóðarinnar, leiðin út úr fátæktinni.

Út til Noregs eftir stúdentspróf frá MR

Annars er gaman að skoða feril þeirra Jóns S. von Tetzchner og Björgólfs Thors eftir nám í MR og Verslunarskólanum. Jón hélt út til Noregs eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík og hóf nám í upplýsingatækni, bjó hjá föður sínum og vann hjá norska símafyrirtækinu Telenor. Það var þar sem samstarfið við forritarann Geir Ivarsoy hófst og þar byrjaði ævin- týrið með vafra á árunum 1992 og 1993. Síðan stofnuðu þeir Geir fyrirtækið Opera Software. Þeir settu upp fyrsta miðlarann í Noregi og voru í hópi 400 fyrstu til að gera það í öllum heiminum. Jón er löngu orðinn einn af þekktustu mönnum í norsku viðskiptalífi.

Framtíð í farsínum Opera hefur á rúmum tíu árum vaxið úr því að vera fönður tveggja skólafélaga, með fátæklegt sparifé að bakhjarli,

í 200 manna fyrirtæki með starfsemi í Evrópu, Ameríku og Asíu. Opera Software ASA er skráð í Kauphöllinni í Ósló og er í samstarfi um Internetlausnir við fyrirtæki eins og Nokia, Sony-Ericsson, Motorola og Samsung.

Opera er nú talið fremst meðal fyrirtækja í heiminum í gerð netlesara fyrir farsíma og sjónvörp. Framíðin er í farsímanum að mati Jóns sem telur að sjónvörp og farsímar verði notaðir eins og tölvur í framtíðinni. Nýjustu farsímar eru álika öflug tæki og borðtölvur voru fyrir nokkrum árum. Sjónvörp má líka nýta fyrir Internetið. Jón

spáir því að textavarpíð hverfi innan fárra ára enda sé það sambærilegt Internetinu - en með mjög fáum síðum.


Það er athyglisvert að öll forrit, sem frá Óperu koma, má nota jafnt fyrir tíu ára gamlar tölvur sem alveg nýjar. Óperu vafri- inn er til dæmis það lítilt að tíu ára gamlar tölvur ráða vel við hann. Enda heldur Jón heimspeki gamla dótsins á lofti og segir að gamlar tölvur séu alveg nógu góðar!

Jón er ekki addáandi gamalla tölva vegna þess að honum finnist það sóun að kasta gömlu dóti - og alls ekki vegna þess að honum finnist gamlar tölvur fallegar.

„Núna hafa um 700 milljónir manna aðgang að tölvum og Internetinu í heiminum. Ef allar gamlar og vel nothæfar tölvur væru í notkun þá væri þessi hópur mun stærri.“

Jón segir að fyrirtæki sitt njóti góðs af að nytjastefnu þess fellur mörgum í gegð. Ópera á sér addáendahóp eins og stóru fótboltaliðin í Evrópu. Þarna er ef til vill um 130 þúsund manna hóp að ræða. „Hugsjónin er að allir hafi aðgang að Netinu og geti nálgast upp- lýsingar þar hvar sem er.“

Björgólfur Thor er á heimavelli sem kunnur alþjóðlegur fjárfestir og fjármálamaður. Spurningin er hins vegar þessi: Hvað geta allir hinir ríku, sem mynda hópinn, sagt af viti um fátækt? Aukin viðskipti milli landa sem og fjárfestingar fjárfesta eru undirstaða hagvaxtar og ein leið út úr fátækt.



Hámarkaðu nýtingu rýmisins með skápum frá RÝMI ehf.



Rými ehf. • Háteigsvegi 7 • 105 Reykjavík • Sími: 511 1100

„Við græðum ekki peninga á þessum stuðningi en njótum velvildar sem stærri fyrirtæki njóta ekki. Þetta er fólk sem styður okkur vegna þess að við viljum að tölvutæknin verði aðgengileg fyrir alla,“ segir Jón. Og hann spár því að áður en langt um líður verði tölvurnar búnar að taka við því hlutverki sem pappír hefur núna. Tölvurnar verði stafrænn pappír.

Ferill Björgólfs er ævintýralegur Ferill Björgólfs Thors hefur verið ævintýri líkastur. Eftir stúdentspróf frá Verslunarskólunum hélt hann til Bandaríkjanna og nam fjármálafræði við New York University. Óhætt er að segja að sú fjármálafræði hafi skilað sér vel. Eftir nám ytra vann Björgólfur um tíma hjá Oppenheimer-fyrirtækinu í New York.

Ævintýri Björgólfs Thors má rekja til þess að þeir feðgar, Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson, ásamt Magnúsi Þorsteinssyni og fleiri Íslendingum, fluttu út gosdrykkjaverksmiðju Sanitas til Pétursborgar árið 1993 í kjölfar þess að verksmiðjan hafði verið lögð niður á Íslandi. Björgólfur eldri hafði verið forstjóri hennar, Magnús framleiðslustjóri og Björgólfur Thor markaðsstjóri.

Úti í Pétursborg gekk á ýmsu og þeim þremmingum mætti mótlæti í rekstrinum. En árið 1996 voru þeir orðnir á eigin vegum með framleiðsluna og upp úr því fóru hlutirnir að ganga hjá þeim. Þeir nefndu fyrirtæki sitt Bravo International og réðust árið 1998 í byggingu nýrrar og risastórrar verksmiðju undir bjórframleiðslu sem varð sjötta stærsta bjórverksmiðja í Evrópu.

Stóru tíðindin komu svo í janúarlök árið 2002 þegar Heineken keypti bjórverksmiðjuna Bravo International og 49% hlut í hinni Bravo-verksmiðjunni, þeirri sem framleiðir áfengt gos og kokteila. Þetta voru viðskipti upp á yfir 400 milljónir dollara og um var að ræða einhver stærstu hlutabréfaviðskipti sem Íslendingar höfðu gert fram að þeim tíma.

Við þessa sölu til Heineken má segja að hjólin hafi farið að snúast fyrir alvöru. Björgólfur Thor var augljóslega foringi þeirra og hafði átt stærstan hlut í bjórverksmiðju Bravo International.

En það var fleira í pípunum hjá þeim þremmingum. Björgólfsfeðgar höfðu árið 1999 komið að kaupum á lyfjafyrirtækinu Balkanpharma í Búlgaríu í samvinnu við Pharmaco á Íslandi, en þar í forsvari var Sindri Sindrasón. Í ársbyrjun 2002 voru þeir feðgar orðnir langstærstu eigendur Pharmaco, með um 35% hlut, en Pharmaco hafði þá eignast Balkanpharma í Búlgaríu að fullu.

Bomban féll; vildu kaupa banka Um sumarið 2002 viðruðu þeir þremmingar þá hugmynd að kaupa annan hvorn ríkisbankanna á Íslandi. Þetta var ein af fréttum ársins og setti sölu bankanna í annan gír. Úr varð að félag þeirra Samson keypti rúmlega 45% hlut ríkisins í Landsbankanum. Björgólfur Thor er stjórnarformaður Samson.

Það var í nógu að snúast þetta sumar hjá Björgólfi Thor. Stóra málið þessa sumardaga var að sameina Pharmaco og Delta og byggja upp alþjóðlegan lyfjarisa. Það tókst honum með glæsibrag. Þessi nýi lyfjarisi, Pharmaco, fékk síðan nafnið Actavis og sýnist sú nafngift hafa heppnast sérlega vel.

Landsbankinn og Samson hafa mjög látið til sín taka í fjárfestingum. Landsbankinn er stærsti eigandi Burðaráss, sem m.a. á Eimskipafélagið. Björgólfur Thor er stjórnarformaður Burðaráss. Félagið hefur


m.a. fjárfest í fjármálafyrirtækjum, eins og Carnegie í Svíþjóð, og á núna yfir 20% hlut í því fyrirtæki, en það er talið eitt af best reкну fjármálafyrirtækjum á Norðurlöndum.

Þá hefur Landsbankinn blásið til sóknar í bankaviðskiptum í Bretlandi og er þessa dagana að yfirtaka breska fjármálafyrirtækið Teather & Greenwood sem m.a. hefur aðstoðað Bakkavör Group og Flugleiðir við fjárfestingar í Bretlandi.

Umsvifamikill í símafyrirtækjum Björgólfur Thor hefur þess utan haft forystu við kaup á tveimur símafyrirtækjum í Evrópu. Hann er maðurinn á bak við kaup eignarhaldsfélagsins Bivideon á 90% hlut í tékkneska símafyrirtækinu Ceske Radiokomunikaze, CRA, fyrir um 33 milljarða króna. Ceske Radiokomunikaze er stærsti eigandinn í tékkneska farsímafélaginu T-mobile CR og er þar með 39% hlut. Mikill hagnaður hefur verið af rekstri síðarnefnda fyrirtækisins.

Þá hafði Björgólfur Thor forystu um kaup Viva Ventures á 65% í búlgarska símanum, BTC.

Flestir velta því fyrir sér hvort næsta stórfjárfesting Björgólfs Thors verði kaup á Landssíma Íslands. Umsvif hans í símafyrirtækjum í Evrópu gera það að verkum að hann horfir örugglega til kaupa á Símanum – en þó auðvitað ekki á hvaða verði sem er. Verðið á Símanum liggur ekki fyrir og ekki heldur fyrirkomulag sölunnar þannig að ekkert er hægt að fullyrða um það hverjir bjóði í Símann og hvort Björgólfur Thor verði þar á meðal.

Eflaust ber símamál á góma á milli þeirra Björgólfs Thors og Jóns S. von Tetzchners þegar þeir hittast í Sviss í sumar á fundi „Ungra leiðtoga“. Það er heiður fyrir þá að vera valdir í hópinn og sómi fyrir Ísland. 

Framfarir með tækni www.audi.is



Ritariinn á línu sitt

Mamma á línu tvö

Aðstoðarmeðurinn á línu þrjú

Endurakoðandinn í gamanum

Eða: Eða viltu hafa fríð og ró



...á þínu valdi

Nýr Audi A5 með quattro®
fjórhyðadrif

Hvernig ferðu tilvona til að stjórna um góð? Með því að tryggja að þetta
er á sama tíma? Með því að gæta um þínu samunandi lífi? Eða með
því að gæta þáttar, til tilvísingar. Þú satar þú.

Hvernig er þú búinn að stjórna? Með fjórhjóladrifinu sem er nýggj. Þetta er þetta
þú hefur Með fjórhyðu tryggir þú Með þessum lífi þú þar þetta
á milli hjóla stöðvar með því að tryggja stöðvaflega vélarnar á
þessum lífi þú og aftur. Með því að tryggja stöðvaflega
þetta og stöðvaflega stöðvaflega til að tryggja til fjórhyðu vélanna
þú finnur þetta

Komdu í neyðsakerari



Bræðurnir í Bakkavör, Lýður og Ágúst Guðmundssynir.

22. desember 60 milljarðar fyrir Geest

Samkomulagt tókst skömmu fyrir jól um yfirtöku Bakkavarar Group á matvælafyrirtækinu Geest í Bretlandi. Það ræðist hins vegar núna í febrúar hvort af henni verður. Um er að ræða eina mestu fjárfestingu Íslendinga erlendis, en heildar kaupverð Bakkavarar á fyrirtækinu er tæplega 60 milljarðar króna. Endanleg ákvörðun um kaupin verður tekin að lokinni áreiðanleikakönnun sem á að ljúka núna í febrúar. Þeir sem fjármagna kaupin á Geest eru Bank of Scotland, Royal Bank of Scotland og Rabobank í Hollandi.

31. desember Spenna á milli Einars og Helga vegna Jóns Þórissonar

Það var augljós spenna í bankaráði Íslandsbanka á gamlársdag vegna uppsagnar Jóns

Þórissonar, aðstoðarforstjóra bankans og staðgengils forstjórans, hinn 29. desember sl. Haldinn var sérstakur aukafundur í bankaráði Íslandsbanka til að ræða uppsögnina og upp á yfirborðið kom augljós spenna innan ráðsins vegna uppsagnarinnar. Bankaráðsmennirnir Helgi Magnússon og Úlfar Steindórsson voru óánægðir með það hvernig staðið var að uppsögn Jóns. Boðað var til aukafundar í bankaráði og sagði Einar Sveinsson, formaður bankaráðs Íslandsbanka, eftir fundinn að Bjarni nyti fyllsta trausts ráðsins, ráðning starfsmanna væri ótvírætt á verksviði forstjóra sem bæri einn ábyrgð gagnvart bankaráðinu. Helgi Magnússon var ekki sáttur við þessa túlkun og sagði það ekki rétt að bankaráðið væri einhuga í þessu máli. Hann væri engan veginn sam mála þessari ráðstöfun, taldi forkastanlegt að ráðið skyldi ekki hafa verið kallað saman áður en Bjarni segði Jóni upp og lagði áherslu á að hann bæri



Jón Þórisson.

5. janúar

Jón Diðrik Jónsson

Nokkra athygli vakti þegar Íslandsbanki kynnti nýtt skipurit sitt í byrjun ársins að Jón Diðrik Jónsson, fyrrverandi forstjóri Ölgerðarinnar, var orðinn framkvæmdastjóri fjárfestinga- og alþjóðasviðs. Það var ekki síst vegna þess að Jón Diðrik hafði enga reynslu úr bankaheiminum heldur eingöngu úr gosdrykkjajafnaðinum, bæði hér heima og erlendis. Samkvæmt skipiritinu voru viðskiptabankasvið og rekstarsvið Íslandsbanka sameinuð og Haukur Oddsson ráðinn nýr framkvæmdastjóri hins sameinaða sviðs. Haukur hefur verið starfsmaður Íslandsbanka í tuttugu ár, m.a. sem framkvæmdastjóri upplýsingasviðs. Þar með tók Haukur við starfi Jóns Þórissonar sem sagt var upp skömmu fyrir áramótin.



engna ábyrgð á brottrekstri Jóns. Bankaráðið hefði staðfest ráðningu Jóns og samþykkt að hann skyldi vera staðgengill forstjórans og því hefði ráðið einnig átt að fjalla um brottvikningu hans áður en til hennar kæmi.

4. janúar

Sigurjón í flíspeysurnar

Það hafði verið kvittur um það í nokkurn tíma að Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi væri á leiðinni inn í 66°Norður. Það gekk síðan eftir í fyrstu viku ársins þegar hann keypti ráðandi hlut í fyrirtækinu í samstarfi við Sjóvá-Álmennar. Sigurjón ætlar í verulega úrás með fyrirtækið og hyggst koma merkinu að í kvikmyndaiðnaðinum. Fyrrverandi eigandi og forstjóri 66°Norður var Þórarinn Elmar Jensen. (Sjá blaðsíðu 74).

11. janúar

Í heimsráði ungra leiðtoga

Íslendingar eignuðust tvo leiðtoga á heimsvísu í janúar þegar tilkynnt var að Björgólfur Thor Björgólfsson og Jón von Tetchner væru tveir af 237 ungum stjórnendum í heiminum sem hafa verið valdir til að taka þátt í verkefninu Forum of Young Global Leaders. Í þessu verkefni vinna ungir stjórnendur, undir 40 ára aldri, saman næstu fimm árin með það að markmiði að skapa bjartari framtíð. (Sjá ennfremur forsíðuefni).

17. janúar

Hannes starfandi stjórnarformaður

Sama dag og Sigurður Helgason tilkynnti að hann hefði ákveðið



Hannes Smárason.

að láta af störfum forstjóra Flugleiða 31. maí nk. eftir 20 ára setu í forstjórastóli félagsins var sagt frá

því að Hannes Smárason væri orðinn starfandi stjórnarformaður Flugleiða með það að markmiði að einbeita sér að útrás og viðskiptaþróun félagsins.

21. janúar

Hvað ætlar Straumur að gera?

Miklar umræður urðu um samþykkt Fjármálaeftirlitsins, FME, frá 21. janúar sl. á umsókn Straums Fjárfestingarbanka um virkan eignarhlut í Íslandsbanka. Þetta er nokkuð heitt mál. Fannst ýmsum sem samþykkt Fjármálaeftirlitsins væri fremur óskýr, en hún verður þó varla skilin öðru vísi en svo að Straumur verði að selja hlut sinn í TM á þessu ári.

Fjármálaeftirlitið orðaði þetta þannig að með tilliti til hættu á hagsmunaárekstrum á váttryggingamarkaði gæti Straumur ekki verið til



Frá aðalfundi Straums. Magnús Kristinnsson, útgerðarmaður í Eyjum og stjórnarmaður í Straumi, og Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums. Hvað ætlar Straumur sér með hlutinn í Íslandsbanka?

lengri tíma virkur eigandi, beint eða óbeint, í bæði Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka og dótturfélögum bankans, en Sjóvá er eitt þeirra félaga. Straumur er núna skráður fyrir um 21% eignarhlut í Íslandsbanka. Þá er Burðarás með um 4%.

Spurningin sem brennur á allra vörum er sú hvort Straumur muni ná yfirtökunum í Íslandsbanka í bandalagi með einhverjum öðrum stórum hluthafa í bankanum á næstunni. Fjórir stærstu hluthafar bankans á eftir Straumi eru í óformlegu bandalagi með

stjórnendum bankans og er heildarhlutur þessa bandalags líklegast í kringum 35 til 40% í bankanum.

28. janúar

Ofurhagnaður bankanna

Þetta var föstudagur til fjár. Pennan dag var tilkynnt að bankarnir fjórir; KB-banki, Landsbanki, Íslandsbanki og Straumur, fjárfestingarbanki, hefðu hagnast samtals um 46,3 milljarða króna á síðasta ári. Sé þetta sett í samhengi við

áðrar stærðir bankanna, eins og veltu og eigin fé, er um verulega góðan árangur að ræða. En arðsemi eiginfjár bankanna fjögurra var á bilinu 20 til 50%. Þetta

Hagnaður bankanna

Í milljörðum	2004	2003	Breyting
KB-banki	15,8	7,5	110%
Landsbanki	12,7	3,0	330%
Íslandsbanki	11,5	5,8	96%
Straumur	6,4	3,8	68%
Samtals:	46,4	20,1	

26. janúar

Nýjar vélar fyrir 40 milljarða

Sögulegur dagur hjá Flugleiðum. Félagið tilkynnti að það hefði keypt tíu nýjar flugvélar af gerðinni Boeing 737-800 en heildarverðmæti vélanna er 40 milljarðar króna. Flugleiðir hyggjast í samstarfi við flugvélaleigufyrirtækið Sunrock leigja vélar áfram til flugfélaga í Kína og víðar. Vélarar tíu verða afhentar á næsta ári.



Söguleg stund. Forráðamenn Flugleiða skrifa undir kaup á tíu nýjum Boeing þotum fyrir 40 milljarða.

er stórkostlegur árangur og um 5 milljörðum meiri hagnaður en greiningardeildir bankanna höfðu spáð nokkrum dögum áður. Nokkur hluti þessa mikla hagnaðar er gengishagnaður af hlutabréfaviðskiptum og hlutabréfaeign – sem og vaxtatekjur vegna aukinna útlána. Bankarnir hafa óumdeilanlega styrkt sig á alla kanta og umfangsmikil bankaviðskipti þeirra erlendis setja svip sinn á rekstur þeirra. Hagnaður bankanna eftir skatta er meiri en velta fjórða stærsta fyrirtækis á Íslandi á síðasta lista Frjálsrar verslunar yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins. Hagnaður KB banka eftir skatta samsvarar veltu 15. stærsta fyrirtækis landsins.

1. febrúar

Teather & Greenwood

Þennan dag var tilkynnt að Landsbankinn ætlaði sér að yfirtaka allt hlutafé breska fjármála-fyrirtækisins Teather & Greenwood og að bankinn hefði þegar tryggt sér 57,8% eignarhlut í félaginu. Tilboð bankans í allt hlutaféð nemur um 5 milljörðum króna. Meðal verkefna sem fyrirtækið hefur unnið að var að aðstoða Bakkavör við kaup á 20% hlut í Geest auk þess að aðstoða Flugleiðir við kaup á 10% hlut í EasyJet.

4. febrúar

Keppa við Jón Helga

Það kom flestum á óvart þegar tilkynnt var að Hannes Smárason, starfandi stjórnarformaður Flugleiða, hefði eignast 18,3% í Eignarhaldsfélagi Húsasmiðjunnar. Meðfjárfestar Hannesar í Húsasmiðjunni eru Saxhóll, sem er í eigu

Nóatúnsfjölskyldunnar fyrrverandi, og Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Þessir þrír fjárfestar eru með jafnstóran hlut hver, eða samtals 55% eignarhlut í Húsasmiðjunni. Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson áttu þennan hlut áður. Það vekur hins vegar athygli að Hannes Smárason er fyrrverandi tengdasonur og viðskiptafélagi Jóns Helga Guðmundssonar í Byko. Ennfremur hafa þeir Gylfi og Gunnar, sem eru þekktir verktakar, unnið að nokkrum verkefnum með Jóni Helga undanfarin ár. Þá á Jón Helgi Nóatúnsverslanimar. Þessir þrír fjárfestar fara hins vegar núna gegn honum í sölu byggingarvара. Eignarhaldsfélag Húsasmiðjunnar á Húsasmiðjuna að fullu. Baugur Group á 45% hlut í Eignarhaldsfélaginu á móti 55% hlut hinna nýju fjárfesta.



Kári Stefánsson.

29. janúar

Kári út úr Norðurljósum

Kári Stefánsson upplýsti það í grein í Fréttablaðinu þennan laugardag þar sem hann var að skrifa um áramótaannál Hallgríms Helgasonar í blaðinu að hann hefði selt hlut sinn í Norðurljósum, en hann átti þar 15% hlut. Það vakti furðu margra þegar Kári fór óvænt inn í Norðurljósin á sínum tíma eftir að hafa sagt í véfréttastífl í sjónvarpsviðtali að hann hefði engan áhuga á „norðurljósumum“.

7. febrúar

Níu Toyota-menn segja upp

Hún vakti mikla athygli fréttin um að níu lykilstjórnendur hjá P. Samúelssyni, umboði Toyota á Íslandi, hefðu sagt upp störfum frá og með 1. mars vegna óánægju með að forstjóri félagsins, Emil Grímsson, sé hættur hjá félaginu. Í yfirlýsingu frá stjórnendunum sagði m.a.: „Djúpstæður ágreiningur innan fjölskyldu og meirihlutaeigenda P. Samúelssonar hefur nú leitt til þess að Emil

Emil Grímsson.

Grímsson hefur þurft að láta af störfum hjá fyrirtækinu.“ Emil hefur fengið tilboð um starf hjá Toyota í Evrópu. Ennfremur hefur hann keypt meirihluta í Arctic Trucks sem sérhæfir sig í breytingum á jeppum.

8. febrúar

„Sprengidagar“ á hlutabréfamarkaði

Viðskipti í Kauphöllinni hafa verið lífleg það sem af er árinu og hefur úrvalsvísitalan verið á hraðferð upp á við frá áramótum og er að nálgast ódfluga hápunktinn sem hún náði sl. haust. Hún hefur hækkað um 16% frá áramótum og er núna í um 3.900 stigum, en hún var 3.350 í byrjun ársins. Sérfræðingar nota stundum orðalagið „rúss-

íbanaferð“ um verðbreytingar á hlutabréfamarkaði. Þeir ræddu hins vegar um „sprengidag á hlutabréfamarkaði“ 8. febrúar sl. Þegar landsmenn gæddu sér á saltkjöti og baunum, en úrvals-vísitalan hækkaði um yfir 2% þann þriðjudag.



Pórarinn Kjartansson, framkvæmdastjóri Bláfugls.

8. febrúar Flugleiðir kaupa Bláfugl

Forráðamenn Flugleiða eru í miklu stuði um þessar mundir. Félagið hefur keypt fraktflugfélagið Bláfugl og flutningsmiðunarfyrirtækið Flugflutninga fyrir 3,8 milljarða króna og eru kaupin gerð með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og samþykki samkeppnisyfirlvalda. Bláfugl reku fimm Boeing fraktvélar og fer 80% starfseminnar fram erlendis. Pórarinn Kjartansson, framkvæmdastjóri Bláfugls og einn aðaleigandi félagsins, verður áfram framkvæmdastjóri Bláfugls.

8. febrúar VÍS kaupir Lýsingu

Áætlaður hagnaður KB-banka af sölu Lýsingar til VÍS er um 3 milljarðar króna. Söluverðið var 6,1 milljarður króna. Búnaðarbankinn, sem stofnaði Lýsingu ásamt fleirum árið 1986, eignaðist Lýsingu að fullu fyrir þremur árum og fylgdi fyrirtækið eðlilega með inn í KB-banka. Engin breyting er fyrirhuguð á rekstri Lýsingar sem skilaði 590 milljóna króna hagnaði eftir skatta á síðasta ári. Þess má geta að KB-banki á um 30% í VÍS.

8. febrúar „Íslensk“ eignarhalds- félög erlendis

Það vakti verulega athygli í ræðu Jóns Karls Ólafssonar, formanns Verslunarráðs Íslands, á Viðskiptaþingi að erlend eignarhaldsfélög í eigu Íslendinga væru ekki færri en 200 talsins. Hann sagði að Íslendingar hefðu misst þessi félög úr landi vegna skattamála.

8. febrúar Forstjóraskipti í HB-Granda

Óvænt forstjóraskipti urðu í HB-Granda 8. febrúar. Sturlaugur Sturlaugsson lét þá af störfum og við starfi hans tók Eggert Benedikt Guðmundsson, sem verið hafði markaðsstjóri fyrirtækisins sl. hálf ári. Kristján Þ. Davíðsson, aðstoðarforstjóri hjá fyrirtækinu, og fyrrum forstjóri Granda, hætti samhliða Sturlaugi hjá fyrirtækinu. „Að sjálfsgöðu er ég ekki sátur við að hætta,“ sagði Sturlaugur um starfslok

sín við Morgunblaðið. Ekki eru nema rúmir níu mánuðir síðan HB-Grandi kynnti nýtt skipurit með þeim Sturlaugi og Kristján í forstjórastólum. En fljótt skipast veður í lofti.

9. febrúar Tilboð Baugs í Somerfield

Það er skammt stórra högga hjá Baugi og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni í fjárfestingum. Tveimur dögum áður en hann fékk lykllana að Big Food Group afhenta var sagt frá því að Baugur Group hefði gert óformlegt tilboð í verslunarkeljuna Somerfield en hún rekur 1.267 verslanir í Bretlandi. Tilboðið hjóðar upp á 140 milljarða króna. Somerfield er með tvenns konar verslanir. Annars vegar

Somerfield verslanir sem eru Klukkuverslanir í líkingu við 10-11 og Kwik Save verslanir sem leggja áherslu á lágt vöruverð líkt og Bónus. Verði af kaupum Baugs Group á Somerfield er um að ræða mestu fjárfestingu í sögu íslensks fyrirtækis. Baugur á þegar um 5,5% hlut í Somerfield þannig að keðjan hefur verið undir smásjá Jóns Ásgeirs um tíma.

11. febrúar Jón fær lyklavöldin að Big Food Group

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, mun örugglega skrá 11. febrúar 2005 sem einhvern merkilegasta dag í sögu fyrirtækisins. Þetta er dagurinn þegar hann fékk lyklavöldin að bresku matvörukeðjunni Big



Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group.



Pálmi Haraldsson.

Food Group. Kaupin eru einhver umfangsmesta fjárfesting Íslendinga erlendis. Hlutabréfin voru keypt á um 41 milljarð. Fjárfestingin er hins vegar metin á 112 milljarða þegar búið er að taka inn í hana kostnað vegna yfirtökunnar, endurfjármögnun skulda félagsins og rekstrarfjármögnun þess. Kaup KB-banka á danska bankanum FIH fyrir um 84 milljarða króna eru stærsta einstaka fjárfesting íslensks fyrirtækis til þessa. KB-banki greiddi 84 milljarða króna fyrir allt hlutféð í FIH bankanum. Jón Ásgeir ætlar að taka Big Food Group út af markaði og brjóta fyrirtækið upp í þrjú sjálfstæð félög; Iceland, Booker og fasteignafélagið sem á allar fasteignir Big Food Group. Meðfjárfestar Baugs við yfirtökuna á Big Food

Group eru skoski auðkýfingurinn Tom Hunter, Burðarás, Pálmi Haraldsson, Kevin Standford, Bank of Scotland og KB banki. Malcolm Walker er forstjóri Iceland-keðjunnar og Nick Leslow er forstjóri fasteignafélagsins. Bank of Scotland fjármagnar um 70% af fjárfestingu Baugs Group á Big Food Group.

12. febrúar

Grein Sigurðar G.

Um fátt hefur verið meira rætt í viðskiptalífinu að undanföru en grein Sigurðar G. Guðjónssonar, hæstaréttarlögmanns og stjórnarformanns IP-fjarskipta, í Morgunblaðinu. Hann skrifaði greinina vegna auglýsinga Og Vodafone's um að það skæði samkeppni á fjarskiptamarkaði ef grunnetið verði selt með Símanum í stað þess að vera

skilið frá fyrirtækinu við söluna. „Ég leyfi mér að fullyrða að Og fjarskipti vilja ekki samkeppni í fjarskiptum. Félagið og eigendur þess vilja aðeins tvíkeppni, duopoly. Duopoly útilokar óvænt og óþægileg útspil samkeppnisaðila varðandi verð og þjónustu,“ segir þessi fyrrum forstjóri Norðurljósa og bætir við að samkeppni IP-fjarskipta hafi orðið til þess að lækka verð á internetþjónustu Og Vodafone's og Símans vegna gjaldtöku á niðrhali gagna frá útlöndum á Netinu.

15. febrúar

Nýir menn með Tryggva í Heklu

Tryggvi Jónsson, forstjóri Heklu, Hjörleifur Jakobsson, forstjóri Ólíufélagsins Essó, Frosti Bergsson, fyrrum stjórnarformaður Opinna kerfa, og Egill Ágústsson, framkvæmdastjóri Íslensk-ameríska hafa keypt KB banka, Straum og Tryggingamiðstöðina út úr fyrirtækinu og eiga þessir fjórir menn nú allt hlutfé í Heklu í gegnum eignarhaldsfélagið Herðubreið. Hekla var áður í eigu þriggja fyrirtækja, Herðubreiðar (57%), TM (33%), og Skarðsheiðar (10%). Herðubreið var í eigu Tryggva Jónssonar og KB banka til helminga. Skarðsheiði var í

eigu Odda og Straums. TM seldi Herðubreið sinn hlut í kringum áramótin. En eftir að KB banki, Straumur og Oddi seldu sína hluti hefur samtals 71,5% eignarhlutur í Heklu skipt um eigendur á skömmum tíma. Á aðalfundi Heklu hinn 15. febrúar var ný stjórn félagsins kjörin og hana skipa þeir Hjörleifur Jakobsson, Frosti Bergsson og Egill Ágústsson.



Tryggvi Jónsson.



Frosti Bergsson.



Hjörleifur Jakobsson.



Egill Ágústsson.

Sigurður G. Guðjónsson.





Tekist í hendur; tákn um samheldni. Hannes Smárason, starfandi stjórnarformaður, Jón Karl Ólafsson, Ragnhildur Geirsdóttir og Sigurður Helgason.

16. febrúar

Nýir flugstjórar í brúnni, Ragnhildur og Jón Karl

Menn telja almennt að Hannes Smárason, sem nýlega varð stór eigandi í Húsasmíðjunni, hafi hitt naglann á höfuðið með því að ráða Ragnhildi Geirsdóttur í starf forstjóra Flugleiða og Jón Karl Ólafsson sem forstjóra Icelandair. Mikil ánægja er með þessa nýju flugstjóra í brúnni á meðal starfsfólks Flugleiða og Icelandair og voru þau Ragnhildur og Jón Karl klöppuð inn í starfið á fjölmönnum starfsmannafundi. Hannes tók þá ákvörðun að velja Flugleiða-fólk til að taka við af Sigurði, fólk sem Sigurður er búinn að ala upp. Þetta val Hannesar hefur verið túlkað sem heiður fyrir Sigurð.

Raunar telja flestir að Sigurður Helgason, fráfarandi forstjóri Flugleiða, hafi haft puttana í þessum ráðningum og

ráðlagt Hannesi við val á eftirmönnum sínum. Sigurður sagði hlægjandi á fundi starfsmanna að hann væri mjög ánægður með að það þyrfti tvo til að taka við af sér. Þá var klappað hressilega. Núna segja menn að nýja slagorð Flugleiða sé: „Tveir fyrir einn.“ Síðustu þrjú til fjögur árin hefur Jón Karl oftast verið nefndur sem eftirmaður Sigurðar Helgasonar þótt Steinn Logi Björnsson hafi sömuleiðis oft verið nefndur. Í ljósi þessa telja flestir að Sigurður Helgason hafi valið eftirmann sinn og ráðlagt Hannesi að velja Jón Karl.

Fólk hefur eðlilega velt því fyrir sér hvort þeirra sé hærra sett, Ragnhildur eða Jón Karl. Sérstaklega tóku menn eftir því að Morgunblaðið sló því upp á forsiðu að Ragnhildur Geirsdóttir hefði verið ráðin for-

stjóri Flugleiða. Í undirfyrirsögn stóð að Jón Karl hefði verið ráðinn forstjóri Icelandair. Menn spurðu sem svo: Kalt mat, fyrir hvort þeirra er þetta meiri vegglylla? Það er ekki hægt að kveða upp úr um það og raunar er erfitt að ræða þetta á þessum nótum.

Ragnhildur er hærra sett, samkvæmt skipuritinu. En Flugleiðir eru eignarhaldsfélag og með þrettán dótturfélög í rekstri. Þar er Icelandair mikilvægasta félagið og skapar um helming allra tekna Flugleiða. Það mæðir því mjög á Jóni Karli í hinu nýja starfi, enda sagði hann í blaðaviðtali að það væri „tækifæri lífs síns“.

Flugleiðir hafa hingað til snúist um Icelandair. Þess vegna gat Sigurður Helgason gegnt báðum störfunum. Með

því að fá tvo fyrir einn og ráða Ragnhildi sem forstjóra Flugleiða túlka margir það svo að Hannes sé að senda tóninn um að Flugleiðir snúist ekki lengur bara um Icelandair, heldur öll dótturfélögin þrettán. Ragnhildur hefur fengið pískinn. Hannes horfir mjög til útrásar Flugleiða og fjárfestinga í erlendum flugfélögum. Þá benda kaup Flugleiða á tíu Boeingpotum fyrir 40 milljarða í þeim tilgangi að leigja þær út aftur til þess að Hannes ætli Flugleiðum að hagnast á flugvélakaupum ekkert síður en flugrekstri.

Hannes Smárason er starfandi stjórnarformaður Flugleiða og valdið er því hans. Hann er á staðnum og hann ræður ferðinni. Það breytir því ekki að mjög mun mæða á Ragnhildi og Jóni Karli í starfi.

Frjáls verslun valdi Ragnhildi Geirsdóttur, nýráðinn forstjóra Flugleiða, sl. vor sem eina af tíu áhrifamestu konum íslensks viðskiptalífs. Þar sagði meðal annars um hana: „Ragnhildur er ein af nýstimumum í viðskiptalífinu. Frami hennar hefur verið mikill innan Flugleiða á skömmum tíma.“

Ragnhildur Geirsdóttir er 33 ára og hóf störf hjá Flugleiðum árið 1999. Hún vann áður hjá FBA. Hún er verkfræðingur og hefur síðastliðið ár verið framkvæmdastjóri rekstrarstýringarsviðs Icelandair sem hefur verið eitt af fjórum megin sviðum félagsins.



Frjáls verslun valdi Ragnhildi sl. vor sem eina af tíu áhrifamestu konum viðskiptalífsins.

16. febrúar

Ein af tíu áhrifamestu

Þá settist hún óvænt í stjórn Flugleiða sl. vor. Ragnhildur er fyrsta konan til að gegna starfi for-

stjóra Flugleiða. Núna starfar 21 kona sem forstjóri fyrirtækja á 300 stærstu lista Frjálsrar verslunar.

Í viðtali við Frjálsa verslun sl. vor sagði hún: „Ég hef alltaf verið mjög metnaðarfull, þó ekki þannig að ég hafi ætlað mér eitt-hvað sérstakt. En ég hef alltaf viljað hafa áhrif á það sem ég hef starfað við og lagt áherslu á að gera það vel sem ég geri. Ég ráðlegg öllu ungu fólki að hugsa um sitt áhugasvið þegar það velur sér starfsvettvang. Maður eyðir svo miklum tíma í vinnunni að maður verður að hafa gaman af því sem maður er fást við. Og svo verður maður að átta sig á því að það kostar mikla vinnu ef manngangur til að komast áfram.“

16. febrúar

Nærmynd af Jóni Karli

Frjáls verslun birti afar skemmtilega nærmynd af Jóni Karli Ólafssyni í fjórða tölublaði síðasta árs þar sem sagt var að hann væri gjarnan nefndur til sögunnar sem arftaki Sigurðar Helgasonar sem næsti forstjóri Icelandair. Jón Karl var þá nýkjörinn formaður Verslunarráðs. Í nærmyndinni kom fram að samferðamenn teldu hann hæfan leiðtoga. Þeir tóku sérstaklega fram að ekki væri átt við að hann væri þessi dæmigerði sterki leiðtogi heldur hefði hann einstakt lag á að drífa fólk áfram með sér.

Jón Karl er fæddur á þeim ágæta degi, 12. september 1958. Hann gekk í Melaskóla, Hagaskóla og Menntaskólann í Reykjavík. Hann lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1984 og réði sig strax til Flugleiða. Hann varð forstjóri Flugfélags Íslands árið 1999 og hefur snúið þar hálfvönlausum rekstri í hagnað. Eiginkona hans er Valfríður Möller og eiga þau fjögur börn. Jón Karl þykir yfirleitt hrókur alls fagnaðar þar sem hann kemur og þykir mikill gleðigjafi. Hann var á námsárum sínum í hljómsveitunum Basil fursti og



Í þrælskemmtilegri nærmynd Frjálsrar verslunar af Jóni Karli fyrir um ári var sagt frá því að hann væri gjarnan nefndur sem arftaki Sigurðar Helgasonar.

Nátthrófnum. Þá spilaði Jón Karl með hljómsveit á þorrablótum í Frankfurt en hann var svæðisstjóri Flugleiða í Þýskalandi til margra ára. 🇫🇮

Öflug brunavörn

BRJÓSTSVIÐI
BRJÓTIÐ GLERIÐ

HEILS. 10.10.01 / 10.10.01 / 10.10.01

Asýran – Dregur úr sýrumyndun

Notkunarsvið: Asýran inniheldur astringín sem er notað við útrafsjúkdómum í meltingarförum, s.s. maga- og skelfugamasínun og er fyrirbyggjandi gegn slíkum sírum. Lyfið er notað við bólgu í vélinda sem stafar af því að magasýra kemur úr maga upp í vélinda. Varðbætur: Fólk sem hefur ofnæmi fyrir ranndíni, barnahafandi konur og konur með börn í brjósti mega ekki nota lyfið. Fólk með skerta nýrnastarfsemi er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er tekið. Aukaverkanir: Um 3-5% sjúklinga finna fyrir einhverjum aukaverkunum af völdum Asýran, eins og t.d. höfuðverk, útblotum, þreytu, niðurgangi og svima. Skömmtun: Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Útsöndulega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 15.10.01

www.actavis.is

 **actavis**
hagur / heliau

BÓNUSS ENN Á TOPPNUM

Ekkert virðist ógna vinsældum Bónuss um þessar mundir. Þriðja árið í röð mælist það langvinsælasta fyrirtæki landsins. Landsbankinn bætir verulegu fylgi við sig.

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**



Enn einu sinni mælist Bónus hæst í skoðanakönnun Frjálsrar verslunar um vinsælasta fyrirtækið. Útkoman í þetta sinn er að tvennu leyti svipuð og í fyrra; fyrirtækið er með álika miklar vinsældir í prósentum talið og það er langt fyrir ofan öll önnur. Ekkert fyrirtæki virðist ógna því í vinsældum um þessar mundir.

Skoðanakönnunin var gerð dagana 31. janúar til 3. febrúar. Alls svöruðu 638 manns spurningunum: „Getur þú nefnt 1-3 fyrirtæki sem þú hefur jákvætt viðhorf til?“ og „getur þú nefnt 1-2 fyrirtæki

sem þú hefur neikvætt viðhorf til?“ Sem fyrr voru menn miklu viljugri að svara fyrri spurningunni en þeirri seinni.

Bankarnir raða sér í 3. til 5. sæti Í 2. sæti að þessu sinni voru Flugleiðir. Fyrirtækið hefur oft verið í hópi vinsælustu fyrirtækja landsins. Það var í 3. sæti í fyrra og 5. sæti árið 2003. Landsbankinn lendir svo í 3. sæti, aðeins á undan Íslandsbanka. Fyrirtækin í 2.-4. sæti eru nokkuð jöfn. Það er athyglisvert að bankarnir raða sér í sæti númer þrjú til fimm, þannig að fregnir af miklum hagnaði þeirra virðast ekki

hafa haft neikvæð áhrif á vinsældir þeirra.

Bónus hefur verið í efsta eða næstefsta sæti listans um vinsælustu fyrirtæki landsins nánast óslitið síðan árið 1992.

Það er áhugavert hve margir „menn ársins“ hjá Frjálsri verslun á undanförunum árum koma við sögu í fyrirtækjum sem raða sér ofarlega á listann.

Vinsældir Bónuss eru nokkru meiri meðal kvenna en karla eða um 30% á móti 24% hjá körlum. Engu að síður gnæfir fyrirtækið upp úr öðrum hjá báðum kynjum. Í ljósi umræðunnar um fjölmiðlafrumvarpið og deilur formanns Sjálfstæðisflokksins við fyrirtækið þótti áhugavert að sjá hvernig vinsældir skiptust eftir flokkum. Í ljós kom

„Menn ársins“ og vinsælustu fyrirtækin



Jóhannes Jónsson, kaupmaður í Bónus.



Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða.



Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans.

Vinsælustu fyrirtækin 2005

Sp: Nefndu 1-3 fyrirtæki sem þú hefur jákvætt viðhorf til

Bónus sækir fylgi sitt til fólks í öllum flokkum.

Samkvæmt könnuninni virðast stuðningsmenn

Samfylkingarinnar þó líklegastir til þess að vera velviljaðir Bónusi.

að stuðningsmenn Samfylkingarinnar virtust líklegastir til þess að vera velviljaðir Bónusi.

BYKO er hástökkvarinn Af öðrum fyrirtækjum sem eru ofarlega má nefna BYKO og Össur. BYKO er reyndar hástökkvarinn í ár, fer úr 25. sæti í það 7. Baugur má vel við una. Fyrirtækið sjálft lendir í 10. sæti og dótturfyrirtæki þess í 1. sæti, 6. sæti (Hagkaup) og 11. sæti (Húsasmiðjan). Iceland Express er á svipuðum slóðum og í fyrra, fer í 9. sæti úr því 8. Íslensk erfðagreining er komin í 16. sætið, en var efst á árunum 2000 til 2002. Eimskipafélagið, sem árum saman hefur verið meðal vinsælustu fyrirtækjanna, dettur niður í 21. sæti.

Það er áhugavert hve margir „menn ársins“ hjá Frjálsri verslun á undanförmum árum koma við sögu í fyrirtækjum sem raða sér ofarlega á listann. Þeir feðgar Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir í Bónusi (1. sæti) og Baugi (10. sæti) voru útnefndir 1997, Sigurður Helgason í Flugleiðum (2. sæti) árið 2004, Björgólfur Guðmundsson í Landsbankanum (3. sæti) árið 2002, Jón Helgi Guðmundsson í BYKO (7. sæti) árið 2003 og Össur Kristinsson í Össuri (8. sæti) árið 1995. Auk þess fékk Pálmi heitinn Jónsson í Hagkaupum (6. sæti) útnefninguna árið 1990.

Olíufélögin eru óvinsæl Sem fyrr segir eru menn fremur tregir að nefna fyrirtæki sem þeir hafa neikvætt viðhorf til. Þó var að þessu sinni augljóst að fólk er olíufélögunum mjög reitt en úrskurður áfrýjunarnefndar í samráðsmálinu kom einmitt dagana sem könnunin var gerð. Rúmlega 17% nefna olíufélögin sem er óvenjulega hátt hlutfall. Langt á eftir koma Landssíminn, KB-banki og Baugur. Auk olíufélaganna koma DV og Orkuveita Reykjavíkur ný inn á listann yfir fyrirtæki sem menn hafa neikvætt viðhorf til.

	2005	Röð'05	2004	Röð'04	Breyting
Bónus	27,7%	1	27,3%	1	0,4%
Flugleiðir	10,7%	2	9,2%	3	1,5%
Landsbankinn	9,5%	3	6,4%	5	3,1%
Íslandsbanki	8,7%	4	9,7%	2	-1,0%
KB banki	6,8%	5	5,4%	7	1,4%
Hagkaup	6,5%	6	7,6%	4	-1,1%
BYKO	5,7%	7	1,2%	25-29	4,6%
Össur	5,3%	8	3,1%	12	2,2%
Iceland express	4,2%	9	4,6%	8	-0,4%
Baugur	3,7%	10	3,3%	11	0,4%
Húsasmiðjan	3,7%	11	2,5%	15	1,2%
Landsíminn	3,3%	12	3,8%	10	-0,5%
Marel	3,1%	13	1,0%	30-35	2,1%
Actavis	2,9%	14	1,3%	22-24	1,6%
Nettó	2,7%	15	1,8%	17	0,9%
Íslensk erfðagr.	2,7%	16	6,3%	6	-3,6%
Nóatún	2,5%	17	2,8%	13	-0,3%
Sjóvá	2,1%	18	1,5%	20-21	0,6%
Samskip	2,1%	19	0,5%	45-54	1,6%
Og Vodafone	2,0%	20	1,6%	18-19	0,3%
Eimskip	1,7%	21	4,3%	9	-2,5%
Samkaup	1,7%	22-23			1,7%
Sparisjóðir	1,7%	22-23			1,7%
Atlantsolía	1,7%	24	1,3%	22-24	0,3%
Toyota	1,6%	25	0,7%	36-44	0,9%
Ríkisútvarpið	1,5%	26	1,3%	22-24	0,1%
Morgunblaðið	1,4%	27	1,5%	20-21	-0,1%
IKEA	1,4%	28	1,0%	30-35	0,4%
Elkó	1,3%	29			1,3%
SPRON	1,3%	30	2,1%	16	-0,8%
Ólg. Egill Skallgr.	1,3%	31	0,7%	36-44	0,6%
Rúmfatalagerinn	1,2%	32	1,2%	25-29	0,1%
BT-tölvur	1,2%	33	0,7%	36-44	0,5%
Mál og menning	1,1%	34			1,1%
Tryggingamiðstöðin	1,1%	35			1,1%
Fjarðarkaup	1,0%	36	2,6%	14	-1,6%
Fréttablaðið	1,0%	37-38			1,0%
Stöð 2	1,0%	37-38			1,0%
Bakkavör	0,9%	39-40	1,0%	30-35	0,0%
Flugfélag Íslands	0,9%	39-40			0,9%
Mjólkursamsalan	0,9%	41	0,7%	36-44	0,3%
66° Norður	0,8%	42			0,8%
Bræðumir Ormson	0,8%	43-45			0,8%
ESSO	0,8%	43-45	1,0%	30-35	-0,2%
Krónan	0,8%	43-45	1,2%	25-29	-0,4%
Hekla	0,7%	46	0,7%	36-44	0,1%
Sláturfélag Suðurlands	0,7%	47	0,5%	45-54	0,2%
Penninn	0,6%	48	0,5%	45-54	0,2%
Brimborg	0,6%	49-50			0,6%
Rauði krossinn	0,6%	49-50			0,6%
Pósturinn	0,6%	51-54			0,6%
Skífan	0,6%	51-54			0,6%
Skjár 1	0,6%	51-54			0,6%
Vírfell	0,6%	51-54			0,6%
ÁTVR	0,5%	55-60			0,5%
Burðarás	0,5%	55-60			0,5%
Ingvar Helgason	0,5%	55-60			0,5%
Orkuveitan	0,5%	55-60	0,5%	45-54	0,0%
Sundlaugar Reykjavíkur	0,5%	55-60			0,5%
Nói-Síríus	0,5%	55-60	0,7%	36-44	-0,2%

Sp: Nefndu 1-3 fyrirtæki sem þú hefur neikvætt viðhorf til

	2005	Röð'05	2004	Röð'04	Breyting
Olíufélögin	17,4%	1	-	-	17,4%
Landssíminn	4,0%	2	3,6%	3-4	0,3%
KB banki	3,0%	3	10,5%	1	-7,6%
Baugur	2,8%	4	2,3%	7	0,5%
Flugleiðir	2,5%	5	5,1%	2	-2,6%
DV	2,3%	6			2,3%
Skeljungur	2,3%	7	2,1%	8	0,1%
Bónus	2,2%	8	3,3%	5	-1,1%
ESSO	2,1%	9	1,2%	13-15	0,9%
Landsbankinn	1,9%	10	3,6%	3-4	-1,7%
Orkuveita Reykjavíkur	1,7%	11			1,7%
Hagkaup	1,6%	12	2,0%	9-10	-0,4%

HVAÐ SEGJA ÞEIR UM KÖNNUNINA?


TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Guðmundur Marteinnsson, Bónus:

Við höldum vöku okkar

„Niðurstöður þessarar könnunar eru staðfesting á því að við séum á réttari leið. Mér er þó efst í huga þakklæti til viðskiptavina fyrir að velja okkur vinsælasta fyrirtæki landsins,“ segir Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss. „Allt frá upphafi hefur einfaldleiki verið allsráðandi í öllum okkar rekstri, sem skilar því að vöruverð hjá okkar er að jafnaði um 40% lægra en á dýrasta enda markaðarins. Við þurfum að halda vöku okkar í dægursveiflunni, tengja okkur við það sem fólk þarf til heimilis á hverjum tíma. Þetta er spurning um að halda ævinlega vöku sinni og muna að kalt er á toppnum. Við rekum í dag 22 verslanir; tvær þær nýjustu eru í Hveragerði og Stykkishólmi. Ég þori að fullyrða að lífskjör fólks þar hafa batnað verulega – eins og á öðrum landsbyggðarstöðum þar sem verslanir okkar eru, en við erum með sama vöruverð um allt land.“ [f](#)



Guðmundur Marteinnsson, framkvæmdastjóri Bónuss: „Einfaldleikinn er allsráðandi í okkar rekstri.“



Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri Byko: „Þessar niðurstöður sýna að fólk kann að meta það sem við erum að gera hjá Byko.“

Jón Helgi Guðmundsson í Byko:

Í samræmi við aukin viðskipti

„Þetta eru góðar fréttir,“ sagði Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri BYKO, um hástökk fyrirtækisins, sem fer í vinsældum úr þrítugasta sæti upp í sjöunda. „Ég er stoltur fyrir hönd okkar fólks og þessar niðurstöður sýna svart á hvítu að viðskiptavinir kunna vel að meta það sem við hjá BYKO höfum verið að gera á undanförunum misserum. Þessar auknu vinsældir eru raunar í góðu samræmi við aukin viðskipti hjá okkur að undanförmu. Við erum stærsta byggingavöruverslun landsins og ætlum að halda okkar hlut. Viðskiptavinir sýna okkur velvilja, eins og kemur meðal annars fram í þessari könnun, og slíkt er auðvitað hvatning um að gera enn betur.“ [f](#)



Guðjón Arngrímsson, Flugleiðum:

Mikill styrkur

„Það fylgir stóru fyrirtæki sem sinnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu, líkt og Ícelandair gerir, að fólki stendur ekki á sama um það sem við gerum,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Ícelandair. „Í þessu felst mikill styrkur. Við erum því gjarnan á þessum listum yfir vinsæl og óvinsæl fyrirtæki, og viljum auðvitað heldur vera ofarlega á listanum yfir þau vinsælu. Við eigum allt undir því að bjóða viðskiptavinum okkar góða vöru og þjónustu og það er mjög ánægjulegt að sjá árangur af því endurspeglast í þessari könnun.“

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Ícelandair. „Fólki stendur ekki á sama um það sem við gerum.“



Sigurjón P. Árnason, Landsbankanum:

Ánægjuleg velvild

„Þessar niðurstöður eru mjög ánægjulegar og endurspeгла þá góðu hluti sem hafa verið að gerast hér í bankanum á síðustu misserum,“ segir Sigurjón P. Árnason, bankastjóri Landsbanka Íslands, þriðja vinsælasta fyrirtækis landsins. Hann segir, aðspurður um skýringar þessa, að afkoma bankans sé góð og hluthafar séu að fá ágætari arðgreiðslur. Góð afkoma haldist jafnframt í hendur við að viðskiptavinir fái góða þjónustu.

„Landsbankinn hefur jafnframt lagt áherslu á að vera virkur þátttakandi í þjóðlífinu með því að styrkja verkefni á sviði menningar og íþróttar. Við erum til að mynda stærstu styrktaraðilar Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands og Íslensku óperunnar. Þá leggjum við okkar af mörkum til íþróttar, til dæmis í gegnum Landsbankadeildina í knattspyrnu. Það er ánægjulegt að skynja hvaða velvild bankinn á meðal þjóðarinnar, eins og þessi könnun Frjálsrar verslunar sýnir glögg. Það eru þessar þrjár megin-ástæður hér að framan sem ég tel skýra þá velvild sem bankinn á, þó að ég treysti mér ekki til að segja til um hver þeirra vegur þyngst.“

Sigurjón P. Árnason, bankastjóri Landsbankans: „Það er ánægjulegt hvaða velvild bankinn á meðal þjóðarinnar.“



Aðaleigendur Eskju, Kristinn Aðalsteinsson, stjórnarformaður Eskju, og Þorsteinn Kristjánsson, skipstjóri á Hólmaborginni og eiginmaður Bjarkar Aðalsteinsdóttur.

TEXTI: **VALUR JÓNATANSSON**
MYNDIR: **HELGI GARDARSSON**
OG GEIR ÓLAFSSON

Fyfir síðustu áramót urðu breytingar á eignarhaldi í útgerðarfyritækinu Eskju hf, sem áður hét Hraðfrystihús Eskifjarðar. Elfar Aðalsteinsson, sem gegnt hafði starfi forstjóra frá því hann tók við af afa sínum, Aðalsteini Jónssyni, 1. janúar 2001, seldi skyndilega sinn hlut. Það var nýstofnað félag, Bleiksá, sem keypti þriðjungshlut Elfars í fyrirtækinu.

Stjórn Eskju er nú skipuð þeim Kristni Aðalsteinssyni, sem er stjórnarformaður, Þorsteini Kristjánssyni og Björk Aðalsteinsdóttur. Kristinn og Björk er börn Aðalsteins Jónssonar (Alla ríka), og eiga þau samtals 66% í fyrirtækinu og Þorsteinn, sem er eigin-

maður Bjarkar og skipstjóri á Hólmaborginni, fer með umboð Bleiksár í fyrirtækinu.

Fyrir söluna voru þrír hluthafar í félaginu; Elfar Aðalsteinsson, Kristinn Aðalsteinsson og Björk Aðalsteinsdóttir, og áttu þau þriðjungshlut hvert. Þetta var í annað sinn á átta mánaða tímabili sem félagið fer í gegnum breytingar á eignarhaldi. Í byrjun ársins 2004 keypti Eskja upp hlutfé 237 hluthafa. Það var síðan rétt fyrir áramótin sem Elfar óskaði eftir að selja sinn hlut og Bleiksá keypti, en að því félagi standa Kristinn, Björk og Þorsteinn, ásamt Eskju, Tryggingamiðstöðinni og Skeljungu.

Nýttu sér forkaupsréttinn Kristinn sagði að engin leiðindi hefðu verið samfara brott-



ÞEIR STYRA ESKJU

Systkini Elfars Aðalsteinssonar, þau Kristinn og Björk keyptu ásamt fleirum hlut hans í Eskju. Þetta byrjaði allt á því að Elfar vildi kaupa þau út úr fyrirtækinu.

hvarfi Elfars frá fyrirtækinu. Þeir bræður töludust við eftir sem áður og allt væri í góðri sátt. Hann sagði að Elfar hefði upphaflega boðist til að kaupa þau Kristín og Björk út úr fyrirtækinu, en þau hefðu hafnað því og þess í stað boðist til að kaupa hans eignarhlut. Í framhaldinu var ákveðið að stofna félagið Bleiksá um kaupin á hlut Elfars og var búið að ganga frá kaupunum rétt fyrir síðustu áramót.

„Þetta kom mjög skyndilega upp og við kláruðum þetta ferli í rólegheitum og án átaka. Það urðu engin leiðindi samfara þessum eignarbreytingum. Það var enginn ágreiningur um stjórnun félagsins áður en kom að þessu uppgjöri. Reksturinn hefur gengið mjög vel, sérstaklega á síðasta starfsári. Það kom

okkur mjög á óvart að Elfar skyldi ganga út úr fyrirtækinu, sérstaklega þar sem svo stutt var frá síðustu uppkaupum fyrirtækisins á hlutabréfum. Elfar vildi selja og við áttum forkaupsrétt á hans hlut og ákváðum að nýta okkur hann,“ sagði Kristinn.

Aðspurður sagðist Kristinn ekki vilja segja hvert kaupverðið á hlut Elfars hefði verið, það væri trúnaðarmál. „Ég held að menn hafi komist að nokkuð sanngjarnri niðurstöðu í þessum viðskiptum, bæði við og Elfar.“ Kristinn sagði að Elfar hefði

Elfar Aðalsteinsson, forstjóri Eskju, seldi óvænt sinn hlut í fyrirtækinu um áramótin. Hann hafði áður boðist til að kaupa systkini sín út úr fyrirtækinu.



ELFAR SELDI ÓVÆNT SINN HLUT

fengið af þorskkvóta fyrirtækisins sem hluta af söluverðinu. Hann vildi hins vegar ekki gefa upp hve mikinn kvóta hann hefði farið með út úr fyrirtækinu, það væri trúnaðarmál á þessari stundu eins og kaupverðið.

Framtíðin björt Eskja á og gerir nú út þrjú fiskiskip; Hólmaborg og Jón Kjartansson, sem eru aðallega á loðnu og kolmunna, og togarann Hólmvatind. Fyrirtækið rekur mjöl- og lýsisvinnslu og frystihús. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 140 manns. „Við erum bjartsýn á gott gengi fyrirtækisins í framtíðinni. Loðnukvótinn hefur nú verið aukinn og mun það koma okkur væntanlega til góða. Vinnslugetan í landi er mikil, verksmiðjan afkastar þúsund tonnum af loðnu til bræðslu á sólarhring. Þá eigum við afkastamikil skip til að sækja fiskinn. Framtíðin er því björt.“

Fyrirtækið á nú 8,9% hlut í loðnukvótanum, sem nemur um 65 þúsund tonnum á þessu fiskveiðiári. Þá á Eskja 20% af kolmunnakvótanum og auk þess þorskkvóta, sem Kristinn vissi ekki alveg hver staðan væri á eftir að Elfar gekk út úr fyrirtækinu með hluta af honum. „Það er alltaf sárt að sjá á eftir þorskkvóta, en þegar sala fer fram á stórum hlut í fyrirtækinu þá verða menn að gefa eitthvað eftir og finna mála-miðlun. Við eigum von á því að geta bætt við þorskkvótann í framtíðinni, þessi ráðstöfun er aðeins hugsuð til bráðabirgða.“

Óttast ekki samkeppnina frá Alcoa um vinnuafli Eskja hefur um árabíl verið langstærsti vinnustaðurinn á Eskifirði, en nú er von á öðrum stórum vinnustað í næsta nágrenni þar sem Alcoa er að reisa álverksmiðju í Reyðarfirði.


Kristinn segist ekki óttast að starfsfólk Eskju hópist til vinnu í álverksmiðjunni. „Ég er ekki hræddur við samkeppnina frá Alcoa um vinnuaflið hér á svæðinu. Ég held að þessi fyrirtæki eigi bæði eftir að njóta góðs hvort af annars veru. Þau koma til með að styrkja búset- una hér enn frekar og fólki á eftir að fjölga hér í Fjarðabyggð með tilkomu álverksmiðjunnar. Hér verða einnig til ýmis

ný þjónustufyrirtæki sem ella hefðu ekki verið sett á fót. Búsetuskilyrðin breytast til hins betra með tilkomu álverksmiðjunnar í Reyðarfirði, að mínu mati,“ segir Kristinn.


Hraðfrystihús Eskifjarðar var stofnað 1944 og var tilgangurinn með stofnun þess að skjóta stöðum undir fábreytt atvinnulíf Eskifjarðar. Fyrsti framkvæmdastjóri félagsins var Leifur Björnsson. Seinni hluta sjötta áratugarins hafði reksturinn gengið erfiðlega, og leiddi það til þess að tveir aðilar komu með nýtt hlutafé inn í félagið árið 1960, þeir bræður Aðalsteinn og Kristinn Jónssynir, og eignuðust 2/3 hlutafjár í félaginu, og tóku við stjórn þess. Aðalsteinn Jónsson (oft nefndur Alli ríki) tók þá við starfi forstjóra og Kristinn varð stjórnarformaður. Það er ekki ofsögum sagt að forstjóratið Aðalsteins hafi verið tími mikillar uppbyggingar hjá fyrirtækinu þar sem kjarkur og áræði eldhugans breytti nánast gjaldþrota félagi í eitt stærsta og öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Aðalsteinn gegndi forstjórastarfinu í 40 ár, sem eru án vafa ein mestu uppgangsár í sögu Eskifjarðar.

Fylgist með aflabrogðum Aðalsteinn er nú orðinn 83 ára og fylgist enn vel með, að sögn Kristins. Hann hefur símasamband við skip fyrirtækisins nær daglega og fær fréttir af aflabrogðum. „Við sem stjórnunum fyrirtækinu fáum oftast fiskifréttir frá honum. Það má segja að hann sé enn með puttana í þessu hvað þetta varðar, annars kemur hann ekkert nálægt rekstrinum, enda búinn að skila sínu hlutverki vel. Enn eru sömu lög-málin og voru áður hjá fyrirtækinu, að fiska og vinna fiskinn.“

Á aðalfundi 2003 var samþykkt að breyta nafni félagsins, úr Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. í Eskja hf. Var

þetta gert til að svara kröfum um þjálfa nafn til að nota í samskiptum við erlenda viðskiptaaðila og til að auka möguleika félagsins til að selja framleiðslu sína undir vörumerki. Tildrög nafnsins má rekja til öskjulaga lautar er fyrirfinnst í hlíðum Eskifjarðarheiðar og þá hét Eskifjörður í árdaga Eskjufjörður. 

Þetta var í annað sinn á átta mánaða tímabili sem félagið fer í gegnum breytingar á eignarhaldi. Í byrjun ársins 2004 keypti Eskja upp hlutafé 237 hluthafa.



Aðalsteinn er nú orðinn 83 ára og fylgist enn vel með, að sögn Kristins. Hann hefur símasamband við skip fyrirtækisins nær daglega og fær fréttir af aflabrogðum.



fersk sending

Allir eiga að geta gengið að fereikum matværum vörum
– hver sem þeir þúfa!

Bílar og vörugreymelar Landflutnings-Samskipa taka eðstaklega
mið af þessu með hljórúðum kveikibúnaði sem tryggir að varan
kæmt alltaf ferek til móttakanda.

Upplýsingar í síma
458 8000
og 6 landflutningar.is

með
trukki



Landflutningar
SAMSKIP

Öflugt dreifikerfi um allt land



LAUSNIR FRÁ MICROSOFT

Í smærri fyrirtækjum er skilvirkni forsenda árangurs

Um 95% íslenskra fyrirtækja hafa 50 starfsmenn eða færri. Í fæstum þeirra eru sérstakir starfsmenn sem sjá um tölvukerfið og þess vegna hafa þau mörg hver ekki náð að nýta sér kosti skilvirkrar tölvuvæðingar til fulls líkt og mörg stærri fyrirtæki. Þessar staðreyndir eru athyglisverðar, ekki síst í ljósi þess að kröfur stjórnenda í litlum fyrirtækjum eru oft á tíðum ekki minni en í stærri fyrirtækjum, og í litlum fyrirtækjum er skilvirkni í raun forsenda þess að fyrirtækið geti vaxið og dafnað í harðri samkeppni.

Gísli Már Ólafsson og Hallur Þór Sigurðarson hjá Microsoft segja Microsoft gera sér ljósa grein fyrir ofangreindum staðreyndum. Því hafi fyrirtækið m.a. sett á markað sérstaka útgáfu af eigin miðlarahugbúnaði sem kallast „Windows Small Business Server“, sem er ætlað að uppfylla þarfir fyrirtækjanna í þessum efnum. Í honum hafi verið sameinaðar fjórar mismunandi vörur Microsoft sem gera litlum fyrirtækjum kleift að keyra á einum og sama netþjóninum, Windows Server, sem er sérsníðinn fyrir fyrirtæki með allt að 50 starfsmenn, póstmíðlarann Microsoft Exchange, gagnagrunnsforritið Microsoft SQL Server og eldvegginn Microsoft ISA Server. Öll kerfin hafa að sögn þeirra félagi verið aðlöguð hvert öðru sérstaklega til að þau starfi vel og hnökralaust saman á einum og sama netþjóninum.

Auðvelt í notkun Grunnpakkanum fylgja notendaleyfi sem auka má við eftir þörfum, þó að hámarki 75 notendum. Það má því segja að kerfið geti vaxið jafnt og þétt með fyrirtækinu. Vaxi fyrirtækið enn



frekar eða sameinist það öðru er hægt að fá sérstaka uppfærslu úr kerfinu yfir í stærri útgáfur þess, sem eru ætluð stærri fyrirtækjum.

„Þar sem smærri fyrirtæki hafa sjaldnast sérstakan starfsmann til að sjá um tölvumál sín er mikilvægt að auðvelt sé að setja upp og viðhalda miðlaranum. Við hönnun og gerð Windows Small Business Server var aðaláherslan lögð á að búa til kerfi sem að mestu leyti sæi um sig sjálft og þar sem mannshöndin þyrfti að koma nærri væri sú aðkoma auðveld og fyrirhafnarlaus,“ segir Gísli. Hann segir að öll algeng vinnsla á borð við þá að stofna nýja notendur og taka afrit sé þannig gert úr garði að ekki eigi að vera þörf á mikilli tölvukunnáttu til þess að vinna með kerfið.

Aukin framleiðni Gísli bendir auk þess á að mikið hafi verið lagt upp úr því að smærri fyrirtæki fengju ekki einungis auðveldara kerfi til að sjá um, heldur einnig kerfi sem myndi auka framleiðni


starfsmanna. Þess vegna hafi verið ákveðið að láta vinnuunhverfið SharePoint Services fylgja með Windows Small Business Server, en það gerir starfsmönnum fyrirtækja kleift að skiptast betur á upplýsingum en áður hefur þekkt. Gísli segir að mjög auðvelt sé að halda utan um fundi, verkefni og ýmsar aðrar upplýsingar á innraneti sem SharePoint Services haldi utan um og að auki geti notendur tengst tölvupósti og vinnutölvum sínum heiman frá sér. Þessi hagræðing er að sögn þeirra Gísla og Halls til þess fallin að auðvelda starfsmönnum vinnuna og auka framleiðni þeirra og getur til dæmis komið sér vel þegar starfsmenn verða af óviðráðanlegum ástæðum að vera heima hjá börnum sínum, t.d. vegna veikinda eða verkfalla.



Hallur Þór Sigurðarson og Gísli Már Ólafsson hjá Microsoft

Fjölmörg tilboð í boði Öll sala á hugbúnaði Microsoft fer fram hjá vottuðum endursöluaðilum Microsoft. Margir þeirra bjóða einmitt áhugaverð og skemmtileg tilboð þeim sem tekið hafa ákvörðun um kaup á Windows Small Business Server á næstu mánuðum. Eitt þessara tilboða er fyrir þá sem vilja nýta sér hinn nýja viðskiptatengsla-hugbúnað frá Microsoft sem kallast Microsoft CRM (Customer Relationship Management).

Microsoft CRM er hannað í þeim tilgangi að hjálpa fyrirtækjum að byggja upp skilvirkari og ábatasamari tengsl við viðskiptavinina sína. Það auðveldar starfsmönnum að deila með sér upplýsingum um viðskiptavinina og tryggir m.a. skilvirkari ákvarðanatöku. Microsoft CRM er einstaklega auðvelt í notkun þrátt fyrir breiða og mikla virkni. Ástæðan er ekki síst sú að notendaviðmótið er með tvennum hætti, annars vegar í vafra og hins vegar er það samþætt Outlook. Þetta gerir það að verkum að viðmótið kemur kunnuglega fyrir sjónir og reynist notendum auðvelt í notkun.

Nú gefst smærri fyrirtækjum einstakt tækifæri til eignast þetta fullkomna CRM kerfi á einfaldan hátt en kerfið inniheldur allt að 15 notendur. Tilboðið gildir til haustsins 2005 og er sniðið að þörfum smærri fyrirtækja sem annaðhvort eiga nú þegar Windows Small Business Server eða eru að kaupa. 

Microsoft CRM er hannað í þeim tilgangi að hjálpa fyrirtækjum að byggja upp skilvirkari og ábatasamari tengsl við viðskiptavinina sína.

Microsoft
Business
Solutions
CRM

Engjateigi 7
105 Reykjavík
Sími: 5106900
Fax: 5106901
Þjónustunúmer: 5106920
Vefsíða: www.microsoft.is



Hjónin Peggy Helgason og Sigurður Helgason ásamt Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra.


ÖFLUGUR SIGURÐUR

Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, og maður ársins 2004 hjá Frjálsri verslun, hefur ákveðið að láta af störfum sem forstjóri Flugleiða í endaðan maí. Hann hættir á toppnum.

Maður ársins í atvinnulífinu á Íslandi árið 2004, Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, hefur verið mjög í sviðsljósi fjölmiðla að undanförmu, ekki síst eftir að hann tilkynnti það á stjórnarfundum í Flugleiðum hinn 17. janúar sl. að hann hefði ákveðið að láta af störfum forstjóra félagsins 31. maí nk. Sigurður hefur verið forstjóri Flugleiða í um 20 ár og er með einhvern lengsta starfsaldur forstjóra í stórfyrirtæki á Íslandi sem og flugfélags í heiminum. Hannes Smárason, starfandi stjórnarformaður Flugleiða, sagði um ákvörðun Sigurðar að hann „hætti á toppnum“. Er vissulega hægt að taka undir þessi orð stjórnarformannsins.

Útnefning Sigurðar sem manns ársins í atvinnulífinu á Íslandi árið 2004 hefur mælst

sérlega vel fyrir. Síðasta ár var eitthvert það besta í sögu félagsins. Þá hefur ekkert félag hækkað eins mikið í Kauphöll Íslands frá áramótum. Sérstaklega hækkaði gengi bréfa í félaginu eftir að tilkynnt var um kaup þess á 10 nýjum Boeing þotum fyrir um 40 milljarða króna. Ennfremur hafa Flugleiðir keypt fraktfélagið Bláfugl. Það hefur því sjaldan verið jafnmikið um að vera hjá Sigurði Helgasyni í starfi og einmitt undanfarnar vikur og mánuði.

Við birtum hér myndir úr hinni veglegu veislu sem Frjáls verslun hélt Sigurði til heiðurs hinn 30. desember sl. Þegar hann tók við viðurkenningu blaðsins sem maður ársins í atvinnulífinu. Samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, afhenti viðurkenninguna. Auk vina og samstarfsmanna Sigurðar voru flestir helstu forystumenn í íslensku atvinnulífi í veislunni. Einnig voru þar leiðandi stjórnálmenn með forsætisráðherra og forseta Alþingis í broddi fylkingar. Alls voru hátt á annað hundrað manns í veislunni sem tókt hið besta í alla staði. 

TEXTI: **JÓN G. HAUSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

VEISLA FRJÁLSRAR VERSLUNAR



Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ræðir við þau hjón Peggy og Sigurð Helgason.



Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans og einn af mönnum ársins 2002 hjá Frjálsri verslun, er hér með Sigurði Helgasyni.



Hjónin Ingibjörg Pálmadóttir og Haraldur Sturlaugsson ræða hér við þau hjón Kára Jónasson, ritstjóra Fréttablaðsins, og Ragnhildi Valdimarsdóttur.



Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra ásamt Jóni Helga Guðmundssyni í Byko en hann var maður ársins 2003 hjá Frjálsri verslun. Jón Helgi situr núna í dómnefnd blaðsins.



Porgils Óttar Mathiesen, framkvæmdastjóri Sjóvár-Almennra, Erlendur Hjaltason, framkvæmdastjóri Meiðs, og kona hans, Aðalheiður Valgeirsdóttir myndlistarmaður.

TRAUST SKREF

Það vakti mikla athygli á síðasta ári þegar hið virta blað Time Magazine taldi Rheo hátæknihnéð frá Össuri eina af áhugaverðustu uppfinningum á heimsvísu.

TEXTI: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Það vakti mikla athygli á síðasta ári þegar hið virta blað Time Magazine taldi Rheo hátæknihnéð frá Össuri eina af áhugaverðustu uppfinningum ársins 2004 á heimsvísu. Rheo hnéð var þar meðal uppfinninga eins og t.d. linsa sem hægt er að græða í augu, myndavélar sem hjálpar læknum að sjá bláæðar og HIV-prófs sem hægt er að taka með munnstroki.

„Það var okkur hjá Össuri mikið ánægjuefni að eiga eina af áhugaverðustu uppfinningum ársins 2004,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar. Gott ár er að baki hjá Össuri og gott ár blasir við. Sú mikla þekking, sem núna er fyrir hendi innan fyrir-tækisins, er grunnurinn að auknum vexti þess.

Rheo verkefnið „Rheo verkefnið er stærsta og flóknasta þróunarverkefni sem Össur hefur ráðist í. Þetta er ekki einungis ný vara heldur ný tækni sem við erum að koma með á markaðinn og hnéð hefur vakið gríðarlega og verðskuldada athygli. Þetta er í fyrsta skipti sem gervigreind („artificial intelligence“) er notuð í heilbrigðisgeiranum. En tækið lærir sjálft og breytir sér eftir því hvernig manneskjan sem notar það hagar sér. Auðvitað kostar þetta framleiðsluferli mikla peninga, en svona

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar.
„Það var okkur mikið ánægjuefni að eiga eina af áhugaverðustu uppfinningum ársins 2004.“

MEÐ RHEO HNÉNU

hné kostar til bandarískra neytenda um 17 þúsund dollara; eða í kringum 1 milljón króna. Í Evrópu kostar það eitthvað meira vegna þess að þar er það selt í evrum. Nokkrir Íslendingar eru að reyna hnéd og hafa lofað það.

Rheo hnéd er ótrúleg breyting frá því sem fólki stóð til boða áður, mun meira öryggi. Hnéð gerir þrennt. Í fyrsta lagi nemur það og skilur hvað einstaklingurinn er að gera, í öðru lagi er prógram í hnénu sem reiknar út hvað hann ætlar að gera næst og í þriðja lagi virkar hnéd samstundis á réttan hátt fyrir notandann, sama hvort t.d gengið er á sléttum fleti eða niður eða upp tröppur.“

–Má búast við þessi tækni sem notuð er við framleiðslu á Rheo hnénu verði notuð til að hjálpa þeim sem hafa misst handlegg?

„Við höfum ekki farið út í það, en einn helsti samkeppnisaðili okkar hefur hins vegar gert það að vissu marki. Markaður er miklu minni fyrir Rheo liðamót í handleggi, framleiðslan miklu flóknari og tæknin þar miklu skemmra á veg komin. Innan við 5% af aflimunum eru hendur, og flestum tilfellum vegna slysa, en aflimun fóta er í flestum tilfellum vegna sjúkdóma. Fólk er því að mörgu leyti betur sett fótalaust en handalaust vegna þeirra möguleika sem eru í dag að fá gervifót, svo ekki sé talað um Rheo hnéd. Svo eru hendur miklu meira skynjunarfæri, t.d. í tjáskiptum, og snerting er okkur öllum mikilvæg.“

Nú erum við búin að setja tölvu í hné og næst er að setja vöðva í það. Það gengur svo vel að við teljum raunhæft að það muni verða kynnt á þessu ári. Við erum líka að þróa vélknúinn ökkla sem skynjar á svipaðan hátt og Rheo hnéd og lagar sig eftir einstaklingnum. Kannski verður hægt að upplýsa frekar um það í lok þessa árs. Það er spennandi því eðlilega er stærri markaður fyrir ökkla en hné.“

Össur er orðinn annar stærsti stoðtækjaframleiðandi í heiminum og er á nú stöðum víðs vegar um heim. Össur hefur starfsstöðvar í Bandaríkjunum, Kanada, Mið-Evrópu og á Norðurlöndunum og er með umfangsmikið net dreifingaraðila á öðrum alþjóðlegum mörkuðum. „Heimsmarkaðshlutdeild okkar er um 20%, en við erum stöðugt meira í dýrari vörum sem fara gegnum heilbrigðistryggingakerfið.“

Góð afkoma Að sögn Jóns var afkoma Össurar góð á síðasta ári. Nokkur áföll urðu hins vegar í rekstrinum árið 2003, m.a. var farið í mjög kostnaðarsama málssókn í Bandaríkjunum það ár sem kostaði 2,2 milljónir dollara, en þrátt fyrir það skilaði fyrirtækið góðum hagnaði það ár. Auk þess var það ár gerð algjör breyting á stjórnun fyrirtækisins í Bandaríkjunum. Hjá fyrirtækinu starfa í dag um 620 starfsmenn, þar af um 200 á Íslandi. Markaðirnir eru erlendis og



Rheo hnéd, sem er rafeindastýrt gervihné með gervigreind, er byltingarkennd nýjung á sviði stoðtækni. Unnið hefur verið að þróun og prófunum á hnénu síðastliðin fjögur ár af hópi verkfræðinga hjá Össuri í samvinnu við Massachusetts Institute of Technology (MIT) í Boston í Bandaríkjunum. Hnéð notar nýja rafafli- og vökvafleðitækni til að laga hreyfingu að gönguhraða notanda, sem er ný hönnun frá grunni.

aðsetur starfsmanna ræðst af því hvar borðið er niður við kaup á fyrirtækjum erlendis.

Hluttur erlendra eigenda fyrirtækisins er í dag líðlega 40%. Stærstir eru sænski fjárfestingasjóðurinn Industrivarden og danski fjárfestingasjóðurinn William Demant Invest, en stærstur íslenskra aðila er Össur Kristinsson, stofnandi fyrirtækisins, sem er annar stærsti hluthafi fyrirtækisins og situr í stjórn þess.

„Heimsmarkaðshlutdeild okkar er um 20%, en við erum stöðugt meira í dýrari vörum sem fara gegnum heilbrigðistryggingakerfið.“

Stöðugt meira framleitt hérlendis „Þróunin hefur hins vegar verið sú að stöðugt meira af framleiðslunni er hérlendis, sérstaklega sú framleiðsla sem skilar miklu af sér, enda eru skattar lægri hér en víða annars staðar,“ segir Jón. „Almennt vita viðskiptavinir okkar ekki að fyrirtækið er íslenskt, enda erum við ekki að halda því á lofti því ég veit ekki hvort það er okkur til framdráttar eða skiptir máli við framleiðslu á þessari vöru. Þetta er bara Össur sem er alþjóðlegt fyrirtæki, en nafnið er alþekkt í þessum iðnaði þar sem við erum leiðandi tæknilega séð.“

Um áframhaldandi útrás Össurar segir Jón: „Við erum í spennandi samstarfi í þróunarverkefnum og erum alltaf opnir fyrir kaupum á fyrirtækjum, enda er markaður okkar nánast eingöngu erlendis. Á síðustu árum höfum við náð algjörrri forystu á þessum markaði og er það í samræmi við áform stjórnenda fyrirtækisins. Það var og er okkur nauðsynlegt að vera í ráðandi stöðu á markaðnum. Við þurfum að vera meðal þeirra stærstu, þó ekki endilega sá stærsti, nema ef við værum á mjög þröngu sviði, en góðir þar. Allt annað ferli verður þá svo miklu auðveldara. Eins er með spellknaframleiðsluna, við þurfum að vera stærri þar, og stefnum að því.“

Starfsmannastefna Össurar:

Heiðarleiki, hagsýni og hugrekki

Jón Sigurðsson hélt öflugan hvatningarfund með starfsmönnum sínum í Salnum í Kópavogi. Þar var farið yfir gildin þrjú sem Össur hefur í starfsmannamálum.

Þegar blaðamaður tók viðtalið við Jón Sigurðsson, forstjóra Össurar, hittist þannig á að hann hélt síðar um daginn fund með starfsmönnum þess í Reykjavík. Þetta var eins konar hvatningarfundur þar sem farið var yfir gildi og markmið fyrirtækisins. Fundurinn var haldinn í Salnum í Kópavogi og þangað fóru starfsmennirnir saman í rútum. Það varð úr að blaðamaður Frjálsrar verslunar brá sér á fundinn.

Össur leggur ríka áhersla á að laða til starfa hæft starfsfólk sem er tilbúið að leggja sig fram og sýnir frumkvæði. Á Íslandi starfa um 230 af 630 starfsmönnum fyrirtækisins. Í Bandaríkjunum starfar svipaður fjöldi, en samtals um 180 manns í Hollandi, Svíþjóð og Kanada.

Samkvæmt vinnustaðagreiningu hjá Össuri, sem framkvæmd var á sl. ári, er ríkjandi mikil starfsánægja hjá Össuri. Meðaleinkunn fullyrðingarinnar „Á heildina litið er ég ánægður í starfi mínu hjá Össuri“ var 4,41, en hæsta mögulega einkunn er 5,0.

Á fundinum í Salnum í Kópavogi lagði Jón Sigurðsson forstjóri áherslu á að gildin væru í heiðri höfð, og ef starfsmaður teldi sig ekki geta lagað sig og sitt starf að þeim yrði viðkomandi að finna sér annan starfsvettvang. Það væri í raun auðvelt þar sem starfsfélagar þrýstu á um að gildin væru í heiðri höfð.

Þessi gildi eru heiðarleiki, hagsýni og hugrekki.

Heiðarleikinn felst m.a. í því að halda sig við staðreyndir; standa við gefin loforð, viðurkenna mistök og ekki ljúga sig út úr þeim; deila þekkingu og skoðunum; „stela“ ekki verðmætum frá öðrum, hvort sem um er að ræða tíma, efni, orku eða annað. Ekki síst að samþykka alltaf bestu rökin, óháð stöðu starfsmanna.

Hagsýni starfsmanna felst m.a. í því að nota aðföng skynsamlega án þess að vera nískur; skipuleggja atburði og verkefni; deila ábyrgð til viðeigandi aðila; bæta öll ferli eins og frekast er unnt; mynda ekki flöskuhálsa; tala við það fólk sem veit svörin við málinu, sem ekki er alltaf yfirmaðurinn!; og fara með fjármuni fyrirtækisins eins og sína eigin.

Hugrekki starfsmanna felst m.a. í því að leggja kapp á stöðugar framfarir og vera opin fyrir breytingum og koma með nýjar hugmyndir; bjóða óskrifuðum reglum byrginn og taka áhættu en einnig taka ábyrgð á eigin gerðum.

Að lokum lagði forstjórinn áherslu á að starfsmenn hefðu frelsi til athafna, en ekki til vanrækslu. Örugasta leiðin væri auðvitað að gera ekki neitt, en fyrir slíka starfsmenn væri ekki rúm hjá Össuri.

Samvera starfsmanna, eins og sú sem blaðamaður varð vitni að á fundinum í Salnum í Kópavogi, sýnist gulls ígildi fyrir fyrirtækið og starfsmenn þess. Þeir gengu af fundinum sannfærðir um að sameiginlega mynduð þeir góða heild. Allir væru mikilvægir, enginn væri veikur hlekkur, eða vildi vera það. 📄



DRÍFANDI LÚXUSBÍLL



JAFNVÆGI

OUTBACK

Verð nú frá **3.540.000 kr.** Verð áður frá: **3.680.000 kr.** Verð á márc **40.974 kr.***



SP
Lætur þú þessu á milli?
*Mánaálagi af fjárfestingu og 20% skattur af afdráttum í 12 mánuðum

Ingvar Holmsson

Reykjavík 2. Úfi 101 1000 www.sub

Opnir Mánudagur - Þvötlaga 11. 200-1000 og Isingstaga 11. 1000-1100

Reykjavík 2n
900 20000
200-1000

Reykjavík 1
900 1000000
200-1000

Reykjavík 11
900 1000000
200-1000

Reykjavík 11
900 10000
200-1000

Reykjavík 2n
900 10000
200-1000

Reykjavík 2
900 10000
200-1000

Reykjavík 11
900 10000
200-1000

Reykjavík 11
900 10000
200-1000

Reykjavík 11
900 10000
200-1000



**Skipaforstjórnir
berjast
um bitann.**

Baldur Guðnason, for-
stjóri Eimskips, Gunnar
Bachmann, forstjóri
Atlantsskipa og Knútur
G. Hauksson, forstjóri
Samskipa.

BARÁTTA SKIPAFÉLAGANNA

SKIPA- FORSTJÓRAR BERJAST UM BITANN

Keppni skipafélaganna þriggja er hörð. Þau eru í útrás og tvö þeirra hafa opnað söluskrifstofur í Kína. En er markaður fyrir þrjú öflug skipafélög á Íslandi og hvar takast þau mest á?

TEXTI: **VALUR JÓNATANSSON**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Skipafélögunum þremur; Eimskip, Samskipum og Atlantsskipum, hefur öllum vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Til marks um útrás íslensku skipafélaganna hafa bæði Eimskip og Samskip nýlega opnað söluskrifstofu í Kína. Samskip opnaði nýlega nýtt 28 þúsund fermetra vöruhótel, ekki ósvipað því sem Eimskip reisti fyrir tveimur árum.

Þá hefur fjölgun nýrra flutningaskipa á heimsmarkaði, samfara minnkandi umsvifum í Asíu, leitt til þess að leiguverð á kaupskipum hefur farið lækkandi. Er markaður fyrir þrjú skipafélög í landinu og hver er framtíðarsýn þeirra? Þetta voru meðal þeirra spurninga sem lagðar voru fyrir forstjórana þrjá; Baldur Guðnason hjá Eimskip, Knút Hauksson hjá Samskipum og Gunnar Bachmann hjá Atlantsskipum.

Knútur Hauksson hjá Samskipum segir nauðsynlegt að samkeppni ríki á þessum markaði og telur því ekkert athugavert við að skipafélögin séu þrjú. „Það má heldur ekki gleyma því að þessi þrjú skipafélög flytja

ekki nema brot af því sem er flutt til og frá landinu. Olía, súrál og ýmsar sjávarafurðir og annað er flutt til og frá landinu með erlendum skipafélögum. Þannig að við erum ekki bara að keppa innbyrðis, við erum líka að keppa við mörg erlend skipafélög," segir Knútur.

Baldur Guðnason, framkvæmdastjóri Eimskip, segir að í raun skipti ekki máli hversu mörg skipafélög sigla til og frá Íslandi, heldur það flutningaframboð sem er til staðar til að þjóna flutningaeftirspurninni. „Núna er mikið flutningaframboð hjá félögum þremur og hefur aukist á síðustu misserum umfram eftirspurn og út frá þeirri staðreynd er mikil samkeppni á íslenska flutningamarkaðnum til og frá landinu. Svo verður einnig að líta til þess að ásókn erlendra skipafélaga á íslenska flutningamarkaðinn hefur aukist undanfarin misseri, einkum erlendra frystiskipa. Samkeppnin er þannig ekki bundin við félögin þrjú," segir Baldur.

Gunnar Bachmann, framkvæmdastjóri Atlantsskipa, sem réðst þar til starfa í nóvember í fyrra en rak áður vöruhótel Eimskip, segir að rými sé fyrir skipafélögin þrjú á íslenska markaðnum, en það væri þó ekki sjálfgefið. Hann segir Atlantsskip vera með öðruvísi rekstur en Samskip og Eimskip. „Það hefur verið mikill vöxtur hjá okkur og við erum mjög ánægðir með afkomuna á síðasta starfsári. Ég held að skipafélögin verði að sníða sér stakk eftir vexti og það erum við að gera. Samskip og Eimskip eru með nánast eins rekstur, líta út eins og tvíburafyrirtæki. Við byggjum þetta upp allt öðruvísi, yfirbyggingin er lítil. Við erum með aðeins 21 starfsmann og sjá þeir aðallega um fjármál, sölu og pappírþjónustu. Öðrum störfum í kringum reksturinn er útvistað til annarra fyrirtækja. Við gerum það sem við erum bestir í, það er að reka skipafélag og selja flutningaþjónustu, en

látum aðra um aðra þætti starfseminnar," segir Gunnar.

Gunnar segir enn sóknarfæri í flutningaþjónustunni og er bjartsýnn á frekari uppgang Atlantsskipa í framtíðinni. „Við erum nú með þrjú skip í rekstri, tvö sem sigla reglubundið á Evrópu og eitt á Ameríku, en þaðan erum við aðallega með flutninga fyrir Varnarliðið á Miðnesheiði. Ný siglingaáætlun tók gildi 15. janúar 2005 þegar vikulegar

siglingar hófust til Kollafjarðar í Færeyjum. Höfnin í Kollafirði er með innflutningsleyfi á landbúnaðarvörum til Evrópusambandslandanna, þannig að við getum flutt íslenskt kjöt beint til Færeyja í stað þess að þurfa að fara fyrst í gegnum

danska höfn. Þetta er dæmi um hvernig við erum öðruvísi en samkeppnisaðilarnir. Eimskip og Samskip sigla á Þórshöfn, en Þórshöfn hefur ekki þetta leyfi fyrir landbúnaðarafurðir eins og höfnin í Kollafirði og því þarf að tolla þær í Danmörku og flytja síðan til Þórshafnar í Færeyjum," segir Gunnar.

Að sögn Gunnars er það sama uppi á teningnum hjá Atlantsskipum í Hollandi. „Við siglum vikulega til Vlissingen í Hollandi á meðan stóru skipafélögin sigla til Rotterdam. Ástæðan fyrir því að við völdum Vlissingen er að þar er tiltölulega lítil höfn og skemmri afgreiðslutími við lestun og losun. Þá er stór frystigeymsla á hafnarbakkanum sem viðskiptavinir Atlantsskipa hafa aðgang að. Við viljum frekar vera stórir í lítilli höfn, en smáir í stórrí höfn.“

Gunnar sagði það ekki á áætlun að bæta við skipum á þessu ári. „En það gæti verið að við myndum frekar fara í að stækka skipin, en fjölga þeim," segir hann.

Knútur G. Hauksson segir helstu áherslur Samskipa í samkeppninni vera að veita góða þjónustu. „Standa ávallt við gefin loforð og fara fram úr væntingum viðskiptavina.“ Aðspurður um hvað Samskip hafi að bjóða fram yfir hin skipafélögin sagði hann fyrirtækið bjóða heildarlausnir á sviði flutninga og vörumeðhöndlunar. „Félagið býður viðskiptavinum sínum meðal annars meðhöndlun, geymslu og flutning á vörum frá dyrum sendanda að dyrum viðtakanda og aðra þjónustu sem því tengist. Sérstafa okkar byggir á faglegri og persónulegri þjónustu og ráðgjöf," segir Knútur.

Samskip og dótturfélög eru með að meðaltali 35-37 skip á hverjum tíma. Þar af eru um 10 í siglingum tengdum Íslandi. Hjá skipafélaginu vinna rúmlega 900 starfsmenn, og þá eru sjómennirnir á erlendu skipunum ekki taldir með. Knútur segir að rekstur Samskipa hafi gengið mjög vel á síðasta ári og sagði hann það besta rekstrarárið til þessa. „Við settum okkur háleit markmið fyrir árið 2004 og ég get ekki betur séð en að við náum

þeim öllum og við stefnum að því að gera enn betur í ár," segir Knútur.

„Það má heldur ekki gleyma því að þessi þrjú skipafélög flytja ekki nema brot af því sem er flutt til og frá landinu. Olía, súrál og ýmsar sjávarafurðir og annað er flutt til og frá landinu með erlendum skipafélögum.“

—Knútur G. Hauksson, forstjóri Samskipa.

Baldur segir að Eimskip hafi síðustu áratugi litið á sig sem alhliða flutningafyrirtæki sem bjóði viðskiptavinum sínum heildarþjónustu og skiptir þá ekki

máli hvernig og hvert verið er að flytja vörur. „Viðkomandi heildarþjónusta byggir á trausti, árangri og samvinnu allra aðila og fyrir það stendur Eimskip í núverandi samkeppni. Frá því um mitt ár hefur Eimskip verið að straumlínulaga innra skipulag og hagræða til að mæta auknum hraða í viðskiptum og hefur sú vinna skilað sér í núverandi samkeppnisumhverfi," segir Baldur.

„Núna er mikið flutningaframboð hjá félögum þremur og hefur aukist á síðustu misserum umfram eftirspurn.“

—Baldur Guðnason, forstjóri Eimskip.



Baldur telur að Eimskip hafi það fram yfir hin skipafélögin að vera með besta starfsfólkið. „Í enda dags snúast yfirburðir í þjónustu og samkeppni um besta starfsfólkið til að mæta kröfum viðskiptavina og teljum við okkur standa framár á því sviði en keppinautar okkar. Starfsfólk sem getur boðið heildarþjónustu, þ.e. hvort sem um er að ræða for- og áframflutning erlendis og hérlendis, sjóflutninga, flugflutninga og geymslu svo að eitt-hvað sé nefnt, er lykillinn að forskoti Eimskip sem við munum aldrei gefa eftir. Ekki eyðileggur það okkar forskot á flutningamarkaðnum að Eimskip nýtur stærðarhagkvæmni umfram aðra. Félagið á stærstu


og glæsilegustu flutningaskipin sem sigla til og frá landinu, ásamt því að reka og eiga stærstu geymslu- og dreifingarmiðstöð á landinu eða Vöruhóтелиð sem er á okkar athafnasvæði í Sundahöfn. Stærðarhagkvæmnina notum við til að tryggja sem fjölbreyttustu og hagkvæmstu þjónustuna gagnvart viðskiptavinum okkar.

Mikilvægur þáttur í því er að Eimskip hafi ávallt lægsta framleiðslukostnað á hverja flutta einingu. Við teljum mikilvægt að viðhalda og helst auka enn á kostnaðaryfirburði okkar líkt og við höfum m.a. verið að gera

með samþættingu framleiðslukerfa okkar á Íslandi og í Færeyjum,“ segir Baldur.

Baldur segir rekstur Eimskipa hafa gengið vel á síðasta ári og horfur fyrir árið 2005 góðar. „Árið 2005 gerir ráð fyrir meiri veltu en 2004 og meiri veltu erlendis er verið hefur hingað til og er það í takt við stefnumörkun félagsins að vaxa í arðsömum rekstri á erlendum flutningamörkuðum,“ segir Baldur.

Eimskip er með um 20 - 25 skip í rekstri á degi hverjum, þar af 8 skip í reglubundnum siglingum til og frá landinu. Þá er Eimskip umboðsaðili fyrir nokkur skipafélög. Hjá Eimskip eru stöðugildi yfir 1200 talsins á samtals 50 starfsstöðvum í 13 löndum.

Af ummælum forstjóra skipafélaganna má ráð, að allir séu þeir ánægðir með afkomuna á síðasta ári og ætli sér enn stærra hluta af kókunni á þessu ári. Samkeppnin mun því harðna og það ætti að vera til hagsbóta fyrir viðskiptavinina. 

„Samskip og Eimskip eru með nánast eins rekstur, líta út eins og tvíburafyrirtæki. Við byggjum þetta upp allt öðruvísi, yfirbyggingin er lítil. Við erum með aðeins 21 starfsmann.“

-Gunnar Bachmann, forstjóri Atlantsskipa.



PriceWaterhouseCoopers hf. er stöðugt fyrirtæki með alþjóðlegri vörð. Alþjóðlegi PriceWaterhouseCoopers 17 ára löng er stærsta vaxandi fjárfingafyrirtæki í heiminum í dag með 122.000 starfsmenn og starfsaðili í 146 löndum. Starfsmenn á höfuð stöðu eru 20 talsins á stærðum í Reykjavík, Reykjavík, Akureyri, Hlíðareyk og Íslandi. Fyrirtækið hefur starfið alls starfsmenn hér á landi frá árinu 1926. Þjónusturáðgjafar eru þarfa Starfsmenn og starfsaðili, skatta- og fjárfingaráðgjafi og fjárfingaráðgjafi.

Fjármálaráðgjöf PwC (Advisory)

PriceWaterhouseCoopers hf. hefur áralanga reynslu af því að veita fyrirtækjum og stöðvum alþjóða þjónustu á sviði fjármálaráðgjafar (Advisory). Fjármálaráðgjöf PwC veitir aðstoð og ráðgjöf á eftirfarandi sviðum:

- Áreiðanleikakannanir (Due Diligence).
- Verðmat á fyrirtækjum og reiknafræðingum (Valuation).
- Virðisþröunarsprófi (Impairment Test).
- Stjórnarhættir fyrirtækja (Corporate Governance).
- Kaup, sála og sameining fyrirtækja (Mergers & Acquisitions).
- Sérstakar reiknafræðingir, fjárfinga- og reiknafræðingir (Investigations, Operating and Financial Analysis).
- Fyrirtæki í fjárfingarábæturum (Business Recovery Services).
- Reiknafræðingir og fjárfingarábætur (Operating and Financial Forecasts).

Allar nánari upplýsingar veitir svíðastjóri fjármálaráðgjafarvæða PwC, Halldór Þorvaldsson, í síma 550 5328 (halldor.thorvaldsson@is.pwc.com)

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Blágerðis 12 • 105 Reykjavík • Sími 550 5300 • www.pwc.com/is



Katrín fór á kostum

TEXTI: ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON
MYNDIR: GEIR ÓLAFSSON

Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, fór á kostum þegar hún tók við FKA-viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri. Lýsi er hennar mál.

Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis hf., hlaut nýverið FKA-viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri. Við sömu athöfn hlaut Edda Jónsdóttir í i18 gallerí hvatningarverðlaun FKA og Guðrún Steingrimsdóttir, eigandi Lífstykkiabúðarinnar við Laugaveg, fékk þakkarviðurkenningu FKA. Katrín þykir mjög vel að þessari viðurkenningu komin, en henni hefur gengið vel við rekstur Lýsis hf. „Þó að ég hafi fengið FKA-viðurkenninguna, þá lít ég þannig á að foreldrar mínir eigi ekki minna í henni,“ segir Katrín.

„Faðir minn var framkvæmdastjóri Lýsis hf. í ein 23 ár. Hann var náttúrulega reynslubolti sem ég hafði við að styðjast, enda er ég hálfpartinn alin upp við þennan rekstur frá æsku. Það er fyrst og fremst góðum hópi fólks hér hjá fyrirtækinu að þakka hve vel reksturinn hefur gengið að undanförmu.“

Þátttaka kvenna í atvinnulífinu Katrín telur að aukin þátttaka kvenna í íslensku atvinnulífi sé afskaplega ánægjuleg þróun. „Við verðum vitni að fjölda kvenna sem bæði eru að stofna eigin fyrirtæki eða taka virkari þátt í atvinnulífinu. Þetta hlýtur að vera afskaplega hagkvæmt fyrir öll þjóðfélög því þarna er um að ræða mikla uppspretta af kraftmiklu fólki. Ég held að konur horfi á annan hátt á atvinnutækifæri

heldur en karlmenn og með þátttöku þeirra vakna nýjar hugmyndir og skapast nýir vinklar. Ég er á því að ég hafi frekar notið góðs af því að vera kona í hreinum karlabusiness, það er frískandi að hafa kerlingu með. Það er náttúrulega vitað mál að konur hafa haft verri aðstöðu hvað varðar að sækja fjármagn til atvinnurekstrar eða selja sínar hugmyndir. Það hefur hins vegar verið að breytast mjög hratt og við eigum eftir að sjá virkari þátttöku kvenna í atvinnulífinu, fleiri hugmyndir og fleiri tækifæri.

Erlendis er það oft þjóðfélagsgerðin sem ræður þróuninni en almennt held ég að þróunin sé í átt til aukinnar þátttöku kvenna. Að mínu áliti eiga konur fullt erindi inn í öll svið atvinnulífsins. En ég er ekki hlynnt því að settir verði einhverjir kynjakvótar þó að gott sé að hafa ákveðin viðmið. Það ætti alltaf að hafa forgang að valdir séu hæfustu einstaklingarnir í störfun, persónu-gerðin skiptir mestu máli.

Lög eða reglugerðir um jafna þátttöku kynja í störfum eru kvenmönnum ekki til góðs. Hins vegar leyni ég ekki þeirri skoðun minni að konur séu almennt hæfari en karlar í stjórnunarstöðum. Konur verða að láta bera á sér og sækjast eftir stöðum. En margar konur, sem á undan hafa gengið, hafa rutt brautina og skila þekkingu til okkar hinna.“

Jákvæð umfjöllun „Umfjöllunin um ágæti lýsis eða ómega fitusýra hefur verið mikil og góð. Hún er samverkandi fyrir okkur og færir framleiðsluvöru okkar mikla athygli. Það er ofsalega gaman að vera að selja vöru sem færir fólki aukin lífsgæði í formi heilbrigðis.“

Katrín segir að ótrúlega víða í heiminum sé mikil hefð fyrir lýsistöku en aðgengið mismunandi eftir efnun fólks. „Erlendis eru

mikil sóknarfæri, þar eru að skapast markaðir þar sem hefð er fyrir því að fólk taki inn lýsi, en það hefur skort kaupgetu til þessa. Þetta á m.a. við um mörg svæði í Austur Evrópu, sömuleiðis Kína. Við sjáum því fyrst og fremst vaxtarmöguleika á erlendum mörkuðum. Við erum þegar farin að vinna verulega víða um heim, til dæmis á Ameríku-markaði og erum á leiðinni inn á Rússlands-markað. Staðan er góð á markaði hérlendis

en ég tel að þó séu hér töluverð sóknarfæri, við eigum að halda áfram að breiða út þennan góða boðskap, að lýsi sé hollt.

Það er hamlandi þáttur í þorskalýsinu, að við höfum ekki fengið nægilega mikið af lifrinni. Þó að við höfum fengið heilmikið í hendurnar, er það ekki nema um ¼ af því sem koma ætti að landi. Það er alltaf slæmt að hafa þennan gríðarlega markað en ekki

RÆÐA KATRÍNAR

Við birtum hér hina umtöluðu og myndu ræðu Katrínar þegar hún tók við FKA-verðlaununum.

Kæru FKA konur og aðrir gestir.

Það er mér mikill heiður að taka á móti þessari viðurkenningu.

Oft er það þannig með okkur í atvinnurekstri að dagleg verkefni, áframhald og framtíðarsýn er það sem mestu máli skiptir frá degi til dags. En á stund sem þessari er gott að líta upp úr slorinu og grútnum.

Það má segja að ég hafi haft áhuga á viðskiptum frá unga aldri, enda alin upp í því umhverfi alla tíð og fyrst og fremst mótast af góðum leiðbeiningum foreldra minna, Péturs Péturssonar og Erlu Tryggvadóttur.

Ég var um sex ára gömul þegar ég fór að fikra mig í þessa átt. Ég komst að því að eldri syskini mín reyktu í laumi og ákvað þannig að hafa þau að féþúfu. Það kostaði þau 5 kr. fyrir hverja sigarettu sem ég sá þau reykja, til að forða því að ég upplýsti málið. Um nokkurt skeið voru þetta ábatasöm viðskipti en þar kom að þau ýmist forðudust að hafa mig nokkurs staðar nálægt eða jafnvel hættu reykingum, þar sem gjaldtakan var full gróf. Þetta reyndist því ekki lagtímarekstur, enda ekki byggður á heiðarleika né trausti í garð viðskiptavina.

Grundvallarregla viðskiptanna er heiðarleiki. Fjölskyldan stundaði hestamennsku á þessum árum og um 10 ára aldurinn var komið að því að taka þátt í þessu sporti. Eitt-hvað gekk þetta erfiðlega til að byrja með og margar kollsteypur teknar í fyrstu. Mig brast

kjark. Ég kvartaði sáran yfir þessari afleitu stöðu og vildi hætta öllu saman og leggja stund á útsaum sem er mun áhættuminna sport. Haft var eftir föðurbróður mínum, sem hafði sjálfur lent í viðlíka hremmingum, að „hestar bíta að framan, slá að aftan og eru sleipir að ofan“. Þetta fannst mér tær sannleikur á þeim tíma. En með tímanum tókst að yfirvinna kjarkleysið með ástund og með auknum kjarki gagnvart skepnunum hættu þeir öllum kúntum gagnvart mér og traust myndaðist milli hests og knapa.

Viðvera, ástund og alúð yfirvinna kjarkleysi. Móðir mín hóf eigin rekstur þegar ég var á unglingsárunum. Hún gaf mér jafnan tækifæri til að koma að flestum málum í rekstrinum, og að fylgjast með henni og dugnaði hennar í sínum rekstri varð mér hvatning til að gera slíkt hið sama. Þannig vil ég líka vera hvatning fyrir mína dóttur.

Móðir mín tók mig jafnan með sér á allar sýningar og lét mig þá oftast sjá um aksturinn. Þegar við komum til London, ég nýkominn með bílpróf, ákvað hún að taka bíla-leigubíl. Hún snýr sér að mér og segir: „Þú átt að keyra.“ „Ertu orðin eitthvað alvarlega lasin? Ég get ekkert keyrt í vinstri umferð og hvað þá í miðri London,“ svaraði ég. „Jú, jú,“ segir hún, „þú ert nefnilega örvhent og þessi akstursmáti er sérhannaður fyrir örvhenta.“

Nú, það þarf ekki að orðlengja það; stuttu síðar ókum við af stað og allt gekk eins og smurt og meira að segja svo vel að ég endaði

með að vera tekin fyrir of hraðan akstur á strætóakreininni niður Oxford stræti.

Eins og það hafi einhverju máli skipt með hvorri hendinni ég skrifa – málið var að hún treysti mér til verksins og það var nóg.


En eins og þessar dæmisögur hér að framan sýna, þá er að mínu mati undirstöðuatriði í rekstri einmitt kjarkur, traust og heiðarleiki. Þetta eru einmitt þeir kostir sem konur hafa í ríku mæli og því ættu tækifæri okkar í rekstri að vera í samræmi við það.

Samstarf við foreldra mína hefur verið mikilvægt og mig langar rétt til að fara yfir það sem við höfum verið að bauka undan-farið:

Árið 1983 settum við á stofn lifrabræðslu í Þorlákshöfn í samkeppni við Lýsi og aðrar bræðslur. Bræðslan gekk vel og í framhaldinu keyptum við vélar og tæki til lýsisáfyllingar og settum vörur á neytendamarkað í beinni samkeppni við Lýsi hf. Ekkí fannst okkur þetta nóg svo að 1991 keyptum við þurrkhús í Þorlákshöfn sem þurrkar þorskausa á Nígeríumarkað og er í dag orðið eitt hið stærsta sinnar tegundar á landinu.

1997 stofnuðum við Lýsisfélagið utan um lýsishlutann af rekstrinum sem stóð í harðri samkeppni við Lýsi hf. til ársins 1999. Þá ákváðum við að notast við hið fræga hagfræðilögmál „If you can't beat them – eat them“ og gengum þar með frá kaupum á Lýsi hf. Sama ár sameinuðum við Lýsisfélagið og

efni til þess að vinna úr. Við biðlum til sjómanna að taka þessar afurðir og selja okkur, það er virðingarleysi að henda verðmætum. Enda er ég alin upp í þeirri trú.

Ef ég væri ekki í þessu starfi sem framkvæmdastjóri Lýsis, þá væri ég eflaust bóndakona í sveit með fullt af dýrum. Það var áður einn af draumum mínum," segir Katrín að lokum. 



Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, tekur við FKA-viðurkenningunni úr hendi Vigdísar Finnbogadóttur. Katrín S. Óladóttir, formaður FKA, fylgist með.


Lýsi hf. Velta félagsins hefur tvöfaldast frá þeim degi til dagsins í dag.

Í ársbyrjun 2003 gengum við frá kaupum á Fóðurlöndunni hf. og höfum aukið veltu þess félags umtalsvert síðan. Á miðju ári 2004 keyptum við einnig Bústólpa sem rekur fóðurverksmiðju á Akureyri. Samanlagt eru þessi félög stærsti fóðurframleiðandi landsins.

Lýsishlutinn af rekstrinum veltir um 1,5 milljarði en fóðurhlutinn um 2,3 milljörðum. Saman velta þessi félög tæpum fjórum milljörðum króna.

Helsta verkefni þessa árs er að ljúka við byggingu nýrrar verksmiðju fyrir Lýsi h.f., en hún mun tvöfalda afkastagetu félagsins í framleiðslu. Við bindum miklar vonir við nýju verksmiðjuna, en hún mun verða vottuð með lyfjaframleiðsluleyfi sem mun vera einstakt. Yfir 90% af framleiðsluvörum félagsins eru seldar á erlendum mörkuðum. Nóg er af verkefnum framundan og við full bjartsýni á framtíðina.

Félag kvenna í atvinnurekstri er að mínu mati frábær félagsskapur og til þess fallinn að hvetja konur til dáða ásamt því að skapa gott tengslanet fyrir okkur allar. En eins og vitað er þá skipta sambönd miklu máli í viðskiptum, hér eins og annars staðar. Þið hafið með starfi ykkar áorkað miklu og hver veit nema að félagið nái það miklum árangri að það verði óþarft þegar næsta kynslóð kvenna fer í atvinnurekstur.

Kærar þakkir fyrir mig. 






Stálslegið öryggi

Öryggisskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvalið.

BEDCO & MATHIESEN

YDDA Y128.2/S/A

Bedco & Mathiesen ehf
Bæjarhrauni 10
Hafnarfirði
Sími 565 1000



„Það er mikilvægt að koma upp leiðtogum innan fyrirtækisins sem fara fyrir sínum hópi og eru fyrirmynd. Nútímaleiðtogi þarf að hafa lífsþrótt og kraft til að fá aðra starfsmenn til að vinna með sér.“

- Paul Claudel, kennari við Háskólann í Aix-en-Provence í Frakklandi.



„Leiðtogar eru þeir sem ná að laða það besta fram í fólki. Miðlungsstjórnandi gefur aldrei af sér framúrskarandi árangur.“

- Svafa Grönfeldt, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Actavis Group.

LEIÐTOGINN

Hvað einkennir góðan leiðtoga? Hvers vegna eru sumir góðir stjórnendur en aðrir góðir leiðtogar? Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga stóð fyrir ráðstefnu um leiðtoga í viðskiptalífinu.

TEXTI: **VALUR JÓNATANSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Peir sem fluttu erindi á ráðstefnunni voru: Paul Claudel, kennari við Háskólann í Aix-en-Provence í Frakklandi, Philip Sjögren, stjórnendabjálfi Krauthammer í Svíþjóð, Svafa Grönfeldt, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Actavis Group, Magnús Scheving, forstjóri Lat-abæjar, Ketill Berg Magnússon, forstöðumaður starfsþróunar og fræðslu hjá Símanum, og Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi.



„Ég er á því að leiðtogi verði að vera óháður og óttalaus. Hann á að leiða hóp starfsmanna með sannfæringakrafti sínum og þannig fæst betri árangur.“

- Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar.

Paul Claudel

Paul Claudel flutti aðalerindi ráðstefnunnar. Hann starfar sem alþjóðlegur ráðgjafi og hefur m.a. starfað með Nokia, Alcatel og Nestlé, auk KB-banka við að innleiða leiðtogahugsun og þróun leiðtogahæfileika meðal stjórnenda. Claudel lagði áherslu á það í erindi sínu að hlúa þyrfti vel að starfsmönnum fyrirtækja ef árangur ætti að nást. Mikilvægt væri að einstaklingurinn fengi að njóta sín. Þá verða markmið fyrirtækisins að vera skýr. Hann sagði nauðsynlegt að koma upp leiðtogum innan fyrirtækisins sem færu fyrir sínum hópi og væru um leið fyrirmynd annarra starfsmanna. Nútímaleiðtogi þarf að hafa lífsþrótt og kraft til að fá aðra starfsmenn til að vinna með sér og þannig fæst meiri árangur. Claudel sagði mikilvægt að virkja frumkvæði þeirra starfsmanna sem ráða yfir leiðtogahæfileikum. Sóknarfærin væru víða, en það þyrfti útsjónarsemi til að kunna að nýta sér þau.

Svafa Grönfeldt

Svafa Grönfeldt, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Actavis Group og lektor við Háskóla Íslands, sagði í erindi sínu að Actavis legði mikla áherslu á að virkja leiðtogaefni innan fyrirtækisins. „Hver einstaklingur verður að trúa því að hann hafi áhrif á framgang fyrirtækisins. Góðir stjórnendur þurfa ekki alltaf að vera góðir leiðtogar. Leiðtogar eru þeir sem ná að laða það besta fram í fólki. Við hjá Actavis höfum öll óbilandi þörf og metnað til að ná góðum árangri,“ sagði Svafa.

Svafa sagði markmiðið hjá Actavis væri að byggja upp einstaka fyrirtækjameningu. „Við gerum út á að vera betri en samkeppnis-



„Það skiptir meira máli hvað stjórnendur gera en hvað þeir segja. Fyrirmyndirnar verða að vera traustsins verðar. Leiðtogar verða að fá viðbrögð, skammir eða hól. Þögn er helsti óvinur leiðtogans.“

- Ketill Berg Magnússon, forstöðumaður starfsþróunar og fræðslu hjá Símanum.

aðilinn, hlaupa hraðar að settu marki. Við erum sífellt að leita að hæfum leiðbeinendum innan sem utan fyrirtækisins. Við þurfum á þeim að halda, og mörgum, og helst þurfum við að eiga þá á lager. Við setjum markið hátt og gerum miklar kröfur til stjórnenda. Miðlungsstjórnandi gefur aldrei af sér framúrskarandi árangur,“ segir Svafa. Hún segir stjórnendur verða að vera í góðu formi til að kveikja umframorkuna. „Starfsmenn verða að hafa brennandi þörf í hjarta sínu til að ná árangri. Ef þessi þörf er til staðar eru okkur allir vegir færir.“

Magnús Scheving

Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar, sagðist eiga erfitt með að skilgreina leiðtoga. „Ég er bara frumkvöðull, enginn leiðtogi, og er stanslaust að breyta og búa til nýja hluti í mínu fyrirtæki. Ég hef ákveðna framtíðarsýn, set mér markmið og er alltaf tilbúinn að setja ný markmið. Það er enginn einn endapunktur til. Ég er á því að leiðtogi verði að vera óháður og óttalaus. Hann á að leiða hóp starfsmanna með sannfæringakrafti sínum og þannig fæst betri árangur. Það eru til óheidarlegir stjórnendur, en það eru ekki til óheidarlegir leiðtogar því umhverfið sér það um leið hver er leiðtogi, og hver er það ekki,“ sagði Magnús, sem fyllti ráðstefnusalinn af orku með líflegri framkomu sinni.

Ketill Berg Magnússon

Ketill Berg Magnússon, forstöðumaður starfsþróunar og fræðslu hjá Símanum, sagði í erindi sínu að leiðtogar væru þeir sem fengju alla í kringum sig til að aðstoða við að framkvæma. „Leiðtogasamspil er



„Við erum alltaf að leita leiða til hagræðingar í rekstri og það kallar á aukið hlutverk leiðtogans. Leiðtoginn er mikilvægur og hann dreifir valdinu.“

- Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi.



„Eða eins og John C. Maxwell sagði eitt sinn um leiðtogann. Hlutverk leiðtogans snýst um að hafa áhrif. Það er ekkert meira eða minna.“

- Philip Sjögren, stjórnendapjálfi Krauthammer í Svíþjóð.

Þegar einstaklingur sannfærir hóp um að sækjast eftir markmiðum leiðtogans eða sameiginlegum markmiðum leiðtogans og hópsins. Það er alls ekki nóg fyrir stórt og framsækið fyrirtæki að hafa aðeins einn stjórnanda. Það er hins vegar afar mikilvægt að stjórnandi fyrirtækis sé fyrirmynd starfsmanna þess. Fyrirtæki þarf að hafa framtíðarsýn og stefna þangað. Starfsmenn þess verða að vera samstíga og vinna sem liðsheild að settu marki og þar gagnast leiðtogar vel,“ sagði Ketill.

Hann sagði að það skipti ekki öllu máli hvað stjórnendur fyrirtækja segðu, heldur hvað þeir gerðu. Fyrirmyndirnar verða að vera traustsins verðar. „Leiðtogar verða að fá viðbrögð, skammir eða hól. Þögn er helsti óvinur leiðtogans. Ég vil að lokum hvetja öll fyrirtæki til að rækta leiðtogahlutverkið vel þannig að leiðtogahugsunin verði hjá sem flestum,“ sagði Ketill.


Rannveig Rist



Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, sagði í erindi sínu að umræðan um stóriðjuna hafi oft á tíðum einkennst af fordómum og þætti kannski ekki nýttiskuleg í augum fólks. „Stóriðjan er þekkingaríðnaður þar sem hugvit og þekking hefur leyst handafið af hólmi. Stóriðjan býr yfir margbreytilegum störfum. Við erum í stöðugri þróun,“ sagði hún. „Framleiðni álversins í Straumsvík hefur aukist um 19% frá 1997 og hún gerði það ekki nema með tilkomu tækni og verkþekkingar. Tölvun hefur tekið við af haka og skóflu, sem aðalatvinnutæki verkamannsins. Við erum alltaf að leita leiða til hagræðingar í rekstri og það kallar á aukið hlutverk leiðtogans hjá fyrirtækinu,“ sagði Rannveig.

Hún sagði að auknar kröfur séu gerðar til starfsfólks í Straumsvík og þá hefur fyrirtækið komið á fót stóriðjuskóla til að gefa starfsfólki kost á aukinni menntun og fræðslu. Að loknu námi fái starfsmenn aukna ábyrgð innan veggja fyrirtækisins og kauphækkun. „Leiðtoginn er mikilvægur og hann dreifir valdinu. Við erum árlega að fagna framleiðslumeti og valddreifingin innan fyrirtækisins á sinn þátt í því,“ sagði Rannveig.

Philip Sjögren

Philip Sjögren, stjórnendapjálfi Krauthammer í Svíþjóð, lagði mikla áherslu á kultúr í fyrirtækjum, þ.e. svonefnda fyrirtækjamenningu. Stjórnunaraðferðir leiðtogans og kúltúrin yrðu að liggja saman. Mikilvægt væri að hafa samræmi í hlutunum. Allir starfsmenn yrðu að vera með það á hreinu hvað gildi væru í hávegum höfð, auk þess sem þeir yrðu að vera meðvitaðir um þá hegðun sem krafist væri. Hvað væri leyfilegt og hvað ekki. Hann nefndi nokkur fyrirtæki með mjög ákveðinn kúltúr þar sem allir vissu nákvæmlega hvernig ætti að gera hlutina. Þá vísaði hann í John C. Maxwell sem sagði eitt sinn: „Leiðtogahlutverkið snýst um að hafa áhrif. Hvorki meira né minna.“ Þá vísaði hann í Albert Schweitzer sem sagði að góð fyrirmynd væri ekki helsta leiðin til að hafa áhrif á aðra – hún væri eina leiðin.

Niðurstaða ráðstefnunnar hlýtur að vera sú að mjög mikilvægt sé fyrir fyrirtæki að dreifa valdinu, nýta sér í auknum mæli leiðtogahugsunina. Sannur leiðtogi hugsar meira um að heildin nái árangri fremur en hann sjálfur. Þá þarf leiðtoginn að koma því til skila að velgengni sé ekki sjálfögð, leiðtogi þarf að gera kröfur en ekki óraunhæfar kröfur. 





Starfsfólk Hagvangs. Talið frá vinstri: Guðný Sævinsdóttir, Baldur G. Jónsson, Ari Eyberg, Katrín S. Óladóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Þórir Þorvarðarson, Sesselja Sigurðardóttir og Albert Arnarson.

HAGVANGUR ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Í RÁÐNINGARÞJÓNUSTU

Aukin og fjölbreyttari þjónusta við viðskiptavinum

Hagvangur er stofnaður 1971 og er eitt elsta ráðgjafafyrirtæki landsins. Upphaf ráðningaráðgjafarþjónustunnar má rekja til ársins 1976, en áður hafði fyrirtækið starfað á sviði rekstrarráðgjafar. Hagvangur hefur frá upphafi lagt áherslu á nýjungar í þjónustu og áreiðanleika í ráðningum og ráðgjöf. Starfsmenn þess hafa unnið mikið brautryðjendastarf á Íslandi og hefur fyrirtækið verið í fararbroddi hvað varðar starfsaðferðir, þróun og þjónustu. Pistilhöfundur hitti Katrínu S. Óladóttur, framleiðslustjóra Hagvangs, Albert Arnarson og Baldur G. Jónsson.

ég best veit eina ráðningarfyrirtækið sem er búið að fara í gegnum úttekt hjá Persónuvernd. Niðurstöðurnar eru mjög jákvæðar fyrir okkur, ekki síst hvað varðar meðferð trúnaðarupplýsinga. Þessi úttekt og niðurstöður hennar skipta okkur miklu máli.“

Tíminn er dýrmætur – mistök eru dýr Hver er svo hagnaður fyrirtækis sem leitar til Hagvangs: „Hann er mikill. Hagnaðurinn felst fyrst og fremst í því að eiga aðgang að sérþekkingu fagfólks. Það er sá hluti sem er bestu mælingu ráðningu þess og sýnir tíma



fjölbreyttu háskólanámi og sérfræðinámi á sviði mannaútsjórnunar og starfsmannavals.“

Hagvangur getur boðið fyrirtækjum heildarlausnir við ráðningar og mörg fyrirtæki nýta sér það að láta Hagvang hýsa umsóknir og annast ráðningar á vegum þess.

Breytingar í atvinnulífi Albert og Baldur segja að áherslur og væntingar fyrirtækja hafi breyst hin síðari ár. Sem dæmi má nefna að þegar Hagvangur byrjaði að nota próf við ráðningar fyrir rúmum tuttugu árum var ekki mikill skilningur á nauðsyn þeirra. Í dag eru persónumat og raunhæf verkefni hins vegar orðin mjög algengt hjálpartæki í ráðningum auk þess sem fleiri hafa skilning á góðum undirbúningi og vönduðum vinnubrögðum við stöðlun ráðningarviðtala. Albert og Baldur segja að þetta sé í raun eðlilegt í ljósi þess að mannaútsjórnun hefur verið að þróast og þroskast sem fræðigreinin. Aukinn skilning stjórnenda á mikilvægi góðs ráðningarferlis má meðal annars rekja til meiri áherslu á þessa þætti í námi þeirra. Einnig vegna þess að hjá mörgum fyrirtækjum eru nú starfsmannastjórar með menntun við hæfi sem þekkja nauðsyn þess að vandað sé til starfsmannaráðninga.

Stjórnendur horfa meira til þess að það er langtíma fjárhagslegur ávinningur af því að beita viðurkenndum aðferðum við starfsmannaval. Þetta verður skýrast í þeim tilvikum þar sem um langtímaráðningar er að ræða og valið stendur á milli fjölda umsækjenda með mismunandi getu. Fjárhagslegur ávinningur af því að ráða þann umsækjanda sem á eftir að standa sig best getur verið gríðarlega mikill og tilgangur bestu aðferða við starfsmannaval er einmitt sá að bæta forspá um árangur í starfi.

Miklar sviptingar á fyrirtækjamarkaði hafa haft það í för með sér að störf eru fjölbreyttari og breytilegri, sem gerir það að verkum að kröfurnar um hæfni starfsmanna eru aðrar en áður. Í því felst að ekki er nóg að ráða starfsmann sem getur tekist á við starfið eins og það er í dag, heldur þarf hann einnig að geta þróast með starfinu eftir því sem það breytist.

Væntingar starfsmanna til vinnuveitenda hafa líka breyst. Fólk í atvinnuleit er í auknum mæli farið að velja sér störf og fyrirtæki út frá væntingum og markmiðum um fjölbreytileika og starfsþróun. Þessar auknu kröfur, bæði fyrirtækja og starfsmanna, hafa gert valferlið flóknara og aukið vægi sérfræðiþekkingar eftir því.

Framtíðin er björt „Hvað framtíðina varðar þá er markmið Hagvangs að auka þjónustu við fyrirtæki á flestum sviðum mannaútsjórnunar. Hagvangur veitir fyrirtækjum starfsmannaráðgjöf allt frá ráðningu til starfsloka.

Þessar auknu kröfur, bæði fyrirtækja og starfsmanna, hafa gert valferlið flóknara og aukið vægi sérfræðiþekkingar eftir því.

Við ætlum einnig að styrkja einstaklingsþjónustu okkar enn frekar og bjóðum upp á starfsferilsráðgjöf sem miðar að því að byggja markvisst upp starfsframa einstaklinga. Þetta er þjónusta sem erlendis hefur m.a. verið nefnd „Career management“ og „Career guidance“. Þessi þjónusta er hugsuð jafnt fyrir einstaklinga sem eru að hefja sinn starfsferil og stjórnendur sem þegar eiga langan feril að baki en vilja breyta til eða ná enn lengra í starfi. Það er einnig oft svo að fólk

á sér draumastarf en þarfnast aðstoðar við að marka brautina. Við verðum þess mjög áskynja í okkar daglega starfi að þetta er þjónusta sem fólk leitar eftir og þarna sjáum við nýjan flöt á rekstrinum sem sameinar áralanga reynslu og sérfræðimenntun starfsmanna.“



Baldur G. Jónsson, ráðgjafi.



Albert Arnarson, ráðgjafi.

HAGVANGUR

Skógarhlíð 12 - 105 Reykjavík

Sími 520-4700

www:hagvangur.is



Þorsteinn Pálsson sendiherra Íslendinga í Danmörku. „Þessi fjárfesting er viðkvæmari vegna þess að Magasin du Nord, sem stendur við Kongens Nytorv, hefur verið danskt tákn og hluti af sjálfsmynd Dana afskaplega lengi.“

EKKI SENDIRÁÐA AÐ

Danskir fjölmiðlar hafa verið neikvæðir út í íslenskt viðskiptalíf í kjölfar kaupa Íslendinga á Magasin du Nord. Og hvað með það? Þorsteinn Pálsson sendiherra metur hér viðhorf Dana til íslenskra kaupsýslumanna.

TEXTI: **HRAFNHILDUR SMÁRADÓTTIR**
MYND: **ÓLAFUR RAFNAR**

Það er ekki í verkahring sendiráða að hvítþvo íslensk fyrirtæki á erlendri grund,“ segir Þorsteinn Pálsson, sendiherra Íslendinga í Danmörku, um neikvæða umfjöllun danskra fjölmiðla um kaup Baugs á Magasin du Nord, ímynd Íslands í Danmörku og verkefni sendiráðs Íslands almennt.

Eftir kaup Baugs Group, Straums fjárfestingarbanka og B2B Holding á Magasin du Nord í Danmörku undir lok síðasta árs hafa danskir fjölmiðlar fjallað töluvert um kaupin og Íslendingana sem að þeim standa. Að sumra mati hefur umfjöllunin einkennst af neikvæðni og jafnvel verið óvæginn í garð fjárfestanna og Íslendinga almennt.

Þær hugmyndir hafa skotið upp kollinum að slík umfjöllun kæmi til af lítilli þekkingu Dana á málefnum Íslendinga og að íslensk utan-

ríkisþjónusta þurfi því að gera betur til að kynna landið. Er verk að vinna í íslenskri utanríkisþjónustu? Þarf til að mynda sendiráð Íslands í Danmörku og starfsmenn þess að standa betur að kynningu landsins fyrir dönsku þjóðinni?

„Í tilefni neikvæðrar umfjöllunar danskra fjölmiðla um kaup Baugs á Magasin du Nord stóð sendiráðið fyrir því að kynna fyrir fjölmiðlum á breiðum grundvelli hvað hefur verið að gerast í íslensku atvinnu- og efnahagslífi að undanfögnu. Danskir fjölmiðlar tóku þessu framtaki viðskiptafulltrúa sendiráðsins mjög vel. Til dæmis gerði danska ríkissjónvarpið þessu mjög góð skil og vann vandaða og ítarlega umfjöllun um þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í íslensku efnahagslífi og það góða framtak sem frumkvöðlar í íslensku atvinnulífi hafa unnið,“ segir Þorsteinn.

„Að þvo svarta bletti af fyrirtækjum“ „Að minni hyggju er það ekki hlutverk sendiráða Íslands að þvo svarta bletti af einstökum fyrirtækjum vegna einhvers sem unnið hefur verið til heima á Íslandi. Fyrirtæki þurfa einfaldlega að ávinna sér traust sjálf, hvort sem er heima fyrir eða í útlöndum, og það á ekki að vera hlutverk sendiráða að breyta því. Hins vegar eiga sendiráð að hafa það hlutverk að kynna það sem er að gerast á Íslandi á breiðum grundvelli og það höfum við kappkostað að gera. Ég lít ekki á það sem okkar hlutverk að leiðrétta eða hvítþvo einstök fyrirtæki sem hafa fengið á sig áfellsdóma eða svarta bletti á heimavettvangi. Það er þeirra eigið hlutverk.“

Kaup KB banka á FIH Inntur eftir því hvort umfjöllun danskra fjölmiðla um kaup KB banka á FIH viðskiptabankanum hafi verið álíka

íslensk fyrirtæki hafi á sér gott orð. „Landið verður seint svo vel kynnt að ekki megi betur gera,“ segir hann.

Dvinandi áhugi á málefnum Norðurlanda Sú spurning vaknar því óhjákvæmilega hvort nægilegt kynningarstarf sé unnið á landi og þjóð í Danmörku. „Ég tel að almennt sé Ísland ágætlega kynnt í Danmörku þrátt fyrir að ég telji ekki mikla almenna þekkingu hér á íslenskum málum. Það er hins vegar ekki einsdæmi þegar kemur að málefnum Norðurlanda, til dæmis finnst mér Danir ekki þekkja vel til Noregs eða Finnlands og jafnvel ekki til sænskra málefna og áhugi á að fylgjast með málefnum Norðurlanda virðist mér heldur ekki ýkja mikill meðal almennings.“

Þorsteinn segir þrátt fyrir það alls ekki hægt að fullyrða að þetta eigi við um alla Dani. „Hér starfa til dæmis öflug norræn félög víða um landið þar sem ég hef ítrekað haldið tölur en það er dæmigert að það er helst eldra fólk sem starfar í þessum félögum. Ég tel því að hin gamla norræna hugsjón sé víkjandi í dönsku samfélagi og yngra fólk hafa tiltölulega takmarkaðan áhuga á slíku. Það er síðan hverjum manni ljóst sem hér starfar að í röðum menntamanna, embættis- og stjórnmálamanna er mjög góð þekking á málum Íslendinga. Hins vegar eru svo dæmi þess að Danir hafi ekki mikið álit á Íslandi sem þjóð en ég tel það fjarri lagi að draga ályktanir af einstökum tilfellum og ég tel ekki hægt að draga upp einfalda lýsingu á viðhorfi Dana til Íslendinga enda er eins og gerist og gengur þekking og áhugi mjög misjafn.“

Neikvætt álit skýrist af ónógrri þekkingu En hver er skýringin á því að í ákveðnum tilfellum er viðhorf Dana til Íslendinga svo neikvætt

HVÍTÞVO FYRIRTÆKI

neikvæð kveður Þorsteinn svo ekki hafa verið. „Umræðan í kringum kaupin á FIH banka finnst mér hafi verið innflutt frá Íslandi. Það fór mun minna fyrir umfjöllun um þau kaup þrátt fyrir að þau hafi verið umfangsmeiri. Ég tel að umfjöllun um kaupin á Magasin du Nord hafi að miklu leyti verið svo neikvæð vegna þess að Baugur hefur verið miðpunktur í erfiðri umræðu á Íslandi. Og svo má nú líka segja að sú fjárfesting hafi verið viðkvæmari af því að Magasin du Nord, sem stendur við Kongens Nytorv, hefur verið danskt tákni og hluti af sjálfmynd Dana afskaplega lengi. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að fólki hefði brugðið þegar erlendir aðilar fjárfestu í Magasin. Ég tel að viðbrögðin hefðu orðið þau sömu hvaðan sem erlendu fjárfestarnir hefðu komið. Til dæmis held ég að Bandaríkjamönnum hafi sviðið það þegar Japanir keyptu Rockefeller-Center.“ Þorsteinn bendir þó á að ótvíræðir hagsmunir séu í því fólgirnir að

sem raun ber vitni? „Ég tel að þar sé fyrst og fremst ónógrri þekkingu um að kenna. Í hverju samfélagi er fólk sem sér aðrar þjóðir með misjöfnum augum og ef við lítum í eigin barm þá er álit manna til dæmis á Dönun og Danmörku ákaflega misjafnt og persónubundið. En ég fullyrði að það er ekki almennt álit Dana að við séum molbúar aftan úr grárrí forneskju. Við getum heldur ekki lokað augunum fyrir því að það má bæta vitneskjuna. Það er talsvert um að vera í slíku starfi hér í sendiráðinu og við höfum reynt að koma því til skila hvað er um að vera á Íslandi. Við stöndum hins vegar ekki fyrir neinni almennri fræðsluherferð og teljum aðalatriðið að reyna að meta af sæmilegri skynsemi hver þörfin fyrir kynningu er, hvar er skynsamlegast að koma upplýsingum á framfæri, við hverja og draga ekki rangar ályktanir af viðtölum við fáa aðila.“ Þorsteinn segir jafnframt að aðrar þjóðir séu í sömu stöðu og telji þörf fyrir að auka kynningar-

VIÐHORF DANA TIL ÍSLENSKRA KAUPSÝSLUMANNA

starf á erlendra grund. „Bandaríkjamenn ná til dæmis með sínu öfluga sendiráði mun víðar út í danskt samfélag en við. Þrátt fyrir það er álit Dana kannski síðra á Bandaríkjunum en flestum öðrum lýðræðisþjóðum.“

Danir opnir fyrir hugmyndum um samstarf „Varðandi kynningarstarf sendiráðsins finnst mér mikilvægast að beina kröftunum þangað sem þörfin er mest. Menn mega ekki festast í einhverju fari í þeim efnum, starfið þarf að taka mið af umbrotum sem verða á hverjum tíma. Það hefur til að mynda verið mikil gróska í íslensku viðskiptalífi hér í Danmörku og íslensk fyrirtæki verið að skjóta rötum á mörgum sviðum. Til dæmis má nefna gífurlegt landkynningarstarf á vegum Flugleiða sem hafa markað hér spor í markaðssetningu. Þá njóta skipafélögin mikillar viðurkenningar á sínu sviði í Danmörku sem og íslensk ferðahjónustufyrirtæki, hátækniyrirtæki og útgáfufyrirtæki í eigu Íslendinga.“

Þorsteinn segir starfsfólk sendiráðs Íslands í Danmörku leggja mikið upp úr því að eiga góð samskipti við öll íslensk fyrirtæki sem eru að hasla sér þar völl. „Við höfum kappkostað að eiga samstarf við þá dönsku aðila sem við teljum efni til í þessu samhengi og allir hafa þeir tekið mjög vel í beiðni um samstarf. Þá höfum við kynnt Ísland með margs konar hætti og munum halda því áfram. Til að mynda hefur sendiráðið í samvinnu við Dansk-Íslenska verslunarráðið staðið fyrir kynningarfundum um útrás íslenskra fyrirtækja og í október 2003 var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn til að kynna Ísland fyrir dönskum fjárfestum. Þá hefur sendiráðið staðið fyrir kynningu á íslensku lambakjöti í samvinnu við Áform og Flugleiðir, staðið að ferðakynningu í Norðurbryggjuhúsinu í samvinnu við Ferðamálaráð og 1. desember sl. stóðum við fyrir ráðstefnu meðal íslenskra ræðismanna um alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs, og svo mætti lengi telja.

Á dagskrá er jafnframt að kynna hér íslenska fatahönnun í samvinnu við Útflutningsráð, verið er að undirbúa ráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík til að kynna fjárfestingarmöguleika hér í Danmörku í samvinnu við Invest in Denmark og Útflutningsráð og með Dansk Industri erum við að undirbúa nýja kynningu á útrás íslenskra fyrirtækja. Og á komandi hausti er ráðgert að kynna fjárfestingarmöguleika á Norður-Jótlandi. Ég vil taka fram að það hefur verið sérlega gaman að finna hvað danskar stofnanir og fyrirtækjasamtök, sem taka þátt í þessum verkefnum, hafa tekið vel óskum sendiráðsins um samstarf.“

Þorsteinn segir að staða viðskiptafulltrúa við sendiráðið hafi verið fyllt á síðastliðnu sumri sem hafi verið mjög heppilegur tími. Þorsteinn kveður viðskiptafulltrúann, Má Másson, hafa unnið mikið og gott starf síðan, en hlutverk hans er að aðstoða íslensk fyrirtæki

sem leita til sendiráðsins, afla upplýsinga fyrir þau, finna aðila sem þau hafa áhuga á að komast í samband við og undirbúa kynningar á íslenskum málum almennt í samvinnu við Dansk-Íslenska verslunarráðið og danska aðila.


„Starf viðskiptafulltrúa er mjög fjölbreytilegt og við höfum ekki fundið annað en að því hafi verið afar vel tekið,“ segir Þorsteinn. „Annar sendiráðsstarfsmaður, Friðrik Jónsson, hefur einnig unnið að tengslum milli íslenskra fyrirtækja og atvinnulífsins hér í Danmörku.“

Meiri kraftur og hraði í íslenskum viðskiptum En hvaða mun telur Þorsteinn vera á íslenskum viðskiptaháttum og dönskum? „Ég held að í grófum dráttum sé enginn stórmunur á dönskum og íslenskum viðskiptaháttum nema að því leyti að mér finnst vera meiri hraði og kraftur í ákvarðanatöku innan íslenskra fyrirtækja. Ég tel að þetta helgist af ýmsu, til dæmis smæð okkar samfélags sem gerir það af verkum að það er auðveldara um vik en í stærri samfélögum. Sjálfsgagt hefur líka einhver áhrif á vinnulag okkar að við erum alin upp í nábyli við harða náttúru. Þá er kannski meiri kerfis-hugsunarháttur hér en við erum vön. Við búum að öðru leyti við mjög svipað viðskiptaumhverfi og leikreglur og að því leyti er gott fyrir íslensk fyrirtæki að koma inn norrænan markað að hann er um svo

margt líkur því sem við eigum að venjast á Íslandi.“

Framtíðin óráðin En hvernig telur Þorsteinn Íslendingum í Danmörku reiða af? Er til dæmis erfitt fyrir Íslendinga að fá atvinnu? „Flestir sem hér búa láta vel af því og ég tel að almennt eigi fólk tiltölulega gott með að fá atvinnu ef það sækist eftir því og að laga sig að því umhverfi sem hér er. Hér er efnahagslífið að batna sem og atvinnuástandið almennt og ég tel að ef fram heldur sem horfir þá megji segja að það sé bjart framundan. Danir virðast ekki þurfa að hafa stórar áhyggjur af framtíðinni. Það er hér eins og víðar að framleiðslustörfum fækkar á meðan störfum, sem krefjast þekkingar, fjölgar og það hefur auðvitað áhrif þegar þjóðir þurfa að aðlagast breyttum atvinnuháttum.“

Þorsteinn kveðst hafa starfað sem sendiherra í Danmörku í tvö ár og líkað ákaflega vel. „Í samanburði við London er Kaupmannahöfn mjög vinaleg borg og hér finnst mér um margt þægilegra að búa. Dönsk menning er líka nær okkar hugsunarhætti. Hins vegar er London afskaplega spennandi og áhrifarík borg og bresk pólitík finnst mér mjög áhugaverð.“

Inntur eftir því hvort hann sé á heimleið nú þegar kona hans, Ingi-björg Þ. Rafnar, hefur tekið við stöðu umboðsmanns barna á Íslandi, segir Þorsteinn framtíðina óráðna. „Það kemur auðvitað að því að maður heldur heim,“ segir hann sposkur á svip. 



„Umfjöllunin um kaupin á Magasin du Nord hefur að miklu leyti verið svo neikvæð vegna þess að Baugur hefur verið miðpunktur í erfiðri umræðu á Íslandi.“

Launaseðillinn kominn!



Einfaldaðu meðferð launa í þínu fyrirtæki

Þráttan hátt er launaseðla eykur þægindi og öryggi, bæði fyrir fyrirtæki og starfsmenn. Fyrirtækið sendir upplýsingar úr bókhaldkerfi sínu til launadæmisins sem birtur starfsmanninum launaseðil í netbankanum hans.

- **Aukin öryggi**

Aðrir vefir eru alltaf starfsmanninum þeirri aðgang að upplýsingum, launaseðil er ora viki þvertáttir út og þú engin hættu á að sért heimstýrt þú.

- **Þessi yllir**

Starfsmanninum hefur alltaf launaseðla sína á völlum og allgöngu egna síðu. Hættur stjórna og framfarir fyrirtæki hafa þetta þegar tekið upp netbanka launaseðla í samvinnu við launadæmisins.

- **Umhverfislega sparsáttur**

Sparsáttur, samleg og völlum viki þvertáttir og dregillu.

Hafðu samband við þína fyrirtækiþjónu þú hefur hjá launadæmisins, hringdu í síma 440 4000 eða sendu tölvupóst til netlaunaseðlar@tbl.is.





Katrín S. Óladóttir,
frankvæmdastjóri Hagvangs.



Guðný Harðardóttir,
frankvæmdastjóri STRÁ MRI.



Einar Skúlason,
frankvæmdastjóri Alþjóðahúss.

Hvernig gengur vel menntuðum útlendingum að fá vinnu?

Er vinnumarkaðurinn tilbúinn fyrir innflytjendur? Hverjar eru horfurnar á íslenskum vinnumarkaði fyrir hámenntaða útlendinga?

TEXTI: **HELGA DÍS SIGURÐARDÓTTIR**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Katrín S. Óladóttir, frankvæmdastjóri Hagvangs, og Guðný Harðardóttir, frankvæmdastjóri STRÁ MRI, eru báðar sammála um að almenna reglan sé sú að erfitt sé fyrir hámenntaða innflytjendur að fá vinnu við sitt hæfi hérlendis. Mikil áhersla sé lögð á góða íslenskukunnáttu í íslensku atvinnulífi og hún geti reynst útlendingunum fjötur um fót.

„Útlendingum gengur alla jafna ekki vel að fóta sig á íslenskum vinnumarkaði,“ segir Katrín. „Þetta á sérstaklega við um þá sem eru að leita fyrir sér á einhverju ákveðnu sviði, svo sem stjórnunar- eða sérfræðisviði, nema að þeir fari inn í mjög faglegt umhverfi.“

Afgreiða bensín Guðný tekur í sama streng og segir þess dæmi að hámenntaðir innflytjendur hafi farið að afgreiða á veitingastöðum og jafnvel verið tilbúnir til að ganga í hvaða störf sem er þar sem þeir hafi ekki fengið starf í samræmi við sína menntun. „Við höfum verið með viðskiptafræðinga og lögfræðinga á skrá og svo mætti lengi telja. Þetta fólk fær ekki störf við hæfi.“ Hún segist ævinlega hvetja alla til þess að læra íslensku og bendir enn fremur á að ekki tali endilega allir íslenskir vinnuveitendur ensku eða önnur erlend tungumál.

Einar Skúlason, frankvæmdastjóri Alþjóðahúss, telur að áhersla á íslenskukunnáttu útlendinga fari að einhverju leyti eftir atvinnugreinum. „Tilfinning mín er að aðgengi útlendinga að íslenskum vinnumarkaði sé að batna og þá kannski sérstaklega sérfræðinga og annarra sem eru með mikla menntun. Mér finnst tungumálakunnáttu vera það sem skiptir hvað mestu máli í þessu samhengi en í tilfellum ófaglærðra skiptir tungumálið oft minna máli.“

Íslendingar í svipuðum málum erlendis Einar segist þekkja dæmi þess að hámenntað fólk þurfi að flytjast úr landi af því að hér sé ekki markaður fyrir það og bendir á að Íslendingar lendi einnig í erfiðleikum við að fá störf við hæfi erlendis. „Maður heyrir um Íslendinga erlendis sem eru kannski hámenntaðir en eiga erfitt með að finna starf við hæfi. Þetta getur oft valdið mikilli togstreitu innan fjölskyldna um það hvor makinn eigi að hafa forgang. Stundum sér maður fjölskyldur flytja fram og til baka á milli landa.“


Guðný tekur undir þetta og segir erfiðleika útlendinga á íslenskum vinnumarkaði í raun speglun á aðstæðum sem Íslendingar lenda í erlendis. „Í Evrópu eru til dæmis yfirleitt ráðnir í sölu- og markaðsstörf þeir sem tala móðurmál viðkomandi lands. Það sama á við hér.“ Katrín leggur áherslu á félagslegt mikilvægi þess að finna

Innflytjendum hefur fjölgað verulega á íslenskum vinnumarkaði. Árið 1997 voru þeir 1,8% af íslensku vinnuafli en árið 2002 voru þeir orðnir 3,9%.

starf við hæfi. „Það er staðreynd að það er erfiðara að aðlaga sig að samfélaginu ef maður getur ekki verið þátttakandi að öllu leyti.“

Kunningjaþjófúfélagið á Íslandi En er til í dæminu að kunningsskapur og skyldleiki ráði enn úrslitum á íslenskum vinnumarkaði? Guðný telur það af og frá. „Menn leita til ráðningaþjónustu einmitt til að forðast persónuleg tengsl. Tengslamyndun á sér auðvitað alltaf stað einhvers staðar, en hún hefur minnkað til muna á undanförmum árum. Ég held að það sé undantekning í dag að fólk sé ráðið í störf vegna kunningsskapa.“

Einar hefur hins vegar aðra sögu að segja. „Ég held að á Íslandi sé kunningjaþjófúfélagið ennþá svolítið ríkjandi. Persónuleg tengsl og orðspor virðast skipta máli. Íslendingar kunna því til dæmis vel að geta hringt til einhvers sem þeir þekkja til að fá meðmæli.“ Hann segist muna eftir tilfellum þar sem erlendum ríkisborgurum hafi ekki fundist þeir hafa fengið verðskuldað tækifæri til að sanna sig. „En ég held að ástandið sé að batna og aukin útrás íslenskra fyrirtækja hefur sitt að segja. Ég held því að atvinnulífið sé að breytast mjög mikið og verða fjölmenningarlegra.“

Sérhæfðu störfin frátekin fyrir Íslendinga? Í janúar kom út skýrsla sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann um viðhorf og aðstæður innflytjenda á Austurlandi og Vestfjörðum. Einn kafli er tileinkaður atvinnuálag og þar kemur meðal annars fram að af þeim 50% svarenda sem vinna ósérhæfð störf á Íslandi unnu einungis 8% ósérhæfð störf í heimalandi sínu. Af þeim sem störfuðu sem sérfræðingar í heimalandi sínu vinnur fjórði hver ósérhæft starf hér á landi, einungis 1% af þeim 13% svarenda sem vann sérhæfð störf eða tæknistörf í heimalandi sínu er í sambærilegu starfi hér og aðeins annar hver stjórnandi fær stjórnunarstarf á Íslandi, svo dæmi séu tekin. Þó að könnunin nái aðeins til afmarkaðra svæða virðist hún benda til þess að innflytjendur vinni fyrst og fremst ósérhæfð störf hér á landi. 

Ádne Skjelstad, 26 ára Norðmaður:


EFTIR NÍU MÁNUÐI HLJÓP LOKSINS Á SNÆRIÐ

Ádne Skjelstad er 26 ára gamall Norðmaður með mastersgráðu í viðskiptatengdri iðnaðarverkfræði, nánar tiltekið Industrial Economics and Technology Management, eins og það heitir á ensku. Hann hefur búið hér á landi frá því í maí í fyrra og hefur sótt um hátt í 50 störf. Hann fékk yfirleitt jákvæð viðbrögð – en því miður enga vinnu. Það var svo fyrir nokkrum dögum að leit hans bar loks árangur. Hann fékk vinnu í Íslandsbanka.

„Ég gerði svo til allt sem mér datt í hug,“ segir Ádne. „Ég sótti um auglýst störf, skráði mig hjá ráðningarskrifstofum, hafði samband beint við fyrirtæki og einnig reyndi ég að spyrjast fyrir í gegnum vini og vanda menn þar sem því var við komið. Viðbrögðin voru iðulega mjög góð, fólk var bæði áhugasamt og jákvætt í minn garð – en vinnuna vantaði. Loksins hljóp svo á snærið hjá mér fyrir nokkrum dögum þegar ég fékk vinnu í Íslandsbanka. Þá var ég raunar orðinn úrkula vonar.“


Ádne telur sennilegt að það hafi lengst af sett strik í reikninginn að menntun hans sé ekki þekkt á íslenskum vinnumarkaði. „Menntun mín spannar mjög breitt svið og fólk með þessa menntun er eftirsótt í mörgum ólíkum starfsgreinum erlendis. Þrátt fyrir það virðist svo vera sem hér falli hún mitt á milli tveggja sviða og þyki hvorki fullnægjandi fyrir verkfræðitengd störf né viðskipti. Tilgangurinn með því að blanda þessu saman er hins vegar einmitt að skapa tengsl á milli þessara ólíku greina. Maður með þessa menntun skilur hvernig verkfræðingur hugsar, en hann skilur einnig hvernig viðskiptafræðingur hugsar.“

Ádne nam íslensku í sumarskóla Námsflokka Reykjavíkur og hefur náð ágætum tókum á málinu. „Til að byrja með óttaðist ég að tungumálið yrði mér fjötur um fót. En hvert sem ég fer keppist fólk við að fullvissa mig um að það sé í raun alger óþarfi að tala íslensku og að enska sé fullkomlega gjaldgengt samskiptamál á vinnumarkaðnum.“ Ádne finnst þó sjálfum mikilvægt að læra málið betur til að komast almennilega inn í samfélagið og segir Íslendinga gleðjast yfir því þegar útlendingar spreytta sig á málinu.

Ádne fluttist til Íslands daginn eftir að hann útskrifaðist og hér kann hann afar vel við sig. Hann er í sambúð með íslenski konu og á með henni litla dóttur. Hann segir það skipta sig miklu máli að hafa fengið hér vinnu því hér vilji hann búa og ala dóttur sína upp. „Það er hins vegar slæmt ef það líður of langur tími frá útskrift þar til fólk fær sitt fyrsta starf. Ég var búinn að sækja um á yfir 50 stöðum frá því í maí í fyrra áður en ég fékk starfið hjá Íslandsbanka. Ég var að verða úrkula vonar um að fá hér starf og var farinn að íhuga það alvarlega að sækja um í Noregi. En ég hefði aldrei litið öðru vísi á það en sem tímabundna lausn og leið til að afla mér starfsreynslu áður en ég reyndi aftur fyrir mér á íslenskum vinnumarkaði. Hér vilja búa með íslenski konu minni og dóttur.“ 

Ádne Skjelstad, vel menntaður 26 ára Norðmaður. Eftir að hafa árangurslaust leitað að vinnu í níu mánuði hljóp loksins á snærið hjá honum fyrir nokkrum dögum.






Einar Þorkelsson.



Jón Sigurðsson.



Friðjón Sigurðsson.



Friðrik Ólafsson.



Helgi Bernódusson, hinn nýi skrifstofustjóri Alþingis, er Vestmannaeyingur að uppruna og hefur starfað á Alþingi í yfir tuttugu ár.

HELGI ER TEKINN VIÐ

Alþingi Íslendinga er fjölmennur vinnustaður. Þar starfa um 110 manns – auk alþingismanna. Tekjur Alþingis á þessu ári verða um 1,8 milljarðar kr. Það eru svipaðar tekjur og hjá 103. stærsta fyrirtækis Íslendinga.

TEXTI: ÓLI JÓN JÓNSSON
MYNDIR: GEIR ÓLAFSSON O.FL.

Skrifstofustjórar Alþingis

Einar Þorkelsson 1914-1921,

Jón Sigurðsson frá

Kaldaðarnesi 1921-1956,

Friðjón Sigurðsson 1956-1984,

Friðrik Ólafsson 1984-2005,

Helgi Bernódusson 2005-



Helgi Bernódusson tók nýlega við starfi skrifstofustjóra Alþingis af Friðriki Ólafssyni. Skrifstofustjóri Alþingis er eins konar framkvæmdastjóri stofnunarinnar og starfar í umboði forseta þingsins. Helgi hefur starfað hjá Alþingi samfleytt 22 ár í fullu starfi en hafði áður unnið þar með námi í 5 ár. Hann ætti því að vera orðinn nokkuð vel hnútum kunnugur á vinnustaðnum.

Starf skrifstofustjóra Alþingis má rekja allt aftur til ársins 1593,“ segir Helgi og vísar til þess að þá var embætti „alþingisritara“ fyrst stofnað. „Við endurreisn þingsins árið 1845 voru ráðnir sérstakir „skrifarar“ fyrir forseta og árið 1875, þegar þingið fékk löggjafarvald að nýju, var titlinum breytt í „skrifstofustjóra“ og hann ráðinn tíma-bundið meðan þing stóð. Árið 1915 var embættið gert að fullu starfi og síðan hafa aðeins fimm menn gegnt því.

Fyrstur þeirra var Einar Þorkelsson sem var skrifstofustjóri til ársins 1921 þegar Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi tók við. Hann gegndi starfinu allt til ársins 1956 en þá var Friðjón Sigurðsson ráðinn. Friðrik Ólafsson tók síðan við af Friðjóni árið 1984 og lét af því fyrir

aldurs sakir nú í ár. Þessir menn gegndu starfinu lengi, sem að mörgu leyti er kostur því með því skapast nauðsynleg samfella í starfseminni. Veturinn 1993-94 var Ólafur Ólafsson skrifstofustjóri í forföllum Friðriks en Ólafur starfaði á skrifstofunni í um 40 ár,“ segir Helgi.

Miklar breytingar undanfarin ár Helgi Bernódusson er fæddur í Vestmannaeyjum árið 1949 og ólst þar upp í stórum systkinahópi. Foreldrar hans voru þau Aðalbjörg Bergmundsdóttir verkakona og Bernódus Þorkelsson skipstjóri. Að loknu gagnfræðaprófi fór Helgi einn vetur á lýðháskóla í Danmörku en settist síðan í Kennaraskólann og lauk þaðan kennara- og stúdentsprófi. Að loknu BA-prófi og kandídatnámi í íslensku og málvísindum, og vetrardvöl við nám í Bandaríkjunum, var Helgi um skeið bókavörður í Vestmannaeyjum. Meðfram háskólanámi starfaði hann við prófarkalestur og fleiri störf hjá Alþingi og 1983 sótti hann um starf deildarstjóra á skrifstofu þingsins og fékk það. Síðastliðinn rúman áratug hefur Helgi verið aðstoðarskrifstofustjóri, eða þar til hann tók við embætti skrifstofustjóra 20. janúar sl.

Starfsemi Alþingis hefur breyst mikið á undanförunum árum og áratugum í takt við breytingar í samfélaginu almennt. „Starfsemin er öll orðin markvissari, margþættari og víðameiri nú en áður. Þörfin fyrir sérfræðipækkingu hefur aukist og alþjóðlegt samstarf hefur margfaldast að umfangi. Þessi þróun hefur líka orðið alls staðar í nágrennalöndum okkar og skrifstofur þinganna þar eflst og vaxið. Vöxturinn hér er þó ekki eins mikill og víða annars staðar í stofnunum ríkisins. Árið 1956 voru hér t.d. 56 menn á launaskrá en nú tæpri hálfri öld síðar hefur sú tala um það bil tvöfaldast. Það er nú satt að segja ekki mikil úþensla miðað við margar aðrar opinberar stofnanir á sama tíma,“ segir Helgi.

Snúid að koma saman dagskrá Samkvæmt þingskapalögum hefur skrifstofustjóri Alþingis það hlutverk að stýra „skrifstofu Alþingis og framkvæmdum á vegum þingsins, hefur umsjón með fjárreiðum þess og eignum í umboði forseta. Skrifstofustjóri situr fundi forsætisnefndar og er forseta og nefndinni til aðstoðar í öllu er varðar stjórn þingsins.“

Helgi segir að ríkur þáttur í starfi skrifstofustjóra sé að skipuleggja þingstarfið, m.a. að móta dagskrá þingfunda. „Það getur verið mjög snúid að koma saman dagskránni því við þurfum að hafa hliðsjón af mörgum hlutum. Þetta er gjarnan mikið púsluspil. Við þurfum að taka tillit til anna ráðherra og ýmissa starfa þingmanna sem hafa sannarlega margt fleira á sinni könnu en sitja í þingsalnum. Eins og ég sagði er alþjóðlegt samstarf tímafrekt, bæði hjá ráðherrum og þingmönnum, með tilheyrandi utanförum í því sambandi En við leggjum áherslu á að dagskráin sé gerð í góðu samkomulagi við bæði stjórnarmeirihluta og stjórnarandstöðu. Við gerum starfsáætlun fyrir allan þingveturinn og svo bæði vikuaætlanir og dagskrár fyrir hvern dag á þeim grundvelli. Forsætisnefnd afgreiðir á vikulegum fundum drög að dagskrám vikunnar sem síðan er rædd á fundi þingforseta með formönnum þingflokka. Á þessum fundum hafa þingflokkarnir tækifæri til að koma óskum sínum á framfæri sem forseti reynir að koma til móts við eftir því sem frekast er unnt. Ég hef í starfi mínu sem aðstoðarskrifstofustjóri tekið mjög virkan þátt í að móta dagskrána og hef hugsað mér að reyna að sinna því eins og ég get áfram. Hins vegar er það nú einkum í verkahring forstöðumanns þingfundasviðs, Vigdísar Jónsdóttur, að halda utan um þetta starf.“

107 stöðugildi Alls starfa nú um 110 manns í 107 stöðugildum á skrifstofu Alþingis. Þar að auki eru um 10 manns við ræstingu. Rekstrarkostnaður Alþingis nam alls um 1.539 milljónum króna á síðasta ári, og auk þess var um 200 milljónum króna varið til viðhalds húsa og í endurnýjun tækja. Af þessu fara 657 milljónir í rekstur sjálfrar skrifstofunnar. Starfsemi hennar greinist í fimm svið. Þingfundasvið sér um skipulagningu og umsjón með fundum þingsins og útgáfu Alþingistíðinda, nefndasvið annast aðstoð við þingnefndir og gerð þingmála, alþjóðasvið veitir aðstoð í tengslum

„Starf skrifstofustjóra Alþingis má rekja allt aftur til ársins 1593,“ segir Helgi og vísar til þess að þá var embætti „alþingisritara“ fyrst stofnað.

við alþjóðlegt samstarf þingsins, upplýsinga- og tæknisvið annast tölvumál, almannatengsl og upplýsingaþjónustu fyrir þingmenn og hefur umsjón með bókasafni Alþingis, og þjónustusvið sér um sínavörslu, þingvörslu, eldhús og almenna skrifstofuþjónustu fyrir þingmenn, t.d. eru ritarar á hverri hæð þar sem þingmenn hafa skrifstofur. Að auki heyrir undir skrifstofustjóra almenn skrifstofa sem sinnir fyrst og fremst þjónustu við þingforseta, og rekstrar-

skrifstofa, sem annast fjármál og umsýslu fasteigna, heyrir undir fjármála- og rekstrarstjóra. Starfsemin teygir sig bæði út á land og út fyrir landsteinana. Á Ólafsfirði vinna þrír starfsmenn á vegum þingsins við að skanna inn eldri árganga af Alþingistíðindum, einn maður er í hlutastarfi á Hvammstanga við að skrá inn efnisyfirlit eldri Alþingistíðinda, tveir starfsmenn vinna hér í bænum við fjarvinnslu á ræðuritun og einn starfsmaður er í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, sem er eign Alþingis. Starfsemi Alþingis er líka plássfrek, enda hefur stofnunin nú stóran hluta þeirra bygginga sem standa andspænis Alþingishúsinu við Austurvöll til umráða og fleiri hús. Ýmist er þetta eigið húsnæði eða húsnæði sem stofnunin leigir af öðrum. Gert er ráð fyrir að rekstur fasteigna Alþingis kosti um 155 milljónir á þessu ári.

Tölvuvæðingin síðustu áratugi hefur haft mikil áhrif á starfsemi þingsins. „Við höfum reynt að fylgja þróun upplýsingatækninnar vel eftir og höfum í raun verið í fremstu röð meðal þinga í þessum efnunum. T.d. var Alþingi eitt fyrsta þingið í heiminum sem tók upp beinar útsendingar af þingfundum á vefnum. Þær hófust árið 1998 en segja má að tölvuvæðing Alþingis hafi farið af stað árið 1984. Þá voru keyptar hingað tvær litlar Apple-tölvur í tilraunarskýni. Ég man að Eiður Guðnason sendiherra, sem þá var þingmaður Alþýðuflokksins, fékk aðra þeirra til afnota en þingfundasviðið fékk hina. Síðan hefur þróunin orðið hröð. T.d. var byrjað var að slá ræðurnar inn á tölvur ári síðar.“

Mikilvægt að eiga trúnað þingmanna Helgi segir mikilvægt að skrifstofustjóri njóti trausts bæði meirihlutans og minnihlutans á þinginu. „Það er mjög mikilvægt að skrifstofustjóri sé ópólitískur og að allir flokkar geti treyst því að hann sé óvilhallur í störfum sínum. Enginn skrifstofustjóri hefur mér vitanlega verið vændur um það að draga taum einhvers stjórnmalaflokks í starfi sínu. Hins vegar störfum við auðvitað í umboði forseta Alþingis og það er hann sem leiðir starfið. Og á bak við hann stendur meirihlutinn. Þetta liggur í hlutarins eðli. En við reynum að eiga eins gott trúnaðarsamband við minnihlutann og nokkur kostur er og samstarfið hefur að mínu mati gengið mjög vel.“

Stór hluti tíma míns fer í að ræða við þingmenn, bæði um dagskrána og almennt um stöðu mála. Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur, sem erum að undirbúa þinghaldið, að við höfum fingurinn á púlsinum, ef svo má segja. Við þurfum að vita hvað þingmenn og þingflokkarnir hafa á þróuninum, hvaða mál eru í undirbúningi

o.s.frv. Þetta þýðir að stundum fáum við fyrirfram vitneskju um ýmis pólitísk útspil. Það gefur augaleið að í þessu sambandi skiptir miklu máli að við höldum trúnað við alla. Það má því segja að þetta geti stundum verið heilmikill línudans.“

Aðstoðarmenn fyrir stjórnarandstöðuna

Til tals hefur komið að þingmenn fái að ráða sér aðstoðarmenn eins og víða tíðkast erlendis og væru launaðir af Alþingi. Helgi bendir á að það sé mjög erilsamt starf að vera þingmaður því að til viðbótar við vinnu í þinginu leggi þingmenn sig fram um að sinna kjördæmum sínum og kjósendum. Við gerðum einu sinni könnun á vinnutíma þingmanna og það var ótrúlegt að sjá hvað starf þeirra getur verið tímafrekt, ekki síst um helgar þegar aðrir landsmenn slaka á. „Ég hef ekki skoðun á því hvort feta eigi þessa braut með aðstoðarmenn eins og annars staðar en get þó ekki leynt því að mikilvægast er að leiðtogar stjórnarandstöðunnar, formenn stjórnarandstöðuflokkanna, fái meiri stuðning en þeir hafa nú í öllum sínum önnum. Það myndi jafna betur stöðu þeirra og ráðherra sem hafa ráðuneytin sér til fulltingis. Að mínu mati er þörfin brýnust þar.“

Þegar Alþingi var gert að einni málstofu árið 1991 var tekin upp sú nýbreytni að forseti fékk aðstoðarmann við fundarstjórn í þingsal. Aðstoðarmaðurinn situr við hlið forseta í þingsalnum eins og allir vita sem hafa fylgst með sjónvarpsútsendingum frá þingfundum. Nokkrir starfsmenn þingsins skipta með sér þessum starfa og segist Helgi stundum vera spurður að því hvað hann hafi fyrir stafni á þingfundum. „Sannleikurinn er sá að þó maður fari stundum með einhverja pappúra inn í þingsalinn til að líta í, þá er erillinn slíkur að yfirleitt gefst lítið tóm til að sökkva sér ofan í þá. Það getur nefnilega verið býsna snúid verkefni að láta þinghaldið ganga snurðulaust fyrir sig og við þurfum oft að hafa okkur öll við til að það gerist.

„Við endurreisn þingsins árið 1845 voru ráðnir sérstakir „skrifarar“ fyrir forseta og árið 1875, þegar þingið fékk löggjafarvald að nýju, var titlinum breytt í „skrifstofustjóra“.

Við færum oftast mælendaskrá og þurfum að svara alls konar spurningum þingmanna um ýmis praktísk atriði, hvenær mál þeirra komist á dagskrá eða til umræðu, hvað umræður verði langar o.s.frv. Svo er mikilvægt að hlusta á ræðumenn, það getur verið gagnlegt til að undirbúa síðar atkvæðagreiðslur um mál, og ekki má gleyma því að þingmenn þurfa að gæta þingskapa í máli sínu, sýna öðrum þingmönnum tilhlýðilega virðingu. Við starfsmenn, sem sitjum inni í þingsal, eigum líka að heita sérfræðingar í þingsköpum og starfsháttum

þingsins. Þær reglur sem byggt er á eru ekki allar skráðar í þingsköpum heldur skipta þingvenjur og hefðir líka máli. Þetta þekkjum við allvel. Og allt getur þetta verið flókið og sjálfsgagt mjög framandi fyrir nýja þingmenn, að ég ekki tali um allan almenning sem fylgist með störfum Alþingis.“

Framkvæmdum í Alþingishúsinu lokið á árinu Fjárheimild Alþingis á fjárlögum 2005 nemur alls 1.809 milljónum króna og er það nokkru hærri heimild en á síðasta ári. Ástæðuna segir Helgi vera þá að á þessu ári sé stefnt að því að ljúka framkvæmdum að mestu innan dyra í Alþingishúsinu, auk þess sem bæði þing Norðurlandaráðs og fundur stjórnarnefndar NATO verða haldin hérlendis á árinu.

Á síðustu árum hafa verið miklar framkvæmdir á vegum Alþingis. Haustið 2000 var tekin í gagnid ný bygging við Austurvöll þar sem nefndir þingsins hafa aðstöðu og árið 2002 var lokið við byggingu Alþingisskálans sem hýsir mótuneyti og ýmsa sameiginlega aðstöðu, svo sem gæslu við inngang, póst og fleira fyrir þingmenn. Í sumar var lokið við stóran áfanga í miklum og tímabærum endurbótum í þinghúsinu sjálfu en að sögn Helga er enn eftir að ganga frá ýmsu þar innandyra, auk utanhússviðhalds sem talsvert er enn eftir af. „Þetta eru viðfangsefni framundan í verklegum framkvæmdum — fyrir utan öll hin,“ segir Helgi. 📄

Hugsaðu hátt!

Í Hlíðarfjalli er fullkomin aðstaða fyrir 25-40 manna fundi. Allur bímalur á staðnum. Sve gæta fundarmenn skammt sér á síðni. Allur bímalur á staðnum. Fjallalöftið skapar hugsun og lítur kund. Hugsaðu hátt!

Upplýsingar í síma 462 2280. Síðafísi: 461 2030.
Netfang: hlíðarfjall@hlíðarfjall.is Vefsíða: www.hlíðarfjall.is



Séð yfir afgreiðslusal útibús SPV í Síðumúla.

SPV VIÐ SÍÐUMÚLA 1

Styrkur okkar liggur í þjónustu sem hentar hverjum og einum

SPV er fjármálastofnun þar sem hagsmunir viðskiptavinarins eru ávallt í fyrirrúmi. SPV veitir alhliða fjármálaþjónustu, hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, þjónustu sem leitast er við að sníða að mismunandi aðstæðum og þörfum viðskiptavina. Grundvallarþættir í starfsemi Sparisjóðsins eru hagsmunir viðskiptavinarins, sveigjanleiki og öryggi. SPV hefur ævinlega verið í fararbroddi íslenskra fjármálastofnana að tileinka sér kosti nútímataekni og tölvuvæðingar og um leið lagt áherslu á að efla persónulega þjónustu og opna viðskiptavinum greiðar leiðir að starfsfólki sem ávallt er boðið og búið að veita þeim aðstoð og ráðgjöf.

Aðalstöðvar SPV eru í Borgartúni 18. Tvö útibú eru í Reykjavík, annað er í Hraunbæ 119 og hitt er í Síðumúla 1 og lá leið okkar þangað þar sem við hittum fyrir Svan Gunnar Guðlaugsson þjónustustjóra, sem sagði í stuttu spjalli að ánægjulegt væri hversu margir í hverfinu nýti sér þjónustu útibúsins: „Í dag má segja að við séum miðsvæðis í Reykjavík, í hverfi þar sem mörg fyrirtæki starfa. Til okkar leita bæði fyrirtæki og einstaklingar sem starfa innan þeirra. Við höfum verið að styrkja þjónustu okkar með tilliti til umhverfis okkar og meðal annars fjölgað fyrirtækjaráðgjöfum og erum þar með að leggja aukna áherslu á fyrirtækin. Svo finnst fólki, sem vinnur innan þessara fyrirtækja,

gott að hafa bankann nálægt sér og beinir því viðskiptum sínum til okkar.“


Nær tuttugu ár í Síðumúlanum SPV hefur rekið útbú í Síðumúlanum í tæp tuttugu ár þannig að mikil reynsla af að þjóna fyrirtækjum og einstaklingum á þessu svæði er fyrir hendi í Sparisjóðnum: „Það starfa tíu manns í útibúinu og við reynum okkar besta til að bjóða persónulega þjónustu og leggjum okkur fram um að rækta og efla samskipti við viðskiptavinum okkar og veita þeim sérsníðna þjónustu sem hentar hverjum og einum og við endurskoðum starfið reglulega með tilliti til þarfa viðskiptavina okkar. Ég tel að ánægjuvogin svokallaða, sem sýnir að ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja hér á landi eru hjá Sparisjóðnum, sé þessum áherslum okkar að þakka ásamt faglegri ráðgjöf. Þjónustufulltrúar okkar hafa það að meginmarkmiði að setja sig í spor viðskiptavinnanna í þeim tilgangi að veita þeim nákvæmlega þá þjónustu sem komi þeim best,“

Góð sóknarfæri Svan segist sjá góð sóknarfæri: „Það vill svo til að búið er að loka einum helsta keppinaut okkar í hverfinu, Múlaútbú Landsbankans. Við erum vissir um að margir viðskiptavina



Starfsfólk SPV Síðumúla 1. Efri röð, talið frá vinstri: Ásdís Íreina Sigurðardóttir, Jóhanna Kjartansdóttir, Brynja Jónsdóttir, Sveinn Reynisson, Auður Arna Eiríksdóttir, Ásta Jósepsdóttir. Neðri röð, talið frá vinstri: Elísabet Tómasdóttir, Sigríður Héðinsdóttir og Svan Gunnar Guðlaugsson. Á myndina vantar Sigurbjörgu Eiríksdóttur.

Múlaútibúsins vilja vera áfram í hverfinu og það gefur okkur enn meiri möguleika á að efla okkar starf og fjölga viðskiptavinum. Það er eins og gefur að skilja mikil samkeppni milli bankanna og við teljum okkur koma sterkt inn í þá samkeppni þar sem þjónusta og persónuleg ráðgjöf er farin að skipta mun meira máli en áður og þar liggur einn okkar helsti styrkleiki. Það vantar ekki að alls konar gylliboð frá bönkum koma inn á borð hjá fyrirtækjum hér í hverfinu, en ég er á því að ekki snúist allt um kjörin í dag. Þjónustan skiptir ekki minna máli og ef viðskiptavinurinn er ánægður með þjónustuna í bankanum sínum og hann fær það sem hann vill þá hafa gylliboð lítil áhrif á hann.“

Markaðssetning framundan SPV í Síðumúlanum er að fara í gang með markaðssetningu í hverfinu: „Það má geta þess að við munum bjóða íbúum hverfisins og starfsmönnum í fyrirtækjum hér í kring í heimsókn til okkar fljótlega, þar sem við munum kynna starfsemi okkar. Hugmyndin hjá okkur er að ná inn fleiri fyrirtækjum og einstaklingum. Við teljum okkur hafa vissan meðbyr í hverfinu sem sjálfsagt er að nýta. Í framhaldi munum við nálgast fyrirtækin og einstaklinga á annan hátt, meðal annars með póstsendingum. Ýmislegt annað er í bígerð hjá okkur sem snýst um að styrkja útibúið sem mest í þeirri samkeppni sem við búum við og við lítum björtum augum til framtíðarinnar.“ 



**Borgartúni 18, 105 Rvk
Hraunbæ 119, 110 Rvk
Síðumúla 1, 108 Rvk
Aðalsími 575 4000
Þjónustuver 575 4100
Netfang: spv@spv.is**



HARKAN SEXTÍU OG SEX

Sigurjón Sighvatsson hefur stöðugt verið að auka umsvif sín hérlendis á undanförunum árum, nú síðast með kaupum á 66°Norður.

Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi hóf nýtt ár með miklu trukki. Í fyrstu vikunni keypti hann Sjóklæðagerðina, 66°Norður, og hyggur á metnaðarfulla sókn erlendis með merkið. Nokkrum dögum síðar stofnaði hann nýja sjónvarpsstöð, BIG TV.

TEXTI: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Pað verður seint sagt um Sigurjón Sighvatsson að hann sé með fá járn í eldinum. Hann kemur víða víð. Hann er kvikmyndaframleiðandi með brennandi áhuga á viðskiptum. Þessi þekkti Íslendingur, sem búið hefur í Kaliforníu í Bandaríkjunum sl. 25 ár, hóf nýtt ár með miklu trukki; hann keypti 66°Norður í fyrstu viku ársins og nokkrum dögum síðar stofnaði hann nýja sjónvarpsstöð, BIG TV, sem mun sérhæfa sig í sjónvarpsefni fyrir aldurshópið 12 til 25 og senda út efni á Norðurlöndunum.

Sigurjón hefur ráðið Marínó Guðmundsson sem forstjóra 66°Norður og er honum ætlað að stýra útrás fyrirtækisins. Marínó var áður framkvæmdastjóri fjármálasviðs Norðurljósa og Íslenska útvarpsfélagsins.

66°Norður mun ekki síður einbeita sér að Íslandi þar sem atvinnugeirinn hefur verið nokkuð vanræktur, og nú þegar hefur m.a. verið gengið frá samningum við Íslenska aðalverktaka, Ístak, Keflavíkurverktaka og Eykt og endurnýjaður samningur við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og verður þegar hafist handa við að vinna þann

fatnað sem fer til þessara fyrirtækja. Sigurjón segir framleiðsluna hágæðavöru og stefnt sé að nýjum mörkuðum, s.s. í Frakklandi, Bretlandi, Þýskalandi, Sviss, Austurríki og Ítalíu.

Vörur 66°Norður er framleiddar í borginni Saldus í Lettlandi þar sem starfa um 150 manns, en vinnulaun í Lettlandi eru um 10 sinnum lægri en hérlendis. Þessa dagana er verið að taka í notkun nýja verksmiðju í Aizpute í Lettlandi og verður framleiðslan aukin umtalsvert, enda hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn. Til greina kemur að fara einnig með framleiðsluna til Austurlanda. Um 70 manns starfar við fyrirtækið á Íslandi.

Umfjöllun í Wall Street Journal

„Við erum að byrja mjög markvisst í Bandaríkjunum og erum nú þegar með 30 verslanir þar. Ég fór nýlega á stærstu útivistarsýningu í Bandaríkjunum sem er í Salt Lake City og þar var okkar vöru tekið mjög vel. Gengi dollarans er hins vegar óþægilega lágt og það setur svolítið strik í reikninginn. En nýverið birtist stór grein um 66°Norður í Wall Street Journal, stærsta dagblaði Ameríku, svo það er ljóst að það er mjög mikill áhugi á vörunni hér í Ameríku þrátt fyrir að þar séu öll stærstu útivistarmerki í heimi eins og „Columbus“ og „The North Face“. Ameríski dreifingaraðilinn segist fá ótrúlega finar undirtektir.

Á Íslandi eru líkar fyrirhugaðar breytingar, m.a. munum við væntanlega færa verslunina í Lækjargötu á annan stað í miðbænum og til stendur að opna verslun í Fríhöfninni á Keflavíkflugvelli. Við rekum nú 5 búðir í Reykjavík, Garðabæ og Akureyri. Við verðum að gæta vel að heimamarkaðnum, enda fer um 85% af framleiðslu okkar á íslenskan markað. Fleira er í skoðun, en fyrirtækið hefur vaxið mjög hratt sem kannski hefur orðið á kostnað ákveðinna grunnþátta, sem er sjó- og vinnufatnaðurinn, sem er þó seldur í 10 löndum.

Við höfum verið með útivistarfatnað á sænska markaðnum í nær 2 ár, og gengið mjög vel, og erum nú að markaðssetja hann í Noregi, Danmörku, Spáni og Hollandi, en auglýsingar í þessum löndum eru mjög dýrar. Við verðum líka að gæta þess í svona útrás að geta framleitt upp í pantanir en þarfurnar eru mjög mismunandi í þessum löndum,” segir Sigurjón Sighvatsson.

Ekki spennandi sjónvarp á Norðurlöndunum Sigurjón hefur ásamt íslenskum fjárfestum tryggt dreifingu á Norðurlöndum á nýri

sjónvarpsstöð sem heitir BIG TV. Stöðin verður ekki í áskrift. Stöðin mun sérhæfa sig í sjónvarpsefni fyrir aldurshópin 12 til 25 ára. Útsendingar hefjast í Finnlandi 1. maí nk. en áformað er að útsendingar nái til um 8 milljóna heimila í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku fyrir lok næsta árs. Svíinn Clas Dahlen hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri. Sigurjón segir engin áform um að senda út á Íslandi, markaðurinn hér sé einfaldlega of lítill og of þétt setinn og bendir hann m.a. á sjónvarpsstöðvarnar Popp tíví og Skjá einn því til sanninda.

„Það er hins vegar ekkert í sjónvarpi á Norðurlöndunum sem verður í samkeppni við BIG TV. Það verður mjög ódýrt að starta þessari stöð, mun kosta um 300 milljónir króna, enda munu þær kapalstöðvar, sem verða með okkur í þessu, leggja töluverða fjármuni í kynningar, hver á sínu svæði. Það er hins vegar nýstárlegt við þessa stöð að vera einnig á internetinu og í útvarpi á sama tíma og í sjónvarpi. BIG TV verður líklega fyrsta sjónvarpsstöðin í Evrópu, líklega heiminum, sem sendir út samtímis í sjónvarpi, interneti og útvarpi. Þetta hefur ekki verið tæknilega eða fjárhagslega mögulegt til þessa.

Aðeins um 50 manns mun starfa fyrir BIG TV í löndunum fjórum. Stöðvarnar verða fullkomlega sjálfvirkar og allt efni, s.s. þættir, kynningar og auglýsingar ásamt tónlistarmyndböndum, verður hýst á tölvustýrðum útsendingarþjónum. Í raun er hægt að hýsa allt efnið og senda út stöðina frá Íslandi.

Ekki er ólíklegt að hluti starfseminnar fari fram á Íslandi.“

Listanámskeið á Eiðum Starfsemi Eiðastóls, menningarsetursins á Eiðum, sem er í eigu Sigurjóns Sighvatssonar, hefur smám saman verið að aukast sl. sumur, og þar m.a. verið efnt til listamannaþings þar sem komið hafa saman innlendir og erlendir listamenn til hugmyndafræðilegrar umræðu um bakland lista, aðferðafræði og það skapandi umhverfi sem þær spretta úr. M.a. hafa leitt saman hesta sína myndlistarmenn og kvikmyndagerðarfólk til að rannsaka þá þætti sem skarast í þessum tveimur listgreinum. Sigurjón telur Eiða vera þann atburðavaka sem þurfi til að kveikja þann neista hjá listafólki sem til þarf.

„Það byrjar heilmikil dagskrá á Eiðum strax í maímánuði og stendur nær óslitið til haustsins. Í framtíðinni er fyrirhugað að lengja þennan tíma umtalsvert. Það er ýmislegt í burðarliðnum sem ég er ekki alveg tilbúinn til að skýra frá nú. Fyrsta langa listnámskeiðið, sem stendur í tvo mánuði, fer í gang á næsta ári og þar verða starfandi listamenn kennarar.

Það þarf ekki að fara í neinar byggingaframkvæmdir eða breytingar á húsnæði til að uppfylla þær kröfur sem ég geri til framtíðar Eiða, en við ætlum engu að síður að gera það. Það er ljóst að margt þarna er komið til ára sinna og þarfnast endurnýjunar og við höfum þegar gengið frá teikningum á framtíðarskipulagi staðarins sem fellur í sér gríðarlega endurnýjun á öllum húsakosti.“

Frekari fjárfestingar hérlandis líklegar „Það má alveg búast við frekari fjárfestingum á Íslandi af minni hálfu enda mikið af spennandi hlutum að gerast í íslensku efnahagslífi og ýmsir útrásarmöguleikar sem öðrum hafa yfirsétt. En sem stendur einbeiti ég mér að uppbyggingu 66°Norður.

Ég er töluvert í byggingaframkvæmdum og fasteignaviðskiptum, en fasteignafyrirtækið er fjölskyldufyrirtæki, en þar starfar m.a. tengdafaðir minn, Þórir Jónsson, og mágur, Birgir Þórisson. Þeir reka fyrirtækið sem gerir mér m.a. kleift að starfa hér í Bandaríkjunum enda nauðsynlegt fyrir mig að hafa traust fólk með mér sem sér um daglegan rekstur og hefur sjálft hagsmuna að gæta.

Hátún 6 B Nú eru að hefjast framkvæmdir við viðbyggingu á Hátúni 6 B sem er í minni eigu, og þar byggðar 20 íbúðir til viðbótar við þær 50 sem fyrir eru auk þess sem húsið verður endurbætt. Það stendur til að byggja ofan á Suðurlandsbraut 8 og 10 sem er í minni eigu og hugmyndir eru uppi um að tengja þær lóðir saman.

Jarðakaup á Íslandi Jarðakaup mín á Íslandi voru frekar tilviljanakennd en verðið á þeim var mjög hagstætt. Síðan hefur verið á jörðum á Íslandi hækkað mjög mikið. Þetta var því góð fjárfesting á sínum tíma. Það eru enn landsvæði á Íslandi sem eru algjörlega óuppgrötuð, og enn tækifæri í þessu landi fegurðarinnar. En það eru engar áætlanir uppi í dag um landakaup af minni hálfu.

Stofnaði Domino's á Íslandi ásamt fleirum Þó ég hafi starfað erlendis um tveggja áratuga skeið hef ég því alltaf verið í viðskiptum á Íslandi og sonur okkar hefur búið á Íslandi sl. 15 ár. Fyrir 12 árum keypti ég hlut í Stöð 2 sem var beintengt mínum kvikmyndaiðnaði hér í Ameríku, stofnaði Domino's á Íslandi með Sigurði Gísla og Jóni Pálmasonum og Skúla Þorvaldssyni, svo ég hef alltaf verið viðloðandi viðskipti á Íslandi, þó það hafi komið í smáhrinum. Allra síðustu ár hef ég eytt meiri tíma á Íslandi, bæði með syni mínum og eins eigum við 10 ára dóttur sem gjarnan vill vera meira á Íslandi.

En Ísland hefur auðvitað gjörbreyst á þeim 25 árum sem ég hef búið í Kaliforníu, ekki síst á sviði viðskipta og lista. Þar vil ég ekki síst nefna útrásina í bankageiranum. Ég er enn mikill Íslendingur í mér, er m.a. ræðismaður Íslendinga hér í Los Angeles.“

Kvikmyndataka á Íslandi Sigurjón er nú að framleiða kvikmynd um íslensku tónlistarölduna sem er í gangi, en hún er fyrst og fremst fyrir erlendan markað. En um leið er kvikmyndin kynning á Íslandi. Stuttkvikmyndin „Everything in this country must“ hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna í ár, en hún fjallar um átökin á Norður-Írlandi og er tekin í Belfast. Þetta er í fyrsta sinn sem kvikmynd Sigurjóns er tilnefnd til Óskarsverðlauna.

Kvikmyndin hefur verið sýnd á einum 8 kvikmyndahátíðum og verður sýnd á kvikmyndahátíð á Íslandi á komandi sumri.

Í maíbyrjun hefjast tölur á kvikmyndinni „Last winter“ sem kostar mun um 500 milljónir króna. Hún gerist í Bandaríkjunum en verður að mestu tekin á Íslandi, en einnig á Spáni og í Frakklandi. 📺

Kemur víða við

- Kvikmyndaframleiðandi í Kaliforníu.
- Eigandi 66°Norður.
- Stofnandi sjónvarpsstöðvarinnar BIG TV.
- Eigandi fasteignafélags sem er í byggingaframkvæmdum og fasteignaviðskiptum á Íslandi.
- Á stórhýsið Hátún 6 B.
- Byggingarnar Suðurlandsbraut 8 og 10 er í hans eigu.
- Jarðakaup hans á Íslandi fyrir nokkrum árum vöktu mikla athygli.
- Stofnaði Domino's á Íslandi ásamt fleirum.
- Átti í Stöð 2 og Norðurljósum til margra ára.
- Eigandi Eiða á Héraði.
- Stuttkvikmynd Sigurjóns „Everything in this country must“ hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna í ár.
- Ræðismaður Íslendinga í Kaliforníu.





SHOP



SHOP



[Redacted text block]

[Redacted text block]

atlantica



[Redacted text block]

[Redacted text block]

WHAT'S ON



[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]

[Redacted text block]





Páll Magnússon, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 og fréttastjóri stöðvarinnar. „Það er miklu betra fyrir fréttastofu ef stjórnáamenn hallmæla henni en hæla.“

Fyrsta lotan mín sem fréttastjóri á Stöð 2 varði í tæp fimm ár, eða þar til ég tók við sem sjónvarpsstjóri af Þorvarði Elíassyni 1991. Það gekk á ýmsu í eigendahópi Stöðvar 2 á þeim tíma eins og reyndar yfirleitt.

Síðan gerist það sumarið 1994 að þáverandi meirihluti í eigendahópi Stöðvar 2 lendir undir, eftir að Sigurjón Sighvatsson yfirgefur þann hóp og gengur til liðs við Jón Ólafsson. Þá voru deilur orðnar svo hatrammar og leiðinlegar að þær voru að setja allt fyrir-tækið á hliðina. Á þessum tíma var mér ólíft í starfi sjónvarpsstjóra, gat ekki gengið neinn línudans þarna á milli. Annaðhvort var ég vinur eða óvinur í augum eigendanna. Ég tók þann kost að taka hatt minn og staf og gekk út úr fyrirtækinu sumarið 1994, fór í sjálfskipaða útleð.“

Veturinn 1994 aðstoðaði Páll við að koma á fót nýju vikublaði, Morgunpóstinum. Blaðinu tengdust sumir af fyrri eigendum Stöðvar 2 sem hann hafði kynnst áður. Þar var hann m.a. samferða Gunnari Smára Egilssyni. Sumarið 1995 var Páll ráðinn til að koma Sýn

á lagginnar sem sjónvarpsstöð. „Ég kom Sýn á lagginnar sem þeirri íþróttastöð sem hún er í dag. Samdi um sýningarrétt á meistaradeild Evrópu og fleira efni af því tagi. Þegar svo Sýn var komin í fastar skorður haustið 1996 var ég beðinn að taka aftur við fréttastofunni - tók þá við af Elínu Hirst. Var síðan fréttastjóri til haustsins 2000, þegar ég gerði hlé á þessu fjölmiðlaharki og fór til Íslenskrar erfðagreiningar í þrjú ár.“

Undirmaður sjálfs síns „Í ársbyrjun 2004 var ég beðinn að koma aftur til Íslenska útvarpsfélagsins eða Stöðvar tvö, þá sem framkvæmdastjóri dagskrárviðs útvarpsfélagsins. Síðan urðu breytingar hjá fyrirtækinu aftur í nóvember 2004 sem m.a. fólust í því að gera miðlana sem sjálfstæðasta hvern fyrir sig. Ég tók þá við sem sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 að því viðbættu að ég tók að mér fréttastjórastarfið eftir að Sigríður Árnadóttir hætti í ársbyrjun 2005. Það má því segja að ég sé nú að einhverju leyti undirmaður sjálfs míns þar sem fréttastjórinn heyrir undir sjónvarpsstjórnann.“

Hver er ástæðan fyrir tíðum fréttastjóraskiptum á Stöð 2?

„Ég held að nokkuð ör skipti á fréttastjórum stöðvarinnar þurfi ekki að vera neitt óeðlileg í sjálfu sér, þótt þetta sé nú kannski fullmikið. Það eru gerðar miklar kröfur til þeirra sem gegna þessu starfi. Ætli það megi ekki segja að þetta starf sé t.d. skylt því að vera eins og hjá þjálfara fótþoltaliðs. Þar eru menn kallaðir til ábyrgðar, eftir því hvernig gengur og það sama á við um fréttastjóra. Það eru sex einstaklingar sem gegnt hafa starfi fréttastjóra á Stöð 2 á tæplega 20 árum. Þar af hef ég verið fréttastjóri tæplega helminginn eða í samtals 9 ár. Þetta eru nú engin ósköp.“

Lífið er samansafn af tilviljunum

Nú er þetta þriðja fréttastjórátímabilið hjá þér. Hvers vegna kemur þú alltaf aftur?

„Ég bara veit það ekki, þetta eru tómar tilviljanir. Ég hef tvisvar sinnum hætt í þessu starfi, í hvorugt skiptið var það undir þeim formerkjum að ég ætti eftir að koma aftur. Þetta hefur bara einhvern veginn æxlast

MÆTTUR TIL LEIKS Í ÞRIÐJU LOTU

TEXTI: VALUR JÓNATANSSON
MYNDIR: GEIR ÓLAFSSON

Þegar Páll Magnússon, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, bætti á sig starfi fréttastjóra stöðvarinnar í kjölfar brottreksturs Sigríðar Árnadóttir, var hann að taka við starfinu í þriðja sinn. „Ég kem alltaf aftur,“ gæti verið slagorð Páls.

svona. Lífið er samansafn af tilviljunum. Þetta er auðvitað hálf skoplegt, en svona hefur þetta bara verið. Ég á sjálfur ekkert svar við því hvers vegna ég kem alltaf aftur. Þetta er bara svona.“

Virkar stjórnunarfyrirkomulagið, að vera bæði sjónvarpsstjóri og fréttastjóri?

„Já, það held ég. Maður deilir verkefnum um öðruvísi en ég var vanur að gera þegar ég var eingöngu fréttastjóri eða sjónvarpsstjóri. Þetta þýðir meiri ábyrgð og meiri þátttöku varaféttastjóra í stjórnunarstörfum inn á fréttastofunni. Þetta þýðir einnig að hlutverk þeirra sem næst mér vinna í sjónvarpsstjórapartinum breytist og þeir þurfa að bæta á sig einhverjum störfum meðan ég er að deila mér í þessi tvö störf.“

Fréttastjóri er andlit fréttastofunnar

Nú ert þú mjög sýnilegur sem fréttalesari, er mikilvægt að fréttastjóri lesi fréttirnar?

„Það er ekkert sem segir að fréttastjóri þurfi endilega að vera fréttalesari. Þegar ég kom aftur til starfa hjá fyrirtækinu sem sjónvarpsstjóri í febrúar 2004 undirgekkst ég það að lesa fréttirnar. Þeir sem héldu um stjórnmölinn töldu þá að fyrirtækinu væri einhver akkur í því að ég læsi fréttirnar og höfðu það með í ráðningarsamningnum. Á erlendum sjónvarpsstöðvum er allur gangur

á því hvort fréttastjóri lesi fréttirnar eða ekki. Það er engin algild regla til í þessu. Það má að sumu leyti líta á það sem kost að fréttastjóri sé jafnframt fréttalesari þar sem hann beri ábyrgð á fréttastofunni. Hann persónugerir fréttastofuna með því að vera andlit hennar út á við.“

Hvað með hlutleysi fréttastofunnar gagnvart eigendum sínum?

„Fréttastofan er hlutlaus og sjálfstæð gagnvart eigendum sínum. Það hafa komið upp mál, eins og fyrir tveimur árum eða svo, að einn af eigendum reyndi að hafa áhrif á fréttaflutning, krafðist þess að tiltekinni frétt yrði sleppt. Um þetta atvik var mikið fjáðrafok og eigandanum tókst ekki að stöðva fréttina og hún var flutt, reyndar tveimur dögum síðar en upphaflega var gert ráð fyrir. Það má segja að fréttastofunni hafi á þessum tíma tekist að hrinda þessari atögu og staðið upprétt eftir. Þetta sýnir að menn verða alltaf að vera á varðbergi. Það koma upp mál endrum og eins sem gætu orkað tvímælis í þessu sambandi. En í gegnum öll þessi átök og djöfulgang í kringum eignarhaldið á fyrirtækinu síðan það var stofnað, þá hefur það verið gæfa fréttastofunnar að geta haldið sig fyrir utan þessi átök og haldið sér óspilltri af þeim. Í fréttastjórastarfinu hef ég oft þurft að berjast um á hæl og hnakka

Fjölmiðlaferill Páls

Starfsferill Páls við fjölmiðla hófst 1979 er hann réðst til sumarstarfa hjá dagblaðinu Vísi eftir að hann lauk námi í stjórnmála- og hagsögu við Háskólann í Lundi í Svíþjóð. Síðan er starfsferill hans eftirfarandi:

- 1980: Blaðamaður á Vísi.
- 1981: Fréttastjóri á Tímanum.
- 1982: Aðstoðarráttgjafi á Iceland Review.
- 1984: Þingfréttamaður hjá Ríkissjónvarpinu og umsjónarmaður með morgunþætti RÚV.
- 1985: Aðstoðarfréttastjóri Ríkissjónvarpsins.
- 1986: Fréttastjóri Stöðvar 2.
- 1991: Sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.
- 1994: Aðstoðaði við að koma á fót Morgunpóstinum.
- 1995: Sjónvarpsstjóri Sýnar.
- 1996: Fréttastjóri Stöðvar 2.
- 2000: Framkvæmdastjóri samskipta- og upplýsinga-sviðs ÍE.
- 2004: Framkvæmdastjóri dagskrársviðs ÍÚ.
- 2004: Sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.
- 2005: Sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, gegnir jafnframt stöðu fréttastjóra.

fyrir sjálfstæði fréttastofunnar. Ég held að sú barátta hafi skilað árangri.“

„Það skal tekið fram að umrætt fyrirtæki á hlut í sjónvarpsstöðinni“ „Eignarhald á fyrirtækinu, sama hvernig það svo er á hverjum tíma, kallar alltaf á það að fréttamenn eru á varðbergi gagnvart eigendum sínum. Það þekktist til dæmis hjá sjónvarpsfréttastofum í Bandaríkjunum að fréttamenn geta þess sérstaklega ef fjallað er um fyrirtæki sem tengjast eignarhaldi viðkomandi sjónvarpsstöðvar. Fréttamenn enda fréttina þá gjarnan á því að segja: „Það skal tekið fram að umrætt fyrirtæki er í eigu sömu aðila og eiga x% hlut í þessari sjónvarpsstöð...“ Þannig leggja fréttamenn það í dóm áhorfenda hvort umfjöllunin um fyrirtækið sé hlutdræg vegna eignatengsla eða ekki. Við höfum stundum velt þessu fyrir okkur hvort ástæða væri til að taka þetta upp á Stöð 2, en höfum komist að því að það er óvinnandi vegur.

Gefum okkur til dæmis að Baugur eigi hlut í hundruðum fyrirtækja á Íslandi. Og það sem Baugur átti í gær er ekki víst að hann eigi í dag eða morgun. Það er ekki hægt fyrir fréttamenn að láta eignarhald af þessu tagi trufla sig í sambandi við fréttatflutning, það gengur bara ekki upp. Ef fréttamenn ættu að ganga með þann kistil á herðum sér frá degi til dags, að spyrja sig hver á hvaða fyrirtæki og spá í hvort það tengdist sjónvarpsstöðinni beint eða óbeint, gerðu þeir ekkert annað. Einfaldast er fyrir okkur að halda okkar striki, fjalla um fólk og fyrirtæki á faglegan hátt án þess að spá í eignartengsl.“

Er fréttastofan þungur baggi á rekstri Stöðvar 2?

„Nei alls ekki. Þetta fyrirkomulag, að vera með opinn fréttatíma á annars læstri áskriftarsjónvarpsstöð er þekkt mjög víða og flestar áskriftarstöðvar í Evrópu hafa þennan háttinn á. Það er hafður opinn gluggi til að hámarka áhorfendafjöldann - til að ná fleiri augum og eyrum. Þetta er gert annars vegar vegna auglýsingatekna og hins vegar til kynningar á eigin efni. Auk þess er góð og vönduð fréttastofa snar hluti af almennri ímynd og ásýðni fyrirtækisins.“

„Fréttastofan nýtur mikils trausts almennings“ „Ég tel að Stöð 2 njóti mikils góðvilja hjá almenningi. Auðvitað lendum við stundum í pólitískum sviptivindum þar sem stjórnmálamaður keppast um að hallmæla okkur eða reyna að sverta trúverðugleika fréttastofunnar. Allar kannanir benda eindregið til þess að fréttastofan njóti mikils trausts, enda eru yfir hundrað þúsund manns að horfa á fréttir stöðvarinnar á hverju kvöldi. Óánægja gagnvart fréttastofunni er

fyrst og fremst í nösunum á misvitrum stjórnmálamönnum, þegar það hentar þeim í pólitískum þræubókarleik dagsins.“

Mælikvarði á velvild í okkar garð kemur frá áhorfendum, ekki stjórnmálamönnum. Það er miklu betra fyrir fréttastofu ef stjórnmálamaður hallmæla henni en hæla. Ég færi fyrst að hafa áhyggjur ef ráðamaður í samfélaginu færu að hlaða á okkur lofi. Við erum fyrst og fremst fréttastofa fólksins í landinu og það ætlum við að vera áfram.“

Breytingar eru oft óþægilegar en að sama skapi nauðsynlegar

Páll segir að breytingarnar á fyrirtækinu frá stofnun þess hafa verið gríðarlegar. „Það er auðvitað orðið miklu miklu stærra en það var. Þegar fyrirtækið er að nálgast það að verða 20 ára eins og Stöð 2, leiðir það af sjálfu sér að andrúmið inni í því er talsvert öðruvísi en þegar það hóf göngu sína. Þetta er dýnamískt og skapandi fyrirtæki og verður að vera í stöðugri endurnýjun á sjálfu sér. Það á að vera í takt við tímann og svara kröfum áhorfenda og viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Hvernig sérd þú framtíð Stöðvar 2?

„Ég hef oft sagt að líf Stöðvar 2 sé eilíft kraftaverk. Í öllu þessu tali um vandræðagang fyrirtækisins og að það hafi verið oft í lífshættu er það staðreynd að Stöð tvö hefur verið rekin með hagnaði lengst af. Vandræði Stöðvar 2 og Íslenska útvarpsfélagsins hafa falist í mikilli skuldsetningu, sem hefur skapast af alls konar kringumstæðum öðrum en þeim sem tengjast rekstri þess. Fyrirtækið hefur að minnsta kosti tvisvar ef ekki þrisvar verið látið kaupa sjálft sig, þ.e. með skuldsettri yfirtöku, og borgað skuldimar sjálft. Ef maður les hagfræðibækur þá er talið vafasamt fyrir fyrirtæki að gera það einu sinni, hvað þá þrisvar. Ógæfa Stöðvar 2 hefur aldrei falist í rekstri hennar heldur í misgæfulegum eigendum hennar og hvernig þeir hafa farið með hana. En vonandi er nú komin betri tíð með blóm í haga í þeim efnum. Ég efast um að það séu til mörg fyrirtæki á Íslandi sem eru jafnglæsileg í rekstrarlegu tilliti og Stöð 2 hefur verið lengst af. Framtíðin er björt og Stöð 2 á eftir að lifa góðu lífi,“ segir Páll Magnússon. 📺

Fréttastjóraskiptin á Stöð 2

Frjá stofnun Stöðvar 2 árið 1986 hafa sex fréttastjórar verið starfandi á tæplega 19 ára starfstíma stöðvarinnar. Páll Magnússon hefur verið langlífastur í starfi, eða samtals 9 ár í þremur áföngum. Í lok ársins 2004 var Páll gerður að sjónvarpsstjóra Stöðvar 2, jafnframt því sem hann hefur gegnt starfi fréttastjóra Stöðvar 2 og Bylgjunnar, eftir að Sigríði Árnadóttir var sagt upp störfum í byrjun árs 2005. Páll segist ekki sjá sig sem fréttastjóra til allrar framtíðar, en hvort það verður í eitt ár, tvö eða þrjú ár veit hann ekki. „Ég er ekki að bíða eftir einhverjum sérstökum til að taka við fréttastjórastarfinu á Stöð 2. Ég hef heyrt alveg ótrúlegustu kjaftasögur um verðandi fréttastjóra. Þær sögusagnir eru allar úr lausu lofti gripnar. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um nýjan fréttastjóra,“ segir Páll.

1. 1986: Páll Magnússon
2. 1990: Sigurveig Jónsdóttir
3. 1992: Ingvi Hrafn Jónsson
4. 1994: Elín Hirst
5. 1996: Páll Magnússon
6. 2000: Karl Garðarsson
7. 2004: Sigríður Árnadóttir
8. 2005: Páll Magnússon



**FRJÁLS VERSLUN
AUKABLAÐ**

RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR

Fundafriður, borgarfriður, sveitafriður, eyjafriður. Til þess að halda fund eða ráðstefnu þarf fyrst og fremst þátttakendur en ekki síður staðsetningu og frið til að halda fundinn. Frjáls verslun skoðar fundi og ráðstefnur í víðu samhengi.

Umsjón: Sigurður Bogi Sævarsson

Myndir: Geir Ólafsson

Ráðstefnulandið Ísland:

Nútímaland með gögnum og gæðum

Ísland er vinsælt ráðstefnaland og hefur þar tvo meginkosti sem ég segi að séu helsta aðdráttaraflíð. Annars vegar landið sjálf – gögn þess og gæði – og hins vegar það nútímavædda þjóðfélag sem við höfum byggt hér upp. Við val á áfangastað eru gjarnan margir staðir í skoðun, kannski Hong Kong, Kaíró eða Reykjavík. Endanleg ákvörðun ræðst oft af tilviljana-kenndum atriðum. Góður fjarskiptabúnaður og samgöngur til og frá landinu hafa þó sífellt meira að segja og þar stöndum við Íslendingar svo sannarlega vel,“ segir Magnús Oddsson ferðamálastjóri.

Utan fundarsala sjálfra „Í vaxandi mæli er litið til þess hvað er hægt að gera utan fundasalanna sjálfra og þar njótum við landsins og uppbyggingar okkar náttúrutengdu afþreyingar sem höfðar til æ fleiri,“ segir Magnús. Á síðasta ári komu hingað um 360 þúsund ferðamenn – og ætla má að þeir sem komu hingað til ýmiss konar ráðstefnu- og fundahalda hafi verið á bilinu 15 til 20 þúsund. Sú tala ræðst þó



„Ráðstefnumarkaðurinn stækkar sífellt,“ segir Magnús Oddsson ferðamálastjóri.

af skilgreiningaratriðum um flokkun ferðamanna. Gæti allt eins verið mun hærrí, að sögn Magnúsar.

Ráðstefnumarkaðurinn stækkar „Markaður hvataferða hingað til lands er sveiflukenndur að umfangi - en það virðist hins vegar sem ráðstefnumarkaðurinn stækki sífellt. Ástæður þess eru margar. Fólk með hin ýmsu áhugamál kynnist í gegnum Netið, stofnar með sér félög og heldur ráðstefnur, hvort sem það er um heiðlóuna, stjarnvísindi, gamla bíla eða eitthvað annað. Þessi markaður virðist stækka endalaust og æ ódýrari fargjöld hafa sömu áhrif,“ segir Magnús og bendir á að margir hefðu spáð því að draga myndi úr ferðalögum þegar svonefndur fjárfundabúnaður kom til sögunnar. En þróunin hafi orðið á hinn veginn. Viðkynning fólks í gegnum síma eða myndfundi hafi gert það að verkum að hinir sömu hafi séð brýnt tilefni til að hittast við fyrsta tækifæri í eigin persónu á fundi – eða ráðstefnu. [T](#)

Aþreyingarferðir:

Ferð á eigin vegum er hápunktur

Við skipulagningu á afþreyingarhluta ráðstefna þurfum við sífellt að reyna að gera betur. Þegar útlendingar eiga í hlut þarf að færa dagskrána meira í átt til þess sem Íslendingar hafa sjálfir gaman af. Víkingasýningar til dæmis eru gjörsamlega úrelt dæmi. Við höfum margt annað að bjóða sem hægt er að koma á framfæri og nota í dagskrá,“ segir Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri bílaleigunnar Avis.

„Það getur alveg kórónað góða ráðstefnuferð útlendinga ef þeir stoppa hér einum eða tveimur dögum lengur. Til dæmis með

því að fara út fyrir bæinn á bílaleigubíl. Margt áhugavert er að skoða og ekki þarf alltaf að fara ýkja langt. Til dæmis austur á Þingvelli, Gullfoss, Geysi eða slíkt.“

Mikilvægt er, segir Þórunn, að á ráðstefnustað geti fólk kynnt sér þá afþreyingarmöguleika sem í boði kunna að vera. Þar nefnir hún verlanir, sundlaugar, baðstofur og líkamsræktarstöðvar, söfn og gallerí í borginni og eins skemmtistaði. „Það er einnig mikilvægt að komið sé á framfæri upplýsingum um að fólk geti gert mjög margt áhugavert á eigin vegum. Ferðalag út fyrir borgina á bílaleigubíl getur orðið

hápunktur ferðarinnar. Fólk má ekki fá það á tilfinninguna að það sé vandamál að ferðast um landið á eigin vegum,“ segir Þórunn. Bætir því við að halda megi því betur og meira á lofti en nú er gert hve frábærir möguleikar séu til golfíðkunar hér á landi. Ekki sé nógu þekkt að hægt sé að spila hér golf á mörgum frábærum stöðum. [T](#)



Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri bílaleigunnar Avis.




Úlfar Eysteinnsson,
meistarakokkur á
Premur frökkum.

Erlendum ráðstefnugestum boðið í mat

Karfinn algjört sælgæti

Matreiðslu fyrir erlenda gesti verður að haga alfarið eftir því hvaðan úr veröldinni þeir koma. Kínverjar og Japanir eru samkvæmt hinum austurlensku hefðum hrifnir af sushi og öllu hrámeti raunar, á meðan Þjóðverjarnir eru ekki komnir upp á lagið með að borða slíkt. En hvort sem gestirnir kæmu frá Þýskalandi eða Austurlöndum fjær væru þeir alltaf afar hrifnir af ferskum fiski. Karfinn þykir þeim algjört sælgæti. Síðan eru hinir þýsku líka mjög hrifnir af stórri skelflettri Grænlandsrækju sem dýft er ofan í sojasósu. Það þykir þeim mikið lostæti,“ segir Úlfar Eysteinnsson, meistarakokkur á Premur frökkum.

Einu gildir hvort erlendir gestir koma frá Austurlöndum eða Evrópu; báðum þykir íslenska lambakjötið herramannsmatur og vilja fátt fremur en það. „Íslenska lambið steinliggur hvar og hvenær sem er,“ segir Úlfar. „Að því verður hins vegar að gæta að bjóða Japönnum ekki rjómasósu, enda líta þeir svo á að mjólkín sé sviði kúnna og megi því ekki neyta hennar. Sósu út á kjöt sem þeim er borið má hins vegar þykkja með maísmjöli eða hveiti.“

Norðurlandabúar eru alltaf heillaðir af skötusel bornum fram með humri – og einhverri góðri sósu. „Japanir eru líka talsvert fyrir skötuselinn góða og við gerð sósunnar út á fiskinn þeirra má sjálfsagt lauma ofurlitlu af rjóma með. Þeir taka sjálfsagt ekkert eftir því, svo framarlega sem sósan verður ekki mjólkurgrautur,“ segir Úlfar. 



Meistarakokkar hræra í pottum. Íslenska lambakjötið þykir herramannsmatur fyrir gesti, hvaðan úr heiminum sem þeir koma.

EXTON-KASTLJÓS EHF.

Þjónusta í tækni



„Áður skilgreindum við okkur á tæknisviðinu en í dag segjum við okkur þjónustufyrirtæki,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, framkvæmdastjóri Exton Kastljós ehf.

Ráðstefnu- og fundahald í dag er orðið mjög flókið samspil margra þátta þar sem tæknimálin verða sífellt þýðingarmeiri þáttur. Í framkvæmd eru þau vitaskuld býsna flókin en þegar að málum koma starfsmenn, sem hafa langa reynslu til dæmis úr affreyngariðnaðinum til dæmis leikhúsi og sjónvarpi, ganga hlutirnir yfirleitt vel fram og ganga upp þótt á ögurstundu sé komið,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, framkvæmdastjóri Exton – Kastljós ehf, en starfsemin skiptist jafnframt upp í fleiri dótturfyrirtæki.

Tækni fyrir nútímafólk Exton - Kastljós ehf. var stofnað árið 1999 með samruna tveggja eldri félaga sem áttu sér alllanga sögu. Verkefni þeirra voru frá upphafi tengd tæknilegum uppsetningum ljós-, hljóð- og myndbúnaðar fyrir hverskonar viðburði. „Þetta er enn meginvið fyrirtækisins en áherslur hafa breyst. Áður skilgreinum við okkur á tæknisviðinu en í dag segjum við okkur vera þjónustufyrirtæki. Sú nálgun byggir á því að hvers konar tækni er í dag orðin nánast hluti af daglegri neyslu fólks. Nokkuð sem nútímafólk getur tæplega verið án,“ segir Haraldur Flosi.

Hann bætir því við að alltaf sé talsvert að gera hjá Exton – Kastljósi við að sinna tækniþjónustu á fundum og ráðstefnum sem séu svo áberandi á fyrstu mánuðum árs. Þar geti viðfangsefnin bæði snúist um hljóð, tölvur og ljósa- og myndbúnað.


„Verkefni sem við fáum upp í hendurnar eru ólík að umfangi. Lítil og fámennur fundur er lítið mál í samanburði við fund utanríkisráðherra NATO sem hér var haldinn árið 2002 og er langstærsta verkefni sem við höfum komið að á ráðstefnusviðinu. Metallica-tónleikarnir í Egilshöll í fyrra voru líka mikið dæmi og að sama skapi

Heildstæðar lausnir í tæknimálum fyrir tónleika, ráðstefnur og fleira hjá Exton-Kastljósi ehf.

skemmtilegt. Í báðum þessum uppsetningum reyndi mjög á verkefnastjórnun og hæfni okkar til að svara mjög breytilegum kröfum.“

Frum-sýningu ekki frestað Margir starfsmenn Exton hafa starfsreynslu úr hljómsveitum, leikhúsum eða af útvarps- og sjónvarpsstöðvum. Alþekkt er af þeim vettvangi að hlutirnir þurfa að ganga greitt fyrir sig – og þurfa að vera tilbúnir á mínúttunni. Frumsýningu verður nefnilega aldrei frestað.

„Stundum koma hingað til lands menn vegna undirbúnings ráðstefna eða tónleika - sem á að halda ef til vill að einum til tveimur árum liðnum - og spyrja hvort þetta eða hitt sé gerlegt. Hvort við treystum okkur í hlutina eða hvort eitthvað tiltekið verkefni sé of stórt þannig að við treystum okkur í það. Við reynum að sjálf-sögðu að svara slíkum fyrirspurnum og miðla af reynslu okkar sem best við getum. En oftast en ekki í stærri verkefnum verðum við að renna blint í sjóinn þar sem verið er að gera hlutina í fyrsta sinn hér á landi,“ segir Haraldur Flosi.

Ólíkt – en sviðað í grunninn Jafnframt því að leigja út tæknibúnað til hvers konar samkomuhalds annast Exton ehf. einnig sölu á slíkum búnaði. „Fyrir marga sem til dæmis reka sali er ágætt að eiga einhvern ákveðinn grunnbúnað en leigja síðan tæki fyrir stærri verkefni. Að skilgreina þarfir viðskiptavinarins og leggja til heildarlausnir er kjarninn í þjónustu okkar,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason að síðustu. 



Hvort sem þú talar við fimm eða fimmpúsund

ræður réttur hljómburður og lýsing úrslitum

EXTON




Edin 2003

Kristnítukuhelén 2000



NATO fundurinn 2002



Kyning hjá Skólung 2001



EXPO 2000



Todmóbil og Símfónuhljómsveit 2003

Við bjóðum
þér ráðgjöf
varðandi ljós,
hljóð og mynd...

... allt frá ræðupólti til rokkónleika

EXTON er aðilið þjónustufyrirtæki á sviði ljósa, mynd-, hljóð- og sviðbúnaðar. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu, þjónustu og leigu á búnaði fyrir leikhús, sjónvarps- og útvarpsstarbæmi, svo og öðrum viðburðum s.s. ráðstefnum, vörusýningum, tónleikum o.þ.

OSTA- OG SMJÖRSALAN

Ostur er meira en álegg

Miklu skiptir við ráðstefnu- og fundahald að gestum séu boðnar góðar veitingar. Að fólk geti slakað á milli erinda, rabbað saman og bragðað á góðum mat skiptir miklu máli svo fundastarf verði sem árangursríkast. Þessi þýðingarmikli þáttur í undirbúningi vegna ráðstefnuhalds verður þó oft aftarlega í röðinni og þá er gott að leita til viðþekkrar Veisluþjónustu Osta- og smjöröslunnar. „Í dag notar fólk osta allt öðruvísi en áður. Ostur er meira en bara álegg. Ef þú átt ost getur þú alltaf tekið á móti gestum. Þú getur verið með glæsilegt boð þar sem osturinn er aðalatriðið, borinn fram með brauði, ávöxtum og grænmeti. Möguleikarnir eru óendanlegir,“ segir Dómhildur A. Sigfúsdóttir sem veitir veisluþjónustunni forstöðu.

Pinnamatur í tólf tegundum „Við bjóðum upp á pinnamat í einum tólf tegundum,“ segir Dómhildur og nefnir í þessu sambandi ostapinna, skinkurúllur, fylltar döðlur, brauðrúllur, laxarúllur, partýpítsur, ólífukúllur, spínatskeljar, fylltar vatnsdeigsbollur, partýkollur og hreindýrapate. „Einnig erum við með sætan pinnamat sem er seldur frosinn. Litlar ostakökur í súkkulaðiskel eru bæði fallegar og góðar. Síðan erum við með þrjár stærðir af ostabökkum. Á þeim eru ostarnir ýmist heilir eða niðurskornir, kex og vínber, en engir skreyttir pinnar.“

Ostur og smjör eru í öllum þeim veitingum sem Veisluþjónustan býður. „Við bjóðum bæði aðal- og ábætisrétti. Af ábætisréttum má nefna tíramísú, sem framleiddur er í þremur stærðum. Einnig getur fólk komið með sínar skálar og við útbúum tíramísú í þær. Þá get ég nefnt sérþakkaðar ostatertur, sem eru mikið teknar í veislur. Þær eru oft sérskreyttar og slíkar tertur þriggja hæða eru teknar í brúðkaup og í fermingar. Veitingastaðirnir taka mikið af ostakökum og -bököm sem við bjóðum í úrvali,“ segir Dómhildur.

Skinkurúllur og fylltar döðlur Veisluþjónustan reiknar með að á veisluborði, sem látið er standa uppi í tvær klukkustundir og osturinn er aðalréttur, borinn fram með brauði, ávöxtum og grænmeti,

Ostaréttir eru vinsælir og fjölbreytnin er mikil. Pinnamatur á ráðstefnur og ostakökur á kaffihús. Hver býður betur?



„Ef þú átt ost, getur þú alltaf tekið á móti gestum,“ segir Dómhildur A. Sigfúsdóttir hjá Veisluþjónustu Osta- og smjöröslunnar.

þurfi í hvern munn 200 til 250 grömm. Fólk getur kynnt sér það sem í boði er á heimasíðunni www.ostur.is - og pantað svo, en Dómhildur segir marga nýta sér þennan möguleika. Um helgar þurfa pantanir að koma með minnst tveggja daga fyrirvara.

„Fólk þekkir vissulega hvað við bjóðum, en síðan höfum á undanförmu verið að koma með nýja rétti sem hafa fengið góðar viðtökur. Sérskreyttu ostakökurnar okkar eru vinsælar, en upp úr standa skinkurúllur og ferskar fylltar döðlur. Við komum fyrst með þessa rétti og allar hinar veisluþjónusturnar fylgdu í kjölfarið.

Með því var tilgangi okkar náð, það er að auka sölu og neyslu á osti.“



Kökur, bökur og bakkar Veisluþjónusta Osta- og smjöröslunnar er staðsett í höfuðstöðvum fyrirtækisins við Bitruháls. Fimm konur starfa að jafnaði við þessa þjónustu – og fleiri á álagstímum. „Pinnamatur og bakkar eru mikið teknir fyrir brautskráningar skóla í maí, sem er einn annasamasti mánuðurinn hjá okkur. Sumrin eru rólegri en þá koma kaffihúsin mikið inn með kökur og bökur. Þá er einnig alltaf talsvert að gera á útmánudum, því í vöxt færast að bjóða gestum á fundum og ráðstefnum upp á ýmiss konar ostarétti,“ sagði Dómhildur að lokum.



Ísbergstíðla



Winklaustíðla



Rennstíðla

*Kjöttu þess
ad vara gestur í eigin veislu*



Þráttstíðla



Ísbergstíðla



Ísbergstíðla



Ísbergstíðla



Engjástíðla



Reykjavíkustíðla



www.veisla.is

BLÁA LÓNIÐ - HEILSULIND

Sameinar fund og slökun

Bláa lónið – heilsulind verður sífellt vinsælli kostur fyrir fundi og ráðstefnur enda er þar til staðar allt sem þarf. „Einn af þeim fjölmörgu kostum við að halda fundi og ráðstefnur í Bláa lóninu – heilsulind er sá að hér er hægt að sameina fundi og slökun. Eftir árangursríkan fundardag er tilvalið að gefa sér tíma til þess að slaka í lóninu og jafnvel bjóða fundargestum upp á nudd í hlýju lóninu,“ segir Heiður Gunnarsdóttir sölustjóri.

Ferskar hugmyndir streyma fram Glæsilegir fundarsalir eru í Bláa lóninu – heilsulind og í Eldborg, skammt frá heilsulindinni, og eru þeir búnir góðum tækjabúnaði og annarri þeirri þjónustu sem þarf að vera til staðar. „Kyrrlátt umhverfið hér er þægilega nálægt höfuðborgarsvæðinu og fjarri öllu amstri. Salirnir henta því vel til dæmis fyrir stefnumótunarfundi og námskeið þar sem mikilvægt er að

geta unnið vel og fundað án utanaðkomandi áreitiss,“ segir Heiður. „Kraftmikið umhverfið skilar sér inn í funda- og ráðstefnusali Bláa lónsins. Orkan streymir um salina og veitir fundargestum þann innblástur og orku sem þarf til þess að gera fundinn sem árangursríkasta. Mikið er um að hópar noti hádegishléið til þess að fara í lónið og þá vill hugurinn gjarnan fara á flug. Þessi stórbrotna

náttúra hér hreinsar hugann og nýjar og ferskar hugmyndir ná að streyma fram.“

Heiður segir að innlendir hópar séu í meirihluta þeirra sem koma í Bláa lónið – heilsulind til funda og ráðstefnuhalds. Erlendu hópunum sé þó að fjölga. „Við höfum gjarnan bent erlendum hópum á hversu vel staðsett við erum, í aðeins tuttugu mínútna fjarlægð frá Keflavíkurlugvelli og 45 mínútna frá Reykjavík. Erlendir hópar hafa einmitt nýtt sér þetta og notað tækifærið til þess að slaka á í lóninu um leið og þeir funda hér.“

Fyrirtaks fundaaðstaða er í Bláa lóninu – heilsulind og Eldborg. Góður veitingastaður. Fundað án áreitiss.



Spennandi veitingar í heillandi umhverfi Veitingastaðurinn í Bláa lóninu – heilsulind býður upp á spennandi veitingar í heillandi umhverfi. Þar fer saman þægilegt andrúmsloft, útsýni yfir lónið og góður matur, sem gerir máltíðina að ógleymanlegri stund. Boðið er upp á fjölbreytta hádegis- og kvöldverðarmatseðla sem henta fyrir stærri sem smærri hópa. Á vefsetrinu www.bluelagoon.is hafa matreiðslumenn veitingastaðarins sett saman tillögur að spennandi matseðlum til þess að auðvelda fundar- og ráðstefnuhópum að velja matseðil við hæfi – og segir Heiður mjög gott kynna sér aðstöðuna og matseðilinn á Netinu áður en gengið er frá pöntun.

„Ég tel það vera mjög góðan kost að flytja bæði fundi og ráðstefnur út fyrir bæjarmörkin. Við erum líka mjög vel staðsett hvað það varðar því við erum nógu langt frá til þess að komast burt frá borgarstressinu en aftur á móti það stutt frá borginni að fundargestir komast heim eftir fundinn og þurfa ekki að gista. Við getum líka séð um að skipuleggja akstur fyrir fyrirtæki og stofnanir á fundarstað ef þess er óskað – og raunar leggjum við áherslu á að mæta í hvítvetna óskum okkar viðskiptavina, hverjar sem þær kunna nú að vera.“



„Kraftmikið umhverfið hreinsar hugann,“ segir Heiður Gunnarsdóttir, sölustjóri Bláa lónsins – heilsulindar.

„Góðar hugmyndir gegna lykilhlutverki
hjá Latabæ. Slökun í Bláa Lóninu – heilsulind
endurnærir og hreinsar hugann og er frábær
leið til að fá hugmyndirnar til að flæða.“

Magnús Scheving
forstjóri Latabæjar



OPIN KERFI

IP lausnir verða ráðandi

Parfir fyrir samskiptalausnir hjá fyrirtækjum eru mjög mismunandi og fara eftir starfsemi þeirra og uppbyggingu. Ein augljósasta þörfin eru þó símasamskipti,“ segir Júlíus B. Benediktsson, ráðgjafi á Ráðgjafar- og þjónustusviði Opinna kerfa ehf. Fyrirtækið býður fjölbreyttar sínkerfislausnir frá mörgum framleiðendum, en samskiptataeknin hefur, að sögn Júlíusar, tekið miklum framförum undanfarin ár. Þar eru IP (Internet Protocol) símalausnir ráðandi. Með IP er Netíð nýtt til að flytja talað mál og símkerfið samofið öðrum upplýsingakerfum.

Samskiptabúnaður sem mjúkur leir

„Ein skemmtileg nýjung er að samtvinna Cisco IP símkerfi við HP iPAQ lófatölvuna,“ segir Júlíus. Lófatölvun er með innbyggðum GSM síma en einnig er hægt að setja í hann hugbúnaðarsíma. Lófatölvun virkar því sem eitt samskiptatæki, það er GSM sími, borðsími innan fyrirtækis, tölvupóstur og Netíð. Sá sem er með slíkt tæki gæti verið staðsettur til dæmis í erlendri flughöfn og svarað vinnusíma og afgreitt tölvupóst.

„Tæknin ein og sér leysir þó ekki vandamálin heldur skiptir hugvit og þekking miklu máli. Samskiptabúnaður er sem mjúkur leir. Til að búa til lausn þarf þekkingu á þörfum hvers viðskiptavinar. Opin kerfi leggja áherslu á að innan fyrirtækisins sé til staðar þekking á öllum þáttum sem þetta snertir.“


Mælanleg markmið mikilvæg Fyrirtækjum berst mikið af símtölum og oft verður teppa þegar verið er að greiða úr þeim öllum. Júlíus segir nýta megi margs konar lausnir í slíkum tilvikum, það er að svara og beina erindunum til starfsmanna. „Góðar símstöðvar breyta þó



„Tæknin ein og sér leysir ekki vandamálin heldur skiptir hugvit og þekking miklu máli,“ segir Júlíus B. Benediktsson, ráðgjafi hjá Opnum kerfum.



Samskiptalausnir eru stórmál í fyrirtækjum. IP tæknin ryður sér til rúms. Þekking á þörfum viðskiptavina er mikilvæg.

starfsmennirnir vinna eftir og aðgengi að upplýsingum. Samtenging símkerfis, þjónustuvers og upplýsingakerfa getur því skilað beinum sparnaði,“ segir Júlíus B. Benediktsson. 

ekki því að hafa þarf mannskap til að svara símanum. Því er mikilvægt að fylgjast vel með álagi og stjórna því meðvitað, upp að ákveðnu marki. Hægt er að áætla þann mannafla sem nauðsynlegur er miðað við ákveðin markmið. Nauðsynlegt er að fyrirtæki þekki álagið þannig að setja megi raunhæf markmið sem stuðla að góðri þjónustu með lágmarks tilkostnaði.“

Júlíus segir ennfremur að miklu skipti að þjónustuver fyrirtækja séu rekin eftir mælanlegum markmiðum. Þannig sjáist sá árangur sem þarf að ná. „Að tapa sem fæstum símtölum þarf ekki að vera rétt markmið ef það kemur niður á gæðum þeirrar þjónustu sem verið er að veita. Hjá sumum fyrirtækjum getur verið rangt að fylgjast eingöngu með töpuðum símtölum sem berast inn í þjónustuveríð. Sum símtöl eru verðmætari en önnur og því gæti verið skynsamlegra að einbeita sér að því að svara réttu símtölunum í stað þess að reyna að svara þeim öllum.“

Samtenging skilar sparnaði Kostnaður við þjónustuver er gjarnan mældur á hverja sekúndu og ef vitað er hvert álagið er má ná sparnaði með því að stytta hvert samtál um nokkrar sekúndur. Slíkt verður þó aðeins gert með því að þekkja frávikin frá hefðinni, og að sum samtöl eru lengri en önnur. „Til að stytta símtöl er ekki vænlegt að hvetja starfsmenn til að vera stuttordir og leggja sem fyrst á. Slíkt kemur niður á þjónustu og ánægju viðskiptavina. Hægt er að stytta símtöl með því að endurskoða þau ferli sem

Engar áhyggjur



Símkerfi & simabúnaður

Alcatel OmniPCX Office símkæfi

- OmniPCX símskið með allt að 4 x ISDN grunn tengingum
- Taliþéttækæfi
- Kyrringarnúmer / skilaboð
- Tölvuáttar
- 5 x Alcatel Easy símskið
- 1 x Alcatel Advanced símskið
- Ráðgjafir
- Háðæm til fjárfisværu
- 3000 námskra starfsmanna
- Hugbúnaður fyrir algengustu breytingar fylgir með

Helstu eiginleikar símkæfisins

- Stæðanlegt í allt að 236 símskið
- Stæðanlegt í allt að 12 x ISDN grunn tengingar
- Stæðanlegt í allt að 3 x stefatengingar
- Uppfærslag í IP símskiðni
- Fullkomið tölvuáttaræðni fæslag
- Hægt að nota símkæfið fyrir fjárfisværu tölvuáttaræðni og tölvuáttaræðni, tölvuáttaræðni, tölvuáttaræðni og tölvuáttaræðni o.fl.

Tilboðsverð 189.900 kr.

Fyrirtæki geta kröfu um lausnir sem bresta niður þeirra og gera hana stöðvirkari. Í mörgum tilvikum er ekkert nægjanlegt að vera með einfaldan símkæfi heldur eru fyrirtæki kröfu um lausnir sem taka samkvæma- og þjónustubæfni þeirra. Sö tækni sem hefur þróað hvað hraðast undanfarið er IP samráðgjafar og eru ekkert milli tölvuáttaræðni, símkæfni og gagnværu stöðugt að verða áþjófari.

Opin kerfi eru helst samstarfsaðili Alcatel á Íslandi og eitt vafandi Alcatel Premium Business Partner.



OPIN KERFI

Helstu sími 9 / sími 570 1000 / www.orki.is





„Tílefnifunda úti á landi, sem við bókum, eru mjög fjölbreytt,“ segir Árni Gunnarsson, markaðsstjóri Flugfélags Íslands.

Fyri rtæki á Reykjavíkursvæðinu

halda í æ ríkari mæli fundi og ráðstefnur á úti á landi og nota þá gjarnan Fundafrið, vinsælt pakkatilboð Flugfélags Íslands. „Tílefnifunda úti á landi, sem við erum að bóka, er mjög fjölbreytt. Almennt má segja að þetta séu fundir þar sem mikilvægt er að fólk hafi frið. Reynslan sýnir að fundir sem eru haldnir utan veggja fyrirtækisins bera meiri árangur en ella og ekki er síður mikilvægt að tækifæri gefist til að hrista hópinn svolítið saman,“ segir Árni Gunnarsson, markaðsstjóri Flugfélags Íslands.

Fundur og Káranhnjúkar Flugfélagið býður upp á fundafaerðir til Ísafjarðar, Akureyrar, Egilsstaða, Þórshafnar í Færeyjum og Reykjavíkur. Fyrir fyrirtæki úti á landi er nefnilega góður kostur að funda í borginni - rétt eins og fyrir Reykjavíklinga að fara út á land til að fá nýja vídd í viðfangsefnum líðandi stundar. Flugfélagið býður upp á gistingu og góðan viðurgjörming við sína viðskiptavinum á öllum þessum stöðum – og sömuleiðis eru afþreyingarmöguleikar fjölbreyttir. Má nefna hópeflisleiki, vélsleða- og kajakferðir, hjólreiðar, útreiðatúra og svo framvegis. Möguleikarnir eru óteljandi.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fundur og skemmtun í einum pakka

Friður til fundahalda úti á landi. Egilsstaðir eru vinsælasti fundastaðurinn með Káranhnjúka sem aðdráttarafli.

„Vinsælasti fundastaðurinn í dag er Egilsstaðir. Hafa þátttakendur þá gjarnan að loknum fundastörfum brugðið sér upp að Káranhnjúkum og skoðað virkjunarframkvæmdirnar,“ segir Árni. „Akureyri hefur lengi líka verið mjög vinsæll staður, enda mikið um að vera þar í bæ. Margir sækja ýmsa fundi sem haldnir eru á vegum eða í tengslum við skólann. Á Ísafirði hafa verið gerðar miklar endurbætur á fundaaðstöðu á Hótel Ísafirði. Vestra eru aðstæður eins og best verður á kosið og Ísafjörður er vaxandi staður hjá okkur.“

Góð aðstaða Þegar kemur að ráðstefnu- og fundahaldi og þeim tækniþúnaði sem slíkt kallar á segir að Árni að óhætt sé að halda því fram að hótelið úti á landi standi þeim í höfuðborginni ekkert að baki varðandi aðstöðu og tækniþúnaði. Þarna hafi orðið breytingar til batnaðar undanfarið ár.

„Hótel Hérað var stækkað á síðasta ári og er nú enn betri aðstaða en áður þar. Á Akureyri hafa verið haldnar mjög stórar ráðstefnur og fundir á undanförunum árum og er ekkert til fyrirstöðu í þeim efnum. Sama máli gildir um Ísafjörð. Viðskiptavinir spyrja gjarnan um tækniþúnað og afþreyingu áður en pöntun er gerð, kröfurnar eru að öll aðstaða standist það sem best gerist og við erum ekki í vandræðum með að uppfylla þær.“

Árshátíð í kjölfarið Að sögn Árna gerist það æ oftar að fyrirtæki haldi fundi úti á landi og haldi svo árshátíð eða einhvers konar skemmtan í framhaldi af því.

„Þegar fyrirtæki halda árshátíðir úti á landi nær hópurnum mun betur saman en þegar farið er út fyrir landsteinana. Þær ferðir verða gjarnan meira verslunarferðir en árshátíð. Óhætt er að benda stjórnendum fyrirtækja á að árshátíð úti á landi verður um leið hópeflisferð. Þetta hafa mörg af stærri fyrirtækjum landsins gert. Þá er töluvert um að hinir ýmsu klúbbar séu með sínar árshátíðir annars staðar en í Reykjavík og hafa sömu sögu að segja og fyrirtækin; skemmtilegra og hópurnum nær vel saman.“


© 2011 FLUGFÉLAG ÍSLANDS



einbeiting - vinnufriður - hópefli - árangur - upplifun - pælingar - afköst - stæmning - hugmyndir - skammtun - úrvinnsla - fyrirtæki - starfsmann - félög - samtök



fundar **FRÍÐUR**





Eyþór Víðisson er víðmenntaður í öryggismálum og býður viðskiptavinum Öryggismiðstöðvar Íslands nýja þjónustu. „Fagmennska í öryggismálum er nauðsynleg.“

ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Öryggisstjóri til leigu

Öryggisstjórar móta stefnu fyrirtækja í öryggismálum og eru ráðgjafar og sinna eftirfylgni í verkefnum sem fyrirtæki ráðast í. Þeir horfa á rekstur fyrirtækja með hliðsjón af þessum málum,“ segir Eyþór Víðisson, sviðsstjóri öryggisdeildar Öryggismiðstöðvar Íslands.

Að sinna öryggismálum af kostgæfni verður æ þýðingarmeira. Fjöldmörg fyrirtæki hafa þó ekki öryggisstjóra í fullu starf. Þurfa engu að síður að hafa öryggisstefnu, gera áhættumat, fylgja stöðlum, reglum og lögum. „Fagmennska í öryggismálum er nauðsynleg til að draga úr kostnaði, ná sem mestu úr starfsfólki og auka þar með arð fjárfestinga,“ segir Eyþór sem er með BS í löggæslufræði frá Bandaríkjunum og MSc í öryggisstjórnun frá Englandi.

„Koma þessu í lag“ Öryggismiðstöð Íslands býður nú fyrirtækjum öryggisstjóra til leigu í lengri eða skemmri tíma. Gerður er samningur milli aðila, til dæmis um vissan tímafjölda í mánuði eða á ári og er öryggisstjórinn svo kallaður til skrafs og ráðagerða þegar þörf krefur eða undirbúningsvinna vegna aðgerða á þessu sviði hefst.

„Það eru engin svið rekstrar fyrirtækis sem eru öryggisstjóra óviðkomandi. Hann verður að njóta fulls trausts æðstu stjórnenda fyrirtækja og sem slíkur getur hann með sína sérfræðipækkingu komið að öllum málum innan þeirra. Sumir þættir kalla á meiri tíma öryggisstjórans en aðrir; svo sem vinnutæki, umhverfi og starfsfólk. Fjárreiður, bókhald og slíkt hafa yfirleitt minna vægi. Þó eru það ferlar


Öryggismiðstöð Íslands býður sérfræðinga til útleigu sem hafa heildstæða umsjón með öryggis

ýmiss konar, vinnubrögð og reglusetningar sem þurfa mesta athygli öryggisstjórans. Þá á ég ekki endilega við reglur sem hefta eða banna, heldur reglur um hvernig eigi að gera hlutina, hver beri ábyrgð á þeim og svo framvegis,“ segir Eyþór.

Ofmetnir eigin hæfileikar Eyþór segir eftirspurn eftir þessari þjónustu Öryggismiðstöðvar Íslands ef til vill ekki hafa verið í samræmi við raunverulega þörf. „Fyrirtæki hafa oft ekki verið tilbúin til að stíga skrefið til fulls og klára þau öryggistengdu verkefni sem byrjað er á. Oft er sest niður með enga áætlun eða lokatakmark. Það á að koma málunum í lag, er sagt, og svo er lagt af stað í verkefni með engri ábyrgð, markmiðum né neinu sem kallast gætu fagleg vinnubrögð,“ segir Eyþór.

„Mörg fyrirtæki eru með orðið „öryggi“ í slagorðum sínum og auglýsingum en þegar betur er að gáð er engin stefna, ábyrgð né annað sem kallast getur fagmennska. Þó sér maður alltaf fleiri sem eru reiðubúnir að gera virkilega vel.“

Sinum öllum öryggisþörfum Ísland er að komast á kortið sem ráðstefnuland og mönnum vaktgæsla færast í vöxt á fundum og ráðstefnum. Íslenskir ráðstefnuhaldarar verða að sýna fagmennsku við skipulagningu funda. Gestir sem hingað koma setja miklar kröfur hvað varðar öryggi.

„Öryggismiðstöð Íslands hefur í gegnum árin boðið upp á nýjustu tæknilausnir á sviði öryggismála, mannaða gæslu og fleira - en með tilkomu öflugrar ráðgjafaþjónustu getum við núna sinnt öllum öryggisþörfum sem fyrirtæki þarf á að halda. Við þurfum ekki lengur að koma að málum á miðri leið heldur getum við verið með frá byrjun,“ segir Eyþór. 

ÖRYGGISMÆSTÖÐ ÍSLANDS

Pitt öryggi

Skýr öryggisstefna skapar verðmæti



ÖRYGGISMÆSTÖÐ ÍSLANDS

Pekking er lyklatriði

- Ráðgjöf
- Öryggisáttækt
- Áhættugreining
- Símenntun Öryggisþjóra
- Þjálfun starfmanna
- Fyrirlestrar og námskeið



„Reykjavík spennandi áfangastaður,“ segir Dóra Magnúsdóttir

Afpreying innan seilingar

Svo vel takist til með ráðstefnuhald er skipulagning mikilvægasti þátturinn. Fjöldmennar ráðstefnur og fundir kalla á mörg úrlausnar-efni svo ráðstefnan gangi vel fyrir sig og verði árangursrík. „Bæði þarf að skipuleggja ráðstefnuhaldið sjálft en síðan eru gestir með ýmsar sérþarfir. Í lok ráðstefna er gjarnan skipulögð skemmtiferð í nágrenni borgarinnar. Öllu þarf að mæta og skipuleggiendur ráðstefna hérlendis eru snillingar í að leysa málin þannig að allir snúi ánægðir heim,“ segir Dóra Magnúsdóttir, markaðsstjóri Höfuðborgarstofu.

Í harðri samkeppni um hvar halda eigi ráðstefnu er mikilvægt að bjóða upp á spennandi áfangastað. Einmitt þarna er Reykjavík um margt fýsilegri kostur en margar aðrar borgir sem bjóða upp á stærri sali og fleiri hótél.

Fyrsta mikilvæga atriðið til að ráðstefna heppnist vel er þátttaka. Skipt getur sköpum að áfangastaðurinn sé spennandi, sérstaklega fyrir fólk sem fer á margar ráðstefnur ár hvert. „Það sem Reykjavík hefur fram yfir margar aðrar borgir eru stórkostlegir afþreyingarmögu- leikar í faðmi mikillar náttúrufergurðar. Nú í vor opna tvö ný hótél í miðbænum í kjölfar þeirrar aukningar á gistirými sem þegar hefur orðið undanfarin ár. Ný og glæsileg ráðstefnumiðstöð verður tekin í notkun árið 2009 á Miðbakkanum í Reykjavík og það er deginum ljósara að slík bygging mun brjóta blað hvað varðar aðstæður til ráðstefnuhalds hérlendis.“

Lærdómsríkt og lifandi

Svo ráðstefna heppnist vel er að mínu mati nauðsynlegt að hún sé lærdómsrík og að sjálfsögðu reynir á að fyrirlesararinn sé góður. Flutningur þarf að vera lifandi og hnitmiðaður. Mikilvægt er að erindin séu ekki of löng. Einnig er mikilvægt að erindin séu fjölbreytileg og að húnur gleymist ekki,“ segir María Guðmundsdóttir, ritstjóri Ferðarita hjá Heimi hf.



„Mikilvægt að erindin séu fjölbreytileg,“ segir María Guðmundsdóttir ritstjóri

María segir að til að vel takist til með ráðstefnuhald sé umgjörðin þýðingarmikil; að vel fari um ráðstefnugesti og að allur tæknibúnaður sé í góðu lagi. Það sé afleitt þegar fyrstu mínúturnar fari í að leysa úr tæknivandamálum.

Í tímans rás kveðst María aðallega hafa sótt ráðstefnur sem tengjast ferðaþjónustu og stígs- munur sé á því hvort þær séu litlar og fjalli um afmörkuð mál eða risa- stórar með fjölda þátttak- enda. Á hinum fyrrnefndu skapist til dæmis oft meiri tækifæri til skoðana- skipta um einstök málefni. „Skemmtilegustu ráð- stefnurnar finnst mér vera tveggja daga ráðstefnur sem haldnar eru úti á

landi. Þar nær fólk betur að slaka á og einbeita sér – og þær verða góð blanda þess að njóta áhugaverðra fyrirlestra, umhverfis og félagsskapar ráðstefnu- gesta meðan á dvöl stendur.“

Umgjörð og stemmning

Að minni hyggju er mikilvægt að skapa ákveðna umgjörð og stemmningu í kringum fundi og ráðstefnur svo að vel takist til,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. „Áhuga- verðir fyrirlesarar með fróðleg erindi ná fundargestum oft alveg á sitt band og eins er farið að skreyta salina í þeim tilgangi til að skapa ákveðin hughrif. Þá eru oft á dagskrá fin tónlistaratriði. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að draga fólk að og takist vel upp má búast við góðri mætingu að ári. Almennt tel ég þetta nauðsynlegt, því hvarvetna verður æ erfiðara að ná í gegn. Það er engin fjarstæða að segja að funda og ráðstefnuhaldi á Íslandi hafi verið markaðsvætt að verulegu leyti.“

Í krafti starfs síns segir Gunnar að sér berist boð um að sitja fjölda funda og ráðstefna sem hann þiggi sjaldnast. „Ef ég þægi allt sem býðst væri slíkt nánast fullt starf,“ segir hann og hlær.

Gunnar segir að talsverður munur sé á stíl og yfirbragði samkoma þar sem reynt er að laða gesti að með góðum fyrirlesurum og skemmtilegri stemmningu og svo funda þar sem er skyldumæting – svo sem í verkalýðshreyfingunni. Sumir funda innan vébanda hennar séu næsta dauflegir, nema því aðeins að erindi ræðumanna séu sérlega markverð eða áhugavekjandi.



„Ná fundargestum oft alveg á sitt band,“ Gunnar Páll Pálsson, formaður VR.

Stefnumótunarfundir haldnir utanbæjar

Víðsýni í sveitasælu

Að fara út úr bænum virðist beinlínis auka fólki víðsýni. Stundum er sem gáttir opnast og hugurinn verður frjórri en ella þegar komið er í nýtt umhverfi. Mín reynsla er sú að í stefnumótunarfundum eða við önnur slík tækifæri - þegar virkilega þarf nýtt sjónarhorn á hlutina - sé ágætt að brjóta dagskrána upp, fara út fyrir bæinn og halda vinnufund þar,“ segir Jón Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Öryggismiðstöðvar Íslands. „Gott er að funda á hóteli þar sem öll aðstaða er fyrir hendi, segir hann.“ En mikilvægast sé að fundirnir séu vel skipulagðir og fólk komi undirbúið til leiks. Það sé segin saga að sé fundur haldinn utan bæjarmarka hafi þeir sem hann sitja undirbúið sig betur en ella – líkt og þeir séu að fara í ferðalag – fremur en enn einn fundinn í bænum.


Fámennt er markvissst Fámennt en góðmennt er gjarnan sagt - og það segir Jón Snorri eiga við um stefnumótunarfundi eigi árangur að nást. Sex til átta manna fundur verði markvissari en fjölmennari fundir. „Fólk leggur ef til vill upp með að ræða nokkur afmörkuð atriði og þá er mikilvægt að gefa hverju og einu þeirra fyrirfram ákveðinn tíma, í stað þess að staðnæmast skipulagslítið við eitt ákveðið mál. Þá er dagskráin fljót að riðlast.“

Jón Snorri hefur stýrt þremur stórum fyrirtækjum. Hjá þeim öllum kveðst hann hafa hagað stefnumótunarfundum með þessum hætti og sé þá sjálfgefið að kalla helstu millistjórnendur til leiks. „Einnig gefst vel að fá nokkrar óbreytta starfsmenn til leiks, annaðhvort reynslubolta eða fólk sem er nýlega byrjað og virkilega áhugasamt um starfið og framgang fyrirtæksins. Það hefur oft



„Hugurinn verður frjórri en ella í nýju umhverfi,“ segir Jón Snorri Snorrason.

öðruvísi sýn en við hin á reksturinn. Að heyra álit þessa fólks er þýðingarmikið.“

Í klukkustundarfjarlægð Ágætt er að fara ekki lengra en í klukkustundarfjarlægð úr bænum þegar halda skal fund, segir Jón Snorri. „Fólk mætir til vinnu og sinnir helstu verkum sem liggja fyrir, en síðan er haldið úr bænum um klukkan ellefu. Eftir hádegismat byrjar fundur sem stendur alveg fram undir kvöld en þá er líka gott að slaka á. Þegar menn fara í heita pottinn og hafa lyft glasi skapast þær umræður sem eru gagnlegastar. Næsta morgun er ágætt að nota til að draga helstu niðurstöður saman og hafa lokið fundi um hádegi. Í eftirmiðdaginn er fólk svo aftur komið til starfa. Í ferðum út fyrir bæinn er líka tilvalið að heimsækja samstarfsfyrirtæki eða stóra viðskiptavinum og þannig öðlast ferðin margþætt gildi.“ 

Vinsælt meðal menntamanna

Mjög fáir hafa komið hingað áður. Landið þykir forvitnilegt, einkum meðal menntamanna,“ segir Guðmundur Björnsson læknir, stofnandi heilsulindarinnar Saga Heilsa og Spa. Hann hefur sem læknir og einnig sem formaður Læknafélags Íslands bæði sótt og staðið fyrir fjölda ráðstefna lækna – en slíkar eru haldnar mjög reglulega og eru raunar nokkuð áberandi í flórinni.


„Innan samstarfs Norðurlanda og jafnvel Evrópu, þykir sjálfsgætt að halda ráðstefnur í aðildarríkjum þeirra samtaka, þeirra landa sem eru í samstarfi.



Guðmundur Björnsson, læknir.

Þetta á einnig við um fagfélög til dæmis Félag norrænna hjartalækna eða félag evrópskra norrænufræðinga. Fjölbreytnin í þessari flóru er mikil og ráðstefnumarkaðurinn er alltaf að stækka.“

Ísland þykir spennandi ráðstefnaland fyrir þá sem aldrei hafa hingað komið og er ógleymanleg upplifun fyrir þá sem koma.

Möguleikar Íslands eru því miklir hvað þetta varðar, það sem helst gæti komið í veg fyrir frekari vöxt er takmarkað gistirými og stærð á ráðstefnusölum. 



„Allur tækjabúnaðurinn þarf að mynda heild sem virkar vel fyrir notendur,“ segir Sævar Haukdal hjá Nýherja.

NÝHERJI HF.

Tæknin mikilvæg á ráðstefnum

Ráðstefnu- og fundahald nútímans kallar á viðamikinn undirbúning þar sem tæknimál hvers konar eru þýðingarmikil. Nú þarf meira en sal með bordum, stólum, ræðupúlti, hljóðnema og einum hátalara. Fjölmennar ráðstefnur kalla á skipulag, allt niður í hin smæstu atriði og þá er meðal annars horft til þess að hafa góðan tækjabúnað tiltækan. „Þegar fagfólk ráðstefnuskrifstofa annast undirbúning dregur verulega úr mistökum. Hins vegar kemur fyrir að fólk spari í ráðgjöf sem getur leitt til tæknilegra vandamála og þannig dregið athyglina frá annars góðu umfjöllunarefni,“ segir Sævar Haukdal, vörustjóra í hljóð- og myndlausnum Nýherja.

Tæknin virkjuð sem heild Hann segir að á viðamiklum ráðstefnum þurfi jafnvel að setja upp heilt tækniver og skrifstofu. „Ef til dæmis er um að ræða 300 manna ráðstefnu þar sem þátttakendur tala sex tungumál þá þarf túlkabúnað og -klefa fyrir sex tungur og hlustunartól fyrir alla gestina. Einnig þarf myndvarpa og flatskjái, hljóðbúnað með hljóðnemakerfi fyrir fundarhöld og allan almennan skrifstofubúnað svo sem tölvur, prentara og ljósritunarvélur. Stundum er beðið um upptöku ráðstefnunar á myndband og æ oftast er þess óskað að ráðstefnan sé sjáanleg á Netinu í rauntíma, en til þess þarf þá sérstakan búnað.“ Sævar segir jafnframt að oftast séu einnig móttökur og veisluhöld

Ráðstefnuhald kallar á viðamikinn búnað, tækniver og jafnvel heila skrifstofu. Nýherji leigir þetta út.

samhliða ráðstefnum sem kalli á annan búnað í öðrum salarkynnum eða jafnvel í öðru húsnæði. „Að lokum þarf að huga að því hvernig áætlað sé að birta efnið svo hægt sé að tengja þetta allt saman og virkja sem eina heild,“ segir hann, en allan fyrrgreindan tæknibúnað er hægt að leigja eða kaupa hjá Nýherja.

Með góðum fyrirvara Að sögn Sævars þarf helst að panta túlkabúnað og annað sérhæft til stærri ráðstefna með góðum fyrirvara. Stundum séu margar ráðstefnur samtímis víða um landið sem þurfi á sams

konar búnaði og tæknimönnum að halda. Þá sé heppilegra að hafa nægan tíma til skipulagningar svo hægt sé að veita öllum þá þjónustu sem óskað sé eftir. Allan algengan mynd- og hljóðbúnað megi þó panta með skömmum fyrirvara en góð regla sé að huga að tækjabúnaði um leið og húsnæði er valið, jafnvel þó endanlegar þarfir séu ekki ljósar.

„Tæknibúnaður þarf að veljast með hliðsjón af því sem fyrir er í þeim húsakynnum þar sem ráðstefna eða fundur er haldinn,“ segir Sævar. „Mörg hótél og salir hafa til dæmis fjárfest í hljóð- og myndbúnaði og oftast er hann nýttur. Ganga þarf úr skugga um að hann geti tengst þeim viðbótarbúnaði sem óskað er eftir. Allur tækjabúnaður þarf að mynda heild sem virkar vel fyrir notendur og gesti og skila því sem óskað er eftir.“

Að vel takist til Á öllum stórum ráðstefnum er nauðsynlegt að fá tæknimenn í uppsetningu búnaðar að sögn Sævars. Hann bætir því við að „... engin alvöru ráðstefna ætti að vera án tæknimanns við eftirlit á staðnum, því ef einhver vandamál koma upp er nauðsynlegt að bregðast fljótt við, hvort sem um er að ræða tæknilegar bilanir eða notendamistök. Ráðstefnugestir, sem gjarnan eru taldir í hundruðum og komnir eru til að fræðast, sætta sig ekki við langvarandi stopp – að ekki sé talað um ráðstefnuhaldara sem eiga allt undir að vel takist til.“

GOTT KOMPANÍ

ALU

Ný vídd fyrir verslanir og sýningarrými

ALU - innréttingakerfi eru meðfærileg og auðveld í uppsetningu. Möguleikarnir í útfærslum eru óendanlegir og að sama skapi er fjölbreytnin mikil. Það eru til lausnir á nánast öllu. Ég tel þessar vörur eiga fullt erindi inn á íslenskan markað og ekki síst henta þær vel í sambandi við allt ráðstefnu- og fundahald, en því fylgir gjarnan að settar eru upp litlar sýningar sem þarf að gerast fljótt og fyrirhafnalítið. Í raun er ALU innréttingakerfið nokkuð sem vantað hefur á íslenskan markað, hvort sem verið er að setja upp færanlegar ver-slunarinnréttingar eða glæsilega sýningarstanda,“ segir Rúna Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Góðs kompanís ehf.

Útstillingarvörur og ráðgjöf Gott kompaní er þjónusta-, ráðgjafar- og innflutningsfyrirtæki á sviði útstillinga, innréttinga og annars slíks. Fyrirtækið var stofnað fyrir um sex árum, en Rúna Kristinsdóttir á að baki um það bil tveggja áratuga feril við störf á þessum vettvangi. „Ég hef séð um skreytingar, uppákomur og hönnunarvinnu fyrir ýmis fyrirtæki, svo sem Kringluna, Smáralind, Nordica hótél, Flugstöðina í Keflavík, Orkuveitu Reykjavíkur, KB banka, Icelandair og fleiri,“ segir Rúna – og bætir við að innflutningur á ýmsum útstillingarvörum sé snar þáttur í rekstri Góðs kompanís og verði æ umsvifameiri.

Þegar kemur að því að velja innréttingar í nýja ver slun eða þjónustufyrirtæki þarf að hafa marga þætti í huga. „Grundvallar-spurningin snýst auðvitað um húsnæðið sjálft. Einnig þarf að taka tillit til þess hvaða vörur á að selja, hverjir séu markhóparnir og hvort eigi að leggja áherslu á lágt vöruverð eða þjónustu. Samspil allra þessara þátta þarf að hafa í huga þannig að heildarmyndin verði góð,“ segir Rúna. Hún fyrst kynntist ALU innréttingakerfinu á sýningu úti í Bandaríkjunum, sá fljótt kosti þess og tryggði sér því Íslandsumboð.

ALU er alþjóðlegt fyrirtæki, með höfuðstöðvar sínar á Ítalíu, og hefur, að sögn Rúnu, frábæra hönnunardeild sem ávallt er í fararbroddi varðandi strauma og stefnur. Kappkostað sé að koma til móts við hina allra kröfuhörðustu.


ALU - innréttingakerfi bjóða uppá mikla möguleika og er auðvelt í uppsetningu.




„ALU - innréttingakerfi eru meðfærileg og auðveld í uppsetningu,“ segir Rúna Kristinsdóttir hjá Góðu kompaní ehf.

Með einu handtaki Meðal viðskiptavina ALU á alþjóðamarkaði eru meðal annars Zara, Ecco, Eurosko, Carlsberg, H&M, Bank of Ireland og Wella og eru þá aðeins fáein fyrirtæki nefnd.

„Það sem gerir uppsetningu ALU einstaklega auðveldar er að í mörgum tilfellum þarf engar festingar í loft og gólf, hægt er að festa uppistöðurnar með einu handtaki sem síðan er hægt að bæta við eftir þörfum. Auk glæsilegrar hönnunar bíður ALU upp á frábærar lausnir fyrir grafík og merkingar sem eru orðið lyklatríði í framsetningu á vöru í dag,“ segir Rúna Kristinsdóttir.

Hægt er að kynna sér ALU-innréttingarnar betur á vefsetrunum www.gottkompani.is eða www.alu.com. Þá hefur Gott kompaní nýlega opnað sýningarsal að Vegmúla 2 í Reykjavík. 



„Verkefnin eru æði misjöfn og sum hver mjög flókin. Því er mikilvægt að viðskiptavinurinn fái góða ráðgjöf,“ segir Þorsteinn Halldórsson hjá Tæknivali.

Tæknival hefur upp á að bjóða mikið úrval lausna fyrir fundaradstöðu – alveg upp í ráðstefnusali. Við höfum marga virta og öfluga samstarfsaðila á þessu sviði - svo sem Sony, Canopus, Epson, HHB, Ztech, Panasonic og Elan Systems - sem við nýtum okkur við úrlausnir verkefna. Þá býður Tæknival upp á allan helsta tæknibúnað sem þörf er á, til að mynda skjávarpa, flat- og plasmaskjái, hljóðkerfi, kioska, IP-myndavélakerfi, LCD sjónvörp og fleira. Tæki sem flest eru í dag orðin ómissandi tæki í daglegum rekstri fyrirtækja,“ segir Þorsteinn Halldórsson sérfræðingur í hljóð- og myndlausnum Tæknivals, sem hefur yfir 20 ára reynslu úr þessum geira í Bandaríkjunum.

Finum bestu lausn Ráðstefnuhald í dag kallar á viðamikinn búnað og úrlausnir eru oft allflóknar. Með nýrri og meðfærilegri tækni verður öll framkvæmd þó mun auðveldari – og jafnvel skemmtilegri. Tæknival býður upp á mjög fjölbreyttan ráðstefnubúnað. „Við erum stöðugt að bæta við vörumerkjum og efla þjónustu. Í gegnum samstarfsaðila víða um heim tel ég okkur geta útvegað flest sem okkar viðskiptavinir þurfa í ráðstefnubúnaði,“ segir Þorsteinn.

TÆKNIVAL HF

Tæknilausnir fyrir fundi

Fjölbreyttur búnaður og mörg vörumerki. Sérfræðingar Tæknivals kappkosta að finna bestu lausn í hverju tilfelli.

Þegar viðskiptavinir leita til Tæknivals segir Þorsteinn metnaðarmál fyrirtækisins að bjóða góða úrlausn mála og tryggja árangur sem allir geti sætt sig við. „Verkefnin eru æði misjöfn og sum hver mjög flókin. Því er mikilvægt að viðskiptavinurinn fái góða ráðgjöf í þessum efnum. Menn setjast yfir þarfir viðskiptavinar og þeir sérfræðingar Tæknivals sem þekkja best til á viðkomandi sviði dregur inn í verkefnið. Að takast á við hlutina á þennan máta er mjög mikilvægt atriði,“ segir Þorsteinn.

Hann bætir við að margir gera stór mistök við kaup á tæknibúnaði. „Eftir tuttugu ára feril á þessu sviði hefur maður upplifað mörg ævintýri.“

Gott fyrir hálfa milljón „Það er alltaf hægt að nefna dæmi um menn sem eru að spara krónuna á meðan þúsund kallarnir fjúka. Ég gleymi aldrei manni sem var að bæta hljóðkerfið sitt og var fastur í að kaupa tiltekinn magnara. Hugsaði mun minna um hátalarana sem voru þó margfalt þýðingarmeiri. Svona geta menn verið fastir í meinlokum og þær reynast mörgum dýrar þegar uppi er staðið,“ segir Þorsteinn Halldórsson og bætir við:

„Hvað góður ráðstefnubúnaður fyrir meðalstórt fyrirtæki kostar er fyrst og síðasta spurning um hvað viðskiptavinurinn sjálfur vill. Upphæðirnar geta fljótlega farið yfir í djúpa endann á lauginni. Með útsjónarseni og mátulegri sparsemi ætti þó að vera hægt að koma upp sæmilega búnu fundarherbergi í fyrirtæki fyrir um hálfa milljón og þá erum við að tala um að keyptur sé skjávarpi, tölvubúnaður og notalegt hljóðkerfi.“



**Hefðu samband við sérfræðinga
Tæknivald og fáðu faglega ráðgjöf við
val á réttu hljóð- og myndlausum.**

hljóð&mynd²



Viltu ná athygli?

Tæknival býður mikið úrval af hljóð- og myndlausum s.s. myndverpa, hljóðkarfi, myndvöruskið, plasmaskjá, kiosk og IP myndavélar.

Helstuþjónustur fyrir fundarherbergi, ráðstefnusal, félagsheimili og veitingahús.

Tæknival er í samstarfi við leiðandi birgja á hverju sviði og því getum við tryggt viðskiptavinum okkar bestu fjáfræga lausnirnar hverju sinni.



Tæknival

ÞJÓNUSTA Í ÖÐRU VELDI



Marinó Guðmundsson. „Erum með ýmsar nýjar og skemmtilegar vörur í þróun. Markmið okkar er að breikka vöruúrvalið til muna.“

66°NORÐUR

Í sókn með sterkt vörumerki

Útivist hvers konar verður sífellt ríkari þáttur í lífi nútímafólks og tískustraumar nútímans taka mið af því. Til þessa horfum við í sókn fyrirtækisins og þá sérstaklega þess að nálgast tískuna sjálfa með öllum sínum duttlungum. Öflug hönnunardeild okkar fylgist með tískunni og við erum með ýmsar nýjar og skemmtilegar vörur í þróun um þessar mundir. Markmið okkar allra næstu misseri er að breikka vöruúrvalið til muna,“ segir Marinó Guðmundsson, forstjóri 66°Norður.

Stefnt að fjölgun verslana Marinó Guðmundsson tók við forstjórastarfinu um áramót þegar Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi keypti ráðandi hlut í fyrirtækinu Hann hafði þá áður átt hlut í félaginu um nokkurt skeið.

Að sögn Marinós setja nýir eigendur markið hátt og stefna að því að auka veltuna í ár um minnst 20%. Þar er horft til sóknar á erlendum mörkuðum og eins þess að fjölga verslunum fyrirtækisins bæði hér á landi og erlendis, en þær eru fimm hér á landi; það er við Lækjargötu og Faxafen í Reykjavík, í Kringlunni og á Akureyri. Hin fimmta er við Miðhraun í Garðabæ þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru. Tvær eru í Lettlandi þar sem meginframleiðslan fer fram. Þar er Sjóklæðagerðin fyrir með eina verksmiðju í borginni Saldus og önnur til viðbótar verður opnuð í borginni Aizepute nú á næstunni.

„Í dag skapar sala erlendis um það bil 15% af okkar veltu, en við erum einkum á mörkuðum í Skandinavíu, Hollandi og baltnesku löndunum. Einnig höfum við verið að ná ágætum árangri í Bandaríkjunum og erum búinir að gera stóran samning við bandarískt fyrirtæki sem hefur fengið einkaleyfi á sölu á vörum okkar þar í landi.




Útivistarfatnaður í takt við tískuna. Nýir eigendur Sjóklæðagerðarinnar færa út kvíarnar.

Sem stendur er mest áhersla lögð á austurströndina en til stendur síðan að færa út kvíarnar eftir því sem tímar líða.“

Sterkt vörumerki Ráðstefnur og fundahöld gegna þýðingarmiklu hlutverki við myndun hvers konar viðskiptatengsla en í seinni tíð hefur þó verið bryddað upp á mörgum nýjum leiðum í því sambandi. 66°Norður hefur komið að slíkum verkefnum, meðal annars með því að vera einn helsti styrktaraðili Amstel Light golfmótsins sem hér er haldið á sumri hverju á vegum Golfklúbbs Reykjavíkur og Golfklúbbsins Keilis í Hafnarfirði. Að sögn Elmars Freys Vernharðssonar, markaðsstjóra 66°Norður, er þátttakendum í mótinu, sem eru að jafnaði um 250 talsins og koma flestir frá Banda-

ríkjunum, lagður til hlífðarfatnaður sem þeir klæðast meðan á mótinu stendur og sést fatnaðurinn meðal annars í sjónvarpsþáttum sem gerðir eru um mótið.

„Þetta er afar þýðingarmikil auglýsing fyrir okkur. Sama gildi um Íslandsþátt Amazing Race, Íslandsfaramir þar voru í íslenskum fatnaði frá okkur. Þetta hefur mikið að segja fyrir okkur, nú þegar við hyggjumst sækja inn á Bandaríkjamarkað af meiri krafti en áður. Einnig sjáum við sem viðskiptavinir stóran og mjög vaxandi hóp ferðamanna sem koma hingað til lands og muni kaupa hér heima þann skjólgóða fatnað sem þarf til ferðalaga um Ísland. Þá skiptir miklu að vera með vörumerki og sem hefur sterka Íslandstengingu – 66°Norður. Fólk þekkir merkið og man eftir því þegar það kemur hingað til lands, þess albuíð að leggja á fjöll og firnindi,“ segir Elmar Freyr Vernharðsson. 

Tímabliki er fimm mánuðir.
Það er einn gott að nota þá vel.

© 2008 66° NORDUR

Klæddu þig vel



Kringla Reykjavíkur, Laugavegur 4 Reykjavík, Faxaflói 12 Reykjavík
Núllan 11 Garðabæ, Skarlagata 22 Akureyri og söluólur um land allt.

www.66north.is

EJS er einn stærsti
þjónustuaðili og birgi landsins
í upplýsingatækni.



„Stórar og fjölmennar ráðstefnur eru gjarnan í líkingu við viðamikla sjónvarpsútsendingu,“ segir Halldór Jón Jóhannesson, sölustjóri hljóð- og myndlausna hjá EJS.

EJS

Tækni fyrir fullkominn fund

EJS hf. setti nýlega á laggirnar deild innan fyrirtækisins þar sem hægt er að fá leigðan flestan þann tækjabúnað sem þarf vegna ráðstefnu- og fundahalds. „Meginstarfsemi EJS hefur hingað til verið á fyrirtækjamarkaði og viðskiptavinir okkar voru talsvert farnir að þrýsta á um þjónustu af þessum toga. Hvers konar fundir, sem fyrirtæki standa fyrir, verða æ umfangsmeiri og kalla á flókarnari tækniþúnað. Hótel og fundarstaðir bjóða yfirleitt grunnþúnað sem þarf, en síðan þarf að vera hægt að þrjóna við með sértækari tækjum í hverju tilviki fyrir sig. Í slíkum tilvikum er leiga á þúnaði skynsamleg lausn á málunum. Jafnframt nýtur æ meiri vinsælda að halda fundi á óvenjulegum stöðum þar sem enginn tækniþúnaður er til staðar og þá getur jafnvel þurft að leigja allan pakkann,“ segir Halldór Jón Jóhannesson, sölustjóri hljóð- og myndlausna hjá EJS.

Þarfagreining mikilvæg Halldór segir að þegar halda skuli ráðstefnu eða fund sé ágætt að viðskiptavinirnir leiti til EJS með nokkrum fyrirvara og reifi óskir sínar og hvernig standa skuli að ráðstefnunni. „Út frá þessu má þarfagreina hlutina og finna út hvaða tækniþúnað raunverulega þarf. Fyrstu spurningarnar eru auðvitað hve fjölmenn samkoman verði; hvort þar verða 40 manns eða jafnvel á annað þúsund eins og stundum gerist hér á landi. Af gestafjölda og salarkynnum og öðru slíku sést svo hverjar þarfirnar eru.“


Meðal hljóð- og myndlausna sem EJS býður eru til dæmis myndvarpar, flatskjáir, hljóð- og myndkerfi, hátalarar, tálkabúnaður og fleira. Einnig afspilunar- og myndsendiþúnaður en í vöxt færast að ráðstefnur og fundir séu sendir út á Netinu. „Stórar og fjölmennar ráðstefnur eru gjarnan í líkingu við viðamikla sjónvarpsútsendingu. Hvert smáatriði er nákvæmlega skipulagt og tæknilegu úrlausnar-

Allur tækjabúnaður fyrir ráðstefnuna er til leigu hjá EJS. Ólíkar lausnir í hverju tilviki. Myndþúnaður, túlkakerfi og jafnvel heil skrifstofa.



efnin eru mörg. Ekki er óalgengt að tveir til þrjár tæknimenn annist sumar ráðstefnur,“ segir Halldór.

Starfsemi í sókn Fjölmenn ráðstefna krefst þess sömuleiðis að þar sé sett upp eins konar skrifstofa með öllum þeim þúnaði sem slíku tilheyrir. „Heil skrifstofa kallar á öflugan tölvubúnað, prentara, ljósritunarvélur og fleira slíkt. Þetta er búnaður sem við eigum tiltækan og við getum sett saman einingu í samræmi við óskir viðskiptavina hverju sinni. Yfirleitt getum við brugðist nokkuð fljótt við þegar viðskiptavinir hafa samband, en nokkur fyrirvari er samt sem áður nauðsynlegur fyrir báða aðila. Þó hefur það gerst að haft hefur verið haft samband við okkur að morgni vegna ráðstefnu sem skal hefjast að kvöldi og þá hefur málinu að sjálfsögðu verið bjargað,“ segir Halldór.

Starfsstöð hljóð- og myndlausna EJS er í bakhúsi að Síðumúla 31 í Reykjavík. „Að hasla sér völl á þessu sviði er hluti af þeirri meðvituðu stefnu fyrirtækisins að mæta þörfum markaðarins á hverjum tíma og stækka við okkur. Meðal starfsmanna fyrirtækisins er valinn maður í hverju rúmi og við ættum því að geta brugðist við óskum viðskiptavina á þessu sviði sem öðrum. Að minnsta kosti hefur þessi starfsemi farið afskaplega vel af stað og ég sé ekki annað en hún muni vaxa og stækka, rétt eins og ráðstefnumarkaðurinn á Íslandi sem er í sífelldri sókn og ekki útlit fyrir að það muni neitt breytast í næstu framtíð,“ sagði Halldór Jón Jóhannesson. 



Þetta er bara skjár

– að véru 42-tönnur hvern í hvern og þjónni en stíllast
 vaxandi á milli þess. (Vill þú sjá 60 tönnur stjóri líka,
 en þú viltur að líka að fara aðallega vel með þess.)
 Kristjánar tætti, hjótar ífar og fróðar hlýttar hjóttar
 að vill að gæta allt samfar á hvern á milli stjórna og
 fella þess – og eftir trústaklega, þú viltur vilj á milli stjórna
 vilturkanna þess.

Þú þess eru nú þess fyrir allt þess samfar á milli í lag
 samfar og á milli stjórna ogu milli.

JVC GM-V42E

Vorð 249.900,-

- 42" breiddjóns plasma-skjár
- Fjóbærta (PAL, NTSC, Secam)
- Lípplögn: Native 3840x2880 (úrmark 1152x864)
- Blávalg - 480cd/m²
- Contrast - 3000:1
- Inngangur - RGB, BNC, RCA, S-Video, og SVGA
- Væðingakerfi
- Fjarstjórn
- 183,5 x 64 x 9 cm (h x b x d)

Hljóð- og myndaleið EJS býður hvern kyni búnað fyrir stórar og smær ræðstærur og fund.
 Mynd- og hljóðkerfi, alur stoffstærubúnaður, tjerfundabúnaður, tölukerfi og kringlakerfi.
 Hafiðu bara samband og við finnum út úr þessu!

Stærirhljóðkerfi, 42" skjár 17.800,- m/veit. Stærirhljóðkerfi, 39" skjár 21.000,- m/veit. Gætt ljófr fyrir hegt ljógríma.

Þess er til kynn á sílu

www.ejs.is // Örnáttavogj 10, Reykjavík / 643 3000 // Tryggvabærst 10, Akureyri / 463 3000



ICELANDAIR Bæklingur bjartsýninnar

Út í heim, sumarbæklingur Icelandair, kom út í byrjun febrúar og vakti venju samkvæmt áhuga landsmanna. Hvern dreymir ekki um sól, sælu og góða sumardaga í svörtu skammdegi á Íslandi? Raunar má segja að ferðabæklingar sumarsins séu eins konar vorboði Íslendinga, rétt eins og farfluglarnir sem ævinlega vekja gleði og bjartsýni meðal þjóðarinnar. „Við gerum reglulega mælingar á áhuga landsmanna á ferðalögum. Mæling sem gerð var í desember sýnir að fólk stefnir í utanlandsferðir í meiri mæli en í fyrra og vekur það athygli að áhugi fólks hefur aukist verulega á ferðum til Bandaríkjanna. Þetta endurspeglar áherslur okkar í framboði ferða vestur um haf í ár,“ segir Þorvarður Guðlaugsson hjá markaðsdeild Icelandair.

Bandaríkin æ vinsælli Icelandair bætir við 21. áfangastaðnum í leiðarkerfi sitt á vori komanda, þegar reglulegt flug hefst til San Francisco. Fyrsta ferðin er 18. maí og gerir áætlun félagsins ráð fyrir tveimur ferðum í viku fyrsta kastið sem verður svo fjölgað upp í fjórar yfir hásumarið, það er háannatímamann. „Þetta flug opnar möguleika fólks að heimsækja vesturströndina, sem því hefur kannski fundist mjög fjarlæg. Í beinu flugi frá Íslandi eru þetta ekki nema níu klukkustundir og miðsvæðis fyrir fólk sem vill fara til Suður-Kaliforníu eða þá norður eftir til Seattle eða jafnvel til Kanada. Jafnframt eru möguleikar að halda áfram til staða eins og til dæmis Hawai,“ segir Þorvarður.

Síðustu ár hafa vinsældir Bandaríkjanna meðal íslenskra ferðamanna verið að aukast mikið. Þar telur Þorvarður Guðlaugsson að lágt gengi dollarans hafi mikið að segja. „Einnig held ég fólk sé að uppgötva nýjan stað. Það hefur ekki farið þangað áður og vill breyta til frá sínum hefðbundnu Evrópuferðum. Bandaríkin eru stórt og margbrotið land - og margt ólíkt að sjá eftir því hvert farið er. Í sumar eykur Icelandair framboð sitt á flugi til Banda-

Ferðabæklingur Icelandair, Út í heim, kemur með sumarið. Fjöldi spennandi áfangastaða. Bandaríkin æ vinsælli. Aukin ferðatiðni.



ríkjanna um fjórðung, það er flugið til San Francisco og sömuleiðis er ferðum til Orlando og Boston fjölgað. Þá byrjum við að fljúga til New York 11. mars og sá áfangastaður er á okkar áætlun út árið.“

Upphaf í Evrópuferð Meðal landans hefur lengi notið vinsælda að fljúga til Evrópu og flakka svo á bílaeigubíl vítt og breitt um álfuna. Einu hefur mátt gilda hvaðan lagt er upp í ferðina, en fyrir Íslendinga eru ákvörðunarstaðir Icelandair þægilegt upphaf. Í þessu sambandi nefndir Þorvarður meðal annars Berlín, Madrid og Barcelona, staði sem einvörðungu er flogið til yfir sumarið. „Berlín hefur verið í mikilli uppbyggingu undanfarin ár og á mikla framtíð fyrir sér sem ferðamannastaður fyrir fólk á öllum aldri. Við fljúgum einu sinni í viku bæði á Barcelona og Madrid og það eru mjög vinsælir staðir. Fólk fer á sólarströnd, í bílferð um Evrópu og fleira og þá er tilvalið að fljúga til þessara borga og halda svo af stað.“

Annar ákvörðunarstaður Icelandair, sem einvörðungu er flogið er til yfir sumartímamann, er Helsinki. Margt áhugavert er að sjá í Finnlandi, sem einnig er mjög góður millistaður fyrir ferðir áfram til Eystrasaltslanda og Rússlands.

Fjöldi sérferða Sem endranær býður Icelandair upp á fjölda sérferða í ár. Ferðir sem verða vinsælli með hverju árinu eru til Costa Rica, New York með Hallfríði Þórarinsdóttur og St. Pétursborgar í Rússlandi undir leiðsögn Péturs Óla Péturssonar. Þá er stórkostleg sælkerferð í vor til Frakklands með Halldóri E. Laxness þar sem gist er í miðaldabænum Beaune. Annað nýmæli er ferð til Hawai með stoppi í San Francisco – að svo viðbættum fjölda annarra ferða til dæmis á tónleika, íþróttaleiki og fleira. 



„Fólk stefnir í utanlandsferðir í meiri mæli en í fyrra,“ segir Þorvarður Guðlaugsson hjá markaðsdeild Icelandair.

Lægra verð!

Íslenskur BusinessClass er nú tilgjaflegur á 10% lægra verði fyrir alla. Þetta er tilgjafur til þess að tryggja fjárfélaginu og þessum flugfélögum og þessum flugfélögum og þessum flugfélögum.

Þetta er alltaf tilgjafur!



Talað af sjálfstrausti

Stjórnendur, rétt eins og aðrir, verða að kunna þá list að haga máli sínu í samræmi við aðstæður. Þú talar ekki eins hjá Rótarý og á hluthafafundi. Í hvatningarræðum þarf á stundum að sýna smá leikræna tilburði við að leggja áherslu á mál sitt, en slíkt er alltaf vandmeðfarið,“ segir Helgi Rúnar Óskarsson, framkvæmdastjóri Dale Carnegie á Íslandi. Skoðanakönnun sem nýlega var gerð meðal stjórnenda 200 stórfyrirtækja í Bandaríkjunum leiddi í ljós að ekki nema þrjár af hverjum hundrað ræðum sem þeir hlustuðu á voru áhrifaríkar og áhugavekjandi og 13% í meðallagi. Alls 44% ræðna þóttu leiðinlegar og litlu færri beinlínis svæfandi.

Ræðumenn í framför „Það má heimfæra þessar tölur upp á íslenskan veruleika, en íslenskir stjórnendur eru þó svo sannarlega í framför í ræðumennsku. Þarna má nefna Bjarna Ármannsson forstjóra Íslandsbanka sem hefur vakið athygli fyrir lifandi ræðustíl án þess að tapa nokkru af trúverðuleika sínum,“ segir Helgi Rúnar, en hann hefur lengi og víða kennt á námskeiðum undir merkjum Dale Carnegie.

Þeir sem námskeiðin sækja eru hver að leita eftir sínu. Flestir eru fákunnandi í ræðumennsku og eiga sameiginlegt að bera kvíðboga gagnvart því að standa frammi fyrir stórum hóps og þurfa að flytja tölu. Á námskeiðunum er ekki síst lögð áhersla á að byggja upp sjálfstraust svo fólk geti komið fyrir sig orði án hiks. Einnig er boðið upp á námskeið sem eru ætluð þeim sem eru vanir að koma fram en vilja ná fram meiri áhrifum í kynningum og ræðum.

Viðeigandi spurningar Árangur á fundum og ráðstefnum byggist ekki síst á því að blanda geði við fólk. Að geta talað við mann og annan um „allt og ekkert“ er kúnst, sem meðal annars má læra á námskeiðum Dale Carnegie. „Til að ná tengslum við fólk er þumalputtaregla að spyrja viðeigandi spurninga og nálgast fólk af heiðarleika. Sýna viðmælanda sínum sannan áhuga og spyrja spurninga af einlægni. Virk hlustun á það sem viðkomandi hefur frá að segja skiptir einnig miklu.“

Í ráðstefnu og fundahaldi í dag eru hvers konar glærur og hjálparefni orðnar mjög fyrirferðarmiklar og jafnvel um of. „Margir leggja alla áhersluna á að geta, við flutning á erindi, brugðið upp myndefni og glærum, en minni á að vanda vel til erindis síns; þess að hafa frá einhverju að segja. Með þessu eru menn oft að byrja á öfugum enda, mestu skiptir að koma með góða og skýrt orðaða ræðu. Þar á myndefni að vera til stuðnings en ekki aðalatriði,“ segir Helgi Rúnar Óskarsson. 

„Koma með góða og skýrt orðaða ræðu,“ segir Helgi Rúnar Óskarsson, framkvæmdastjóri Dale Carnegie á Íslandi.




Siv Friðleifsdóttir alþingismaður.

Nógu lítinn farangur

Áferðalögum er afar mikilvægt að taka ekki of mikinn farangur með sér. Þetta lærðist mér mjög fljótt, en þingmennsku fylgja mikil ferðalög bæði innanlands og utan. Fráleitt er að fara með mikinn farangur heldur á maður að velja í töskuna nógu lítið. Vera kannski með ein eða í mesta lagi tvenn aukaföt og aukaskó með sér. Eina góða fundaskó, aðra skó fyrir móttöku – og hugsanlega svo þægilega strigaskó ef vitað er að farið verður í skoðunar- eða gönguferðir í tengslum við ráðstefnuna,“ segir Siv Friðleifsdóttir alþingismaður.

Siv segir mikilvægt að velja fatnað af kostgæfni. Þegar honum er ráðað í litla ferðatösku sé hættan alltaf sú að fötin krumpist og því borgi sig að hafa hann úr straufrú efni.

„Oft hefur mér gefist vel að hafa með mér í töskunni sem aukaföt þægilegan bol eða blússu – og svo bol eða buxur. Hafi maður þetta til skiptanna eru manni flestir vegir færir,“ segir Siv og bætir því við að í handfarangri sé skynsamlegt að hafa það allra nauðsynlegasta sem grípa megi til, vilji svo illa til að ferðataskan týnist - sem gerist reyndar sáraşaldan í seinni tíð. 

Vinsælir áfangastaðir
erlendra gesta:

Gullhringurinn er góður

Halldór Björnsson leiðsögumaður gerir ferðamönnum grein fyrir staðhátum á Þingvöllum.

Ráðstefnuhópar eru oft svolítið öðruvísi saman settir en aðrir dæmigerðir ferðamannahópar sem maður leiðsegir um landið. Gjarnan þekktist fólk eitthvað innbyrðis áður og því verður stundum glatt á hjalla í rútunni. Stemmningin verður allt öðruvísi en þegar fólk kemur hvert úr sinni áttinni og á ekki svo ýkja margt sameiginlegt,“ segir Halldór Björnsson, leiðsögumaður hjá Kynnisferðum. Sama er hvort erlendir hópar koma til Íslands í þeim tilgangi helstum að skoða landið og ferðast um fjöll og firmindi

eða sækja hér ráðstefnur; sömu ákvörðunarstaðirnir njóta alltaf vinsælda.

„Gullhringurinn svonefndi, þar sem við förum á Þingvelli, Geysi og austur að Gullfossi, stendur alltaf fyrir sínu. Einnig Bláa lónið,“ segir Halldór. Ferðalög sem tengjast ráðstefnuhaldi segir hann gjarnan svonefndar makaferðir og hvað sem líði jafnrétti kynjanna og frómri viðleitni í að jafna hlutföllin þar – þá séu konurnar yfirleitt í meirihluta í þessum ferðum. [f](#)



„Reykjanesið er allsérstætt,“ segir Helga Ingimundardóttir.

Heillandi Reykjanes

Dægradvöl og afþreying er mikilvæg í sambandi við ráðstefnu- og fundahöld og þar hefur Reykjanes upp á margt áhugavert að bjóða, að sögn Helgu Ingimundardóttur, framkvæmdastjóra Moby Dick hvalaskoðunar ehf. í Keflavík. Suður með sjó eru til dæmis fjögur áhugaverð söfn; Fræðasetrið í Sandgerði, Bátasafn Gríms Karlssonar í Listasafni Reykjanesbæjar, Saltfisksetrið í Grindavík og síðast en ekki síst jarðfræðisafn í Gjúanni - kjallara Eldborgar við Bláa lónið. Söfn þessi eru mikið sótt af fólki sem situr ráðstefnur, svo sem þær sem haldnar eru á Reykjanesi: þ.e. við Bláa lónið eða á hótelnunum í Keflavík.

„Hér er hægt að fara í hvalaskoðun eða sjóstangaveiði og væri þá hægt að grilla til dæmis aflann um borð. Hægt væri að fara í kvöldsiglingu í hvalaskoðun ef það er á réttum ljósátíma,“ segir Helga Ingimundardóttir. „Hægt er að bjóða upp á nýbakað rúgbrauð úti í hrauni, skoða hella og fleira. Reykjanesið er all sérstætt, sérstaklega á vorin þegar sjöfuglar eru að hreiðra um sig. Þar eru hverasvæðið og Reykjanesviti á Valahnjúk. Þá er ekki langt að sprungunni þar sem Reykjanes hryggurinn kemur á land, en yfir hana hefur verið byggð „Brúin milli heimsálfa“ sem mörgum þykir beinlínis spennandi að ganga yfir,“ segir Helga Ingimundardóttir. [f](#)



RADISSON SAS - HÓTEL SAGA

Hundrað prósent fundur

„Meginatriðið er þjónustan og hún snýst að sjálfsögðu um að starfsfólkið sé starfi sínu vaxið,“ segir Kristján Daníelsson, lengst til hægri, um fundarþjónustu Radisson SAS – hótélanna.

Radisson SAS keðjan hefur nýlega kynnt nýja þjónustustaðla í tengslum við fundi og mannfagnaði sem haldin eru á hótélum hennar. Þeir eru í stuttu máli að starfsfólk hótélanna lofar 100% framgöngu í einu og öllu er snýr að undirbúningi og allri vinnu meðan á atburði stendur og að honum loknum. Gildir þar einu hvort samkoman er lítil eða stór. „Viðskiptavinirnir geta því einbeitt sér að þeim undirbúningsþáttum er snúa beint að þeim – og látið sérhæft starfsfólk hótélanna um aðra þætti,“ segir Kristján Daníelsson sölustjóri.

Vinsælt til fundahalds Hótel Saga við Hagatorg í Reykjavík var opnað árið 1962 og svo stækkað um nær helming fyrir tæpum tuttugu árum. Á hótélinu eru nú alls níu fundarsalir sem taka allt frá tuttugu manns upp í 400 – að ónefndum Súlnasalnum sem tekur allt að átta hundruð manns. Í gegnum árin hefur notið vinsælda að halda hvers konar fundi og mannfagnaði á Sögu – Radisson SAS – Hótel Sögu. Fjölmörg fyrirtæki halda þar ævinlega aðalfundi sína – og sömuleiðis er hótelið vinsæll ráðstefnustaður fyrir hvers konar samkomuhald. Kemur þar til að salarkynni og allur húsbúnaður er glæsilegur og veitingarnar fyrirtak. En ekki skiptir minnstu máli þjónusta starfsfólksins sem kann sitt starf út í hörgul.

Fjórþætt loforð „Loforð Radisson SAS hótélanna til viðskiptavina sinna er fjórþætt og snýst um fagmennsku, skuldbindingu, umhyggju og tryggingu fyrir gæðum. Meginatriðið er þjónustan og

„Fagmennska, skuldbinding, umhyggja og trygging fyrir gæðum. Uppskrift að góðum fundi á Radisson SAS – Hótel Sögu.“

hún snýst að sjálfsögðu um að starfsfólkið sé starfi sínu vaxið. Mannlegi þátturinn er það sem höfuðmáli skiptir í þessu eins og öðru,“ segir Kristján Daníelsson.

Til að gera starfsfólk hótélanna enn hæfara í sínu hlutverki hafa Radisson SAS hótélin, sem eru á öllum Norðurlöndum, gengið til samstarfs við MPI, en það eru stærstu samtök í heimi á sviði ráðstefna og funda. Þar hafa

línurnar um það sem mestu máli skiptir í þjónustu við fundargesti verið markaðar – og ákveðnir þjónustustaðlar settir upp sem eru:

- 100% fagmennska hjá starfsfólki sem hefur hlotið menntun og þjálfun í að sjá til þess að viðskiptavinir fái bestu mögulegu þjónustu hverju sinni.
- 100% skuldbinding til að tryggja að veitt sé sú þjónusta og aðstaða sem óskað er eftir.
- 100% umhyggja við viðskiptavini því ljóst er að það eru mjúku mannlegu gildin sem þarf að tvinna saman við staðlaða framgöngu.
- 100% trygging fyrir því að viðskiptavinir séu 100% ánægðir með alla þætti. Ef eitthvað er ekki eins og viðskiptavinur telur að það eigi að vera er hann beðinn um að segja frá því strax og starfsfólkið gengur í málið hið snarasta. Ef ekki greiðist úr þarf viðskiptavinurinn ekki að borga. 📞

Vel cil fundlā



Radisson Blu Hotel ir profesionāla viesnīca, kas ir izveidota, lai nodrošinātu komfortablu un ērtu uzturēšanos. Viesnīcā ir 100 numuri, kas ir aprīkoti ar visiem nepieciešamajiem ērtībām. Viesnīcā ir arī restorāns, kas ir ideāls vieta, lai pasvinētu jūsu īpašo dienu. Viesnīcā ir arī konferenču zāle, kas ir ideāls vieta, lai pasvinētu jūsu konferenci. Viesnīcā ir arī sporta zāle, kas ir ideāls vieta, lai nodarītu sportu. Viesnīcā ir arī bērnu rotaļlaukums, kas ir ideāls vieta, lai nodarītu bērniem. Viesnīcā ir arī bezmaksas parkings, kas ir ideāls vieta, lai nodarītu jūsu mašīnu. Viesnīcā ir arī bezmaksas internets, kas ir ideāls vieta, lai nodarītu jūsu interneta piekļu. Viesnīcā ir arī bezmaksas ūdens, kas ir ideāls vieta, lai nodarītu jūsu ūdeni. Viesnīcā ir arī bezmaksas tvaicēšanas pakalpojums, kas ir ideāls vieta, lai nodarītu jūsu tvaicēšanu. Viesnīcā ir arī bezmaksas tvaicēšanas pakalpojums, kas ir ideāls vieta, lai nodarītu jūsu tvaicēšanu.

Radisson Blu Hotel
100 numuri
100 numuri
100 numuri

Radisson **BLU**
HOTELS & RESORTS

GUTENBERG

Stafrænar prentalausnir í snat

Oft þarf hraðann á við prentun ráðstefnugagna sem yfirleitt eru ekki heldur prentuð í ýkja stóru upplagi. Við slíkar kringumstæður er stafræn prentun ákjósanlegur kostur, enda fara saman hraði og hagstætt verð. Sömuleiðis býður stafræna prentunin upp á að prentgripirnir séu merktir persónulega hverjum viðtakanda – og getur hitt í mark í beinni markaðssetningu. Prentsmiðjan Gutenberg er velþekkt fyrir að vinna hlutina bæði fljótt og vel, sem á ekki síst við um stafræna prentun sem er vaxandi þáttur í starfseminni.

Ráðstefnugögn eru oft prentuð í litlu upplagi og hlutirnir þurfa að gerast fljótt. Stafræn prentun hjá Gutenberg er þá góður kostur.



„Stafræn prentun ráðstefnugagna verður æ umfangsmeiri hjá okkur,“ segir Bjarni Brynjólfsson hjá Gutenberg.

Tilbúið síðdegis „Okkur var í gær sendur prentgripur umbrotinn og tilbúinn, sem prenta skyldi í 400 eintökum. Þetta var ekkert mál, við rúlluðum þessu í gegn á tveimur tímum. Í morgun hringdi þessi sami viðskiptavinur svo aftur til okkar og sagðist þurfa 1.300 eintök í viðbót. Við því var auðvelt að bregðast, við settum prentun strax af stað aftur og ljúkum henni núna síðdegis. Þetta er gert í snarti. Í offsetprentun tekur ferlið hins vegar mun lengri tíma og möguleikinn á ýmiss konar sérmerkingum á prentgripina er ekki fyrir hendi,“ segir Bjarni Brynjólfsson, verkstjóri í stafræna deildinni hjá Gutenberg. Ýmiss konar smáprent segir hann raunar einboðið að fari í stafræna prentun; til dæmis nafnspjöld, dreifibréf, kynningapésar, auglýsingaborðar og fleira slíkt.

Gjarnan eru textar og myndir send um Netið í Gutenberg, þar sem efnið er brotið um og búið til prentunar á skömmum tíma. Oftast er hægt prenta og ganga frá bókbandi samdægurs.


„Stafræn prentun ráðstefnugagna verður æ umfangsmeiri hjá okkur, en einnig eru skólarnir að koma sterkar inn. Fyrir til dæmis námskeið í háskólanum er tekið saman námsefni og sett í bók, sem prenta þarf í einhverjum tugum eintaka fyrir ákveðið námskeið. Ef til vill verða svo nemendur þess fleiri en séð var fyrir – og þá er lítið mál að prenta nokkur eintök í viðbót,“ segir Bjarni – og bætir við að með nýjum tækjabúnaði í prentsmiðjunni muni bókbönd ganga hraðar fyrir sig.

E-póstur eykst Svonefndur e-póstur er vaxandi þáttur í stafrænni prentun Gutenbergs, en það er prentun hvers konar reikninga. Hjá stærri stofnunum og fyrirtækjum færirst í vöxt að viðskiptareikn-

ingar séu sendir netleiðis á sérstakri línu til prentsmiðju, þar sem þeir eru prentaðir út. Gutenberg hefur í e-póstdeildinni prentara sem afkastar allt að 195 blaðsíðum á mínútu. Hægt er að prenta öðrum eða báðum megin á blaðið og raða saman allt að fimm mismunandi eyðublöðum sem radast saman í mismunandi fjölda í bréf. Hægt er að prenta texta hvar sem er á blaðið og jafna hann hvernig sem er og einnig einfalda grafík.

„Þessi prentun er í sérstöku rými hér í prentsmiðjunni og að henni er takmarkaður aðgangur, sem er mikilvægt, enda er hér verið að meðhöndla viðkvæmar persónuupplýsingar. Á einum og sama staðnum eru reikningar prentaðir og lagðir í umslög, sem fara svo héðan beint á pósthús,“ segir Bjarni.

Vita hvað er best En þrátt fyrir að möguleikar í prentun séu margir leggur Bjarni Brynjólfsson samt áherslu á að viðskiptavinir leiti áður upplýsinga hjá sölu- og prentaráðgjöfum Gutenbergs. Af langri reynslu þekki þeir hvað henti best og sé ódýrast í hverju tilviki um sig; stafræn prentun eða offset. Sé til dæmis verið að prenta árskýrslu fyrirtækis geti hugsanlega borgað sig að prenta skýrsluna sjálfa í stafrænu – en kápuna í offset. Allt séu þetta atriði sem vega þurfi og meta í hverju tilviki um sig.

Bjarni Brynjólfsson segir að hjá Gutenberg þyki sjálfsagður hlutur að vera alltaf með það nýjasta í prentækinni, en fjarri lagi sé að slíkt sé aðalatriði. Mestu skipti að standa undir væntingum viðskiptavinnanna og mæta þörfum þeirra bæði fljótt og vel. Ný tækni geri þetta sífellt betur mögulegt, en mestu skipti þó vel þjálfað starfsfólk sem getur leyst fram úr hverju viðfangsefni. 

JÁ, VIÐ ERUM GAMALDAGS

ef það er gamaldags
að standa við gefin loforð

HEIDELBERG
SPEEDMASTER

HEIDELBERG
SPEEDMASTER

Hjón Gutenberg er stjórnað af tveimur bróðurjum okkar – en skilur okkur. Afdrátturinn
er á milli þess tveggja bróðra, semgjafinn og fagmennska. Eignir þeirra koma í
skilum þess þess að standa við gefin loforð. Því er þessi hugun og stundun
skilgjafinn sem byggir hjón Gutenberg að tveimur bróðrum þessum í
100 ár. Á morgun þessum vil sjón dag og stjórna velkoma með þessu vörum
„gamaldags“ hugafat.


Gutenberg
PRINTING

Síðurnar 16 Sími 540 4400
gutenberg.is



Kjartan Aðalbjörnsson og Ari Sigurðsson hjá Fyrirtækjasviði Pennans. „Fundurinn verður enn árangursríkari þegar fólki líður vel.“

PENNINN

Velliðan í vinnunni

Pægindi og velliðan eru atriði sem viðskiptavinir Pennans hafa í æ ríkari mæli að leiðarljósi við val á húsgögnum í fundaðstöðu fyrirtækis síns. Í húsgagnadeild Pennans í Hallarmúla 4 er þaulvant starfsfólk sem þekkir þarfir viðskiptavina sem er mætt með miklu og fjölbreyttu vöruúrvali. Hjá Pennanum starfa einnig innanhúsarkitektar sem veita endurgjaldslausu ráðgjöf við skipulag nútíma fundarherbergja og hvers kyns skrifstofurýma.

Fyrir fyrsta flokks fund „Í nánast hverju einasta fyrirtæki er þörf á fundarherbergjum með góðum og vönduðum húsgögnum. Miklu skiptir að vel fari um fólk og vitað er að fundurinn verður enn árangursríkari ef fólki líður vel,“ segir Kjartan Aðalbjörnsson sölustjóri.

„Penninn rekur sína eigin trésmiðju, Trésmiðju GKS, sem sér um innlendu framleiðsluna. Þar eru framleidd fundarborð í stöðluðum stærðum en einnig eru sérsmíðuð húsgögn eftir óskum viðskiptavina. Margir vilja sérútfærslur og hafa óskir um ákveðnar viðartegundir. Einnig erum við með umboð fyrir erlenda framleiðendur sem eru þekktir fyrir vandaða framleiðslu og góða hönnun. Má þar til dæmis nefna Vitra, Wilkhahn, Herman Miller og Kinnarps. Öll húsgögn frá okkur eru með fimm ára ábyrgð hið minnsta,“ segir Kjartan. Þess má geta að Penninn býður fyrirtækjum að kaupa húsgögn á

Allt fyrir skrifstofuna á einum stað. Hvergi meira húsgagnaúrval en hjá Pennanum í Hallarmúla 4.

fjármögnunarleigu í samstarfi við SP-fjármögnun og eru samningar þessir til allt að sex ára.

Gagnvirkar töflur Hjá Pennanum fást allir þeir fylgihlutir sem þurfa að vera í fundarherbergjum, til dæmis töfluskápar, fletti- og tússtöflur, ræðupúlt og fleira. „Búnaður sem nota skal í fundaraðstöðu fyrirtækja og stofnana verður að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru hverju sinni. Sumir leita eftir einföldum fyrirferðarlitlum búnaði sem hægt er að færa á milli herbergja eða rýma en aðrir vilja gagnvirkar, tölvutengdar snertitöflur eða jafnvel plasmaskjái,“ segir Ari Sigurðsson sölustjóri.

Mörg fyrirtæki hafa tölvutengjanlega skjávarpa, sýningartjald, fletti- og tússtöflu sem staðalbúnað í sínum fundarherbergjum og býður Penninn slíkan búnað í margvíslegum útfærslum frá helstu framleiðendum heims. „Við veitum ráðgefandi þjónustu, hvort sem verið er að leita eftir rafdrifnum sýningartjöldum til innfellingar í loft eða venjuleg tjöld dregin niður með handafli. Allt eftir þörfum og kröfum viðskiptavina.“



Glæsilegt fundarherbergi í KB-banka með húsgögnum frá Pennanum.

Ljósritunarvélar í mörgum gerðum Penninn býður fjölbreytt úrval af tölvum og tækjabúnaði hvers konar og er í fremstu röð á því sviði. Við funda- og ráðstefnuhald skapast oft þörf fyrir afritun gagna eða kynningar-efnis með stuttum fyrirvara og þá er gott hafa tölvutengda ljósritunarvél með frágangsbúnaði.

„Við bjóðum fullkomnar vélar frá Kyocera, sem eru tölvutengjanlegar. Þær má nota sem stafræna prentara, skanna og fax - fyrir svo utan ljósritunina sjálfa. Kyocera ljósritunarvélar eru hagkvæmar í rekstri og fáanlegar í fjölmörgum gerðum, með afkastagetu frá 15 í 150 eintök á mínútu,“ segir Ari.

Með því að tengja vélararnar við tölvur má senda gögn beint til prentunar. Láta frágangsbúnaðinn um að raða og hefta blöðin saman með einu hefti í hornið eða jafnvel búa til bækling með því að brjóta þau í miðju og hefta saman. Fyrirtækjapjónusta Pennans



Miklu skiptir að fundaaðstaða í fyrirtækjum sé góð, enda stuðlar slíkt að árangursríkari vinnu en ella.

veitir frekar upplýsingar um lausnir á þessu sviði í síma 540 2050.

Ritsmiðjan fyrir ráðstefnuna Í verslun Pennans að Hallarmúla 2 er mikið úrval af öllum daglegum rekstrarvörum sem þarf fyrir skrifstofur. Einnig fyrir fundi- og ráðstefnur; svo sem ráðstefnumöppur, þennar í úrvali og fleira. Hægt er að sérmerkja flestar vörur fyrir fyrirtæki.

Sérstök ástæða er til að nefna ritsmiðju Pennans, en þar fæst afgreidd með litlum fyrirvara smáprentun svo sem á nafnspjöldum og slíku, ljósritun í lit eða svart/hvítu, hönnun á útsendiefni, skönnun, innbinding og fleira. Nokkuð sem er ómissandi þegar halda skal fund eða ráðstefnu. Þetta nýtur vinsælda og er að festa sig æ betur í sessi, segja þeir Kjartan og Ari, og hafa þá ekki nefnt nema lítið eitt af þeirri fjölbreyttu þjónustu sem fyrirtækið veitir. [\[1\]](#)

HÓTEL GLYMUR HVALFIRÐI

Glymur fyrir góðan fund

Af langri starfsreynslu á sviði stefnumótunar og ráðgjafar með fyrirtækjum þekki ég að fundir utan borgarinnar í þægilegu og afslöppuðu umhverfi verða oft margfalt árangursríkari en þegar fundað er í bænum. Á stundum verður árangur margfalt betri,“ segir Hansína B. Einarsdóttir framkvæmdastjóri Hótel Glyms. Fjögur ár eru síðan hún og eiginmaður hennar, Jón Rafn Högnason, eignuðust þetta fallega hótél í Hvalfirði og hafa byggt starfsemina upp síðan. Markhópur þeirra er ekki síst viðskiptalífið með sínar fjölbreyttu þarfir, en frá hausti til vors er sérstök áhersla lögð á að ná til vinnuhópa. Hansína segir Hótel Glym þá einmitt ákjósanlegan kost, enda er hótelið í aðeins 40 mínútna fjarlægð frá borginni og alltaf fært á milli.

Þrjú salir og tæknilausnir Salirnir á Hótel Glym eru tveir. Blái salurinn svonefndi tekur allt að sjötíu manns í sæti er sérstaklega ætlaður fyrir fundahöld ýmiss konar og þykir góður sem slíkur. Hann er málaður í bláum litum sem Hansína segir að skapi þægileg hughrif meðal fólks sem geri aftur fundarstörfin árangursrík. Rauði salurinn er borðsalur og tekur um 40 manns í sæti. Minnstur er Guli salurinn, sem tekur átta gesti og hentar vel fyrir til dæmis fámenna stefnumótunar- eða stjórnarfundir.

Á nokkrum stöðum á hótelinu geta fámennari hópar komið sér fyrir; svo sem í setustofu, á barnum eða bókasafni hússins – þar sem finna má hundruð bókatitla, meðal annars um þau efni sem helst og mest snerta viðskiptalífið. „Við ráðstefnuhald er nauðsynlegt að hótelin geti boðið allar helstu tæknilausnir, svo sem tölvur, skjávarpa, fletitöflur, háhraðatengingu við Netið, ljósritunarvélur og fleira,“ segir Hansína.

Fjórir fundir á ári „Við erum með tugi fyrirtækja í reglulegum viðskiptum og reynslan sýnir að hvert fyrirtæki fer út á land og fundar með starfsfólkinu allt að fjórum sinnum á ári. Flest fyrirtæki hygg ég að fari eitthvað út fyrir bæinn að minnsta kosti einu sinni á ári,“ sagði Hansína.

Þjónusta fyrir viðskiptalífið á Hótel Glym í Hvalfirði. Fallegt hótél. Sveitasælan gerir fundinn árangursríkan.


Það er ekki síst á fyrstu mánuðum ársins sem fyrirtæki og stjórnendur þeirra efna til stefnumótunarfunda með starfsfólki sínu. Þetta er jafnframt sá árstími þegar fólk er gjarnan í aðhaldi og hefur sett sér markmið um að fækka aukakílóum. „Á ráðstefnum hjá okkur hefur verið vinsælt að vera með hlaðborð þar sem fólk getur valið úr fjölbreyttu úrvali rétta. Í hádeginu erum við gjarnan með léttan mat en eitthvað þyngra á kvöldin, en vitaskuld er þetta einsog annað sniðið að þörfum gestanna sem eru jafn ólíkir og þeir eru margir.“



Hótel Glymur í Hvalfirði er með fyrirtaks fundaaðstöðu.

ad staðsetningin sé frábær. „Auk viðskiptalífsins höfum við einnig gert okkur far um að ná til fólks sem vill koma í sveitina til þess að slappa af; eiga rómantískar stundir og hafa það virkilega gott,“ segir Hansína.

Herbergin á hótelinu eru 22, tveggja til þriggja manna. Heitir pottar eru í kjarri rétt við hótelið og er þaðan gott útsýni yfir allan Hvalfjörð. Vinsælt er að fara í pottana og slappa af eftir annasaman en árangursríkan fund. Öll eru herbergin fallega búin – rétt eins og hótelið sjálft, en þar er að finna fjölda listaverka frá öllum heimshornum, íslenska hönnun og gamlan íslenskan húsbúnað.

Þá er einnig rétt að geta vefsetursins www.hotelglymur.is, en viðmót þess er fallegt og upplýsingar ítarlegar. 

„Auk viðskiptalífsins höfum við einnig gert okkur far um að ná til fólks sem vill koma í sveitina til þess að slappa af,“ segir Hansína B. Einarsdóttir.






Hotel Glymur

VERÐGJAFI 2014-2015
BYGGINGARFRÓÐGÆÐI
BYGGINGARFRÓÐGÆÐI
BYGGINGARFRÓÐGÆÐI

veitingastaður, þannig er ráðgjafi, bókasafn, heitir pottar, galleri



HÓTEL GLYMUR, HYALFJARNVEGUR, B. 430 3100, F. 430 3101

INFO@HOTELGLYMUR.IS • WWW.HOTELGLYMUR.IS

Hvernig á að halda fund?

Pað er alls ekki sjálfgefið að fundirnir verði betri þótt græjurnar verði flottari með hverju árinu,“ segir Magnús Pálsson viðskiptafræðingur og forstöðumaður þróunar hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Hann segir magn gagna og upplýsinga, sem stjórnendur flestra fyrirtækja hafa yfir að ráða, hafi aukist jafnt og þétt og mörg upplýsingaforrit verið þróuð í þeim tilgangi að halda góða fundi og auðvelda ákvarðanatöku. Sömuleiðis hafi komið fram aðferðir til að mæla árangur og samræma ákvarðanir sem styðja þá stefnu sem fyrirtækið hafi mótað sér.

Góður fundur þarf að vera hvetjandi Fundir verða að vera upplýsandi og hvetjandi. Góður undirbúningur skiptir að sjálfsögðu miklu máli og tilgangur fundarins þarf að vera ljós. „Er fundað til að fara yfir stöðu mála, laða fram nýjar hugmyndir, kynna nýjungar, eða greina frá niðurstöðum? Þetta þarf fólk að vita því fundirnir geta verið jafn-ólíkir og tilefni,“ segir Magnús. Bætur við að mikilvægt sé einnig að fyrir liggi hvort fundurinn sé almennt nauðsynlegur. Fundarboð þurfi að berast tímanlega til þátttakenda, sem skuli ekki vera fleiri en þörf krefur. Í fundarboðinu eigi að tilgreina dagskrá í stuttu máli, hvaða mál verði í deiglu og hve lengi fundurinn skuli standa.

Þegar fundurinn hefst segir Magnús að skipti máli að byrja á réttum tíma. Tilnefna skuli fundarstjóra og ritara þegar allir eru

komnir að borðinu, fara þá stuttlega yfir niðurstöður síðasta fundar og leggja fram upplýsingar, aðrar en þær sem fundarmönnum hafi þegar borist og þeir vonandi lesið. Á fundinum verði að fylgja ákveðinni dagskrá og ljúka hverjum lið áður en byrjað er á þeim næsta.



„Góður fundur verður ekki til af sjálfu sér,“ segir Magnús Pálsson.

Laða fram ólík sjónarmið og sætta þau „Stjórnun fundarins er síðan sérstakur kapituli út af fyrir sig þar sem fundarstjórinn þarf að hafa lag á því að laða fram ólík sjónarmið og sætta þau. Komast þarf að niðurstöðu um hvern dagskrárlíð og ákveða hver beri ábyrgð á að fylgja ákvörðunum eftir,“ segir Magnús og minnr á að draga helst ekki fund framyfir gefin tímamörk. Í framhaldinu sé send stutt fundargerð til hlutadeigandi með helstu niðurstöðum fundarins og upplýsingum um næstu skref. „Menn verði að muna að glæsilegur tæknibúnaður er ekki aðalatriði og hið ágæta forrit Power Point taki ekki ákvarðanir. Góður fundur verður ekki til af sjálfu sér – en til að hann heppnist vel er grundvallaratriði að hafa hlutina einfalda og skýra,“ segir Magnús Pálsson að lokum. [\[1\]](#)

Uppskrift að góðri ráðstefnu:

Fróðleikur og félagslegir þættir

Aðalatriði varðandi hverja ráðstefnu er að brún þörf sé fyrir að koma upplýsingum á framfæri. Fyrirlesarar hafi eitthvað fram af færa af eigin reynslu - og kunni að matreiða efni sitt þannig að áheyrendur brenni í skinninu að heyra meira,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Hún segir að við ráðstefnuhald sé þáttur fundar- eða ráðstefnustjóra mikilvægur svo dagskráin verði markviss og gangi vel og skipulega fram. „Dagskráin



„Fyrirlesarar hafi eitthvað fram að færa,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir.

þarf að vera þannig að fólk fái á tilfinninguna að það sé einhvers fróðara að henni lokinni. Sé ekki svekkt yfir í að hafa eytt tíma í ómerkilegt orðasalat.“

Enginn skyldi vanmeta hinn félagslega þátt ráðstefna og funda. „Fólk fer gjarnan á þessar samkomur til að sýna sig og sjá aðra. Hitta einhverja sem það telur mikilvægt að vera í samskiptum við. Einnig til að fá tilbreytingu og smáfrí

úr vinnunni, en sjaldnar til að fræðast. Sú er að minnsta kosti mín reynsla úr opin-

bera geiranum. En ég geri ekki lítið úr þeim samböndum sem gjarnan myndast þarna og nýtast í daglegu starfi,“ segir Ingibjörg.

Þeir sem standa að og skipuleggja ráðstefnur vita að þó boðskapur þeirra kunni að vera mikilvægur má ekki ofgera fólk með of stífri dagskrá. „Ég legg áherslu á gott loft í ráðstefnusal, mikið af köldu vatni og fólk sé hvatt til þess að hreyfa sig á milli atríða. Eitthvað léttmeti verður að koma inn á milli til að létta geð fólks,“ segir Ingibjörg.

Dagskrá fyrir maka ráðstefnugesta er sömuleiðis alltaf mikilvæg. „Þegar ég var ráðherra var maðurinn minn, Haraldur Sturlaugsson, sólginn í slíkt. Trúlega af því makarnir voru oftast en ekki kvenkyns. Hann var til dæmis einn af stofnendum Makavinafélagsins, félags maka ráðherra. Í upphafi, þegar félagið var stofnað var hann eini karlinn í því en konurnar níu - og hvaða karl kann ekki að meta slíkt?“ [\[1\]](#)

Bjartsýni í greininni

Útlit er fyrir gott gengi ferðþjónustunnar í ár í öllu því sem viðkemur ráðstefnuhaldi og enn frekari vöxtur er fyrirsjáanlegur. „Fólk í greininni er bjartsýnt,“ segir Anna R. Valdímarsdóttir, verkefnastjóri Ráðstefnuskrifstofu Íslands. „Og kannski er ekki annað hægt þegar litið er til þess að allur aðbúnaður fyrir ráðstefnur og hvataferðir hefur tekið stakka-skiptum til hins betra á undanförunum árum. Þá gefur fyrirhuguð bygging ráðstefnu- og tónlistarhúss greininni byr undir báða vængi því loksins rís hér á landi alvöru ráðstefnuhöll sem sárlega hefur vantað. Með tilkomu hússins verður hægt að halda hér ráðstefnur af áður óþekktri stærð.“

Ráðstefnuskrifstofa Íslands er aðildarfélag sem hefur það hlutverk að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegan stað fyrir ráðstefnuhald og hvataferðir á alþjóðamarkaði. Auk þess er það markmið skrifstofunnar að vekja áhuga Íslendinga, sem eru í alþjóðasamskiptum, á því að halda ráðstefnur og fundi hér á landi. Að baki skrifstofunni standa Ferðamálaráð Íslands, Reykjavíkurborg, Icelandair, flest stærstu hótél landsins, sérhæfðir ráðstefnuskipu-
leggjendur, afþreyingarfyrirtæki, veitingahús og fleiri sem koma að þjónustu á þessu sviði.

Ráðstefnuskrifstofan starfar náið með skrifstofum Ferðamálaráðs og Icelandair erlendis að ýmiss konar markaðs-
aðgerðum, svo sem skipulagi kynninga, sýninga og annarra þátta sem geta leitt til nýrra viðskiptatækifæra. „Auk þess er skrifstofan aðili að erlendum fagfélögum og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á þeim vettvangi. Með því gefst tækifæri til að fylgjast náið með þróun fundamarkaðarins hverju sinni sem er afar mikilvægt því við erum að sjálfsgöðu í harðri alþjóðlegri samkeppni.“

Að sögn Önnu liggja ekki enn fyrir nákvæmar tölur um fjölda ráðstefna fyrir árið 2005 enda eru fámennari ráðstefnur oft haldnar með skömmum fyrirvara. „En útlitið er mjög gott og engin ástæða til að ætla annað en að áframhaldandi vöxtur verði í þessari grein ferðþjónustunnar.“

Anna R.
Valdímarsdóttir.



Trausti Viglundsson segir algengt að bjóða upp á glas af freyðivíni í lok ráðstefna og funda.

Kampavín í fundarlok


Ráðstefnum og fundum lýkur gjarnan með einhvers konar móttöku þeirra sem fyrir fundunum standa. „Algengt er að bjóða þá upp á glas af freyðivíni, Kir Royal, sem er freyðivín með sólberjalíkjöri, og að sjálfsgöðu óafengan drykk, til dæmis Traustvekjandi,“ segir Trausti Viglundsson, veitingamaður á Hótel Loftleiðum. Hann hefur starfað við framreiðslu- og hótélstörf frá 1962, eða í alls 43 ár. „Í ráðstefnumóttökum er einnig á boðstólum léttur pinnamatur, með honum er borið fram hvítvín, rauðvín eða bjór,“ segir Trausti. Hann segir ráðstefnuhald hafa tekið miklum breytingum nú á allra síðustu árum. Mikil og örugg fagmennska er ráðandi við allt skipulag og undirbúning sem fylgir ráðstefnum, einnig má nefna ýmiss konar óvissuferðir út á land sem stóran þátt í heim-sóknunum ráðstefnugesta til Íslands.

practical Ráðstefnu- og fundarþjónusta

Ráðstefnuhugbúnaður
sá eina sinnar tegundar á Íslandi

Practical sér um
skipulagningu og
framkvæmd ráðstefna,
funda og tengdra atburða.

mælanleg viltþröngð
nákvæmar upplýsingar
tímaspurnaður
auðveld skráning
svælgjarnleiki
bætra eðliheild
nákvæm yfirlit
Allar upplýsingar
á einum stað
fyrir þig



Austurstræti 12
101 Reykjavík
sími: 534-0020
foni: 534-0021
practical@practical.is
www.practical.is



RÁÐSTEFNUSKRIFSTOFA
ÍSLANDSFERÐA



„Enginn hlekkur í keðjunni má breyta. Gott skipulag ráðstefnunnar, góður viðurgjörningur og skemmtileg afþreying verður að vera í lagi,“ segja Camilla Tvingmark og Helga Lára Guðmundsdóttir hjá Ráðstefnuskrifstofu Íslandsferða.

Til að ráðstefna takist vel og gestirnir haldi heim með góðar minningar má enginn hlekkur í keðjunni breyta. Gott skipulag ráðstefnunnar, góður viðurgjörningur og skemmtileg afþreying verður að vera í lagi. Góður undirbúningur skiptir höfuðmáli og er mikilvægt að leita til fólks sem kann til verka og getur aðstoðað við hann,“ segir Helga Lára Guðmundsdóttir, deildarstjóri hjá Ráðstefnuskrifstofu Íslandsferða.

Sparar tíma, fyrirhöfn og peninga Ráðstefnuskrifstofa Íslandsferða er hluti Íslandsferða, dótturfyrirtækis Flugleiða sem sinnir sölu ferða til landsins. Hún hét áður Ferðaskrifstofa Íslands. Velmenntað starfsfólk með langa reynslu að baki, aðstoðar þá sem halda ráðstefnu eða fundi og sparar þeim bæði tíma, fyrirhöfn og peninga. „Það er mikil vinna að halda utan um ráðstefnu ef allt á að ganga upp,“ segir Helga Lára

Starfsfólk mitt veitir ráðgjöf um nauðsynlega aðstöðu til ráðstefnuhalds, gistimöguleika, veitingastaði og skoðunarferðir svo eitthvað

RÁÐSTEFNUSKRIFSTOFA ÍSLANDSFERÐA

Ráðgjöf og mikil reynsla

Starfsfólk Ráðstefnuskrifstofu Íslandsferða kann að undirbúa ráðstefnu eða fund. Góður undirbúningur skiptir höfuðmáli

sé nefnt. Fjárhagsáætlun er gerð í upphafi samstarfs og endurskoðuð reglulega. Við eru með hagstæða samninga við birgja vítt um landið sem gerir okkur kleift að bjóða viðskiptavinum okkar hagstætt verð á hinna ýmsu þjónustu, segir Helga Lára og bætir við að nýtt viðmót og bókunarvél á Netinu komi til með að auðvelda alla úrvinnslu og bæta þjónustu við viðskiptavininn. Slóðin er: www.icelandtravel.is.

Afþreying er mikilvæg Við undirbúning ráðstefnu skiptir miklu máli að hafa tímann fyrir sér. Stærri ráðstefnur þurfa að minnsta kosti tveggja ára undirbúningstíma. Alltaf er gott að vera í góðan tíma til að hægt sé að bóka gistirými og salarkynni sem henta ráðstefnunni eða fundinum. Mikilvægt er að vanda vel til skoðunarferða og allrar afþreyingar til að eftir sitji góðar minningar í hugskoti gestanna. Skoðunar- og afþreyingarferðir á jökla, hvalaskoðun og hestaferðir eru alltaf vinsælar. „Bláa lónið stendur alltaf fyrir sínu og það hefur gefist vel að ljúka ráðstefnu með hátíðarkvöldverði þar,“ segir Camilla Tvingmark verkefnastjóri.

„Fyrir gesti sem hafa komið hingað áður er nauðsynlegt að geta boðið upp á einhverja nýja afþreyingu og verðum við því að vera í stöðugri hugmyndavinnu. Þegar skipuleggja á dægradvöl gesta er jafnframt nauðsynlegt að athuga aldursamsetningu gesta og bjóða afþreyingu samkvæmt því.“






RÁÐSTEFNUSKRIFSTOFA
ÍSLANDSFERÐA

RÁÐSTEFNUR

Láttu okkur
skipuleggja
ráðstefnuna



ÍSAFJARÐARBÆR

Fundað fyrir vestan



Það eru margir kostir sem fylgja því að halda fundi og ráðstefnur á stöðum eins og hér á Ísafirði. Stutt er til allra átta og boðleiðir milli þeirra sem koma að máluum ekki langar. Hjá ferðapjónustunni hér í bæ hefur á síðustu árum skapast mikil reynsla í að halda ýmiss konar fundi, ráðstefnur og önnur mannamót og því fær fólk mjög faglega þjónustu hér,“ segir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Bætt aðstaða og góð afþreying Þeir sem standa að ráðstefnuhaldi þekkja hve affarasælt getur verið að blanda saman andlegri og líkamlegri slökun og koma með áreynslu inn á milli. Slíkt hreinsar hugann og gerir fólk skýrara í allri hugsun. Á Ísafirði er í boði árið um kring ýmis afþreying sem hentar vel funda- og ráðstefnuhaldi. Þá er í bænum ágæt húsakynni þar sem hægt er að vera með fundinn sjálfan, kokteil eða kvöldverð. Má nefna tónleikasalinn Hamra, kirkjuna, sal Menntaskólans, Hótel Ísafjörð og 300 manna sal í Edinborgarhúsinu sem verður fljótlega tilbúinn. Þá er vinsælt að vera með ýmiss konar uppákomur í Safnahúsinu, björtu og fallegu húsi sem áður var sjúkrahús.


„Við erum að sækja í okkur veðrið með bættri aðstöðu og aukinni markaðssetningu Ísafjarðar sem ráðstefnubæjar og það skilaði sér vel á síðasta ári,“ segir Rúnar Óli. „Hér horfum við einkum til funda að vori og hausti, það er utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Mikið hefur gerst síðustu árin í að bæta gistiadstöðu. Nýbúið er að taka Hótel Ísafjörð í gegn og herbergin mun betri en áður. Útlitið er því gott og við bjartsýn. Gistinóttum hér í tengslum við ráðstefnur fjölgaði um helming milli árána 2003 til 2004 og líkur eru á að við náum að minnsta kosti að halda í við þessa fjölgun í ár og vonandi bæta um betur.“

Ævintýri á Ísafirði Ísafirðingum finnst ekki ýkja langt suður, þó fólk á Reykjavíkursvæðinu þyki ef til vill öðru máli gegna. Rúnar Óli segir þennan þroskuld oft á tíðum háan en hann hafi samt lækkað á síðustu árum með betri samgöngum. Þá megi ekki gleyma því að það tekur jafnlangan tíma að fljúga til Ísafjarðar og annarra staða á landinu og öryggi flugsins hefur aukist.

**Góð funda- og ráðstefnu-
aðstaða á Ísafirði. Styttra
vestur en margur hyggur.
Góð þjónusta og þægilegt
að funda fjarni borginni.**

„Það hefur sannarlega ákveðna kosti að halda fundi fjarni heimabyggð. Fundargestir eru á staðnum og mæta vel, en margir segja að þegar fundað er í Hveragerði eða annarsstaðar í nágrenni höfuðborgarinnar sé fólk svolítið laust við. Með því að fara lengra frá verður fundurinn heilsteyptari og árangur betri. Eins er töluverður fjöldi sem sjaldan eða aldrei hefur komið vestur og því má líta á þetta sem smá ævintýri að skella sér á Ísafjörð og njóta þess sem staðurinn hefur upp á að bjóða,“ segir Rúnar Óli – sem aðspurður segir sérkenni Vestfjarða tvímælalaust vera skemmtilegt og opinskátt fólk auk náttúru sem á fáa sína líka. Alltaf njóti vinsælda að fara út í eyjarnar á Ísafjarðardjúpi eða heim-sækja nágrennabyggðir og kynna fólk hér en slíkar ferðir séu alltaf að verða vinsælli.

Ísafjarðarlognið „Fólk sem hingað kemur nefnir oft að bærinn sé falletur og mun stærri en það gerði sér grein fyrir. Þá sé miðbærinn hér afar skemmtilegur og fáir kaupstaðir á landinu hafi í raun jafn skýrt afmarkaðan miðbæ. Hér er þjónustan mjög góð á öllum sviðum og fátt sem ekki er hægt að útvega.

Fjöllin hér eru sannarlega brött og há en í mínum huga umvefja þau okkar fallega fjörð og skapa gott skjól sem gerir Ísafjarðarlognið að okkar helsta einkenni,“ segir Rúnar Óli Karlsson. 

„Við erum að sækja í okkur veðrið með bættri aðstöðu og aukinni markaðssetningu Ísafjarðar sem ráðstefnubæjar,“ segir Rúnar Óli Karlsson, ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar.



taktu
stórnu
vestur

Óvísuþé

inn eða annars



upplifðu
ÍSLAND · SÆKJUM ÞAÐ HEIM



Info@Isafjordur.is

Ísafjörður
Safn- og sýningarmiðstöð
Hafnarvegur 7
800 Ísafjörður
Sími: 460 4000
Fax: 460 4000



ÍSAFJÖRÐARBÆR



„Þjónusta alltaf að færast meira og meira í sérsniðnar lausnir,“ segir Birna Lind Björnsdóttir sölu- og markaðsstjóri Kynnisferða.

KYNNISFERÐIR

Flugrútan og ferðir um allt

Þegar erlendir ráðstefnugestir koma hingað til lands taka þeir gjarnan Flugrútu Kynnisferða frá Leifstöð og til Reykjavíkur. Alla jafna standa ráðstefnur í tvo til þrjá daga og oft er tekinn hálfur dagur eða svo í einhvers konar afþreyingarferð um borgina eða næsta nágrenni hennar. Þá er gjarnan leitað til Kynnisferða, sem hafa slíkar ferðir á daglegri áætlun sinni. „Við erum með um 60 rútur í útgerð og stærðin gerir það að verkum að þjónustuframboð okkar er mikið, þótt slíkt sé vitaskuld alltaf fyrst og fremst spurning um vilja og metnað gagnvart viðskiptavinum,“ segir Birna Lind Björnsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Kynnisferða.

Kynnisferðir hafa starfsstöðvar á þremur stærstu hótelum borgarinnar, það er Hótel Loftleidum, Hótel Nordica og Radisson SAS – Hótel Sögu - svo og á BSÍ og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Á öllum þessum stöðum eru meðal annars veittar upplýsingar um þær skoðunarferðir sem eru í daglegri áætlun, til dæmis til Gullfoss og Geysis, í Bláa lónið, um Reykjanes og raunar á fleiri staði. „Viðskiptavinum okkar stendur einnig til boða að nýta sér í tengslum við ráðstefnuhald þá aðstöðu sem við höfum á hótelnunum og nýtur það vaxandi vinsælda,“ segir Birna Lind.

Borgarrúntur og sérsniðnar ferðir Á degi hverjum bjóða Kynnisferðir upp á borgarferðir ætlaðar erlendum ferðamönnum, þar sem nokkrir áhugaverðir staðir í borginni eru skoðaðir. Byrjað er á því að fara niður að höfn og um miðbæinn, listasöfn eru heimsótt, keyrt er um Laugardalinn og fram hjá Sundlaugunum þar, farið í Hallgrímskirkju á Skólavörðuholtinu og endað í Perlunni í Öskjuhlíð.

„Þessi útfærsla er hins vegar ekkert endanleg fremur en annað. Ráðstefnur sækja oft mjög sérhæfðir hópar og því fylgir að fólk


Kynnisferðir flytja ráðstefnugesti hvert sem óskað er. Þórmörk er vinsæll fundarstaður. Flugrútan fer frá BSÍ.

hefur áhuga á að skoða eitthvað sérstakt sem tengist umfjöllunarefni þeirra. Til dæmis tækni-fyrirtæki, skóla, verslanir og svo framvegis - og að sjálfsögðu er þessum óskum viðskiptavina mætt. Raunar er okkar þjónusta alltaf að færast meira og meira í sérsniðnar lausnir, sem er í samræmi við óskir viðskiptavinarins. Við aðstoðum við skipulagningu ferða og gefum bindandi verðtil-

boð í þær,“ segir Birna Lind.

Þórmörk og Flugrútan Í Húsadal í Þórmörk hefur á síðustu árum verið byggð upp góð aðstaða fyrir ferðamenn, meðal annars skálar og smáhýsi, sem taka 130 manns í gistingu, auk veitingaskála sem tekur um 120 manns í sæti. Þessi mannvirki eru í eigu Kynnisferða og færast í vöxt, að sögn Birnu Lindar, að velja Mörkina þegar umgjörð fundarstaðarins á og þarf að vera virkilega óvenjuleg.

„Svæðið býður upp á alveg frábæra möguleika til útivistar og hvern heillar ekki að fara í Mörkina. Við stefnum á enn frekari uppbyggingu þar á næstu árum, en það gaf okkur alveg nýja möguleika að finna þar meira en 100 gráðu heitt vatn á síðasta ári. Innan ekki margra missera er stefnt að því að þar verði komnar upp heitar baðlaugar, sauna og fleira. Þetta er frábær aðstaða sem varla á sinn líka,“ segir Birna Lind.

Sú þjónusta Kynnisferða sem er þekktust, er Flugrútan sem ekur á milli Leifstöðvar og Reykjavíkur, með stoppi í Hafnarfirði og Garðabæ. Í Reykjavík fer Flugrútan til og frá BSÍ, en í áratugi og allt þar til í fyrra voru ferðir hennar gerðar út frá Hótel Loftleidum. Ferðirnar eru í tengslum við allt millilandaflug og eru flestar í rauðabýtið, undir hádegi, síðdegis og síðla kvölds. 

Upphafið

að góðri ferð



**Reykjavik
Excursions**
KYNNISFERÐIR

flybus



Þórsmörk
KYNNISFERÐIR



cMeð fundasímanum má spara tíma þegar skjótra ákvarðana er þörf,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

SÍMINN

Fundasíminn – fundur án fyrirvara

Fundasíminn er þjónusta sem ég nota mikið hjá Símanum. Með honum má nýta tímann betur, þar sem enginn óþarfa tími fer í að ferðast á milli fundastæða. Þegar ég þarf að ráðgast við stjórnendur fyrirtækisins um mál er varða fyrirspurnir frá fjölmiðlum, svo dæmi séu tekin, get ég náð í fleiri en einn stjórnanda til skrafs og ráðagerða hvar sem þeir eru staddir í heiminum,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

Allir hringja í 755 7755 Fundasíminn hentar fyrir fundi allt að fjórtán manns í einu. Til að koma á símafundi þarf fundarstjóri að ákveða fundartíma og sjö stafa fundarnúmer, ásamt því að dreifa þessum upplýsingum til þeirra sem sitja skulu fundinn. Ekki þarf að stofna fundinn sérstaklega, heldur hringja allir fundarmenn í 755 7755 á tilsettum tíma og verður fundurinn til í kerfinu við að fyrsti þátttakandinn hringir inn. Talvél svarar og biður um fundarnúmer, ákveðið af fundarstjóra. Þátttakandi slær inn númer fundarins á takkaborð símans. Þátttakandi fær samband við fundinn og talvélir tilkynnir um nýjan þátttakanda.

Einfalt og þægilegt „Ég hef uppgötvað hversu þægilegt er að nota Fundasímann, sérstaklega þegar fundarmenn eru á víð og dreif og taka þarf ákvarðanir hratt. Það er afar einfalt að nota fundasímann. Í stað þess að eyða tíma margra einstaklinga í það að fara á fundarstað krefst fundasíminn engra ferðalaga og biðtímunn er heldur enginn,“ segir Eva. Fundasímann segir hún henta vel fyrirtækjum með dreifða starfsemi. Sum þeirra eyði háum fjárhæðum í ferðir til og frá fundarstað, tíma sem þau hefðu getað varið betur til að sinna störfum í þágu viðskiptavina.

Fundasíminn góður kostur þegar þarf að halda fund fyrirvaralítið. Allir hringja í 755 7755 – og fundur er settur.

104 notendur í senn Ef fleiri en fjórtán fundarmenn þurfa að vera á sama símafundinum er hringt í 1811. Slíkur handvirkur símafundur getur hýst að hámarki 104 notendur í senn. Hámarks lengd símafundar er 180 mínútur og þegar fimm mínútur eru eftir af fundinum fá fundarmenn tilkynningu um að fundi sé að ljúka. Hægt er að taka þátt í símafundi þótt viðkomandi sé á ferðalagi erlendis, bæði til þess að funda

með fólki heima á Íslandi og eins til að funda með erlendum viðskiptavinum. Þegar hringt er erlendis frá er valið símanúmerið +354 755 7755. Nánari upplýsingar eru á siminn.is undir fyrirtæki. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar í Þjónustuveri Símans í gjaldfrjálsum númeri, 800 - 7000. Allir gsm símar geta notað þjónustuna.

Sparar tíma og peninga „Ég er mjög ánægður með að geta nýtt minn eigin síma í þjónustu eins og fundasímann, sem ég nota mikið. Ekki þarf annað tæki en sinn eigin síma. Því er þetta mjög einföld þjónusta. Að mínu mati er kostur að hafa þetta aðgengi þegar fundarmenn eru dreifðir um landið eða heiminn. Þar sem ég er útgerðarmaður og búsettur í Vestmannaeyjum er oft erfitt um vik með samgöngur. Ég er í nokkrum stjórnum, meðal annars stjórn LÍU og Straums – fjárfestingabanka, og fundasíminn sparar bæði tíma og peninga. Auk þess sem þessi aðferð getur hraðað ákvarðanatöku,“ segir Magnús Kristinnsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum.



„Nota fundasímann mikið,“ segir Magnús Kristinnsson útgerðarmaður.



[Redacted]


[Redacted]

[Redacted]

3 GSM SÍMAR
MYNDA HÓP



[Redacted]



ÍHALDIÐ ILLA STATT

Breski Verkamannaflokkurinn hríðtapar trúnaðartraustinu en samt græðir Íhaldsflokkurinn ekki fylgi að sama skapi.

TEXTI: **SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR** Í LONDON

Hver er líklegastur til að deyja fyrst, kjósandi Verkamannaflokksins, Íhaldsflokksins eða frjálslyndra demókrata? Engin spurning að það er íhaldskjósandinn – ekki af því að stefnan sé í sjálfu sér banvæn heldur af því að meðalaldur flokksmanna er sá hæsti og viðkomandi því tölfraðilega séð mjög líklega hniginn á eftir ár. Eins og einn íhaldsþingmaðurinn benti á þá eru flestar samkomurnar sem hann fer á í kjördæmi sínu jarðarfarir. Þetta boðar ekki gott fyrir flokkinn og ekki er betra að íhaldsfylgi meðal kvenna er það lægsta í hálföld. Konur voru athafnasamastar við að hlaða undir stórsigur Verkamannaflokksins 1997.

Tony Blair stendur vel Hér starfa öflug skoðanakannafyrirtæki, svo það liggja fyrir ókjör af tölfraðilegum upplýsingum fyrir flokkana og aðra að rýna í. Auðlæsustu tölurnar líta ekki vel út fyrir Íhaldsflokkinn, því fyrsta könnun MORI, eins þessara fyrirtækja, á árinu sýnir að Verkamannaflokkurinn fengi 38%, Íhaldsflokkurinn 32% og frjálslyndir 22%. Þeir síðastnefndu hafa verið í 26% lengi vel, svo þeir þurfa að hugsa sinn gang, en kjósendur hafa tillhneigingu til að gleyma þeim í kjörklefanum því þeir eru alltaf þeir þriðju og minnstu þrátt fyrir drauma undanfarið um að þeir gætu skotið íhaldinu aftur fyrir sig. Tony Blair forsætisráðherra stendur vel: 39%

Mun Michael Howard leiða Íhaldsflokkinn til sigurs í Bretlandi?

Almennt einkennir það meirihlutakosningar eins og tíðkast hér að vinstriflokkar eru ekki sterkir og íhaldsflokkar dafna vel. Þetta hefur átt við hér undanfarna áratugi – þangað til Nýi Verkamannaflokkurinn burstaði Íhaldsflokkinn eftirminnilega í kosningunum 1997. Nú stefnir í það sama þó vísast saxist á stjórnameirihlutann, sem var 166 sæti eftir kosningarnar 2001.

Þó stjórnin hafi ekki staðfest að hér verði kosningar í maí, það vantar ekkert nema dagsetninguna, eru flokkarnir komnir í kosningaham og spúa út plakötum og nýjum hugmyndum til að lokka kjósendur. En hvað er að hjá Íhaldinu fyrst glötuð tiltrú á Tony Blair og Verkamannaflokknum skilar sér ekki í íhaldsuppsveiflu svo um munar?

trúa honum best til embættisins meðan Michael Howard, leiðtogi Íhaldsflokksins, og Charles Kennedy leiðtogi frjálslyndra fá hvor um sig 17%. Howard er óvinsælli nú en John Major þáverandi forsætisráðherra var rétt fyrir tapið mikla 1997.

Sex prósentustiga forskot um 4 mánuðum fyrir kosningar eru dauflegar fréttir fyrir Íhaldsflokkinn. En sé betur rýnt í tölurnar kemur ögn meira upplifgandi mynd í ljós. Þegar kjósendur voru spurðir um stefnu flokkanna í einstökum málaflökkum fyrir kosningarnar 2001 féll þeim stefna stjórnarinnar klárlega betur í öllum málum og íhaldið var algjörlega úti að aka. Undanfarnir misseri hefur Íhaldsflokknum hins vegar orðið töluvert ágengt í öllum mikilvægustu málaflökkunum. Þetta skiptir máli því að út frá ofurkönnunum skoðanakannanafyrirtækjanna er vitað að stefna vegur 40% þegar kjósendur ákveða hvað þeir ætli að kjósa meðan ímynd flokksins og ímynd leiðtogans vegur hvort um sig 30%.

Nýlega ræddi ég við tvo íhaldsmenn, hvorn í sínu lagi, og þær samræður varpa ljósi á veiku flokksblettina. Annar er vel stæður lögfræðingur með farsælan feril í atvinnulífnum, kominn hátt á sjötugsaldur, hefur starfað í flokknum og alltaf verið leiðtogahollur. Hann álitur Howard besta leiðtogann í stöðunni. Þetta er kjósandi, sem flokkurinn þarf ekkert að gera til að hafa tryggn, en hann er sumsé roskinn og skilar heldur ekki inn neinum nýjum hugmyndum í flokkinn.

Hinn íhaldsmaðurinn er rúmlega fimmtugur, rekur eigið fjárfestingafyrirtæki, fannst Thatcher hafa unnið þarfaverk – en hló að tilhugsuninni um að kjósa Íhaldsflokkinn. Auðvitað kysi hann Blair, bæði af því að hann væri pólitíski arftakinn, sem Thatcher eignaðist aldrei í eigin flokki og af því að Íhaldsflokkurinn hefði gengið sér svo rækilega til húðar að hann sæi ekki fram á hvenær þeir yrðu aftur kjósanlegir. Sá síðarnefndi er dæmigerður glataður íhaldskjósandi, því þó hann sé íhaldsmaður í hjarta sínu þá býður Verkamannaflokkurinn honum miklu betur.

Kjósandi eins og sá síðastnefndi getur valdið gremjutárum bæði hjá íhaldsmönnum og stuðningsmönnum Verkamannaflokksins. Íhaldsmennirnir eru argir yfir að þeirra eigin menn skuli ekki lengur kjósa þá. Hægri Blairsinnar glotta og segja að þessi stuðningur sýni að flokkurinn sé að gera landinu gott og hafi sannað nákvæmlega það sem þeir vildu sanna: að þeim væri treystandi til að fara vel með fjármálin. Vinstrisinnar í Verkamannaflokknum, sem Blair hefur tekið hreðjatak, roðna af reiði yfir svona verkamannaflokkskjósanda, því hann sýni og sanni það sem þeir hafi alltaf haldið fram: að Blair og félagar hafi stolið flokknum og framkvæmt á honum hugmyndafræðiskipti.

Íhaldið þarf að finna sjálft sig Í hnotskurn er þetta vandi Íhaldsflokksins: Verkamannaflokkurinn enduruppötvaði sjálfan sig eftir 18 ára eyðimerkurgöngu í stjórnarandstöðu. Fann út að hann þyrfti að sigrast á vinstrihæðslu íhaldssamrar millistéttar og allar kannanir

sýna að það tókst 1997, aftur 2001 og líklega aftur nú í vor. Íhaldið þarf kannski meira en átta ár í stjórnarandstöðu til þess sama.

Báðir íhaldsmennirnir sem ég talaði við nefndu að verstu atlögunu að eigin trúnaðartrausti í efnahagsmálum hefði Íhaldsflokkurinn sjálfur gert þegar allt fór úr böndunum svarta miðvikudaginn haustið 1992, vextir flugu upp í paník og Englendingar hróktust úr „European Monetary Union“, ERM. Það skondna er auðvitað að hefði

Verkamannaflokkurinn birti tvö kosningaplaköt, sem þóttu ósmekklega svínsleg. Annað var nærmynd af glottandi Howard sveiflandi vasagullúri, með greinilegri tilvísun í gyðinginn og svikahrapinn Fagin í Oliver Twist.

Verkamannaflokkurinn náð stjórnartaumunum vorið 1992 hefðu þeir örugglega farið eins að. Það hefði þá orðið þeirra banahögg og þeir glatað veikbyggðri tiltrú viðskiptalífsins – en sagan er ekki skrifuð á líkum, íhaldið og John Major sátu uppi með ERM-hringavitleysuna, hún gleymist ekki í bráð – og á sinn þátt í að íhaldið er enn í hugum margra ókjósanlegt.


Íhaldsflokkurinn hefur löngum verið fremstur í flokki hvað varðar baráttu gegn glæpum en þetta svið hefur Verkamannaflokkurinn lagt markvisst undir sig alveg frá 1992. „Harðir á glæpum, harðir á orsökum glæpa“

var slagorðið sem kom Blair á blað á þeim tíma, þótt Gordon Brown fjármálaráðherra ku hafa vikið því að honum eftir að hafa hirt það af Clinton. Hér er almenn óánægja með opinbera þjónustu, en kjósendur hafa enga tiltrú á að Íhaldsflokkurinn sé bestur til að bæta hana.

Í staðinn beitir íhaldið klassískum íhaldsbrögðum og lofar skattalækkunum, en það gerðu þeir líka 1992 án þess að efna það og þó flestir séu kannski búnir að gleyma því þá hljóma loforð um skattalækkanir annars vegar og hins vegar uppbyggingu í heilbrigðisferfinu og samgöngum ekki sannfærandi. Nýlegar áætlanir um niðurskurð í opinbera kerfinu afla þeim vart kjósenda meðal nokkur hundruð þúsund opinberra starfsmanna, sem þeir álíta þarflausu. Agaleysi í skólum er vinsælt pólitískt deilumál og þar hefur Íhaldsflokkurinn sett fram hugmyndir um meiri hörku, en það hefur Verkamannaflokkurinn bara gert líka og kjósendur mega vart á milli sjá hvor vill ganga lengra.

Yst til hægri er svo UK Independence Party. Þessi „Sjálftæðisflokkur“ berst gegn útlendingum og Evrópu og Íhaldsflokkurinn þarf að dansa línudans milli þeirra stefnu og stefnu stjórnarinnar, einkum í útlendingamálum. Evrópa er ekki sérlega á dagskrá hér þessi misserin. Howard harmar það ekki frekar en Blair, en þegar ég skiptist nýlega á nokkrum orðum við Douglas Hurd, einlægan Evrópusinna og fyrrum utanríkisráðherra, var hann eðlilega ósáttur við flokkinn sinn á því sviði og þar talar hann fyrir munn margra annarra flokksbræðra sinna.

Hver er þessi Michael Howard? En ef leiðtogaímyndin vegur 30% í huga kjósenda þegar þeir standa með kjörseðilinn í höndunum hver er þá Michael Howard? Eftir að hafa reynt tvo pólitíska nýgræðinga, þá William Hague og Ian Duncan Smith, var Howard valinn sem þrautreyndur flokksjálkur.



Michael Howard.

Howard er fæddur 1941 í Wales og er því um áratug eldri en hinir flokksleiðtogarnir tveir. Faðir hans var búðareigandi og fjölskyldan er af rúmenskum gyðingaættum, hét Hecht en nafnið var enskað í Howard. Hann hefur aldrei gert mikið úr gyðingaætterni sínu, en í fyrra sagði hann frá því á áhrifamikinn hátt í ræðu að ef ekki hefði verið fyrir breska hjálp við gyðinga hefði fjölskylda hans farist í hel-förinni. Þessi opinberun nýtist honum til að mýkja harða afstöðu sína gagnvart flóttamönnum og innflytjendum, en þau mál verða vísast ofarlega á baugi í komandi kosningum.

Howard var stúdentalleiðtogi í Cambridge, þar sem hann nam lög. Eftir tvær misheppnaðar tilraunir til að komast á þing hlaut hann kosningu 1983, og varð því samferða bæði Tony Blair og Gordon Brown fjármálaráðherra þangað inn. Howard fékk fljótt orð á sig fyrir harðsnúna hægrimennsku og þó hann ætti marga aðdáendur í flokknum bakaði hann sér líka andstöðu leiðandi aflu. Það er í sífellu rifjað upp að samflokkskona hans sagði opinberlega að á honum væri einhver „skuggabaldurssvipur“. Grínistar bregða oft upp mynd af honum í gervi skrattans því stórar augntennur og hvasst augnarád leiða hugann ósjálfrátt í þá átt.

Undir Thatcher gegndi Howard ýmsum ráðherrastöðum. Árið 1990 varð hann atvinnuráðherra og leiddi samningaviðræður Breta um undanþágu þeirra frá félagsmálapakka Maastrichtsattmálans. Eftir kosningarnar 1992 varð hann umhverfisráðherra og síðan innanríkisráðherra 1993-1997. Þá stöðu tók hann með trompi, var harður í horn að taka og prédikaði harðar refsingar og enga miskunn. Glæpatíðnin féll um 15% og stjarna Howards snarhækkaði. Það spillti heldur ekki fyrir að hann var Evrópuandstæðingur. Þá vildi svo óheppilega til að hópur fanga flýði úr fangelsi og því máli þótti hann klúðra illilega. Yfirmaður fangelsismála sagði af sér og það lá í loftinu að Howard hefði gert hann að blóraböggli í staðinn fyrir að axla ábyrgðina sjálfur. Málið skaðaði Howard mjög, svo í

staðinn fyrir að vera sjálfsagður arftaki Major 1997 laut hann í lægra haldi fyrir Hague. Eftir það hafði hann hægt um sig, líka af því að Evrópuandstaða Hagues var af öðru sauðahúsi en Howards. En eftir tvo misheppnaða íhaldsleiðtoga fékk Howard tækifærið.

Hann hefur að mörgu leyti átt góða spretti sem leiðtogi. Hér er mjög horft á hvernig leiðtogunum tekst til í kappræðum í þinginu og framan af hafði hann Blair hvað eftir annað undir. En undanfarið hefur Howard einhvern veginn ekki tekist vel upp – þó aðalástæða þess sé einfaldlega stefnugjaldþrot flokksins.

Kannanir sýna að stefna flokka vegur 40% þegar kjósendur ákveða hvað þeir ætla að kjósa meðan ímynd flokksins og ímynd leiðtogans vegur hvort um sig 30%.

Ósmekklegr kosningaplaköt Leiðtogar Verkamannaflokksins líta ljóslega á Howard sem erfiðan og verðugan andstæðing og minna stöðugt á að mildur málflutningur hans nú stingi í stúf við fyrrum harðsvíraða hægri-stefnu hans. Í komandi kosningum verður án

efa sótt hart og fast að Howard persónulega eins og nýleg uppákoma sýndi. Verkamannaflokkurinn birti tvö kosningaplaköt, sem þóttu ósmekklegra svínsleg – að hluta í orðsins fyllstu merkingu. Annað var nærmynd af glottandi Howard sveiflandi vasagullúri, með greinilegri tilvísun í gyðinginn og svikahrappinn Fagin í Oliver Twist. Hin var mynd af tveimur fljúgandi svínum með hausa Howards og Oliver Letwins fjármálaráðherraefnis flokksins. Forsvarsmenn Verkamannaflokksins neituðu eindregið að plakötin væru andgyðingleg, heldur væru þau andíhald, en drógu þau þó til baka.

Fjórir mánuðir geta verið langur tími í stjórnmálum, en eins og stendur dugir Íhaldsflokknum ekkert minna en kraftaverk til að vinna sér trúnað kjósenda. Hvort sárt tap núna dugir til að efla pólitíska sköpunargáfu þeirra kemur í ljós – en áhugaverðar íhaldsfyrirmyndir liggja ekki á lausu hér í Bretlandi, því eftir að Verkamannaflokkurinn missti leiðarstjórnuna Clinton hafa þeir bara tekið Bush í staðinn – og líka að þessu leyti skilið íhaldið eftir eitt og villuráfandi...



„Ég er ánægður með að það eru ekki síður útlendingarnir sem kaupa hjá mér sviðakjamma, þeir eru forvitnir að smakka þennan íslenska rétt.“

Bjarni Geir Alfreðsson á BSÍ

TEXTI: ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON

Aðalmarkmið þessa fyrirtækis, sem gengur undir nafninu Steinunn Bjarnadóttir ehf. (í höfuðið á móður minni) og gengur undir vörumerkinu Fljótt og gott, er að halda okkur við matsölu í ferðatengingunni. Það er mjög erfitt dæmi í dag að selja mat í ferðahjónustu en hér koma þó um 750.000 manns á ári hverju beint eða óbeint að stöðinni,“ segir Bjarni Geir Alfreðsson, eigandi matsölnnar Fljótt og gott á BSÍ í Vatnsmýrinni.

„Ég er að reyna að halda í íslenskar hefðir. Byð hérna upp á skyndibita á alþjóðlegan máta, svo sem hlaðborð, hamborgara og kjúkling, en við erum einnig með sviðakjamma sem seldur er undir slagorðinu „kjammi og kók“. Ég á mér draum um að opna staði við þjóðveginn sem heita Kjamminn. Þá þurfi þeir sem stoppa ekki endilega að borða sviðakjamma heldur er nafnið notað til að draga fólknið að staðnum

þar sem þeir eiga þess kost að kaupa íslenska rétti.“ Bjarni Geir tók við matsölu Umferðarmiðstöðvar BSÍ í apríl 1996. „Þá var veitingasalan hérna því miður að deyja út en okkur tókst á um 18 mánuðum að rífa sölnuna upp um mörg hundruð prósent. Ég fór þó ekki út í neina byltingarkenndar aðferðir, heldur lagaði til og færði sölnuna til nútímans. Við erum að fá hingað útlendinga í stórum stíl sem koma bara til þess að kynna sér íslenskar hefðir, svo sem sviðakjamma og annað. Ég hafði til dæmis gaman af því þegar höf-

undur „Super size me“ kvikmyndarinnar um McDonalds skyndibitastaðina kom hingað og fékk sér sviðakjamma. Það kom í heimspressunni.“

Nú standa yfir miklar framkvæmdir við færslu Hringbrautarinnar en ekki stendur til að rífa Umferðarmiðstöðina, hún verður þar áfram samkvæmt núverandi skipulagi. „Við

vitum hins vegar að til framtíðar verður þetta svæði partur af lóð háskólasjúkrahússins. Ef reksturinn verður færður til, förum við með og skemmtilegast væri af hann færi bara hérna suður fyrir nýju Hringbrautina. Núverandi staðsetning er á kjarnasvæði og minn draumur er að byggja upp umferðar- og ferðamiðstöð fyrir bæði almenningsvagna höfuðborgarsvæðisins og langferðabifreiðar með verslunum sem tengjast inn í miðbæinn. Ég er hlynntur Reykjavíkflugvelli, að vísu ekki í þeirri mynd sem hann er nú. Kannski með einni flugbraut, en ég vildi gjarnan þjóna gestum þaðan.“

Bjarni Geir er menntaður matreiðslumaður, útskrifaður frá Óðali við Austurvöll, fyrsti neminn þaðan 1972. „Vegna misprentunar í sveinsskírteini mínu öðlaðist ég réttindi 1942 en er þó ekki fæddur fyrr en árið 1951. Fór frá Óðali á marga klassíska staði, svo sem Naustið, á sjóinn, dvaldi í Bretlandi um nokkurra ára skeið, þaðan í Skrínu við Skólavörðustíg, Ask á Laugavegi, stofnaði Grillborg í Kópavogi, Versali í Kópavogi, Stélið í Tryggvagötu, Rauða sófann og Árnesti í Ármúlanum áður en ég kom á BSÍ.“

Fæddur: í Reykjavík árið 1951.

Maki: **Herdís Björnsdóttir sem er með eiginmanni sínum í rekstrinum. Þau eiga saman dótturina Bjarmeyju sem er 12 ára. Dóttir Bjarna af fyrra hjónabandi er Katrín sem vinnur á skrifstofu fyrirtækisins á BSÍ. Börn Herðisar af fyrra hjónabandi eru Rakel og Björn.**

Áhugamál: **Fiskveiði, ferðalög innanlands og Bjarni Geir er fastagestur í sundlaugunum á Seltjarnarnesi.**

Jamie Foxx gerir Ray Charles eftirminnileg skil í **Ray**

BLINDUR FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS

TEXTI: HILMAR KARLSSON

Sumar kvikmyndir eru fyrst og fremst eftirminnilegar vegna þess hversu leikarar standa sig vel. Tvær slíkar myndir hafa mikið verið í umræðunni að undanfögnu, Closer, sem skartar fjórum leikurum sem ná sterkum tókum á áhorfendunum og Ray, þar sem Jamie Foxx nær einn að halda kvikmyndinni uppi með snilldarleik hlutverki hins nýlátna blinda söngvara og píanóleikara, Ray Charles. Og ekki aðeins að Foxx snýni snilldarleik í erfiðu hlutverki, hann er nánast eins og Ray Charles í útliti.

Í byrjun árs veita gagnrýnendasamtök og aðrir aðilar sem tengjast kvikmyndabransanum í Bandaríkjunum verðlaun og viðurkenningar og nær undantekningarlaust er Jamie Foxx búinn að fá öll þau verðlaun sem í boði hafa verið. Stutt er síðan hann fékk hin eftirsóttu Golden Globe verðlaun,

sem erlendir gagnrýnendur í Hollywood veita. Nú er aðeins óskarinn eftir og ef það er einhver sem á möguleika í Foxx á þeim vettvangi þá er það Leonardo DiCaprio í hlutverki Howard Hughes í The Aviator, en hann deildi Gullhnettinum með Jamie Foxx. Það er þó flestir á því að Jamie Foxx sigri DiCaprio.

Ray Charles var einn ást-sælasti tónlistarmaður Bandaríkjanna í um hálfri aldrar skeið. Hann fæddist í smábæ í Georgiu og varð

blindur sjö ára gamall, hafði áður þurft að horfa upp á yngri bróður sinn drukkna. Með stuðningi móður sinnar þróaði hann tónlistarhæfileika sína. Þegar sérstæður hljómur hans hreiðraði um sig í hjörtum landsmanna sigraðist hann ekki einungis á fordómum gegn blökkumönnum heldur blindum líka. En jafnt því sem frægðarsól Ray reis jókst þörf hans í konur og eiturlyf og það verður ekki blinda hans sem er honum mestur fjötur um fót þegar á líður ferils hans heldur konur og heróín. Það fer svo að hann stendur frammi fyrir því að fíknin er að svífa hann dýrmaetustu eigninni, tónlistinni.

Ray Charles var 73 ára þegar hann lést um mitt síðasta ár. Myndin

Ray Charles, nei Jamie Foxx. Það þykir með ólíkindum hvað Foxx tekst vel að ná útliti og tókum hins þekkta söngvara og píanóleikara.



Ray Charles (Jamie Foxx) er handtekinn fyrir notkun á heróíni.





Leikstjórinn Taylor Hackford og Jamie Foxx við tökum á Ray.

segir frá fyrstu 40 árum í lífi hans og endar þegar hann nær tökum á lífi sínu.

Fimmtán ár í undirbúning Leikstjóri er Taylor Hackford og Ray þrettánda kvikmyndin sem hann leikstýrir á 27 árum. Þekktasta kvikmynd hans er An Officer and the Gentleman frá árinu 1982. Hackford hefur verið mislagðar hendur og fítt merkilegt komið frá honum á síðustu árum fyrr en nú að Ray vekur athygli á honum aftur. Þess má geta að Hackford skrifar handritið myndarinnar ásamt James B. White og er það í fyrsta sinn sem hann fæst við handritsgerð.

Taylor Hackford hefur í fimmtán ár gengið með það í maganum að gera kvikmynd um Ray Charles. Hann var þó aldrei hjartsýnn á að fá fjármagn til að gera myndina: „Hollywood hefur ekki áhuga á ævisögum. Þar er því haldið fram að slíkt efni eigi heima í sjónvarpinu. Þegar ég var að þreifa fyrir mér með handritið að Ray var mér oftast ekki bent á kvikmyndirnar Malcolm X og Ali, en tap var á báðum þessum myndum. Þetta var alveg með ólíkindum. Ég var með dramatíska sögu um mann sem allir þekktu, snilling sem hafði farið í gegnum allt það slæma í lífsflórinni og staðið uppréttur eftir það og enginn vildi líta við því fyrr en Jamie Foxx kom til sögunnar.“

Þegar Taylor Hackford er spurður hvort hann telji að myndin eigi möguleika á óskarsverðlaununum, þá svarar hann: „Ég

er hjartsýnn fyrir hönd Jamie. Leikur hans er í sama gæðaflokki og Robert De Niro sýndi í Raging Bull.“

Setti sig í spor blinds manns Það var ekki tekið út með sældinni að leika Ray Charles. Þegar Jamie Foxx var valinn í hlutverkið var það ekki síst vegna þess að hann er góður píanóleikari og söngvari. Hefur leikið á píanó og orgel frá barnsaldri. Grunnur hans sem leikari liggur í uppistandsgamanleik svo ekki var vandamál fyrir hann að leika mann sem er í sviðsljósinu. Það sem erfiðast var að sögn Foxx var að leika blindan mann: „Tónlistin var ekkert mál. Ég hafði verið aðdáandi Ray Charles lengi og hafði áður hermt eftir honum. Það að þurfa að vera blindur var erfiðara. Á hverjum morgni í næstum þrjá mánuði var sjónin tekin af mér með linsum og kemískum efnum. Það tók tíma að venjast þessu. Þegar ég hafði svo vanist því að vera „blindur“ þá fara einkennilegir hlutir að gerast. Þegar ég hafði verið „blindur“ í sex klukkustundir fór ég að verða næmari fyrir röddum og hljóðum í kringum mig, fór að heyra hljóð sem ég tók ekki eftir sem sjáandi maður. Þetta var einkennileg og

sterk reynsla fyrir mig. Ósjálfrátt fór ég að skilja Ray Charles betur en ég hafði gert.“

Kostnaður í lágmarki Taylor Hackford fékk ekki sömu upphæðir til að gera Ray og Spike Lee og Michael Mann fengu þegar þeir gerðu Malcolm X og Ali. Ekki eru til nákvæmar kostnaðartölur fyrir Malcolm X (fjallar um hinn umdeildablökkumannaleiðtoga, Malcolm X), en talið er að með markaðssetningu myndarinnar hafi kostnaður ekki verið undir \$100.000.000. Innkoma á heimsvísu var \$48.000.000. Hvað varðar Ali (fjallar um hnefaleikakappann Muhamed Ali) þá var kostnaður við gerð hennar og markaðssetningu um \$150.000.000. Innkoma á heimsvísu var \$87.000.000. Kostnaður við gerð Ray var \$40.000.000. Ekki voru settir miklir peningar í markaðssetningu og hefur myndin að mestu auglýst sig sjálf. Innkoma í Bandaríkjunum þegar þetta er skrifað er \$72.000.000 og er enn að bæstast við þá upphæð. Um þessar mundir er verið að frumsýna hana annars staðar í heiminum svo ljóst má vera að myndin mun skila verulegum ágóða. Hér á landi var Ray frumsýnd 18. febrúar. [f](#)

„Drengurinn getur þetta“

Þegar ljóst var árið 2003 að Jamie Foxx skyldi fara með hlutverk Ray Charles þurfti að fá samþykki Charles, sem þá var enn í fullu fjöri. Foxx segir svo frá fyrstu kynnum sínum að goðinu: „Þegar ég fyrst hitti Ray sagði hann: „Réttu fram fingurnar“. Hann þreifaði vel á þeim og sagði svo: „Þú hefur sterka fingur, nú skulum við sjá hvað þú getur“. Við settumst síðan við sitt hvorn flygilinn og hann hóf að leika blús og ég fylgdi honum eftir eins vel og ég gat. Af og til heyrðist: „All right“. Þegar við höfðum leikið okkur nokkurn tíma að blúsnum, bæði sungið og spilað, svissaði hann allt í einu yfir í Thelonius Monk, sem er ekki fyrir hvern sem er að líkja eftir og er að

mínu mati jafn erfitt og að reyna að sitja naut eftir að hafa verið búinn að fá sér nokkra drykki. Auðvitað hitti ég nokkrar feilnótur og þá heyrðist í Ray: „Af hverju í fjandanum gerðir þú þetta“, og var ekki hlátur í huga. Ég svaraði að ég vissi það ekki og hann sagði á móti: „Veistu ekki hvað, þú hefur nóturnar undir fingrum þínum. Þú verður að gefa þér tíma til að finna þær, ungi maður“. Þessi setning hans varð mér að leiðarljósi allan þann tíma sem tökum stóðu yfir. Þegar svo loks ég var búinn að ná spilamennsku Thelonius Monk, nógu vel að hans mati, stóð hann upp, lamdi hönd á læri og sagði: „Drengurinn getur þetta“, og gekk út. [f](#)

TEXTI: **SVAVA JÓNSDÓTTIR**
 MYNDIR : **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**

Arkitektúr:

SKÍRSKOTUN TIL SVEITABÆJARINS

Bygging ÍSTAKS við Engjateig gleður augu þeirra sem hafa áhuga á nútímalegum arkitektúr. Hönnun byggingarinnar er samvinnuverkefni á milli KHR as. í Danmörku og ARKÍS ehf. á Íslandi og var unnið í nánu samstarfi við eiganda hennar.

Hugmyndir að byggingunni eru sóttar í íslenska náttúru og nefnir Birgir Teitsson, arkitekt hjá ARKÍS ehf., vísýnina, Almagnagjá og Öxará en tjörn er á lóðinni.

„Aðaláherslurnar við hönnun byggingarinnar var að hanna nútímalegt og háþróað fjölnota skrifstofuhús þar sem farnar væru nýjar leiðir á sem flestum sviðum og á sem umhverfisvænstan hátt. Byggingin samanstendur af þremur staðsteyptum

álmum með fyrirlestrasal, mótuneyti og bílageymslu starfsmanna í kjallara. Milli álmanna er gjáin sem tengir álmurnar lóðrétt og lárétt með stigum og göngubrúum úr gleri og stáli. Við efnisval var leitast við að velja íslensk byggingarefni og nota jafnframt sem fæst og sem umhverfisvænst efni. Aðalbyggingarefnin bæði innanhúss og utan eru steinsteypa með sjónsteypuáferð, stál og gler sem meðhöndlað er á mismunandi hátt.“

Byggingin við Engjateig er í naumhyggjustíl sem þýðir einfaldar, skýrar og hreinar línur.

Lóðin var hönnuð í sama anda og byggingin og með skírskotun til sveitabæjarins sem stendur einn úti í náttúrunni.



Aðalbyggingarefnin bæði innanhúss og utan eru steinsteypa með sjónsteypuáferð, stál og gler sem meðhöndlað er á mismunandi hátt.

Golfið:

KEPPIR VIÐ SJÁLFA SIG

Sífelld fleiri uppgötva listina á bak við golfþróttina. Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tækniavals, er í þeim hópi. Hún kynntist golfinu fyrir áratug en byrjaði ekki að spila af alvöru fyrr en í fyrrasumar.


„Ég sóttist eftir úti-verunni og þetta er auk þess leið til þess að slappa af. Það sem mér finnst mest spennandi við golfið er að keppa við sjálfa mig.“

Mér finnst best að spila á golfvelli Kiðjabergs sem er bæði fallegastur

og skemmtilegastur af þeim völlum sem ég hef spilað á. Ég er í Golfklúbbi Öndverðarness og spila þar allar helgar á sumrin. Síðasta sumar fór ég í hálfgerða golfferð til Þýskalands og spilaði golf í tvær vikur á golfvelli í Bruchsal sem er nálægt Karlsruhe. Sá völlum er góður, þar er þægileg aðstaða og umhverfið fallegt. Næsta skref er að fara í alvöru golfferð í haust.“



„Það sem mér finnst mest spennandi við golfið er að keppa við sjálfa mig.“



Milli álma er gjáin sem tengir álmurnar lóðrétt og lárétt með stigum og göngubrúum úr gleri og stáli.

Bókin:

ÆVISAGA MARLIN MANSON

Almar Örn Hilmarsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, hlustar á rokk og þunga-rokk. Bókin sem hann las síðast er ævisaga þungarokkarans svartmálaða Marlin



„Það er gaman að lesa um hve margir hafa fetað furðulegar leiðir í lífinu.“

Manson og heitir The long hard road out of hell. Almar Örn segist hafa gaman af að lesa ævisögur og hefur hann lesið ævisögur ýmissa fótboltamanna, poppara og rokkstjarna. „Það er gaman að lesa um hve margir hafa fetað furðulegar leiðir í lífinu. Mér fannst Manson vera athyglisverður tónlistarmaður og ákvað þess vegna að lesa bókina. Við lestur hennar kom að ljós að Manson er stórskrýttinn en þetta er mjög athyglisverð bók. Hún lýsir ævi hans frá æsku og þar til hann varð þessi stjarna sem hann er. Hann var svolítið utangátta í æsku en öðlaðist viðurkenningu með því að fara óhefðbundnar leiðir. Í bókinni er lifnaðarháttum hans lýst en þeir eru eitthvað sem fæstir ættu að þola til lengri tíma – nema kannski Keith Richards í Rolling Stones!

Bókin veitti mér innsýn inn í heim sem margt fólk í þessum iðnaði býr í. Þó að þetta sé ekki líf sem ég gæti sjálfur hugsað mér að lifa þá er mjög athyglisvert að sjá þessa hlið á mannlífinu og hvað fólk getur verið misjafnt í hugsunum og gildismati. Það fannst mér athyglisverðast. Það sem kemur þó alltaf upp úr kafinu er að innst inni við beinið eru allir mjög svipaðir. Það eru allir manneskjur og hafa tilfinningar og skoðanir þó að yfirborðið geti verið misjafnt. Það kom mér mest á óvart hvað Manson er venjulegur í mörgum skoðunum en sökum þess hvernig hann lítur út og hvernig hann hegðar sér þá er hann dæmdur sem einhver annar.“



„Ég drekk rauðvín frekar eitt og sér og vil hafa það bragðmikið, þungt og jafnvel svolítið kryddað.“

Uppáhaldsvínið:

RÆDST AF STEMMNINGUNNI

Hrönn Greipssdóttir, hótellstjóri Radisson SAS hótela, segir að það ráðist af stemmningunni hverju sinni hvaða vín er í upphaldi hjá sér. „Þannig finnst mér kampavín t.d. mikill stemmningsdrykkur en líklega hefur gott hvítvín samt vinninginn. Ég kys þurr hvítvín fremur en sætt og þá helst franskt eða frá „nýja heiminum“ og vil ég hafa vínið vel kælt.

Uppáhaldshvítvínin eru Cloudy Bay, sem er frá Nýja Sjálandi, Sanserre, sem er frá Loire-dalnum í Frakklandi, og hún segir að gott Chablis svíki aldrei. Fiskur er í meira upphaldi hjá henni en kjöt og hún segir það kannski enga furðu að hvítvín verður oftast fyrir valinu þegar velja á vín með mat. Hún bendir á að íslenski

fiskurinn sé svo góður að hann útheimti fyrsta flokks hvítvín.

„Ég drekk rauðvín frekar eitt og sér og þá vil ég að það sé bragðmikið, þungt og jafnvel svolítið kryddað. Áströlsk rauðvín, t.d. frá Wolf Blass, eru sérstaklega góð sem og vín frá Peter Lehman. Ég kys miklu frekar að fá mér gott rauðvínsglas eftir matinn heldur en koníak eða líkjöra sem ég drekk reyndar ekki. Mér líka ekki sætir drykkir og ég er lítið fyrir brennda drykki.

Hvað stemmninguna varðar þá getur verið gaman í hópi góðra vinkvenna að skella í léttan Cranberry-vodkakokteil eða Mojito en það er ótrúlegur töframáttur sem slíkir drykkir hafa.“



Æskumyndin

er af Jafet S. Ólafssyni, framkvæmdastjóra Verðbréfastofunnar. Hann var um fjögurra ára þegar myndin var tekin. Jafet skorar á makker sinn í bridge, Ara Sæmundsen, sem er framkvæmdastjóri hjá Gróco, til að koma með æskumyndina í næsta tölublað.

Sælkeri mánaðarins:

HEITUR FJÖLSKYLDURÉTTUR

Erna Gísladóttir, forstjóri B&L, segist reyna að hafa eldamenskuna einfalda en bragðbóða. Uppskriftina hér fyrir neðan fékk hún fyrst hjá tengdamóður sinni.



„Ég reyni að hafa eldamenskuna einfalda en bragðgóða.“

„Uppskriftin var aðeins flóknari hjá henni, en ég reyni að hafa eldamenskuna einfalda en bragðgóða. Þessi réttur er sígildur í fjölskyldubodum hjá okkur og gott er að búa hann til daginn áður og hita hann svo upp í ofni. Ég er oft með

tvö form (skammta) af þessum rétti í hverju boði. Hann er mjög auðveldur og einfaldur að útbúa en samt einstaklega bragðgóður.“

Heitur fjölskylduréttur fyrir sex:

- 2 dósir Cream of Chicken Soup frá Campbell's
- 2 dósir aspás í bitum
- 2 pelar rjómi
- 2 bréf af skinku í bitum frá Ali
- 2 pokar af rifnum osti
- ½ franskbrauð

Allt nema ostur og brauð er sett saman í pott og hitað. Franskbrauðið er skorið í bita og sett í botn á eldföstu formi. Gott er að setja smáolíu á formið áður en brauðið er sett í til að það festist síður við. Öllu úr pottinum er svo hellt í eldfasta formið og osturinn settur yfir. Þetta er svo hitað í ofni á þokkalegum hita þangað til það er orðið gegnheit.

Uppáhaldsborgin:

NEW YORK, NEW YORK

„Ég er tækifærissinni og þessa stundina er New York í uppáhaldi,“ segir Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjarsviðs Landsbanka Íslands.

„Borgin hefur upp á ótrúlega margt að bjóða. Þegar ég kom þangað fyrst fyrir mörgum árum fannst mér hún ógnvekjandi og mér leið illa. Ég hef komið nokkrum sinnum eftir það og breytingin er ótrúleg. Það er betur hugsað um borgina, hún er hreinni og virðist miklu öruggari.“

Elín nefnir að hvert hverfi hafi sin sjarma og nefnir sérstaklega Central Park sem er eins og heill heimur út af fyrir sig.



„Ég er tækifærissinni og þessa stundina er New York í uppáhaldi.“

Hún hefur farið til New York bæði starfsins vegna og í fríum en þá skoðar hún sig meira um. Mannlífið er á meðal þess sem hún skoðar.

„Það er skemmtilegt að fara út að borða í New York. Þegar ég fór þangað síðast í frí fór ég með skemmtilegum kvennahópi. Við fórum á mat-sölustaði og bari á finu og stóru hótélunum. Í einu hótélinu var boðið upp á „kampavíns-brunch“. Það er nokkuð sem maður gerir ekki vanalega.“

Elín kíkir í verslanir þegar hún er í „stóra eplinu“ auk þess sem hún hefur farið í leikhús og á söngleiki á Broadway.



Lampinn er úr blásnu gleri og með silkiprykki.

Hönnun:

GLER, PLATÍNA OG PLAST

Þeir eru alltaf jafnflottir lamparnir frá ítalska fyrirtækinu Egizia sem fást í versluninni Art Form við Skólavörðustíg. Þeir eru í línunni HWC - handle with care. Ungir og efnilegir hönnuðir, hvaðanæva að, hanna glervöru í línunni, – lampa, blómavasa o.s.frv.

Hönnuður þessa lampa, Candia, er ung brasilísk kona, Flavia Alves De Sousa, sem er með meistaragráðu í hönnun frá Mílanó.

Lampinn er úr blásnu gleri og með silkiprykki. Þá skreytir platína lampann – ferhyrningar úr platínu. Platína er jafnverðmæt og gull. Skermirinn er úr hvítu plasti. Það er vandað til verka bæði hvað varðar lampann sem og lampaskerminn.

Lampinn er nútímalegur – og passar á nútímaleg sem og sígild heimili, heimili þar sem antik er ráðandi.

Þetta er falleg og vönduð vara. Listaverk.



Hjá eigendum verslunarinnar Max Mara við Hverfisgötu, þeim Þóru Emilíu Ármannsdóttur (á myndinni) og Kristbjörgu Ólafsdóttur, fengust þær upplýsingar að enginn einn ákveðinn stíll sé ráðandi.

Tískan fyrir konur:

ALLT Í TÍSKU

Margar konur í viðskiptalífínu leyfa sér að vera sífellt frjálsglegri í klæðaburði þótt sumar kjósi sígildan stíl. Hjá eigendum verslunarinnar Max Mara við Hverfisgötu, þeim Þóru Emilíu Ármannsdóttur og Kristbjörgu Ólafsdóttur, fengust þær upplýsingar að enginn einn ákveðinn stíll sé ráðandi.

„Það er allt leyfilegt,“ segir Kristbjörg. „Það eru hafðar gallabuxur með öllu, jafnvel finustu jökkum og silkiblússum. Ýmsum efnum er blandað saman, ótrúlegustu litir settir saman og ýmsum mynstrum raðað saman.“

Þröngar buxur. Víðar, síðar buxur. Þröng, stutt pils. Síð, víð pils. Pils með sérkennilegum sniðum.

„Það sem er nokkuð gegnumgangandi núna er að snið á jökkum og kápum eru þröng, kvenlegri línur og snið og fullt af fallegum litum.“

Max Mara, sem er ítalskt fyrirtæki, ræður yfir um 65% af kvenfatamarkaðnum á Ítalíu þar sem fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði. Hjá fyrirtækinu er fylgt hinum ítalska hugsunarhætti um einfaldleika og gæði. Margar fatalínur eru framleiddar hjá Max Mara til að fullnægja mismunandi þörfum kvenna. Max Mara línan er t.d. fyrir konur sem kjósa sígildan stíl, S Max Mara línan er fyrir þær konur sem vilja þægileg og sportleg föt í vinnuna og Sport Max línan er fyrir þær sem hugsa meira um hátískuna. Í Weekend línunni eru m.a. þægileg föt til daglegra nota.

Svartir skór eru alltaf vinsælir en undanfarið hafa margar konur valið skó og veski í fjórlegri litum. Undanfarin ár hafa margar konur kosið skó sem líkjast íþróttaskóm. Þeir eru úr fínu leðri og konur nota þá jafnvel við buxnaðraktir.

Hjólreiðar:

FRÁBÆR STREITULOSUN

Þegar veður leyfir stígur hann á bak hjólhesti sínum – eins og reiðhjólin voru kölluð hér áður fyrr. Hann segir að hjólreiðar séu frábær streitulosun. Maðurinn er Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

„Ég féll fyrir þessu sporti þegar ég bjó í Flórens fyrir nokkrum árum. Toppurinn til þessa er vikulegt hjólreiðaferðalag um Chianti-hérað í Toscana árið 2002. Þá upplifði ég samspil náttúruferðar og líkamlegrar útrásar á þeysireið um ítalskar sveitir.“

Náttúrufergurinn er líka mikil hér á landi og segir Guðjón ýmis svæði

á Íslandi bjóða upp á skemmtilegar hjólaferðir, styttri sem lengri. Að hans sögn er helsta vandamálið hversu óvanir íslenskir bílstjórar virðast vera þegar kemur að því að umgangast hjólreiðamenn á þjóðvegum. „Það hlýtur þó að lagast hægt og bitandi eftir því sem vinsældir hjólreiða aukast hérlendis.“



„Ég féll fyrir þessu sporti þegar ég bjó í Flórens fyrir nokkrum árum.“

Líkamsræktin:

AFSLÖPPUN OG ÞREK

Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, er einn þeirra sem mæta reglulega í líkamsræktarstöðina Hreyfingu.

„Ég hef stundað líkamsrækt lengi þó svo að það sjáist nú ekki. Ég var í íþróttum þegar ég var yngri og eftir því sem ég hef elst og stækkað á alla kanta hef ég þurft á því að halda mér í forni.“

Þegar ég var á Alþingi var ég í fótbolta Ég hef stundað líkamsrækt á líkamsræktarstöðvum í 15 ár. Ég byrjaði hjá Jónínu og Ágústu, fór svo yfir í Mátt og svo Hreyfingu.“

Aðspurður um hvað hreyfingin gefur honum segir hann: „Afslöppun og þrek. Fyrst og fremst hreinsar hún hugann og gefur manni þrek. Ég er í miklu betra stuði þegar ég kem í vinnuna eftir að hafa farið í líkamsrækt



„Ég er í miklu betra stuði þegar ég kem í vinnuna eftir að hafa farið í líkamsrækt að morgni til.“

að morgni til. Auk þess er ég í ágætis félagsskap þegar ég er í líkamsrækt og ég hef kynnst mörgum í gegnum þetta.“

Finnur æfir fjórum til fimm sinnum í viku frá haustmánuðum og fram á vormánuði. Á sumrin fer hann mikið í gönguferðir. Hann hefur m.a. farið í vikulangar gönguferðir á hverju sumri sl. átta ár. Í

fyrirasumar gekk hann í Skaftafells-sýslum – hann tekur þó fram að hann hafi verið tiltölulega óheppinn með veður í það skiptið.

„Einnig eru það hestarnir sem veita manni tilbreytingu frá hinu daglega amstri. Það er ekkert sem jafnast á við hestaferð um hálendið á góðum sumardeg. Það er einstök frelsis tilfinning.“



Eins og margur Íslendingurinn lætur Ása Karín sér ekki nægja að sinna einu til tveimur störfum og því tók hún upp á því ásamt vinkonu sinni, Björk Sigurjónsdóttur, að flytja inn barnafatnað frá Hollandi.

TEXTI: ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON

MYND: GEIR ÓLAFSSON

Ása Karín Hólm hjá IMG Ráðgjöf

Ása Karín Hólm starfar hjá einu öflugasta stjórnunar- og rekstrarráðgjafar-fyrirtæki landsins, IMG Ráðgjöf. „Hjá því fyrirtæki starfa ég sem stjórnunarráðgjafi. Í mínu starfi eru gerðar miklar kröfur um faglega endurnýjun á ýmsum sviðum þar sem verkefni sem ég tekst á við eru af ýmsum toga,“ segir Ása Karín.

„Í starfi mínu er ég að sinna verkefnum frá upphafi til enda, það er allt frá því að viðskiptahugmynd kviknar og að aðstoða fyrirtæki og opinberar stofnanir við ýmis verkefni, bæði stór og smá. Mín sérhæfing undanfarin ár er aðallega á sviði stefnumótunar, starfsmanna- og markaðsmála. Eru þetta afar spennandi og margbreytileg verkefni.

Vinnudagarnir hjá mér eru aldrei eins, ég er alltaf að fást við misjöfn verkefni og starfa

með fólki úr öllum geirum atvinnulífsins sem ég tel vera mjög áhugavert og lærdómsríkt. Undantekningarlaust eru þetta afar spennandi verkefni sem gera miklar kröfur um skipulag, þekkingu og reynslu.

Ég hef einnig verið að kenna á námskeiðum, þó aðallega á sviði starfsmanna- og markaðsmála. Mér þykir mjög áhugavert og spennandi að tvinna saman kennslu og ráðgjafarstarfið og nýta þannig reynslu mína úr atvinnulífinu. Við hjá IMG Ráðgjöf sameinuðumst nýverið ráðgjafardeildinni KPMG og má segja að við höfum eflst töluvert við þá sameiningu.“

Ása Karín útskrifaðist sem stúdent úr Fjölbrotaskólanum í Garðabæ og lá síðan leið hennar í Viðskiptaháskólann á Bifröst. Eftir að hafa lokið námi þar var ferðinni heitið til Danmerkur þar

sem hún lauk cand. merc. prófi frá Odense Universitet árið 1998. „Strax að loknu námi var mér boðið starf hjá Eimskip sem markaðsfulltrúi. Eftir að hafa starfað þar um stutt skeið hófst ferill minn sem ráðgjafi en þá hóf ég störf hjá VSÓ Ráðgjöf. Ég starfaði þar til ársins 2000 en þá sameinaðist VSÓ Ráðgjöf, ráðgjafardeild Deloitte & Touche og fékk þá nafnið VSÓ Deloitte & Touche Ráðgjöf. Þar starfaði við ráðgjöf þar til við sameinuðumst IMG Ráðgjöf árið 2003.“

Eins og margur Íslendingurinn lætur Ása Karín sér ekki nægja að sinna einu til tveimur störfum og því tók hún upp á því ásamt vinkonu sinni, Björk Sigurjónsdóttur, að flytja inn barnafatnað frá Hollandi. „Þetta er einhvers konar hobbý hjá okkur til þess að tryggja að maður hafi nú alveg örugglega ekki möguleika á því að láta sér leiðast eina einustu mínútu. Auk innflutningsins rekum við verslun með þessum vörum, Cakewalk. Í þessum innflutningi og búðarreksstri hef ég getað nýtt mér þekkingu og reynslu ráðgjafarstarfsins til hins ýtrasta og upplifað það hvernig það er að vera hinum megin við borðið.“

Nafn: **Ása Karín Hólm Bjarnadóttir.**
Menntun: **Viðskiptaháskólinn á Bifröst og cand. merc. próf frá Odense Universitet í Danmörku.**
Stjórnunarráðgjafi hjá IMG Ráðgjöf. Innflytjandi barnafatnaðarins Cakewalk og rekstur barnafataverslunarinnar Skýjabörn.
Fjölskylduhagir: **Gift Henning Frey Henningssyni, deildarstjóra hjá Símanum og körfuboltaþjálfara. Þrjú börn, tveir strákar og ein stelpa.**
Áhugamál: **Að sinna fjölskyldu og leggja rækt við líkamann í líkamsræktarstöðinni Hress 5-7 sinnum í viku.**

Flex-T
vinnustöðvar

30%
kynningarafsláttur



Flex-T vinnustöðvar (180x180cm)
frá **Kr. 46.270**



Mark30 skrifstofustólar
Kr. 40.900



Flex-T er ný lína vinnustöðva
sem Guðrún Margrét Ólafsdóttir
og Oddgeir Þórðarson hafa hannað.
Vinnustöðvamer eru með þægilegri

 **A. GUÐMUNDSSON ehf.**





BOSS BÚÐIN | **MENN KRINGLUNNI**
533 4242